

## AUGLÝSING

### um birtingu á tiltekinni ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og ESB-gerðum á sviði fjármálaþjónustu sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn.

Eftirtaldar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar fela í sér að tilteknar reglugerðir á sviði fjármálaþjónustu eru teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993 þar sem samningurinn var upphaflega birtur:

1. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 291/2024 frá 6. desember 2024, sjá fylgiskjal nr. 1 með auglýsingu þessari. Tekin er upp eftirtalin reglugerð, með aðlögunum:
  - a. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1623 frá 31. maí 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) 575/2013 að því er varðar kröfur vegna útlánaáættu, leiðréttingaráættu vegna útlánavirðis, rekstraráættu, markaðsáættu og úttaksgólf, sjá fylgiskjal nr. 2 með auglýsingu þessari.
2. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 292/2024 frá 6. desember 2024. Tekin er upp eftirtalin reglugerð:
  - a. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2795 frá 24. júlí 2024 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar framkvæmdardagsetningu krafna um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu, sjá fylgiskjal nr. 3 með auglýsingu þessari.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 291/2024 og þær reglugerðir sem að framan greinir eru birtar sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari. Birtingin er liður í undirbúningi þess að fjármála- og efnahagsráðherra leggi fyrir Alþingi lagafrumvörp til innleiðingar á viðkomandi reglugerðum í íslenskan rétt, með þeim aðlögunum sem gerðar hafa verið við upptöku þeirra í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Sama ákvörðun og reglugerðir verða jafnframt á síðara stigi birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 24. mars 2025.*

F. h. r.

**Guðrún Þorleifsdóttir.**

---

*Gunnlaugur Helgason.*

**Fylgiskjal 1.**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 291/2024**  
**frá 6. desember 2024**  
**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1623 frá 31. maí 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar kröfur fyrir greiðslufallsáhættu, leiðrétt-ingaráhættu vegna útlánavirðis, rekstraráhættu, markaðsáhættu og gólf á afurðir <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*I. gr.*

Lið 14a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013) í IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við:

„- **32024 R 1623:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1623 frá 31. maí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1623, 19.6.2024).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

„Í 2. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:

- i) orðin „eða á þeirri dagsetningu sem ákvörðuð er í landslögum en þó eigi síðar en 1. júlí 2025“ bætast við á eftir orðinu „Evrópusambandsins“,
- ii) orðin „eða frá þeirri dagsetningu sem ákvörðuð er í landslögum en þó eigi síðar sex mánuðum eftir það“ bætast við á eftir orðunum „1. janúar 2025“.

2. Í stað aðlögunartexta a) komi eftirfarandi:

„a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, ber að skilja hugtökin aðildarríkin og lögbær yfirvöld þannig að þau taki til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra, í þeirri röð, til viðbótar við merkingu þeirra í tilskipuninni.“

3. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta m):

„n) Í a-lið 2. mgr. 400. gr., að því er varðar Liechtenstein, er orðunum „eða sértryggð skuldabréf gefin út í ríkinu sem Liechtenstein myndar myntbandalag með“ bætt við á eftir orðunum „sértryggð skuldabréf, eins og um getur í 129. gr.“.

4. Aðlögunartextar n), o), p), q), r) og s) eru endurtölusettir sem aðlögunartextar o), p), q), s), u) og v).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L, 2024/1623, 19.6.2024.

5. Í stað aðlögunartexta q) v) komi eftirfarandi:

„v) að því er varðar EFTA-ríkin orðast 6. mgr. sem hér segir:

„Ef EFTA-ríki viðurkennir þær ráðstafanir sem gerðar eru í samræmi við þessa grein skal það tilkynna evrópska kerfisáhætturáðinu um það. Evrópska kerfisáhætturáðið skal tafarlaust áframsenda slíkar tilkynningar til fastanefndar EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnunar EFTA, Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar (EBA) og samningsaðilans að EES-samningnum sem hefur heimild til að beita ráðstöfunum“.

6. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta q):

„r) Í gr. 449a orðast „lögum Sambandsins“ sem „ákvæðum EES-samningsins“.

7. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta s):

„t) Í a-lið 3. mgr. 493. gr., að því er varðar Liechtenstein, er orðunum „eða sértryggð skuldabréf gefin út í ríkinu sem Liechtenstein myndar myntbandalag með“ bætt við á eftir orðunum „sértryggð skuldabréf, eins og um getur í 129. gr.“.

8. Í stað aðlögunartexta s) komi eftirfarandi:

„s) Í 500. gr. að því er varðar EFTA-ríkin orðast „31. desember 2024“ sem „fimm mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 291/2024 frá 6. desember 2024“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2024/1623, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. janúar 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Anders H. Eide**

*formaður*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**Fylgiskjal 2.****REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2024/1623****frá 31. maí 2024****um breytingu á reglugerð (ESB) 575/2013 að því er varðar kröfur vegna útlánaáættu, leiðréttingaráættu vegna útlánavirðis, rekstraráættu, markaðsáættu og úttaksgólf**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(2)</sup>,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til þess að bregðast við alþjóðlegu fjármálakreppunni sem átti sér stað á árunum 2008-2009 hóf Sambandið gagnrægar umbætur á varfærnisrammanum fyrir stofnanir í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 <sup>(4)</sup> með það fyrir augum að auka viðnámsþrótt bankageirans í Sambandinu. Einn helsti þáttur umbótanna fólst í innleiðingu alþjóðlegs staðals sem Baselnefndin um bankaefirlit samþykkti árið 2010, sérstaklega „Basel III umbæturnar“ og Basel III staðlarnir sem þær leiddu af sér. Þökk sé þessum umbótum var viðnámsþróttur bankageira Sambandsins mikill þegar COVID-19 krísan skall á. Hins vegar, þó að eigið fé stofnana í Sambandinu sé í heildina almennt fullnægjandi, á enn eftir að bregðast við nokkrum vandamálum sem tilgreind voru í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar.
- 2) Til þess að bregðast við þessum vandamálum, skapa réttarvissu og sýna skuldbindingu Sambandsins gagnvart alþjóðlegum samstarfsaðilum sínum í G20-hópnum, er afar mikilvægt að innleiða samviskusamlega í lög Sambandsins eftirstandandi þætti Basel III umbótanna sem samþykktir voru árið 2017 („endanlegi Basel III ramminn“). Á sama tíma ætti að forðast verulega aukningu heildareiginfjárfækna bankageirans í Sambandinu í heild við innleiðinguna og taka tillit til sérstakra eiginleika hagkerfis Sambandsins. Þegar því verður við komið ætti að nýta umbreytingarákvæði um aðlögun á alþjóðlegum stöðlum. Við innleiðinguna ætti að forðast verri samkeppnisstöðu stofnana í Sambandinu, einkum á sviði viðskipta-starfsemi, þar sem þessar stofnanir eiga í beinni samkeppni við alþjóðlega keppinauta. Enn fremur, með innleiðingu endanlega Basel III rammans, lýkur Sambandið áratugalöngu umbótaferli. Í því samhengi ætti Sambandið að gera heildar-mat á bankakerfi sínu, að teknu tilliti til allra hliða sem máli skipta. Framkvæmdastjórninni ætti að vera falið að gera heildræna endurskoðun á rammanum fyrir varfærnis- og eftirlitskröfur. Sú endurskoðun ætti að taka tillit til mismunandi tegunda félagaforms fyrirtækja, uppbyggingar og viðskiptalíkana í gjörvöllu Sambandinu. Í þeirri endurskoðun ætti einnig að taka tillit til innleiðingar á úttaksgólfum sem hluti af varfærnisregluverki um eigið fé og laust fé og að hve miklu marki því er beitt. Við endurskoðunina ætti að meta hvort úttaksgólf og að hve miklu marki því er beitt tryggi næga innstæðu-eigandavernd og tryggingu fjármálastöðugleika í Sambandinu að teknu tilliti til bæði þróunar í Sambandinu í heild og bankasambandinu á öllum hliðum þess. Að því leytli skal framkvæmdastjórnin taka tilhlýðilegt tillit til samsvarandi yfirlýsinga og niðurstaðna bæði Evrópuþingsins og leiðtoga ráðsins um bankasambandið.

<sup>(1)</sup> Stjótið. ESB C 233, 16.6. 2022, bls. 14.<sup>(2)</sup> Stjótið. ESB C 290, 29.7. 2022, bls. 40.<sup>(3)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 24. apríl 2024 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 30. maí 2024.<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjótið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

- 3) Þann 27. júní 2023 skuldbatt framkvæmdastjórnin sig til að láta gera heildrænt, sanngjarnt og yfirvegað mat á stöðu bankakerfisins og eftirlits- og reglurammanum sem gildir um það á innri markaðnum. Við framkvæmd þess skal hún taka tillit til áhrifa breytinganna sem gerðar eru á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 með þessari reglugerð auk stöðu banka-sambandsins frá öllum hliðum. Á meðal þeirra álitafna sem skal rannsaka, mun framkvæmdastjórnin kanna innleiðingu úttaksgólfins, þ.m.t. að hve miklu marki því er beitt. Hún mun framkvæma matið á grundvelli gagna frá Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 <sup>(5)</sup> og frá Seðlabanka Evrópu og samræmdu eftirlitsráðstöfuninni og mun hafa samráð við hagsmunaaðila til að tryggja að tekið sé tilhlýðilegt tillit til mismunandi sjónarmiða. Framkvæmdastjórnin mun, ef við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf á grundvelli skýrslu sinnar.
- 4) Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 gerir stofnunum kleift að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn annað hvort með notkun staðalaðferða eða eiginlíkanaaðferða. Staðalaðferðir krefjast þess af stofnunum að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn á grundvelli fastra mælipáttanna sem byggjast á tiltölulega varfærum ályktunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Eiginlíkanaaðferðir sem lögbært yfirvald samþykkir gera stofnunum kleift að meta fyrir þær sjálfar flesta eða alla mælipætti sem þarf til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn. Baselnefndin um bankaeftirlit ákvað í desember 2017 að innleiða samantlagt úttaksgólf. Ákvörðunin var byggð á greiningu sem fór fram í kjölfar alþjóðlegru fjármálakreppunnar 2008-2009 sem leiddi í ljós að eigin líkön hafa tilhneigingu til að vanmeta áhættur sem stofnanir standa frammi fyrir, sérstaklega tilteknar tegundir áhættuskuldbindinga og áhætta og leiða þarf af leiðandi til ófullnægjandi krafna um eiginfjárgrunn. Í samanburði við kröfur um eiginfjárgrunn sem reiknaðar eru út með staðalaðferðum leiða eiginlíkanaaðferðir að meðaltali til lægri eiginfjárgrunnskrafna fyrir sömu áhættuskuldbindingar.
- 5) Úttaksgólf er ein lykilráðstöfun Basel III umbótanna. Markmið þess er að draga úr ástæðulausum mismun í kröfum um eiginfjárgrunn samkvæmt eiginlíkanaaðferðum og of mikilli minnkun eiginfjár sem fyrirtæki sem nota eiginlíkanaaðferðir geta fengið út í samanburði við stofnanir sem nota staðalaðferðir. Með því að setja lægri mörk á kröfur um eiginfjárgrunn sem eru niðurstöður eigin líkana stofnana, sem nema 72,5% af eiginfjárgrunnskröfum sem myndu gilda ef stofnanirnar notuðu staðalaðferðir, dregur úttaksgólfíð úr áhættu á of mikilli minnkun eiginfjár. Með það fyrir augum ættu stofnanir sem nota eigið líkan að reikna út tvö sett af heildarkröfum vegna eiginfjárgrunns þar sem allar kröfur um eiginfjárgrunn eru lagðar saman í hvoru settinu fyrir sig án nokkurrar tvítalningar. Samviskusamleg framkvæmd úttaksgólfs myndi auka sambærileika eiginfjárlutfalls stofnana, endurreisa trúverðugleika eiginlíkanaaðferða og tryggja jafnan samkeppnis-grundvöll milli stofnana sem nota mismunandi aðferðir til að reikna út kröfur sínar um eiginfjárgrunn.
- 6) Til þess að tryggja að eiginfjárgrunnur sé nægilega dreifður og aðgengilegur til að vernda sparifé þegar þörf krefur ætti úttaksgólfíð að gilda á öllum samstæðustigum nema aðildarríki telji að hægt sé að ná því markmiði með skilvirkum hætti með öðrum leiðum, einkum að því er varðar samstæður svo sem samstæður samvinnufélaga með miðlæga stofnun og tengdar stofnanir staðsettar í því aðildarríki. Í slíkum tilvikum ætti aðildarríki að geta ákveðið að beita ekki úttaksgólfinu á eininga- eða undirsamstæðugrunni gagnvart stofnunum í því aðildarríki að því tilskildu að á efsta samstæðustigi í því aðildarríki fari móðurfélag þessara stofnana í því aðildarríki ekki niður fyrir úttaksgólfíð á samstæðugrundvelli.
- 7) Baselnefndin um bankaeftirlit hefur komist að þeirri niðurstöðu að staðalaðferðin fyrir útlánaáhættu sé ekki nægilega áhættunæm á nokkrum sviðum, sem leiðir til ónákvæmra og óviðeigandi - annað hvort af hárra eða af lágra - mælinga á útlánaáhætta og þar af leiðandi á kröfum um eiginfjárgrunn. Ákvæðin um staðalaðferðina fyrir útlánaáhættu ætti því að endurskoða til að auka áhættunæmi þeirrar aðferðar að því er varðar nokkra lykilþætti.
- 8) Að því er varðar metnar áhættuskuldbindingar ætti að endurkvarða áhættuvogirnar í samræmi við Basel III staðlana. Að auki ætti að auka ítarleikastig meðferðar áhættuvoga fyrir ómetnar áhættuskuldbindingar stofnana og aðgreina þær frá þeirri áhættuvog sem gildir um ríkisstjórn aðildarríkisins þar sem lántökustofnun hefur staðfestu, þar sem ekki ætti lengur að gera ráð fyrir óbeinum ríkisstuðningi fyrir slíkar stofnanir.
- 9) Fyrir víkjandi lán og varfærnislega samlagaðar áhættuskuldbindingar auk áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa er ítarlegri og strangari meðferð áhættuvoga nauðsynleg til að endurspegla meiri tapáhættu víkjandi lána og áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa í samanburði við áhættuskuldbindingar og koma í veg fyrir eftirlitshögnun milli fjárfestingarbókar og veltubókar. Stofnanir í Sambandinu hafa gert langtíma stefnumarkandi hlutfjárfestingar í fjármálafyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum. Þar sem stöðluð áhættuvog fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa eykst á fimm ára

<sup>(5)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

umbreytingartímabili ætti stefnumarkandi hlutabréfaeign sem þegar er fyrir hendi í fyrirtækjum og tilteknum váttrygginga-félögum undir yfirráðum eða verulegum áhrifum stofnunarinnar að falla undir eldri reglur til að komast hjá truflandi áhrifum og varðveita hlutverk stofnana í Sambandinu sem langtíma stefnumarkandi hlutafjárfesta. Í ljósi varfærniráð-stafana og eftirlits, til að stuðla að samþættingu fjármálageirans, með hlutabréfaeign í öðrum stofnunum innan sömu sam-stæðu eða sem falla undir sömu stofnanaverndarkerfi, ætti að viðhalda gildandi kerfi. Að auki, til þess að festa í sessi frumkvæði í einka- og opinbera geiranum í veitingu langtímahlutafjárfærslags til óskráðra félaga í Sambandinu, ættu beinar og óbeinar fjárfestingar til dæmis í gegnum áhættufjárfestingarfélög ekki að teljast spákaupmennska þegar þessar fjárfestingar eru gerðar með staðföstum ásetningi yfirstjórnenda um að halda þeim í a.m.k. þrjú ár.

- 10) Til þess að örva tiltekna geira í hagkerfinu, kveða Basel III staðlarnir á um svigrúm lögbærra yfirvalda til ákvarðana við framkvæmd eftirlitsverkefna sem gerir stofnunum kleift að beita, innan tiltekinnar marka, ívilnandi meðferð á hlutabréfa-eign sem er aflað í samræmi við lagasetningaráætlun sem hefur í för með sér verulegar niðurgreiðslur fyrir þær fjárfest-ingar og hafa einnig í för með sér yfirsýn stjórnvalda og takmarkanir á hlutabréfafjárfestingum. Innleiðing þessa svigrúms til ákvarðana í lög Sambandsins stuðlar einnig að langtíma hlutafjárfærslagi.
- 11) Fyrirtækjalán í Sambandinu eru aðallega veitt af stofnunum sem nota innramatsaðferðir fyrir útlánaáættu til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn. Með innleiðingu úttaksgólfins munu þessar stofnanir einnig þurfa að beita staðalaðferð fyrir útlánaáættu sem byggist á lánshæfismati tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis til að ákvarða lánshæfi fyrir-tækjalántakans. Vörpun á milli ytra mats og áhættuvoga sem gildir um metin fyrirtæki ætti að vera ítarlegri til að láta slíka vörpun vera í samræmi við alþjóðlega staðla um það efni.
- 12) Flest fyrirtæki í Sambandinu leitast hins vegar ekki eftir ytra lánshæfismati. Til að komast hjá truflandi áhrifum á banka sem veita ómetnum fyrirtækjum lán og veita nægan tíma til að koma á fót opinberu og einkaframtaki sem miðar að því að auka umfang ytra lánshæfismats er nauðsynlegt að kveða á um umbreytingartímabil. Á því umbreytingartímabili ættu stofnanir sem nota innramatsaðferðina að geta beitt hagstæðari meðferð þegar þær reikna út úttaksgólf sitt fyrir fjárfest-ingarflokksáhættuskuldbindingar fyrir ómetin fyrirtæki ásamt því að styðja ætti við útbreiðslu notkunar lánshæfismats. Rökstyðja ætti sérhverja framlengingu umbreytingartímabilsins og skal það vara fjögur ár að hámarki.
- 13) Að loknu umbreytingartímabili ættu stofnanir að geta vísað útreikningi til tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrir-tækis á eiginfjárgrunnskörfum fyrir verulegan hluta af fyrirtækjaáhættuskuldbindingum þeirra. Evrópska bankaefirlits-stofnunin, Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 <sup>(6)</sup> og evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska verbréfamarkaðs-efirlitsstofnunin) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(7)</sup>, (sameiginlega „evrópsku eftirlitsstofnanimar“) ættu að fylgjast með notkun umbreytingarfyrirkomulaga og taka mið af viðeigandi þróun og leitni á markaði utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja, hömlum á aðgangi að lánshæfismati tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis, einkum fyrir fyrirtæki, og mögulegar ráðstafanir til að bregðast við þessum hömlum. Umbreyt-ingartímabilið ætti að nota til að auka verulega aðgengi að mati fyrir fyrirtæki í Sambandinu. Með það fyrir augum ættu nýjar matslausnir sem ekki eru til staðar í núverandi vistkerfi mata að vera mótaðar til að hvetja sérstaklega stærri fyrirtæki í Sambandinu, til að fá ytra mat. Til viðbótar við jákvæð úthrif matferlisins, mun viðfeðmara mat styrkja m.a. samband fjármagnsmarkaða. Til að ná því markmiði er nauðsynlegt að taka mið af kröfum sem tengjast ytra lánshæfismati eða stofnun fleiri stofnana sem veita slíkt mat, sem gæti haft í för með sér umtalsverða innleiðingarvinnu. Aðildarríki ættu, í samstarfi við seðlabanka sína, að meta hvort viðurkenning á seðlabönkum þeirra sem utanaðkomandi lánshæfismatsfyrir-tæki í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1060/2009 <sup>(8)</sup> og mat seðlabanka á fyrirtækjum í skilningi reglugerðar (ESB) 575/2013 gæti verið æskilegt til þess að auka útbreiðslu ytra mats.
- 14) Fyrir áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með íbúðarhúsnæði og áhættuskuldbindingar tryggðar með viðskiptahúsnæði hefur Baselnefndin um bankaefirlit þróað áhættuæmari nálgun til að endurspeгла betur mismunandi fjármögnunarmodel og byggingarstig.

<sup>(6)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

<sup>(7)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

<sup>(8)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1).

- 15) Alþjóðlega fjármálakreppan frá 2008-2009 leiddi í ljós fjölda annmarka á núverandi meðferð í samræmi við staðalaðferðina á áhættuskuldbindingum sem tryggðar eru með íbúðarhúsnæði og áhættuskuldbindingum sem tryggðar eru með viðskiptahúsnæði. Brugðist hefur verið við þessum annmökum í Basel III stöðlunum. Basel III staðlarnir gera greinarmun á áhættuskuldbindingum þar sem endurgreiðslan er í veigamiklum atriðum háð sjóðstreymi sem til verður af fasteigninni og áhættuskuldbindingum þar sem það er ekki tilfellið. Fara ætti með fyrri tilvikinu í samræmi við sérsniðna áhættuvog sem endurspeglar með nákvæmari hætti áhættuna sem tengist slíkum áhættuskuldbindingum og einnig til að auka samkvæmni í meðferð á tekjuskapandi fasteignum samkvæmt innramatsaðferðinni.
- 16) Að því er varðar áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með íbúðarhúsnæði og áhættuskuldbindingar tryggðar með viðskiptahúsnæði ætti að halda áfram að nota lánsuppskiptingaraðferðina, þar sem sú aðferð er næm fyrir tegund lántakanda og endurspeglar áhrif áhættuvarna á veðið í fasteigninni í viðeigandi áhættuvog, jafnvel í tilvikum áhættuskuldbindingar með hátt veðhlutfall. Hins vegar ætti að finnstilla lánsuppskiptingaraðferðina í samræmi við Basel III staðlana þar sem hún hefur reynst of varfærin gagnvart tilteknum fasteignaveðlánum með mjög lágt veðhlutfall.
- 17) Til þess að tryggja að áhrif úttaksgólfins á áhættulítillán með veðum í íbúðarhúsnæði veitti af stofnunum sem nota innramatsaðferðina, dreifist yfir nægilega langt tímabil og komast þannig hjá truflandi áhrifum þeirrar tegundar lána sem gæti stafað af skyndilegri aukningu eiginfjárfarfna er nauðsynlegt að kveða á um sérstakt umbreytingarfyrirkomulag. Á meðan á umbreytingartímabilinu stendur ættu stofnanir sem nota innramatsaðferðina til að reikna úttaksgólf að geta beitt lægri áhættuvog á hluta af áhættuskuldbindingum sínum sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði samkvæmt staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu. Til að tryggja að umbreytingarfyrirkomulag sé eingöngu tiltækilegt gagnvart áhættulitlum veðtrygðum áhættuskuldbindingum ætti að setja viðeigandi hæfisviðmið sem byggjast á fyrirliggjandi hugtökum sem notuð eru í staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu. Lögbær yfirvöld skulu sannreyna að farið sé að þessum viðmiðum. Þar sem markaðir með íbúðarhúsnæði geta verið ólíkir frá einu aðildarríkis til annars ætti ákvörðun um hvort beita eigi umbreytingarfyrirkomulagi að liggja hjá hverju aðildarríki. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að fylgjast með notkun á umbreytingarfyrirkomulaginu. Rökstyðja ætti sérhverja framlengingu umbreytingatímabilsins og skal það vara fjögur ár að hámarki.
- 18) Vegna skorts á skýrleika og áhættunæmi núverandi meðferðar á spákaupmennskufjármögnun fasteigna eru eiginfjárgrunnskröfur fyrir þessar áhættuskuldbindingar oft taldar of háar eða of lágar. Því ætti að skipta þeirra meðferð út með sérsniðinni meðferð fyrir áhættuskuldbindingar vegna kaupa, þróunar og byggingar á landi, sem samanstendur af lánnum til félaga eða sérstakra verðbréfunaraðila sem fjármagna kaup, þróun og byggingu á landi eða þróun og byggingu íbúðarhúsnæðis eða viðskiptahúsnæðis.
- 19) Mikilvægt er að draga úr áhrifum sveifluaukandi áhrifa á virði fasteigna sem eru trygging láns og gera kröfur um eiginfjárgrunn fyrir fasteignaveðlán stöðugri. Þegar um er að ræða endurmat sem er herra en virðið á þeim tíma sem lánið var veitt, að því tilskildu að nægileg gögn séu fyrir hendi, ætti virði fasteignarinnar með tilliti til varfærni ekki að vera herra en sambærilegrar eignar eins og það er mælt yfir nægilega langt tímabil nema breytingar á þeirri eign auki ótvírætt virði hennar. Til þess að komast hjá ófyrirséðum afleiðingum á virkni markaða með sértrygð skuldabréf ættu lögbær yfirvöld að geta leýft stofnunum að endurmeta fasteignir með reglulegur millibili án þess að beita þessum takmörkunum á virðisaukningu. Breytingar sem bæta orkunýtingu eða viðnámsþrótt, auka vernd eða aðlögun að raunlægri áhættu sem byggingar og húsnæðiseiningar standa frammi fyrir, geta talist auka virði fasteignar.
- 20) Sérhæfði lánveitingaiðnaðurinn nýtir sérstaka verðbréfunaraðila sem þjóna yfirleitt hlutverki lántakanda og helsta uppspretta fjármagns til endurgreiðslu lánsins er ávöxtun fjárfestingarinnar. Samningsbundna fyrirkomulagið eða sérhæfða lánveitingamódelið veitir lánveitanda veruleg yfirráð yfir eignum sem verið er að fjármagna samtímis því að megin uppspretta endurgreiðslu lánsins er innkoma sem verður til af þeim eignum. Til þess að endurspeglar meðfylgjandi áhættu betur ætti þetta form lánveitingar að falla undir sértækar kröfur um eiginfjárgrunn fyrir útlánaáhættu. Í samræmi við Basel III staðlana um úthlutun áhættuvoga til sérhæfðra lánaáhættuskuldbindinga ætti að innleiða sérsniðinn sérhæfðan lánaáhættuskuldbindingaflokk samkvæmt staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu og auka þar með samkvæmni við þær meðferðir sem þegar eru fyrir hendi fyrir sérhæfðar lánaáhættuskuldbindingar samkvæmt innramatsaðferðinni. Innleiða ætti sértæka meðferð fyrir sérhæfðar lánaáhættuskuldbindingar þar sem greinarmunur er gerður á milli „verkefnafjármögnunar“, „fjármögnunar til kaupa á áþreifanlegum hlutum“ og „hrávörufjármögnun“ til að endurspeglar betur eðlislega áhættu þessara undirflokka og flokks sérhæfðra lánaáhættuskuldbindinga.

- 21) Á meðan meðferð samkvæmt staðalaðferðinni fyrir ómetnar sérhæfðar lánaáhættuskuldbindingar sem mælt er fyrir um í Basel III stöðlunum er ítarlegri en meðferð samkvæmt núgildandi staðalaðferð fyrir áhættuskuldbindingar fyrirtækja er sú fyrrnefnda ekki nægilega áhættunæm til að endurspegla áhrif og víðfeðmra trygginga og veðsetninga sem fylgir yfirleitt með þeim áhættuskuldbindingum í Sambandinu sem gerir lánveitanda kleift að stýra framtíðarsjóðstreymi sem til verður á líftíma verkefnis eða eignar. Vegna skorts á útbreiðslu ytra mats á sérhæfðum lánaáhættuskuldbindingum í Sambandinu gæti þessi nýja meðferð einnig myndað hvata fyrir stofnanir til að hætta að fjármagna verkefni eða taka á sig meiri áhættu í áhættuskuldbindingum sem annars fá eins meðferð sem hafa mismunandi áhættusnið. Að teknu tilliti til þess að sérhæfðar lánaáhættuskuldbindingar eru að mestu fjármagnaðar af stofnunum sem nota innramatsaðferðina sem eru með eigin líkön til staðar fyrir þessar áhættuskuldbindingar gætu áhrifin verið sérstaklega veruleg í tilvikum fjármögnunar til kaupa á áþreifanlegum hlutum, sem hætta er á að stöðvist, einkum í samhengi við beitingu úttaksgólfins. Til þess að komast hjá ófyrirséðum afleiðingum af skorti á áhættunæmi í Basel III stöðlunum fyrir ómetna fjármögnun til kaupa á áþreifanlegum hlutum ættu áhættuskuldbindingar fyrir fjármögnun kaupa á áþreifanlegum hlutum sem uppfylla tilteknar viðmiðanir sem geta lækkað áhættusniðið til samræmis við hágæða staðla sem eru í samræmi við varfærna og íhaldssama stýringu fjárhagslegrar áhættu að njóta góðs af lækkaðri áhættuvog á grundvelli umbreytingarákvæðis. Meta ætti það umbreytingar-fyrirkomulag í skýrslu sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin útbýr.
- 22) Flokkun smásöluáhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu og innramatsaðferðinni ætti að vera aðlöguð frekar til að tryggja samræmda beitingu samsvarandi áhættuvoga á sömu áhættuskuldbindingarnar. Í samræmi við Basel III staðlana ætti að mæla fyrir um reglur fyrir mismunandi meðferðir á hlaupandi smásöluáhættuskuldbindingum sem uppfylla viss skilyrði um endurgreiðslu eða notkun sem geta lækkað áhættusniðið. Skilgreina ætti þessar áhættuskuldbindingar sem áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptaaðila. Áhættuskuldbindingar gagnvart einum eða fleiri einstaklingum sem uppfylla ekki öll skilyrðin til að teljast smásöluáhættuskuldbindingar ætti að úthluta áhættuvogina 100% samkvæmt staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu.
- 23) Með Basel III stöðlunum voru innleiddir 10% útlánabreytistuðlar fyrir skuldbindingar sem eru uppsegjanlegar án skilyrða í staðalaðferð fyrir útlánaáhættu. Það er líklegt til að hafa veruleg áhrif á loforðsgjafa sem reiða sig á sveigjanlegt eðli uppsegjanlegra skuldbindinga án skilyrða til að fjármagna starfsemi sína til að takast á við árstíðabundnar sveiflur í starfsemi sinni eða til að stýra óvæntum skammtímabreytingum á rekstrarfjárförf, einkum af COVID-19-heimsfaraldrinum afstöðnum. Því er viðeigandi að kveða á um umbreytingartímabil þar sem stofnanir ættu að geta haldið áfram að beita lægri útlánabreytistuðli á skuldbindingar sem eru uppsegjanlegar án skilyrða og meta eftir á hvort að möguleg stigvaxandi hækkun á gildandi útlánabreytistuðli sé réttmæt til að gera stofnunum kleift að aðlagja rekstrarvenjur sínar og afurðir án þess að hefta aðgengi loforðsgjafa stofnunar að lánsfé.
- 24) Stofnanir ættu að leika lykilhlutverk í endurreisn í kjölfar COVID-19-heimsfaraldursins einnig með því að framlengja ráðstafanir fyrir fyrirbyggjandi endurskipulagningu skulda gagnvart hæfum skuldurum í vandræðum eða sem eru við það að lenda í vandræðum í að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar. Að því er þetta varðar ætti ekki að letja stofnanir frá því að framlengja ívilnanir sem skipta máli fyrir loforðsgjafa þegar það er talið viðeigandi vegna mögulegrar eða óréttmætrar flokkunar á mótaðilum sem aðila í vanefndum þar sem slík ívilnun gæti endurvakið líkur á að þeir loforðsgjafar endurgreiði eftirstöðvar fjárskuldbindinga sinna. Þegar viðmiðunarreglur eru þróaðar til að skilgreina vanefndir loforðsgjafa eða lánaþyrirgreiðslur ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að taka tilhlyðilegt tillit til þarfarinnar á að veita stofnunum nægilegan sveigjanleika.

- 25) Alþjóðlega fjármálakreppan frá 2008-2009 leiddi í sumum tilvikum í ljós að stofnanir hafa líka notað innramatsaðferðina á eignasöfn sem henta ekki til líkanagerðar vegna ófullnægjandi gagna sem hafði skaðlegar afleiðingar á áreiðanleika niðurstáðanna. Því er viðeigandi að skylda ekki stofnanir til að nota innramatsaðferðina fyrir allar áhættuskuldbindingar þeirra og að beita útbreiðslukröfunni á stigi áhættuskuldbindingaflokka. Það er einnig við hæfi að takmarka notkun innramatsaðferðarinnar fyrir áhættuskuldbindingaflokka þegar traust líkanagerð er erfiðari til þess að auka sambærileika og traustleika krafna um eiginfjárgrunn fyrir útlánaáættu samkvæmt innramatsaðferðinni.
- 26) Áhættuskuldbindingar stofnana gagnvart öðrum stofnunum, öðrum aðilum á fjármálamarkaði og stórum fyrirtækjum hafa yfirleitt lágt vanefndastig. Fyrir slík eignasöfn með lága vanskilaáættu er erfitt fyrir stofnanir að fá áreiðanlegt mat á tapi að gefnum vanefndum vegna ófullnægjandi fjölda greindra vanefnda í þessum eignasöfnum. Sá vandi hefur orsakað óæskilega dreifingu á milli stofnana að því er varðar metna áættu. Stofnanir ættu því að nota eftirlitsgildi fyrir tap að gefnum vanefndum frekar en innra mat á tapi að gefnum vanefndum fyrir þessi eignasöfn með lága vanskilaáættu.
- 27) Stofnanir sem nota eigin líkön til að meta eiginfjárgrunnskröfur fyrir útlánaáættu að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa byggja gjarnan áættumat sitt á gögnum sem eru aðgengileg öllum og sem allar stofnanir ættu að teljast hafa eins aðgang að. Við þær aðstæður er ekki hægt að réttlæta mismun í eiginfjárgrunnskröfum. Að auki eru áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa í fjárfestingarbók mjög lítil þáttur í efnahagsreikningi stofnana. Til þess að auka sambærileika eiginfjárgrunnskrafna stofnana og einfalda regluramann ættu stofnanir því að reikna út eiginfjárgrunnskröfur sínar fyrir útlánaáættu að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa með staðalaðferðinni fyrir útlánaáættu og notkun innramatsaðferðinnar ætti ekki að vera leyfð í þeim tilgangi.
- 28) Tryggja ætti að mat á líkum á vanefndum, tapi að gefnum vanefndum og útlánabreytistuðlum einstakra áhættuskuldbindinga stofnana sem mega nota eigin líkön til að reikna út eiginfjárgrunnskröfur fyrir útlánaáættu verði ekki of lágt. Því er viðeigandi að innleiða lágmarksgildi fyrir eigið mat og skylda stofnanir til að nota það sem herra er af eigin mati þeirra á áhættubreytum og lágmarksgildi fyrir þetta eigið mat. Slík lágmarksgildi fyrir áhættubreytur („ílagsgólf“) ættu að vera vörn til að tryggja að eiginfjárgrunnskröfur falli ekki niður fyrir varfærnisstig. Að auki ættu slík ílagsgólf að vera mótvægi við líkansáættu vegna þátta á borð við rangar forskriftir í líkani, mælingarvillur og gagnatakmarkanir. Ílagsgólf myndi einnig auka sambærileika eiginfjárlutfalla á milli stofnana. Til þess ná fram þessari niðurstöðu ætti að kvarða ílagsgólfíð á nægilega varfærinn máta.
- 29) Ílagsgólf sem eru kvörðuð með of varfærum hætti gætu latt stofnanir frá því að taka upp innramatsaðferðina og meðfylgjandi áhættustýringarstaðla. Stofnanir gætu einnig fundið til hvata til að færa eignasöfn sín yfir í hærri áhættuskuldbindingar til að forðast hömlurnar sem ílagsgólfíð setur. Til þess að komast hjá slíkum ófyrirséðum afleiðingum ættu ílagsgólf að endurspegla með viðeigandi hætti tiltekin áhættueinkenni undirliggjandi áhættuskuldbindinga einkum með því að taka á sig mismunandi gildi fyrir mismunandi tegundir áhættuskuldbindinga þegar við á.
- 30) Sérhæfðar lánaáhættuskuldbindingar hafa áhættueinkenni sem eru ólík áhættueinkennum almennra fyrirtækjaáhættuskuldbindinga. Því er viðeigandi að kveða á um umbreytingartímabil þar sem ílagsgólf fyrir tap að gefnum vanefndum sem gildir um sérhæfðar lánaáhættuskuldbindingar er lækkað. Rökstyðja ætti sérhverja framlengingu umbreytingatímabilsins og skal það vara fjögur ár að hámarki.
- 31) Í samræmi við Basel III staðlana ætti innramatsaðferðin fyrir flokk áhættuskuldbindinga gagnvart ríki að haldast að miklu leyti óbreytt vegna sérstaks eðlis áættu sem tengist undirliggjandi loforðsgjöfum. Einkum ættu áhættuskuldbindingar gagnvart ríki ekki að falla undir ílagsgólf.
- 32) Til að tryggja samkvæmni í nálgun á allar áhættuskuldbindingar gagnvart héraðsstjórnnum, staðaryfirvöldum og opinberum aðilum ætti að búa til tvo nýja flokka áhættuskuldbindinga gagnvart héraðsstjórnnum, staðaryfirvöldum og opinberum aðilum sem eru aðskildir frá bæði flokkum áhættuskuldbindinga gagnvart ríki og stofnunum. Meðferð varfærnislega samlagðra áhættuskuldbindinga gagnvart héraðsstjórnnum, staðaryfirvöldum og opinberum aðilum, sem samkvæmt staðalaðferð fyrir útlánaáættu myndu teljast meðferð á áhættuskuldbindingum gagnvart ríkisstjórn og seðlabanka ætti ekki að vera beitt á þessa nýju flokka áhættuskuldbindinga samkvæmt innramatsaðferðinni og ætti ekki að falla undir ílagsgólf. Enn fremur ætti að kvarða sérstök lægri ílagsgólf samkvæmt innramatsaðferðinni fyrir áhættuskuldbindingar gagnvart héraðsstjórnnum, staðaryfirvöldum og opinberum aðilum sem eru ekki samlagðar til þess að endurspegla réttilega áhættusnið þeirra í samanburði við fyrirtækjaáhættuskuldbindingar.

- 33) Það ætti að skýra hvernig greina ætti áhrif trygginga á tryggðar áhættuskuldbindingar sem eru meðhöndlaðar samkvæmt innramatsaðferðinni með því að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum þegar ábyrgðarveitandi tilheyrir flokki áhættuskuldbindinga samkvæmt innramatsaðferðinni en án þess að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum. Einkum ætti notkun á staðgönguaðferð þar sem áhættubreytum sem tengjast undirliggjandi áhættuskuldbindingum er skipt út fyrir áhættubreytur ábyrgðarveitanda eða aðferð þar sem líkur á vanefndum eða tapi að gefnum vanefndum undirliggjandi loforðsgjafa eru aðlagðar með sérstakri líkanagerðaraðferð til að taka tillit til áhrifa trygginga, ekki að leiða til aðlagðrar áhættuvogar sem er lægri en áhættuvogin sem gildir um sambærilegar beinar áhættuskuldbindingar ábyrgðarveitanda. Af þessum sökum þar sem farið er með ábyrgðarveitanda samkvæmt staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu ætti viðurkenning á tryggingu samkvæmt innramatsaðferðinni almennt að leiða til þess að ábyrgðarveitandi fái úthlutað áhættuvog staðalaðferðar fyrir útlánaáhættu á tryggðu áhættuskuldbindinguna.
- 34) Endanlegi Basel III ramminn krefur ekki lengur stofnun sem tók upp innramatsaðferðina fyrir einn flokk áhættuskuldbindinga um að taka upp þá aðferð fyrir allar áhættuskuldbindingar í fjárfestingarbók. Til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði milli stofnana sem fara nú með sömu áhættuskuldbindingar samkvæmt innramatsaðferðinni og þeirra sem gera það ekki ætti að gera stofnunum kleift að snúa aftur til einfaldari aðferða með einfölduðum verklagsreglum. Verklagsreglurnar ættu að gera lögbærum yfirvöldum kleift að standa gegn því að stofnanir taki upp einfaldari aðferðir þegar það er gert í þágu eftirlitshögnunar. Að því er varðar þessar verklagsreglur ætti sú staðreynd ein og sér að það að taka upp einfaldari aðferð leiði til lækkunar á ákvörðun á eiginfjárgrunnskörfum fyrir viðkomandi áhættuskuldbindingar ekki að teljast nóg til að standa gegn beiðni á grundvelli eftirlitshögnunar.
- 35) Með það fyrir augum að fjarlægja ástæðulausan mun á kröfum um eiginfjárgrunn ætti að endurskoða núgildandi reglur um afvöxtun sem gilda um sýndarsjóðstreymi til þess að komast hjá hvers konar ófyrirséðum afleiðingum. Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni ætti að vera falið að endurskoða viðmiðunarreglur sínar um að flokkast ekki lengur í vanskilum.
- 36) Innleiðing úttaksgólfins gæti haft veruleg áhrif á kröfur um eiginfjárgrunn fyrir verðbréfaðar stöður stofnana sem nota innramatsaðferð fyrir verðbréfun eða eiginmatsaðferð. Þó að slíkar stöður séu almennt tiltölulega smáar í samanburði við aðrar áhættuskuldbindingar gæti innleiðing úttaksgólfis haft áhrif á efnahagslegan framkvæmanleika verðbréfunarstarfsemi vegna ónógs varfærnisávinninga af flutningi áhættu. Þetta gæti átt sér stað þegar þróun verðbréfunarmarkaðar er hluti af aðgerðaáætlun á fjármagnsmörkuðum sem sett er fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 24. september 2020 undir yfyrskriftinni „Samband fjármagnsmarkaða fyrir fólk og fyrirtæki - ný aðgerðaráætlun“ („aðgerðaráætlunin um markaðssamband“) og einnig þegar stofnanir sem eru upphafsaðilar gætu þurft að nota verðbréfun í ríkari mæli til þess að stýra eignasöfnum sínum með virkari hætti ef þær verða bundnar af úttaksgólfinu. Á umbreytingartímabili ættu stofnanir sem nota innramatsaðferð fyrir verðbréfun eða eiginmatsaðferð að geta beitt hagstæðri meðferð til þess að reikna út úttaksgólf á verðbréfaðar stöður sínar sem úthlutað er áhættuvog með annarri hvorri aðferðinni. Evrópska bankaefirlitsstofnunin ætti að skila skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um þörfina á mögulegri endurskoðun á varfærnis meðferð verðbréfunarviðskipta með það fyrir augum að auka áhættunæmi varfærnis meðferðarinnar.
- 37) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 <sup>(9)</sup> breytti reglugerð (ESB) nr. 575/2013 til að innleiða Basel III staðlana um gagngera endurskoðun á veltubók sem Baselnefndin um bankaefirlit lauk gerð á árið 2019 („lokastaðlar gagngerar endurskoðunar á veltubók“ (*fundamental review of the trading book (FRTB)*)) aðeins að því er varðar skýrslugjöf. Innleiðing á bindandi eiginfjárgrunnskörfum sem byggja á þeim stöðlum var skilin eftir fyrir aðskilda tillögu að nýrri löggjöf í kjölfar mats á áhrifum þeirra á stofnanir í Sambandinu.
- 38) Innleiða ætti lokastaðla gagngerar endurskoðunar á veltubók í tengslum við skilin á milli fjárfestingarbók og veltubók í lög Sambandsins þar sem þeir hafa veruleg áhrif útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu. Í samræmi við Basel III staðlana ætti innleiðing á aðskilnaðarkröfum að hafa að geyma skrá yfir gerninga sem færa á í veltubók eða fjárfestingarbók auk undanþága sem gera stofnunum kleift að færa, að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds, tiltekna gerninga sem venjulega er haldið í veltubók, þ.m.t. skráðar einingar, í fjárfestingarbók þegar stöður í þeim gerningum eru ekki ætlaðar til veltuviðskipta eða áhættuverja ekki stöður sem eru ætlaðar til veltuviðskipta.

<sup>(9)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfall, hlutfall stöðugar fjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáhættu mótaðila, markaðsáhættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 1).

- 39) Til þess að komast hjá verulegri rekstrarbyrði á stofnanir í Sambandinu ættu allar kröfur varðandi innleiðingu lokastaðla gagngerrar endurskoðunar á veltubók í því skyni að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu, að hafa sömu framkvæmdardagsetningu. Því ætti að samræma framkvæmdardagsetningu takmarkaðs fjölda krafna um gagngera endurskoðun á veltubók sem þegar hafa verið innleiddar með reglugerð (ESB) 2019/876 og framkvæmdardagsetningu þessarar reglugerðar. Þann 27. febrúar 2023 gaf Evrópska bankaefirlitsstofnunin út álit um að ef ákvæðin sem um getur í 6. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876 sem gengu í gildi og gildandi lagarammi kveði ekki ennþá á um gildi aðferða sem eru innblásnar af gagngerri endurskoðun á veltubók fyrir útreikning á eigin fé, að lögbæru yfirvöldin sem um getur í reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 ættu ekki að setja í forgang eftirlit og framfylgdaraðgerðir í tengslum við þær kröfur fyrr en gagnger endurskoðun á veltubók hefur verið innleidd að fullu, sem búið er við að verði frá 1. janúar 2025.
- 40) Til þess að ljúka við umbótaáætlunina sem var kynnt eftir að alþjóðlega fjármálakreppan frá 2008–2009 gekk yfir, og til að bregðast við annmörkum á nágildandi lagarammi fyrir markaðsáðættu, ætti að taka upp í lög Sambandsins bindandi kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu sem byggjast á lokastöðlum gagngerrar endurskoðunar á veltubók. Nýlegt mat á áhrifum lokastaðla gagngerrar endurskoðunar á stofnanir í Sambandinu hafa sýnt að innleiðing þessara staðla í Sambandinu muni leiða til mikillar aukningar krafna um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu fyrir tiltekna viðskiptastarfsemi og starfsemi viðskiptavaka sem er mikilvæg fyrir hagkerfi Sambandsins. Til að veita mótvægi við þau áhrif og varðveita virkni fjármálamarkaða Sambandsins ætti að innleiða markvissar aðlaganir til að hrinda í framkvæmd loka-stöðlum gagngerrar endurskoðunar á veltubók.
- 41) Viðskiptastarfsemi stofnana á heildsölumörkuðum er auðveldlega hægt að stunda yfir landamæri, þ.m.t. milli aðildarríkja og þriðju landa. Samleitni framkvæmdar lokastaðla gagngerrar endurskoðunar á veltubók ætti því að vera sem mest þvert á lögsögur, bæði að því er varðar efnislegt innihald og tímasetningar. Að öðru leyti væri ómögulegt að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði á alþjóðavísu fyrir þessa starfsemi. Framkvæmdastjórnin ætti því að fylgjast með framkvæmd lokastaðla gagngerrar endurskoðunar á veltubók í lögsögum annarra aðildarríkja Baselnefndarinnar um bankaefirlit. Fela ætti framkvæmdastjórninni umboð til að samþykka gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í því skyni að bregðast við, þegar nauðsyn krefur, mögulegum röskunum á framkvæmd lokastaðla gagngerrar endurskoðunar á veltubók. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar standur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 <sup>(10)</sup>. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða. Ráðstafanir sem innleiddar eru með framseldum gerðum ættu að halda áfram að vera tímabundnar. Þegar það er við hæfi að slíkar ráðstafanir gildi á viðvarandi hátt ætti framkvæmdastjórnin að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 42) Framkvæmdastjórnin ætti að taka tillit til meðalhófsreglunnar við útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu fyrir stofnanir með meðalstóra veltubókarstarfsemi og kvarða þær kröfur til samræmis við það. Því ætti stofnunum með meðalstóra veltubókarstarfsemi að vera kleift að nota einfaldaða staðalaðferð til að reikna út kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu í samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla. Til viðbótar ættu hæfisviðmiðanir til að tilgreina stofnanir með meðalstóra veltubókarstarfsemi að vera í samræmi við viðmiðanir til að undanþiggja stofnanir frá skýrslugjafarkröfum um gagngera endurskoðun á veltubók sem innleiddar voru með reglugerð (ESB) 2019/876.
- 43) Í ljósi uppfærðar uppbyggingar á markaði Evrópusambandsins með kolefnislosunarheimildir, stöðugleika hans undanfarin ár og takmarkaðs verðflökts á kolefnisinneignum, ætti að innleiða sérstaka áhættuvog fyrir áhættuskuldbindingar fyrir viðskipti með kolefnisviðskipti samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir samkvæmt óhefðbundinni staðalaðferð.
- 44) Samkvæmt óhefðbundnu staðalaðferðinni falla áhættuskuldbindingar gagnvart gerningum sem bera eftirstæða áhættu undir viðbótarálág vegna eftirstæðrar áhættu til að taka tillit til áhættunnar sem aðferðin sem byggist á næmi nær ekki til. Samkvæmt Basel III stöðlunum er einungis hægt að jafna saman gerningi og áhættuvörn hans hvað það gjald varðar þegar þau eru fullkomlega jöfn. Stofnanir ættu hins vegar að geta áhættuvarið á markaðnum að miklu leyti eftirstæða áhættu sumra gerninga sem álag er lagt á vegna eftirstæðrar áhættu og þannig dregið úr heildaráhættu eignasafna sinna, jafnvel þó að þær áhættuvarnir séu ekki fyllilega jafnar áhættu upphaflegrar stöðu. Til að gera stofnunum kleift að áhættuverja án ótilhlýðilegra neikvæðra hvata og í ljósi efnahagslegra grunnforsendna um að draga úr heildaráhættu ætti framkvæmd álagningar álags vegna eftirstæðrar áhættu að leyfa tímabundið að uppfylltum ströngum skilyrðum og samþykki eftirlitsyfyrvalda að áhættuvarnir slíkra gerninga sem hægt er að áhættuverja á markaði verði undanskildar álagi vegna eftirstæðrar áhættu.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

- 45) Baselnefndin um bankaeftirlit hefur endurskoðað alþjóðlega staðla um rekstraráhættu til að bregðast við veikleikum sem komu í ljós í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar frá 2008–2009. Til viðbótar við að staðalaðferðin þótti ekki nógu áhættunæm skorti samanburðarhæfni sem stafaði af margs konar aðferðum eigin líkana í þróðuð mæliaðferðinni. Þess vegna, til þess að einfalda umgjörð rekstraráhættu, var öllum fyrirliggjandi aðferðum til að meta eiginfjárgrunnskröfur fyrir rekstraráhættu skipt út fyrir eina aðferð sem ekki byggist á líkanagerð, þ.e. nýju staðalaðferðinni fyrir rekstraráhættu. Aðlaga ætti reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að endanlega Basel III rammanum til að stuðla að jöfnum samkeppnisskilyrðum á alþjóðavettvangi fyrir stofnanir sem hafa staðfestu innan Sambandsins en sem starfa einnig utan þess og til að tryggja að umgjörð rekstraráhættu á vettvangi Sambandsins haldi áfram að vera skilvirk.
- 46) Nýja staðalaðferðin fyrir rekstraráhættu sem Baselnefndin um bankaeftirlit innleiddi sameinar vísi sem styðst við umfang starfsemi stofnunar og vísi sem tekur tillit til tapsögu þeirrar stofnunar. Endanlegi Basel III ramminn gefur visst frelsi til ákvörðunar á hvernig vísinum sem tekur tillit til tapsögu stofnunar er hrint í framkvæmd. Lögsögur geta horft framhjá tapsögu í útreikningi á eiginfjárgrunnskröfum fyrir rekstraráhættu fyrir allar viðkomandi stofnanir eða tekið tillit til gagna um tapsögu jafnvel að því er varðar stofnanir sem eru smærri en tiltekin stærð. Til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði innan Sambandsins og einfalda útreikning eiginfjárgrunnskrafna fyrir rekstraráhættu ætti að beita þeim ákvörðunarrétti á samræmdan hátt fyrir lágmarks eiginfjárgrunnskröfur með því að horfa framhjá sögulegum gögnum um rekstrartap fyrir allar stofnanir.
- 47) Þegar eiginfjárgrunnskröfur eru reiknaðar út fyrir rekstraráhættu gætu váttryggingarsamningar í framtíðinni verið leyfðir sem skilvirk aðferð til mildunar áhættu. Í því skyni ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að gefa framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skýrslu um það hvort það sé viðeigandi að viðurkenna váttryggingarsamninga sem skilvirka aðferð til mildunar áhættu og að uppfylltum hvaða skilyrðum, viðmiðunum og hvaða staðlareglur eigi að nota í slíkum tilvikum.
- 48) Einstakur og fordæmalaus hraði herðingar peningamálastefnu í kjölfar COVID-19-heimsfaraldursins gæti valdið verulegu flókti á fjármálamörkuðum. Samfara aukinni óvissu sem leiðir til aukins hagnaðar af opinberum skuldum sem gæti síðan valdið óinnleystu tapi eignarhlutdeilda stofnana í opinberum skuldum. Til þess að draga úr verulegum neikvæðum áhrifum óstöðugleika ríkisskuldamarkaða á eigið fé stofnana og þar af leiðandi á svigrúm stofnana til útlána til viðskiptavina, ætti að koma aftur á fót tímabundinni varfærnisíu sem hindraði að hluta þau áhrif.
- 49) Opinber fjármögnun með útgáfu ríkisskuldabréfa sem eru gefin upp í innlendum gjaldmiðli annars aðildarríkis gæti haldið áfram að vera nauðsynleg til að styðja opinberar ráðstafanir til að bregðast við alvarlega tvöfalda efnahagsáfallinu sem COVID-19-heimsfaraldurinn og árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu olli. Til þess að komast hjá hömlum á stofnanir sem fjárfesta í slíkum skuldabréfum þykir rétt að taka upp aftur umbreytingarfyrirkomulagið fyrir áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum eða seðlabönkum þegar þær áhættuskuldbindingar eru gefnar upp í innlendum gjaldmiðli annars aðildarríkis fyrir meðferð slíkra áhættuskuldbindinga samkvæmt rammanum um útlánaáhættu.
- 50) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/630 <sup>(1)</sup> var innleidd krafa um lágmarkstryggingavernd fyrir tapi vegna vanefndra áhættuskuldbindinga, svokallaðar varfærnisreglur um varúðarráðstafanir. Ráðstafanir til þess að komast hjá endurskipulagningu vanefndra áhættuskuldbindinga stofnana og samtímis stuðla að fyrirbyggjandi stýringu á vanefndum áhættuskuldbindingum með því að bæta skilvirkni endurskipulagningu stofnana eða fullnustumeðferð. Með hliðsjón af þessu ætti að gera nokkrar markvissar breytingar á vanefndum áhættuskuldbindingum sem útflytningslána-stofnanir ábyrgjast eða opinberir ábyrgðaveitendur. Enn fremur ættu tilteknar stofnanir sem uppfylla strangar kröfur og eru sérhæfðar í kaupum á vanefndum áhættuskuldbindingum að vera undanþegnar frá beitingu varfærnisreglna um varúðarráðstafanir.
- 51) Skráðar litlar og einfaldar stofnanir og aðrar stofnanir ættu líka að birta upplýsingar um fjárhæð og gæði efndra og vanefndra áhættuskuldbindinga og áhættuskuldbindinga sem hlotið hafa ívilnun ásamt greiningu á aldursdreifingu gjaldfallinna áhættuskuldbindinga. Sú upplýsingaskylda myndar ekki aukna byrði á þessar stofnanir þar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur þegar innleitt skyldu til að veita upplýsingar um slíkar takmarkaðar upplýsingar á grundvelli aðgerðaráætlunar ráðsins frá 2017 til að bregðast við útlánum í vanskilum í Evrópu þar sem farið var fram á að Evrópska bankaeftirlitsstofnun eflði upplýsingaskyldu um gæði eigna og útlán í vanskilum fyrir allar stofnanir. Sú upplýsingaskylda er í fullu samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 16. desember 2020 sem ber yfirskriftina „Viðbrögð við útlánum í vanskilum í kjölfar COVID-19-heimsfaraldursins“.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/630 frá 17. apríl 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lágmarkstryggingavernd fyrir tapi vegna vanefndra áhættuskuldbindinga (Stjtið. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 4).

- 52) Það er nauðsynlegt að draga úr byrði við að hlíta reglum um upplýsingagjöf og auka samanburðarhæfni birtra upplýsinga. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti því að koma á miðlægum veflægum vettvangi sem gerir stofnunum kleift að birta upplýsingar og leggja fram gögn. Miðlægi veflægi vettvangurinn ætti að virka sem einn aðgangsstaður stofnana til að birta upplýsingar á meðan eignarhald upplýsinga og gagna og ábyrgð á því að þau séu rétt ætti að haldast hjá stofnunum sem framleiða þau. Miðlægi vettvangurinn fyrir birtar upplýsingar ætti að vera í fullu samræmi við aðgerðaáætlun sambands fjármagnsmarkaða. Að auki ætti miðlægi veflægi vettvangurinn að vera samvirkandi með eina evrópska aðgangsstaðnum (*e European single access point*).
- 53) Til þess að gera samþættingu skýrslugjafar vegna eftirlits og birtingu upplýsinga betri ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að birta upplýsingagjöf stofnana á miðlægum hátt og jafnframt að virða rétt allra stofnana til að birta gögn og upplýsingar sjálfar. Slíkar miðlægar birtingar ættu að gera Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni kleift að birta upplýsingar sem litlar og einfaldar stofnanir hafa birt á grundvelli upplýsinga sem þessar stofnanir skila inn til lögbærra yfirvalda og það ætti því að draga verulega úr stjórnsýslubyrði lítilla og einfaldra stofnana. Jafnframt ætti miðlæg birting ekki að hafa nein kostnaðaráhrif á aðrar stofnanir og auka gagnsæi og draga úr aðgangskostnaði að varfærnisupplýsingum fyrir markaðsaðila. Slíkt aukið gagnsæi ætti að auðvelda samanburð á gögnum þvert á stofnanir og stuðla að markaðsaga.
- 54) Til að ná umhverfis- og loftlagsmarkmiðum Græna samkomulags Evrópu sem sett er fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. desember 2019 sem er framlag til áætlunar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030 þarf að beina miklu magni fjárfestinga frá einkageiranum í átt að sjálfbærum fjárfestingum í sambandinu. Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ætti að endurspeglar mikilvægi umhverfislega, félagslega og stjórnmunarlega (UFS) þátta með fullum skilningi á áhættu sem stafar af áhættuskuldbindingum gagnvart starfsemi sem tengist heildarsjálfbærni eða UFS-markmiðum. Til að tryggja samleitni í Sambandinu og einsleitna skilning á UFS þáttum og áhættum, ætti að mæla fyrir um almennar skilgreiningar. UFS-þættir geta haft jákvæð og neikvæð áhrif á fjárhagslega afkomu eða gjaldfærni einingar, ríkis eða einstaklings. Algeng dæmi um UFS-þætti eru losun gróðurhúsalofttegunda, líffræðileg fjölbreytni og vatnsnotkun og neysla á umhverfissviði; mannréttindi og sjónarmið sem varða vinnu og vinnuafli á félagslega sviðinu; og réttindi og skyldur yfirmanna og þóknarir á stjórnunarsviðinu. Fjármunir eða starfsemi sem fellur undir umhverfislega eða félagslega þætti ættu að vera skilgreind með vísan til metnaðar Sambandsins um að verða kolefnishlutlaust fyrir árið 2050 eins og sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 <sup>(12)</sup>, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um endurheimt náttúrunnar og um breytingu á reglugerð (ESB) 2022/869 og viðkomandi sjálfbærnimarkmið Sambandsins. Nota ætti tæknilegu matsviðið sem snerta meginregluna um að valda ekki umtalsverðu tjóni sem samþykkt var í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 <sup>(13)</sup>, auk tiltekinna réttargerða Sambandsins til að komast hjá loftslagsbreytingum, hnignun umhverfisins og taps líffræðilegrar fjölbreytni, til að tilgreina eignir eða áhættuskuldbindingar til þess að meta sértæka varfærnismeðferð og áhættugreinar mun.
- 55) Áhættuskuldbindingar vegna UFS-áhættuþátta er ekki endilega í samræmi við stærð og hversu flókin stofnun er. Umfang áhættuskuldbindinga vegna UFS-áhættuþátta í Sambandinu er einnig talsvert ólíkt þar sem sum aðildarríki sýna möguleg mild umbreytingaráhrif og önnur möguleg mikil umbreytingaráhrif á áhættuskuldbindingar sem tengjast starfsemi sem hefur umtalsverð neikvæð áhrif, einkum á umhverfið. Kröfur um gagnsæi sem gilda um stofnanir og kröfur um upplýsingagjöf að því er varðar sjálfbærni sem mælt er fyrir um í öðrum núgildandi réttargerðum Sambandsins munu veita ítarleg gögn eftir nokkur ár. Hins vegar, til að meta tilhlýðilega UFS-áhættur sem stofnanir standa frammi fyrir, er brýnt að markaðir og lögbær yfirvöld fái næg gögn frá öllum einingum sem standa frammi fyrir þessum áhættum. Stofnanir ættu að vera í stöðu til að greina kerfisbundið og tryggja nægt gagnsæi að því er varðar áhættuskuldbindingar þeirra vegna starfsemi sem er talin valda umtalsverðu tjóni gagnvart einu af umhverfismarkmiðum í skilningi reglugerðar (ESB) 2020/852. Til þess að tryggja að lögbær yfirvöld hafi yfir að ráða gögnum sem eru ítarleg, yfirgripsmikil og sambærileg fyrir skilvirkt eftirlit, ættu upplýsingar um áhættuskuldbindingar vegna UFS-áhættu að koma fram í skýrslugjöf stofnana vegna eftirlits. Til að tryggja yfirgripsmikið gagnsæi markaða, ætti að víkka út birtingu UFS-áhættu þannig að hún nái til allra stofnana. Nákvæmni þessara upplýsinga ætti að vera í samræmi við meðalhófsregluna með hliðsjón af stærð og flækjustigi hlutaðeigandi stofnunar og hversu útsett hún er fyrir UFS-áhættu. Þegar tæknilegir framkvæmdarstaðlar að því er varðar birtingu á UFS-áhættu eru endurskoðaðir ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að meta leiðir til að bæta birtingu á UFS-áhættu tryggingarsafna sértryggðra skuldabréfa og íhuga hvort upplýsingar um viðkomandi áhættuskuldbindingar, annað hvort beint eða með flutningi lána til sérstakra verðbréfunaraðila ætti annað hvort að koma fram í endurskoðuðu tæknilegu framkvæmdarstöðlunum eða í reglu- eða birtingarramma sértryggðra skuldabréfa.

<sup>(12)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 frá 30. júní 2021 um að koma á ramma til að ná fram loftslagshlutleysi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 401/2009 og (ESB) 2018/1999 (evrópsku loftslagslögin) (Stjtið. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 1).

<sup>(13)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtið. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).

- 56) Þar sem hraði umskipta hagkerfis Sambandsins yfir í sjálfbært hagkerfi eykst fær sjálfbærniáhætta meira vægi og þarfnast því hugsanlega frekari skoðunar. Viðeigandi mat á tiltækileika og aðgengi að áreiðanlegum og stöðugum gögnum um UFS-áhættu ætti að vera grundvöllur þess að skapa fulla tengingu milli UFS-áhættuþátta og hefðbundinna flokka fjárhagslegrar áhættu og áhættuskuldbindinga. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti einnig að stuðla að öflun þessara gagna með því að tilkynna hvort UFS-áhætta sé rétt endurspegluð í lánshæfiseinkunn mótaðila eða í áhættuskuldbindingum sem stofnanir kunna að hafa. Í tengslum við hraða og stöðuga þróun á sviði tilgreiningar og magngreiningar stofnana og eftirlitsaðila á UFS-áhættu er einnig nauðsynlegt að flýta hluta umboðs Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar til gildistökudags þessarar reglugerðar til að meta og skila skýrslu um hvort sértæk varfærnis meðferð áhættuskuldbindinga sem tengist eignum eða starfsemi með umtalsverð tengsl við umhverfis- og félagsleg markmið sé réttlætjanleg. Fyrirliggjandi umboð Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar ætti að skipta upp í röð skýrslna vegna lengdar og flækjustigs matsins sem þarf að fara fram. Þess vegna ætti Evrópska bankaftirlitsstofnunin að semja tvær árlegar eftirfylgniskýrslur, fyrir lok ársins 2024 annars vegar og 2025 hins vegar. Samkvæmt Alþjóðaorkumálastofnuninni má ekki nein ný leit að jarðefnaeldsneyti eða útvíkkun eiga sér stað ef ná á markmiðum um kolefnishlutleysi fyrir árið 2050. Það þýðir að áhættuskuldbindingar vegna jarðefnaeldsneytis eru gjarnar á að fela í sér meiri áhættur bæði á eindarstigi, þar sem virði slíkra eigna mun minnka með tímanum, og á heildarstigi, þar sem fjármögnun jarðefnaeldsneytis teflir í tvísýnu markmiðum um að takmarka aukningu hnattræns hitastigs við 1.5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og ógna því fjármálastöðugleika. Lögbær yfirvöld og markaðsaðilar ættu því að njóta góðs af auknu gagnsæi stofnana um áhættuskuldbindingar þeirra að því er varðar einingar í jarðefnaeldsneytisgeiranum, þ.m.t. starfsemi sem tengist endurnýjanlegum orkugjöfum.
- 57) Til þess að tryggja að leiðréttingar vegna áhættuskuldbindinga vinni ekki gegn loftlagsmarkmiðum Sambandsins myndu nýjar áhættuskuldbindingar aðeins fá afslátt á áhættuvog þegar eignin sem er fjármögnuð hefur jákvæð áhrif á eitt eða fleiri af umhverfismarkmiðum sem sett eru fram í reglugerð (ESB) 2020/852 og valdi ekki umtalsverðum skaða að því er varðar hin markmiðin sem sett eru fram í þeirri reglugerð eða ef eignirnar sem verið er að fjármagna valdi ekki umtalsverðum skaða að því er varðar einhver af umhverfismarkmiðunum sem sett eru fram í þeirri reglugerð.
- 58) Það er nauðsynlegt fyrir eftirlitsaðila að hafa nægar valdheimildir til að meta og mæla á yfirgripsmikinn hátt áhættur sem bankasamstæður standa frammi fyrir á samstæðustigi og hafa sveigjanleika til að aðlagða eftirlitsaðferðir að nýjum uppsprettum áhættu. Það er mikilvægt að forðast smugur milli varfærinna samstæðureikningsskila og samstæðureikningsskila sem eru gerð til þess að láta eignir falla utan varfærinna samstæðureikningsskila jafnvel þó að áhætta stafi enn af henni fyrir bankasamstæðu. Skortur á samræmi í skilgreiningum á „móðurfélagi“, „dótturfélagi“ og „yfirráðum“ og skortur á skýrum skilgreiningum á „félag í viðbótarstarfsemi“, „eignarhaldsfélag á fjármálasviði“ og „fjármálastofnun“ gerir eftirlitsaðilum erfiðara fyrir með að beita gildandi reglum með samræmdum hætti í Sambandinu og greina og bregðast með viðeigandi hætti við áhættum á samstæðustigi. Þessum skilgreiningum ætti því að breyta og skýra nánar. Til viðbótar er talið viðeigandi að Evrópska bankaftirlitsstofnunin rannsaki nánar hvort þessar valdheimildir gætu, án þess að það sé ætlunin, heft eftirlitsaðila sökum einhvers eftirstandandi misræmis eða smuga í ákvæðum reglna eða samspili við viðeigandi reikningsskilaumgjörð.
- 59) Markaðir með sýndareignir hafa vaxið hratt undanfarin ár. Til þess að bregðast við mögulegum áhættum stofnana af völdum áhættuskuldbindinga sýndareigna sem falla ekki nægilega undir núgildandi varfærniramma gaf Baselinefndin um bankaftirlit út í desember 2022 heildstæðan staðal fyrir varfærnis meðferð áhættuskuldbindinga vegna sýndareigna. Mælt er með 1. Janúar 2025 sem gildistökudegi þeirra staðla en sum tæknileg atriði þeirra staðla voru ennþá í þróun á vegum Baselinefndarinnar um bankaftirlit árin 2023 og 2024. Í ljósi áframhaldandi þróunar á mörkuðum með sýndareignir og viðurkenningu á mikilvægi þess að innleiða Baselstaðlana um áhættuskuldbindingar sýndareigna stofnana að fullu í lög Sambandsins ætti framkvæmdastjórnin að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf fyrir 30. júní 2025 um innleiðingu þeirra staðla og ætti að tilgreina þá varfærnis meðferð sem gildir um þær áhættuskuldbindingar á umbreytingartímabilinu fram að innleiðingu þeirra staðla. Í varfærnis meðferðinni á umbreytingartímabilinu ætti að taka tillit til lagarammans sem innleiddur var með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 <sup>(14)</sup> fyrir útgefendur sýndareigna og tilgreina varfærnis meðferð fyrir þær sýndareignir. Því ætti að færa hefðbundnar eignir á tókuðu formi á meðan umbreytingartímabilið varir, þ.m.t. rafeyristóka, sem eignir sem bera svipaða áhættu og hefðbundnar eignir og sýndareignir sem uppfylla kröfur þeirrar reglugerðar og vísa til hefðbundinna eigna, annarra en stakra löglegra gjaldmiðla og ættu þær að njóta góðs af varfærnis meðferð sem er í samræmi við kröfur þeirrar reglugerðar. Áhættuskuldbindingar, aðrar en sýndareignir, þ.m.t. tókaðar afleiður sýndareigna sem eru ólíkar þeim sem uppfylla skilyrði fyrir hagstæðari eiginfjármæðferð, ættu að fá úthlutað 1 250% áhættuvog.
- 60) Skortur á skýrleika tiltekinnna þátta að því er varðar ramma lágmarks frádragsgölf fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem Baselinefndin um bankaftirlit mótaði sem hluta af endanlega Basel III rammanum auk fyrirvara um efnahagsleg

<sup>(14)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði með sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtið. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40).

rök fyrir beitingu þess á tiltekna tegundir fjármögnunarviðskipta með verðbréf, hefur vakið spurningar um hvort hægt sé að ná varfærnismarkmiðum þess ramma án óæskilegra afleiðinga. Framkvæmdastjórnin ætti því að endurmeta framkvæmd ramma lágmarks frádragsgólfs fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf í lögum Sambandsins. Til þess að veita framkvæmdastjórninni nægilegar sannanir ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin í náninni samvinnu við Evrópsku verbréfa-markaðseftirlitsstofnunina að skila skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um áhrif þess ramma og um hvaða nálgun er mest viðeigandi til að innleiða hann í lög Sambandsins.

- 61) Samkvæmt endanlega Basel III rammanum endurspeglast hin miklu skammtímaeinkenni fjármögnunarviðskipta með verðbréf mögulega ekki vel í staðalaðferðinni fyrir útlánaáættu sem leiðir til þess að kröfur um eiginfjárgrunn sem reiknaðar eru út samkvæmt þessari nálgun verði miklu hærri en eiginfjárgrunnskröfur reiknaðar út samkvæmt innramatsaðferðinni. Af þeim sökum og í ljósi innleiðingar úttaksgólfsins gætu kröfur um eiginfjárgrunn sem reiknaðar eru út fyrir þessar áhættuskuldbindingar aukist umtalsvert sem hefur áhrif á lausfjárstöðu skulda- og verðbréfamarkaða, þ.m.t. ríkisskuldamarkaðinn. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti einnig að leggja fram skýrslu um tilhlýðileika og áhrif útlána-áhættustaðla fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf og sérstaklega hvort breytingar á staðalaðferðinni fyrir útlánaáættu fyrir þessar áhættuskuldbindingar myndu vera réttlætanager til að endurspegla skammtímaeinkenni þeirra.
- 62) Framkvæmdastjórnin ætti að innleiða inn í lög Sambandsins endurskoðuðu Basel III staðlana um eiginfjárgrunnskröfur fyrir leiðréttingaráættu vegna útlánavirðis (CVA-áhættu) sem Baselnefndin um bankaeftirlit gaf út í júlí 2020 þar sem þeir staðlar bæta heilt yfir útreikninga á eiginfjárgrunnskröfum vegna CVA-áhættu með því að bregðast við nokkrum vanköntum sem áður hefur verið borið kennsl á, einkum sá að núgildandi rammi fyrir eiginfjárgrunnskröfur fyrir CVA-áhættu fangar hana ekki með viðeigandi hætti.
- 63) Þegar upphaflegu Basel III staðlarnir um meðferð á CVA-áhættu voru innleiddir í lög Sambandsins voru tiltekin viðskipti undanþegin frá útreikningi á eiginfjárgrunnskröfum fyrir CVA-áhættu. Þessar undanþágur voru samþykktar til þess að koma í veg fyrir mögulega óhóflega aukningu á kostnaði við sum afleiðuviðskipti sem innleiðing eiginfjárgrunnskrafna fyrir CVA-áhættu leysti úr læðingi, einkum þegar stofnanir gætu mildað CVA-áhættu tiltekinna viðskiptavina sem ekki gátu skipt á veðtryggingum. Samkvæmt áætlunum áhrifum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur reiknað út, myndu eiginfjárgrunnskröfur fyrir CVA-áhættu samkvæmt endurskoðuðu Basel III stöðlunum halda áfram að vera óþarflega háar fyrir undanþegin viðskipti þessara viðskiptavina. Til þess að tryggja að þessir viðskiptavinir haldi áfram að áhættuverja fjárhagsáhættur með afleiðuviðskiptum ættu undanþágurnar að gilda áfram þegar endurskoðuðu Basel III staðlarnir verða innleiddir.
- 64) Hins vegar gæti hin eiginlega CVA-áhætta verið uppspretta umtalsverðrar áhættu fyrir stofnanir sem beita þessum undanþágum. Ef þessar áhættur raungerast gætu hlutaðeigandi stofnanir beðið verulegt tjón. Eins og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin lagði áherslu á í skýrslu sinni um CVA-áhættu frá 25. febrúar 2015 veldur áhættan af undanþegnu viðskiptunum áhyggjum af varfærni sem ekki er brugðist við í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Til þess að hjálpa eftirlitsaðilum að fylgjast með CVA-áhættu ættu stofnanir að skila skýrslu um útreikning á eiginfjárgrunnskröfum fyrir CVA-áhættu fyrir undanþegnar áhættur sem myndi valda því að viðskiptin væru ekki undanþegin. Að auki ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að þróa leiðbeiningar til að hjálpa eftirlitsaðilum að greina of mikla CVA-áhættu og bæta samræmingu eftirlitsaðgerða á því sviði í Sambandinu.
- 65) Framkvæmdastjórnin ætti að fá vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin mótaði að því er varðar vísa til að ákvarða óvenjulegar aðstæður fyrir viðbótarvirðisbreytingar, aðferðina til að tilgreina helstu áhrifaþætti áhættu stöðu og hvort hún sé gnóttstaða eða skortstaða, meðferðina fyrir útreikning og eftirlit með hreinum skorstöðuinneigum eða skorstöðu eigin fjár í fjárfestingarbók, meðferð áhættuvarna fyrir gjaldmiðlaáættu eiginfjárlutfalla, viðmiðunina sem stofnanir nota til að úthluta liðum utan efnahagsreiknings, viðmiðunina um áhættuskuldbindingar vegna hágæða verkefnafjármögnunar og fjármögnunar til kaupa á áþreifanlegum hlutum í tengslum við sérhæfð lán sem ekki er tiltækt beint lánshæfismat fyrir, tegundir þátta sem taka á til skoðunar til að meta hversu viðeigandi áhættuvog sé, hugtakið „jafngilt lagalegt fyrirkomulag til staðar til að tryggja að byggingu fasteignar í byggingu ljúki innan hæfilegs tímaramma“, skilyrðin til að meta mikilvægi notkunar núgildandi matskerfis, matsaðferðarfræði fyrir reglufylgni við kröfur til að meta innramatsaðferðina, flokkun á verkefnafjármögnun, fjármögnun til kaupa á áþreifanlegum hlutum og hrávörufjármögnun, nánari tilgreining á flokkum áhættuskuldbindinga samkvæmt innramatsaðferðinni, þætti fyrir sérhæfða lánveitingu, útreikning fjárhæðar áhættuveginna áhættuskuldbindinga fyrir þynningaráhættu á keyptum viðskiptakröfum, mat á heilleika úthlutunarferlis, aðferðafræði stofnunar til að meta líkur á vanefndum, samþærilegar fasteignir, eftirlitsdeltastuðul kaup- og söluréttar, efnisþætti viðskiptavísa, breytingar á viðskiptavísu, skilgreiningu á því að vera óþarflega íþyngjandi í samhengi við útreikning á árlegu tapi vegna rekstraráhættu, flokkunarfræði rekstraráhættu, mati lögbærra yfirvalda á útreikningi árlegs taps vegna rekstraráhættu, breytingar á gögnum um tap, stýringu rekstraráhættu, útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu fyrir stöður í fjárfestingarbók sem falla undir gjaldmiðlaáættu eða hrávörúáhættu, aðferðafræði mats lögbærra yfirvalda á óhefðbundnu staðalaðferðinni, veltubók sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, viðmiðun fyrir undanþágu frá álagi vegna eftirstæðra áhættuþátta, skilyrði og vísa

sem notaðir eru til að ákvarða hvort upp hafi komið óvenjulegar aðstæður, viðmið fyrir notkun gagnailags í áhættumatslíkani, viðmiðun til að meta líkanshæfi áhættuþátta, undir hvaða skilyrðum og í samræmi við hvaða viðmiðanir megi leyfa stofnunum að telja ekki yfirskot, viðmiðanir til að tilgreina hvort fræðilegar breytingar á virði eignasafns viðskiptaborðs séu annað hvort nálægt eða nægilega nálægt hugsanlegum breytingum, skilyrði og viðmiðanir til mats á CVA-áhættu af völdum fjármögnunarviðskipta með verðbréf á gangvirði, áætlað álag, mat á útvikkunum og breytingum á staðalaðferðinni fyrir CVA-áhættu, og tæknilegu atriðin sem nauðsynlegt er að séu til staðar til að stofnanir geti reiknað út eiginfjárgrunnskörfur sínar að því er varðar tiltekna sýndareignir. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja þessa tæknilegu eftirlitsstaðla með framseldum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

- 66) Framkvæmdastjórnin ætti að fá vald til að samþykkja tæknilega framkvæmdastaðla sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur mótað að því er varðar sameiginlegt ákvörðunarferli fyrir innramatsaðferðina sem móðurstofnanir í ESB, móðueignarhaldsfélög á fjármálasvið í ESB og blönduð móðureignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi í ESB leggja fram, reiti viðskiptavísa með því að kortleggja þá vísa með hlutaðeigandi dálkum liða, samræmd snið fyrir opinbera birtingu, tengd fyriræli, upplýsingar um endurframlagningarstefnu og hugbúnaðarlausnir fyrir birtingu upplýsinga, og birtingu UFS-upplýsinga. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja þessa tæknilegu framkvæmdarstaðla með framkvæmdargerðum skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.
- 67) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að tryggja samræmdar varfærniskröfur sem gilda um stofnanir í öllu Sambandinu, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.
- 68) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 575/2013 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

#### **Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 575/2013**

Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

- i. Í stað b-liðar í 1. lið kemur eftirfarandi:

„b) einhverja þá starfsemi sem um getur í 3. og 6. lið þáttar A í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (\*), þar sem eitt af eftirtöldu á við, en fyrirtækið er ekki miðlari hrávöru og losunarheimilda, sjóður um sameiginlega fjárfestingu, váttryggingafélag eða verðbréfafyrirtæki sem er undanþegið starfsleyfi sem lánastofnun í samræmi við 8. gr. a tilskipunar 2013/36/ESB:

- i. heildarvirði samstæðueigna fyrirtækisins með staðfestu í Sambandinu, þ.m.t. allra útibúa og dótturfélaga með staðfestu í þriðja landi er jafnt eða umfram 30 milljarða evrur,
- ii. heildarvirði eigna fyrirtækisins með staðfestu í Sambandinu, þ.m.t. allra útibúa og dótturfélaga þess með staðfestu í þriðja landi, er lægra en 30 milljarðar evra og fyrirtækið er hluti samstæðu þar sem heildarvirði samstæðueigna allra fyrirtækja í samstæðunni, sem eru með staðfestu í Sambandinu, þ.m.t. allra útibúa og dótturfélaga þeirra með staðfestu í þriðja landi, sem hvert um sig á heildareignir að andvirði undir 30 milljörðum evra og sem stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 3. og 6. lið þáttar A í I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, nemur 30 milljörðum evra eða meira,
- iii. heildarvirði eigna fyrirtækisins með staðfestu í Sambandinu, þ.m.t. allra útibúa og dótturfélaga þess með staðfestu í þriðja landi, er lægra en 30 milljarðar evra og fyrirtækið er hluti samstæðu þar sem heildarvirði samstæðueigna allra fyrirtækja í samstæðunni, sem stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 3. og 6. lið þáttar A í I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, nemur 30 milljörðum evra eða meira, ef eftirlitsaðili á samstæðugrunni, í samráði við samstarfshóp eftirlitsaðila, ákveður svo, til þess að bregðast við mögulegri hættu á sniðgöngu eða mögulegri áhættu fyrir fjármálastöðugleika í Sambandinu,

---

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).“

- ii. Ákvæði 12. liðar falla brott.
- iii. Í stað 15. og 16. liðar kemur eftirfarandi:
  - „15) „móðurfélag“: fyrirtæki sem hefur yfirráð í skilningi 37. liðar yfir einu eða fleiri fyrirtækjum,
  - 16) „dótturfélag“: fyrirtæki sem annað fyrirtæki hefur yfirráð yfir í skilningi 37. liðar, dótturfélög dótturfélaga skulu einnig teljast dótturfélög þess fyrirtækis sem er upphaflegt móðurfélag þeirra,“.
- iv. Í stað 18. liðar kemur eftirfarandi:
  - „18) „félag í viðbótarstarfsemi“: fyrirtæki sem hefur meginstarfsemi, hvort sem hún er í þágu fyrirtækja innan samstæðunnar eða viðskiptavina utan hennar, sem felst í einhverju af eftirfarandi:
    - a) beinu framhaldi af bankastarfsemi,
    - b) rekstrarleigu, eignarhaldi eða umsjón fasteigna, veitingu gagnavinnsluþjónustu eða annarri starfsemi að svo miklu leyti sem hún er til viðbótar við bankaþjónustu,
    - c) annarri starfsemi sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin telur svipaða þeirri sem um getur í a- og b-lið,“.
- v. Í stað 20. liðar kemur eftirfarandi:
  - „(20) „eignarhaldsfélag á fjármálasviði“: fyrirtæki sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:
    - a) það er fjármálastofnun,
    - b) það er ekki blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi,
    - c) það hefur a.m.k. eitt dótturfélag sem er stofnun,

- d) meira en 50% einhvers eftirfarandi vísa tengjast, á stöðugum grunni, dótturfélögum sem eru stofnanir eða fjármálastofnanir og með starfsemi sem fyrirtækið sinnir sjálft sem tengist ekki kaupum eða eignarhaldi á hlutdeild í dótturfélögum ef sú starfsemi er sama eðlis og sú sem stofnanir eða fjármálastofnanir sinna:

- i. eigin fjár fyrirtækisins á grundvelli samstæðustöðu þess,
- ii. eigna fyrirtækisins á grundvelli samstæðustöðu þess,
- iii. tekna fyrirtækisins á grundvelli samstæðustöðu þess,
- iv. starfsfólks fyrirtækisins á grundvelli samstæðustöðu þess,
- v. annarra vísa sem lögbært yfirvald telur eiga við.

Lögbært yfirvald getur ákveðið að eining teljist ekki eignarhaldsfélag á fjármálasviði þrátt fyrir að einn af þeim vísnum sem um getur í fyrstu málsgrein, liðum i.–iv, sé uppfylltur, þegar lögbæra yfirvaldið telur að viðkomandi vísir gefi ekki sanngjarna og rétta mynd af aðalstarfsemi og áhættu samstæðunnar. Áður það tekur slíka ákvörðun skal lögbæra yfirvaldið hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og veita rökstuddar og ítarlegar eigindlegar og megindlegar ástæður. Lögbæra yfirvaldið skal taka tilhlýðilegt tillit til álits Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og ákveði það að víkja frá því skal það innan þriggja mánaða frá dagsetningu móttöku álits Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar útskýra fyrir Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni ástæðurnar fyrir því að vikið sé frá viðkomandi álitum.

- vi. Eftirfarandi lið er bætt við:

„20a) „eignarhaldsfélag á verðbréfasviði“: eignarhaldsfélag á verðbréfasviði, eins og það er skilgreint í 23. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/2033,“.

- vii. Í stað 26. liðar kemur eftirfarandi:

„26) „fjármálastofnun“: fyrirtæki sem uppfyllir bæði eftirfarandi skilyrði:

- a) það er ekki stofnun, hreint eignarhaldsfélag á sviði framleiðslustarfsemi, sérstakur verðbréfunaradili, eignarhaldsfélag á váttryggingasviði eins og það er skilgreint í f-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB eða blandað eignarhaldsfélag á váttryggingasviði eins og það er skilgreint í g-lið 1. mgr. 212. gr. þeirrar tilskipunar, nema þegar blandað eignarhaldsfélag á váttryggingasviði hefur dótturstofnun,
- b) það uppfyllir eitt eða fleiri af eftirfarandi skilyrðum:
  - i. meginstarfsemi fyrirtækisins felst í að afla eða eiga eignarhluti eða stunda eina eða fleiri af þeirri starfsemi sem talin er upp í 2.–12. lið og 15., 16. og 17. lið I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB eða eina eða fleiri af þeirri þjónustu eða starfsemi sem talin er upp í þáttum A eða B í I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB í tengslum við fjármálagerninga sem taldir eru upp í þætti C í I. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB,
  - ii. fyrirtækið er verðbréfafyrirtæki, blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, eignarhaldsfélag á verðbréfasviði, greiðsluþjónustuveitandi samkvæmt flokkun í a- til d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2015/2366 (\*), eignastýringarfélag eða félag í viðbótarstarfsemi,

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB, 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35).“

- viii. Eftirfarandi lið er bætt við:

„26a) „hreint eignarhaldsfélag á sviði framleiðslustarfsemi“: fyrirtæki sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

- a) meginstarfsemi þess felst í að afla eða eiga eignarhluti,

b) þess er hvorki getið í a-lið 27. liðar né d- til l-lið 27. liðar þessarar málsgreinar og er ekki verðbréfafyrirtæki eða eignastýringarfélag eða greiðsluþjónustuveitandi samkvæmt flokkun í a- til d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366,

c) það fer ekki með hlutdeild í aðila á fjármálamarkaði,“.

ix. Í 27. lið fellur c-liður brott.

x) Í stað 28. liðar kemur eftirfarandi:

„28) „móðurstofnun í aðildarríki“: stofnun í aðildarríki sem hefur stofnun eða fjármálastofnun að dótturfélagi eða sem á hlutdeild í slíkri stofnun eða fjármálastofnun og sem ekki er sjálf dótturfélag annarrar stofnunar með starfsleyfi í sama aðildarríki, eða eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í sama aðildarríki,“.

xi. Í stað 35. liðar kemur eftirfarandi:

„35) „hlutdeild“: hlutdeild í skilningi 2-liðar 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB (\*) eða eignarhald, beint eða óbeint, á minnst 20% atkvæðisréttar eða eigin fé fyrirtækis,

---

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðu-reikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtið. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).“

xii. Í stað 37. liðar kemur eftirfarandi:

„37) „yfirráð“: tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og þeim er lýst í 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB eða í reikningsskilastöðlum sem stofnun fellur undir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (\*), eða sambærilegt samband milli einstaklings eða lögaðila og fyrirtækis,

---

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1).“

xiii. Í stað 52. liðar kemur eftirfarandi:

„52) „rekstraráhætta“: hætta á tapi sem stafar af innri ferlum, fólki eða kerfum sem eru ófullnægjandi eða bregðast eða af ytri atburðum, þ.m.t. en ekki takmarkað við lagalega áhættu, líkansáhættu eða upplýsinga- og fjarskiptatækniáhættu en að frátaldrí stefnu- og orðsporsáhættu,“.

xiv. Eftirfarandi liðum er bætt við:

„52a) „lagaleg áhætta“: hætta á tapi, þ.m.t. kostnaður, sektir, viðurlög eða refsibætur, sem gæti fallið á stofnun vegna atvika sem leiða til málareksturs, þ.m.t. eftirfarandi:

a) eftirlitsaðgerða og sáttagerða í einkamálum,

b) athafnaleysis þegar aðgerðir eru nauðsynlegar til að fara að lagalegri skyldu,

c) aðgerðar til að komast hjá því að fara að lagalegri skyldu,

- d) misferlisatburða, sem eru til komnir vegna misferlis af ásetningi eða gáleysi, þ.m.t. óviðeigandi veiting fjármálaþjónustu eða veiting ófullnægjandi eða villandi upplýsinga um fjárhagslega áhættu afurða sem stofnunin selur,
  - e) brot gegn kröfum sem koma til vegna innlendra eða alþjóðlegra stjórnsýslu- eða lagaákvæða,
  - f) brot gegn kröfum sem koma til frá samningsbundnu fyrirkomulagi, eða innri reglum og hátternisreglum sem komið var á fót í samræmi við innlendar eða alþjóðlegar reglur og starfshætti,
  - g) brot gegn siðareglum,
- 52b) „líkansáhætta“: hætta á tapi af völdum ákvarðana sem teknar eru á grundvelli niðurstaðna eigin líkana vegna villna í hönnun, þróun, mati á áhættubreytum, innleiðingu, notkun eða eftirliti með slíkum líkönum, þ.m.t. eftirfarandi:
- a) óviðeigandi hönnun á völdu eigin líkani og eiginleikum þess,
  - b) ófullnægjandi sannprófun á hentugleika valins eigin líkans fyrir fjármálagerning sem meta á eða afurð sem á að verðleggja eða hentugleika valins eigin líkans í viðkomandi markaðsaðstæðum,
  - c) skekkjur í framkvæmd á völdu eigin líkani,
  - d) rangt mat á markaðsvirði og áhættumati vegna villu þegar viðskipti voru færð inn í viðskiptakerfið,
  - e) notkun á völdu eigin líkani eða niðurstaðna þess í tilgangi sem líkanið var ekki ætlað eða hannað fyrir, þ.m.t. hagræðing á mælipáttum líkanagerðar,
  - f) ótímabært eða óskilvirkt eftirlit eða sannreying á frammistöðu líkans eða forspárgildi þess við mat á því hvort valið eigið líkan sé enn nothæft,
- 52c) „upplýsinga- og fjarskiptatækniáhætta“: hætta á tapi vegna hvers kyns aðstæðna, í tengslum við notkun á net- og upplýsingakerfum, sem raunhæft er að greina og sem geta, ef þær raungerast, stofnað öryggi net- og upplýsingakerfa, hvers kyns tækniháðs búnaðar eða ferla, starfrækslu og ferla eða veitingu þjónustu í hættu með því að hafa skaðleg áhrif á stafrænt eða efnislegt umhverfi,
- 52d) „umhverfisleg, félagsleg eða stjórnumarleg áhætta“ eða „UFS-áhætta“: hætta á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum á stofnun sem stafar af núverandi eða væntanlegum áhrifum umhverfislegra, félagslegra eða stjórnumarlegra þátta á mótaðila stofnunarinnar eða fjárfestar eignir; UFS-áhætta raungerist í gegnum hefðbundna flokka fjárhagslegrar áhættu,
- 52e) „umhverfisáhætta“: hætta á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum á stofnun sem stafar af núverandi eða væntanlegum áhrifum umhverfisþátta á mótaðila stofnunarinnar eða eignir sem fjárfest hefur verið í, þ.m.t. þættir sem tengjast umbreytingu í átt að markmiðum sem sett eru fram í 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 (\*); umhverfisáhætta nær bæði yfir raunlæga áhættu og umbreytingaráhættu,
- 52f) „raunlæg áhætta“: sem hluti af umhverfisáhættu, hætta á hvers kyns neikvæðum fjárhagslegum áhrifum á stofnun sem stafar af núverandi eða væntanlegum áhrifum raunlægra afleiðinga umhverfisþátta á mótaðila þeirrar stofnunar eða fjárfestar eignir,
- 52g) „umbreytingaráhætta“: sem hluti af umhverfisáhættu hætta á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum á stofnun sem stafar af núverandi eða væntanlegum áhrifum umbreytingar í umhverfislega sjálfbært hagkerfi á mótaðila stofnunarinnar eða eignir sem fjárfest hefur verið í,

- 52h) „félagsleg áhætta“: hætta á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum á stofnun sem stafar af núverandi eða væntanlegum áhrifum félagslegra þátta á mótaðila stofnunarinnar eða eignir sem fjárfest hefur verið í,
- 52i) „stjórnunaráhætta“: hætta neikvæðum fjárhagslegum áhrifum á stofnun, sem stafar af núverandi eða væntanlegum áhrifum stjórnunarlegra þátta á mótaðila stofnunarinnar eða eignir sem fjárfest hefur verið í,

---

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtið. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).“

xv. Í stað 54., 55. og 56. liðar kemur eftirfarandi:

- „54) „líkur á vanefndum“ eða „PD“: líkur á vanefndum skuldara eða, þegar við á, lánaðfyrirgreiðslu á eins árs tímabili og í tengslum við þynningaráhættu, líkur á þynningu á eins árs tímabili,
- 55) „tap að gefnum vanefndum“ eða „LGD“: hlutfall taps af áhættuskuldbindingu sem tengist stakri fyrirgreiðslu vegna vanefnda loforðsgjafa eða, þegar við á, lánaðfyrirgreiðslu á móti þeirri fjárhæð sem er útistandandi við vanefnd eða á tiltekinni viðmiðunardagsetningu eftir dagsetningu vanefndar og, í samhengi við þynningaráhættu, tap að gefinni þynningu, sem merkir hlutfall taps af áhættuskuldbindingu sem tengist keyptum viðskiptakröfum vegna þynningar, á móti fjárhæð sem er útistandandi á keyptu viðskiptakröfunni,
- 56) „breytistuðull“ eða „útlánabreytistuðull“: merkir hlutfall óáðreginnar fjárhæðar stakrar fyrirgreiðslu sem hægt væri að draga á af þessari stöku fyrirgreiðslu á tilteknum tímamarki áður en vanefnd hefur átt sér stað og er því útistandandi við vanefnd á móti óáðreginni fjárhæð skuldbindingarinnar frá þeirri fyrirgreiðslu þar sem stærð skuldbindingarinnar ákvarðast af tilkynntum mörkum, nema ótilkynntu mörkin séu hærri,“.

xvi. Í stað 58., 59. og 60. liðar kemur eftirfarandi:

- „58) „fjármögnuð útlánavörn“: aðferð til mildunar útlánaáhættu, þar sem mildun útlánaáhættu vegna áhættuskuldbindingar stofnunar ákvarðast af rétti stofnunarinnar, ef til vanefnda loforðsgjafans eða lánaðfyrirgreiðslunnar kemur eða við aðra tilgreinda lánaatburði sem tengjast skuldara, til að innleysa, fá yfirferðar eða taka til eignar, eða halda eftir tilteknum eignum eða fjárhæðum, eða lækka fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar niður í, eða skipta henni út fyrir, fjárhæð mismunarins milli fjárhæðar áhættuskuldbindingarinnar og fjárhæðar kröfu á stofnunina,
- 59) „ófjármögnuð útlánavörn“: aðferð til mildunar útlánaáhættu, þar sem mildun útlánaáhættu vegna áhættuskuldbindingar stofnunar ákvarðast af skuldbindingu þriðja aðila um að greiða fjárhæð ef til vanefnda loforðsgjafans eða lánaðfyrirgreiðslunnar kemur eða við aðra tilgreinda lánaatburði,
- 60) „reiðufjárigildisgerningur“: innlánskírteini, skuldabréf, þar með talið sértryggt skuldabréf, eða annar gerningur sem ekki er víkjandi, sem lánastofnun hefur gefið út og lánastofnunin hefur þegar fengið greiddan að fullu og sem stofnunin skal endurgreiða án skilyrða á nafnverði,“.

xvii. Eftirfarandi lið er bætt við:

- „60a) „gull sem hrávara“: gull í formi hrávöru, þ.m.t. gullstangir, málmhleifar og mynt sem eru almennt samþykktar á gullmörkuðum, þar sem virkur markaður með gullstangir er til staðar og virðið ræðst af virði gullinnihaldsins sem ræðst af hreinleika og þyngd frekar en af áhuga myntsafnara,“.

xviii. Eftirfarandi lið er bætt við:

- „74a) „virði fasteignar“: virði íbúðarhúsnæðis eða viðskiptahúsnæðis eins og það ákvarðast í samræmi við 1. mgr. 229. gr.,“.

xix. Í stað 75. liðar kemur eftirfarandi:

- „75) „íbúðarhúsnæði“: eitthvað af eftirfarandi:

- a) fasteign sem er dvalarstaður í eðli sínu og uppfyllir öll gildandi lög og reglugerðir til að hægt sé að nýta eignina til búsetu,
- b) fasteign sem er dvalarstaður í eðli sínu og er enn í byggingu, og að því tilskildu að búist sé við því að eignin muni uppfylla öll gildandi lög og reglugerðir til að hægt sé að nýta eignina til búsetu,
- c) búseturéttur í íbúð í húsnæðissamvinnufélagi í Svíþjóð,
- d) land sem fylgir fasteign sem um getur í a-, b- og c-lið,“.

xx. Eftirfarandi liðum er bætt við:

- „75a) „viðskiptahúsnæði“: fasteign sem er ekki íbúðarhúsnæði,
- 75b) „áhættuskuldbinding vegna tekjuskapandi fasteignar“: áhættuskuldbinding sem tryggð er með einu eða fleiri íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði þar sem efnir lánaskuldbindinga sem tengjast áhættuskuldbindingunni velta að verulegu leyti á sjóðstreymi sem til verður með fasteignunum sem tryggja áhættuskuldbindinguna frekar en á getu loforðsgjafans til að standa skil á skuldbindingunum eftir öðrum leiðum, þar sem aðaluppspretta slíks sjóðstreymis er leiga eða leigugreiðslur eða afrakstur af sölu á íbúðarhúsnæðinu eða viðskiptahúsnæðinu,
- 75c) „áhættuskuldbinding vegna fasteignar sem ekki er tekjuskapandi“: áhættuskuldbinding sem er tryggð með einu eða fleiri íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði sem er ekki áhættuskuldbinding vegna tekjuskapandi fasteignar,
- 75d) „áhættuskuldbinding tryggð með íbúðarhúsnæði“ eða „áhættuskuldbinding tryggð með veði í íbúðarhúsnæði“: áhættuskuldbinding tryggð með íbúðarhúsnæði eða áhættuskuldbinding sem talin er slík í samræmi við 4. mgr. 108. gr.,
- 75e) „áhættuskuldbinding tryggð með viðskiptahúsnæði“ eða „áhættuskuldbinding tryggð með veði í viðskiptahúsnæði“: áhættuskuldbinding tryggð með viðskiptahúsnæði,
- 75f) „áhættuskuldbinding tryggð með fasteign“ eða „áhættuskuldbinding tryggð með veði í fasteign“: áhættuskuldbinding tryggð með íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði eða áhættuskuldbinding sem talin er slík í samræmi við 4. mgr. 108. gr.,“.

xxi. Í stað 78. liðar kemur eftirfarandi:

- „78) „eins árs vanskilahlutfall“: hlutfallið milli fjölda loforðsgjafa eða, þegar skilgreiningu vanefndar er beitt á lánaþyrirgreiðslu skv. annarri undirgrein 1. mgr. 178. gr., lánaþyrirgreiðslna sem teljast hafa lent í vanefndum á tímabili sem hefst einu ári fyrir athugunardagsetninguna T og fjölda loforðsgjafa, eða þegar skilgreiningunni á vanefnd er beitt á stig lánaþyrirgreiðslu samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 178. gr., og lánaþyrirgreiðslna sem flokkaðar eru í þetta þrep eða safn einu ári fyrir athugunardagsetninguna T,“.

xxii. Eftirfarandi liðum er bætt við:

- „78a) „áhættuskuldbindingar vegna kaupa á landi, þróunar og bygginga“: áhættuskuldbindingar vegna fyrirtekja eða félaga með sérstakan tilgang sem fjármagna kaup á landi í þágu þróunar og byggingar eða fjármagna þróun og byggingu íbúðarhúsnæðis eða viðskiptahúsnæðis,
- 78b) „áhættuskuldbinding sem er ekki vegna kaupa á landi, þróunar og byggingar“: áhættuskuldbinding sem er tryggð með einu eða fleiri íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði sem er ekki áhættuskuldbinding vegna kaupa á landi, þróunar og byggingar,“.

xxiii. Ákvæði 79. liðar falla brott.

xxiv. Í stað 114. liðar kemur eftirfarandi:

- „114) „óbeinn eignarhlutur“: áhættuskuldbinding gagnvart millilið sem ber áhættu vegna fjármagnsgerninga útgefnunum af aðila á fjármálamarkaði eða skulda sem stofnun gefur út, þar sem tap stofnunarinnar, ef til þessi kæmi að fjármagnsgerningarnir útgefnir af aðilanum á fjármálamarkaði eða skuldirnar sem stofnunin gefur út yrðu endanlega afskrifaðar, yrði ekki verulega frábrugðið því tapi sem stofnunin

yrðir fyrir vegna beins eignarhlutar í þessum fjármagnsgerningum útgefnum af aðilanum á fjármála-markaði eða skuldum sem stofnunin gefur út,“.

xxv. Í stað 126. liðar kemur eftirfarandi:

„126) „tilbúinn eignarhlutur“: fjárfesting stofnunar í fjármálagerningi með virði sem tengist beint virði fjármagnsfjárgerninga útgefnum af aðila á fjármálamarkaði eða virði skulda sem útgefna eru af stofnun,“.

xxvi. Í stað b-liðar í 127. lið kemur eftirfarandi:

„b) stofnanirnar eru að fullu teknar með í samstæðureikningsskil í samræmi við 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB og falla undir eftirlit á samstæðugrunni af hálfu stofnunar sem er móðurstofnun í aðildarríki í samræmi við 2. kafla II. bóls fyrsta hluta þessarar reglugerðar og fellur undir eiginfjárgrunnskrofur,“.

xxvii. Í stað 144. liðar kemur eftirfarandi:

„144) „viðskiptaborð“: vel skilgreindur hópur miðlara sem stofnun setur á laggirnar í samræmi við 1. mgr. 104. gr. b til að stýra í sameiningu safni staðna í veltubók eða stöðunum í fjárfestingarbók sem um getur í 5. og 6. mgr. þeirrar greinar, í samræmi við vel skilgreinda og samræmda starfsstefnu og sem starfa samkvæmt sama áhættustýringarfyrirkomulagi,“.

xxviii. Í stað f-liðar 145. mgr. kemur eftirfarandi:

„f) heildarvirði samstæðueigna eða skuldir stofnunarinnar sem tengjast starfsemi mótaðila sem staðsettir eru á Evrópska efnahagssvæðinu, að undanskildum áhættuskuldbindingum innan samstæðunnar inn á Evrópska efnahagssvæðinu, eru yfir 75% af bæði heildarsamstæðueignum og skuldum stofnunarinnar, að undanskildum, í báðum tilvikum, áhættuskuldbindingum innan samstæðunnar,“.

xxix. Eftirfarandi liðir bætast við:

„151) „hlaupandi áhættuskuldbinding“: áhættuskuldbinding þar sem eftirstöðvum lántakans er leyft að sveiflast á grundvelli ákvarðana hans um að taka lán og endurgreiða, upp að umsömdum mörkum,

152) „áhættuskuldbinding gagnvart viðskiptaaðila“: hlaupandi áhættuskuldbinding sem er með a.m.k. 12 mánaða greiðslusögu og er eitt af eftirtöldu:

a) áhættuskuldbinding þar sem fjárhæð endurgreiðslu á næsta áætlaða endurgreiðsludegi ákvarðast með reglulegu millibili, a.m.k. á 12 mánaða fresti, sem ádregin fjárhæð á fyrirframákveðnum viðmiðunardegi með áætluðum endurgreiðsludegi innan 12 mánaða, að því tilskildu að fjárhæðin hafi verið endurgreidd að fullu á hverjum áætluðum endurgreiðsludegi síðastliðna 12 mánuði,

b) yfirdráttarheimild sem hefur ekki verið nýtt síðastliðna 12 mánuði,

153) „eining í jarðefnaeldsneytisgeiranum“: félag eða fyrirtæki sem samkvæmt tölfraðilegri flokkun hefur aðalstarfsemi sína í kola-, olíu- eða gasgeiranum, eins og sett er fram í XXXIX. viðauka, í sniðmáti 3, við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/637 (\*) og í samræmi við tilgreinda kóða í tölfraðilegri flokkun atvinnustarfsemi (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, endurskoðun 2) sem skráðir eru í bálkum B, C, D og G í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 (\*\*); þar sem aðalatvinnustarfsemi félags eða fyrirtækis er ekki flokkuð með kóðum atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, endurskoðun 2, sem settir eru fram í reglugerð (EB) nr. 1893/2006, eða innlendra flokkun sem dregin er þaðan, skulu stofnanir ákvarða varfærnislega hvort slíkt félag eða fyrirtæki sé með meginstarfsemi í einum þessara geira,

154) „áhættuskuldbindingar sem eru háðar áhrifum umhverfislegra eða félagslegra þátta“: áhættuskuldbindingar sem standa í vegi fyrir metnaði Sambandsins um að ná reglusetningarmarkmiðum sínum að því er varðar UFS-þætti, með hætti sem gæti haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á stofnanir í Sambandinu,

155) „skuggabankaaðili“: eining sem sinnir bankastarfsemi utan reglurammans,

(\*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/637 frá 15. mars 2021 um tæknilega framkvæmdastaðla að því er varðar opinbera birtingu stofnana á upplýsingunum sem um getur í II. og III. bálki áttunda hluta reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1423/2013, framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1555, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/200 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2295 (Stjtið. ESB L 136, 21.4.2021, bls. 1).

(\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).“

xxx. Eftirfarandi undirliðum er bætt við:

„Að því er ii. og iii. lið b-liðar 1. töluliðar í fyrstu undirgrein varðar, ef fyrirtækið er hluti samstæðu þriðja lands skulu heildareignir hvers útibús í samstæðu þriðja lands með starfsleyfi í Sambandinu talðar með í samanlögðu heildarvirði eigna allra fyrirtækja í samstæðunni.

Að því er varðar fyrstu undirgrein iii. liðar b-liðar 1. töluliðar getur eftirlitsaðili á samstæðugrunni óskað eftir öllum viðkomandi upplýsingum frá fyrirtækinu til þess að taka ákvörðun.

Að því er fyrstu undirgrein 52. liðar a, skulu endurgreiðslur til þriðju aðila eða starfsmanna og greiðslur vegna viðskiptavildar þegar viðskiptatækifæri koma til, þegar ekki hefur verið brotið í bága við reglur eða siðferðilega framkvæmd og þegar stofnunin hefur uppfyllt skuldbindingar sínar tímanlega, ekki teljast til lagalegrar áhættu. Lagaáhætta skal ekki heldur ná til ytri lögfræðikostnaðar þegar atburðurinn sem veldur þeim ytri kostnaði er ekki rekstraráhættuatburður.

Að því er varðar fyrstu undirgrein e-liðar 145. liðar þessarar málsgreinar getur stofnun undanskilið afleiðustöður sem hún gekkst undir með ófjárhagslegum viðskiptavinum sínum og afleiðustöður sem hún notar til að verja þær stöður, að því tilskildu að samanlagt virði þessara undanþegnu staðna reiknað út í samræmi við 3. mgr. 273. gr. a sé ekki umfram 10% af heildareignum stofnunarinnar á og utan efnahagsreiknings.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Eigi síðar en 10. janúar 2026 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 sem tilgreina viðmið fyrir tilgreiningu starfsemi sem um getur í 18. lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar“

2) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3) „vænt tap“: hlutfall, sem tengist stakri fyrirgreiðslu, fjárhæðarinnar sem búist er við að tapist af áhættuskuldbindingu vegna einhvers eftirfarandi:

a) mögulegrar vanefndar loforðsgjafa á eins árs tímabili af fjárhæðinni sem er útistandandi við vanefnd,

b) mögulegs þynningaratburðar á eins árs tímabili af fjárhæðinni sem er útistandandi á dagsetningu þynningaratburðarins.“

b) Eftirfarandi liðir bætast við:

„4) „lánaskuldbinding“: skylda sem rís af lánasamningi, að meðtöldum höfuðstól, uppsöfnuðum vöxtum og gjöldum sem loforðsgjafi skuldar,

5) „lánaáhætta“: liður innan eða utan efnahagsreiknings sem leiðir til, eða gæti leitt til, lánaskuldbindingar,

- 6) „fyrirgreiðsla“ eða „lánaðfyrirgreiðsla“: lánaáætla sem leiðir af samningi eða af safni samninga milli loforðsgjafa og stofnunar,
  - 7) „varúðarvirkmörk“: viðbót sem er tekin upp í mat á áhættubreytum til að taka tillit til vænts rófs matsvillna vegna tilgreindra annmarka í gögnum, aðferðum, líkönum og breytingum á útlánareglum, áhættuvilja, innheimtu og endurheimtarstefnum og öðrum uppsprettum viðbótaróvissu auk almennra matsvillna,
  - 8) „viðeigandi breytingar“: áhrif á mat á áhættubreytum sem leiða af beitingu aðferða við mat á áhættubreytum til að leiðrétta tilgreinda annmarka í gögnum og matsaðferðum og taka tillit til breytinga á útlánareglum, áhættuvilja, innheimtu og endurheimtarstefnum og annarra uppspretta viðbótaróvissu að því marki sem hægt er til að komast hjá slagsíðu í mati á áhættubreytum,
  - 9) „lítið og meðalstórt fyrirtæki“: félag eða fyrirtæki sem samkvæmt nýjustu samstæðureikningsskilum sínum hefur árlega veltu sem er ekki meiri en 50 000 000 evra,
  - 10) „skuldbinding“: samningsbundið fyrirkomulag sem stofnun býður viðskiptavinum og er samþykkt af þeim viðskiptavinum, um að veita lán, kaupa eignir eða gefa út gerninga sem má jafna til lána, og allt slíkt fyrirkomulag sem stofnun getur sagt upp skilyrðislaust og hvenær sem er án þess að tilkynna loforðsgjafa fyrirfram eða gerningar sem stofnun getur sagt upp þegar loforðsgjafi uppfyllir ekki skilyrði sem sett eru fram í fyrirgreiðsluskjalinu, þ.m.t. skilyrði sem loforðsgjafi þarf að uppfylla áður en upphaflegi eða síðari ádráttur á sér stað samkvæmt fyrirkomulaginu, nema samningsbundið fyrirkomulag uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:
    - a) samningsbundið fyrirkomulag þar sem stofnunin fær engar greiðslur eða umboðslaun fyrir að stofna til eða viðhalda þessu samningsbundna fyrirkomulagi,
    - b) samningsbundið fyrirkomulag þar sem viðskiptavinur þarf að sækja um til stofnunarinnar til þess að fá upphaflegan og hvern síðari ádrátt samkvæmt þessu samningsbundna fyrirkomulagi,
    - c) samningsbundið fyrirkomulag þar sem stofnunin hefur fullt ákvörðunarvald, óháð því hvort að viðskiptavinur uppfylli þau skilyrði sem sett eru fram í samningsbundna fyrirkomulaginu, um framkvæmd hvers ádráttar,
    - d) samningsbundið fyrirkomulag gerir stofnuninni kleift að meta lánstraust viðskiptavinarins rétt áður en ákvörðun er tekin um framkvæmd hvers ádráttar og stofnunin hefur innleitt og beitt innri málsmeðferð sem tryggir að slíkt mat sé gert áður en hver ádráttur er framkvæmdur,
    - e) samningsbundið fyrirkomulag sem boðið er viðskiptafyrirtæki, þ.m.t. litlu og meðalstóru fyrirtæki, sem sætir nánú viðvarandi eftirliti,
  - 11) „skuldbinding sem er uppsegjanleg án skilyrða“: skuldbinding með skilmála sem leyfir stofnun að segja upp skuldbindingunni að eins miklu leyti og leyfilegt er samkvæmt reglum um neytendavernd og tengdum réttargerðum þar sem við á hvenær sem er og án fyrirfram tilkynningar til loforðsgjafa eða kveða í raun á um sjálfkrafa uppsögn vegna versnandi lánshæfis lántakanda.“
- 3) Eftirfarandi grein bætist við:

„5. gr. a

#### Skilgreiningar sem eiga sérstaklega við um sýndareignir

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „sýndareign“: sýndareign eins og hún eru skilgreind í 5. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 (\*) sem eru ekki rafmyntir seðlabanka,
- 2) „rafeyristóki“: rafeyristóki eins og hann er skilgreindur í 7. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,

- 3) „áhættuskuldbinding vegna sýndareignar“: eign eða liður utan efnahagsreiknings sem tengist sýndareign sem leiðir til útlánaáhættu, útlánaáhættu mótaðila, markaðsáhættu, rekstraráhættu eða lausafjáráhættu,
- 4) „hefðbundin eign“: eign, önnur en sýndareign, þ.m.t.:
- a) fjármálagæringar eins og þeir eru skilgreindir í 50. lið 1. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar,
  - b) sjóðir eins og þeir eru skilgreindir í 25. lið 4. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366,
  - c) innstæða eins og hún er skilgreind í 3. lið 1. mgr. 2 gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB (\*\*), þ.m.t. samsettar innstæður,
  - d) verðbréfaðar stöður í tengslum við verðbréfun eins og skilgreint er í 1. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402,
  - e) skaða- eða líftryggingaafurðir sem falla undir váttryggingaflokkana sem skráðir eru í I. og II. viðauka við tilskipun 2009/138/EB eða endurtryggingasamningar sem um getur í þeirri tilskipun,
  - f) lífeyrisafurðir sem viðurkennt er samkvæmt landslögum að gegni því meginhlutverki að tryggja fjárfestinum eftirlaun og sem veita honum rétt á tilteknum ávinningi,
  - g) opinberlega viðurkennd starfstengd lífeyriskerfi sem falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 (\*\*\*) eða tilskipunar 2009/138/EB,
  - h) einstakar lífeyrisafurðir sem krefjast fjárframlags starfsmanns samkvæmt landslögum og vinnuveitandinn eða starfsmaðurinn hefur hvorki val um lífeyrisafurðina né veitandann,
  - i) samevrópsk séreignarafurð eins og skilgreint er í 2. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1238 (\*\*\*\*),
  - j) almannatryggingakerfi sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 (\*\*\*\*\*) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 (\*\*\*\*\*),
- 5) „hefðbundin eign á tókuðu formi“: tegund sýndareigna sem stendur fyrir hefðbundna eign, þ.m.t. rafeyristóki,
- 6) „eignatengdur tóki“: eignatengdur tóki, eins og hann er skilgreindur í 6. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114,
- 7) „þjónusta á sviði sýndareigna“: þjónusta á sviði sýndareigna eins og hún er skilgreind í 16. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

- 
- (\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði með sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtið. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40).
- (\*\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB frá 16. apríl 2014 um innstæðutryggingakerfi (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 149).
- (\*\*\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtið. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 37).
- (\*\*\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1238 frá 20. júní 2019 um samevrópska sér-eignasparnaðarafurð (PEPP) (Stjtið. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 1).
- (\*\*\*\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtið. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1).
- (\*\*\*\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtið. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1).“

- 4) Í stað 10. gr. a kemur eftirfarandi:

„10. gr. a

**Beiting varfærniskrafna á samstæðugrunni þar sem verðbréfafyrirtæki eru móðurfélög**

Að því er varðar þennan kafla skulu verðbréfafyrirtæki og eignarhaldsfélög á verðbréfasviði teljast móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði í aðildarríki eða móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í Sambandinu ef slík verðbréfafyrirtæki eða eignarhaldsfélög á verðbréfasviði eru móðurfélög stofnunar eða verðbréfafyrirtækis sem fellur undir þessa reglugerð, sem um getur í 2. eða 5. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033.“

- 5) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr. kemur eftirfarandi:

„Stór dótturfélög móðurstofnana í Sambandinu skulu birta upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 437., 438., 440., 442., 449. gr. a, 449. gr. b, 450. og 451. gr., 451. gr. a og 453. gr. á einingargrunni eða, eftir atvikum, í samræmi við þessa reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB á undirsamstæðugrunni.“

- 6) Ákvæðum 18. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Ákvæði 2. mgr. falla brott.

- b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Hlutdeild í stofnunum og fjármálastofnunum sem stýrt er af fyrirtæki sem fellur undir samstæðureikningsskil ásamt einu eða fleiri fyrirtækjum sem ekki falla undir samstæðureikningsskil, ætti að taka upp í samstæðureikningsskil í réttu hlutfalli við fjármagnshlutdeild, þegar ábyrgð þessara fyrirtækja er takmörkuð við hlutfé þeirra.“

- c) Í stað annarrar undirgreinar 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„Einkum er lögbærum yfirvöldum heimilt að leyfa eða krefjast notkunar aðferðarinnar sem kveðið er á um í 7., 8. og 9. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB.“

- d) Í stað fyrstu undirgreinar 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„Ef stofnun á dótturfélag sem er annað en fjármálastofnun eða á hlutdeild í slíku félagi skal hún beita hlutdeildar-aðferðinni gagnvart því dótturfélagi eða hlutdeild. Það felst þó ekki í þeirri aðferð að viðkomandi fyrirtæki heyri undir eftirlit á samstæðugrunni.“

- e) Í stað inngangsorðanna í 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„Lögbær yfirvöld geta krafist hlutfallslegra samstæðureikningsskila eða fullra samstæðureikningsskila dótturfélags eða fyrirtækis sem stofnun á hlutdeild í þegar það dótturfélag eða fyrirtæki er ekki fjármálastofnun og ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:“

- f) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„10. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal skila skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 10. júlí 2025 um heildstæðni og tilhlýðileika þessarar reglugerðar að því er varðar eftirlit með öllum tegundum áhætta sem stofnanir standa frammi fyrir á samstæðustigi. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal meta mögulegt eftirstætt misræmi í þeim skilgreiningum og ákvæðum samhliða samspiли þeirra við viðeigandi reikningsskilaumgjörð og eftirstandandi þætti sem gætu ófyrirséð hamlað samstæðueftirliti sem er heildstætt og aðlögunarhæft að nýjum uppsprettum eða tegundum áhættu eða fyrirkomulagi sem gæti leitt til eftirlitshögnunar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal uppfæra skýrslu sína a.m.k. annað hvert ár.

Í ljósi niðurstaðna Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar skal framkvæmdastjómin þegar við á leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tillögu að löggjöf til að gera breytingar á viðkomandi skilgreiningum eða gildissviði varfærniskrafna á samstæðugrunni.“

- 7) Ákvæðum 19. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Stofnun eða fjármálastofnun sem er dótturfélag eða hlutdeildarfyrirtæki þarf ekki að fella inn í samstæðureikning ef heildarfjárhæð eigna viðkomandi fyrirtækis og liða þess utan efnahagsreiknings er lægri en sú eftirfarandi fjárhæða sem lægri er:“

- b) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„Lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrunni skv. 111. gr. tilskipunar 2013/36/EB geta ákveðið í hverju tilviki fyrir sig, í eftirfarandi tilvikum, að ekki þurfi að fella stofnun eða fjármálastofnun, sem er dótturfélag eða hlutdeildarfyrirtæki, inn í samstæðureikning:“

- 8) Ákvæðum 20. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

- i. Í stað a-liðar fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„a) Þegar um er að ræða umsóknir um leyfin sem um getur í 1. mgr. 143. gr., 9. mgr. 151. gr., 283. gr., og 325. gr. az, eftir því sem við á, sem móðurstofnun í ESB og dótturfyrirtæki hennar leggja fram, eða sem dótturfyrirtæki móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB leggja fram sameiginlega, til að ákveða hvort veita skuli leyfið, sem sótt hefur verið um, og til að ákvarða skilmálana og skilyrðin, ef einhver eru, sem slíkt leyfi væri háð.“

- ii. Þriðja undirgrein fellur brott.

- b) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Ef móðurstofnun í ESB og dótturfélög hennar, dótturfélög móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandað móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB nota innramatsaðferð sem um getur í 143. gr., á sameiginlegum grunni, skulu lögbær yfirvöld heimila að móðurfélag og dótturfélög þess, talin saman, uppfylli sem heild þær forsendur sem settar eru fram í 6. þætti 3. kafla II. bóls þriðja hluta, á þann hátt sem samræmist uppbyggingu samstæðunnar og áhættustjórnunarkerfum hennar, ferlum og aðferðafræði.“

- c) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum þar sem tilgreint er sameiginlega ákvörðunarferlið, sem um getur í a-lið 1. mgr., að því er varðar umsóknir um leyfi sem um getur í 143. gr. (1. mgr.), 151. gr. (9. mgr.), 283. gr. og 325. gr. az í því skyni að greiða fyrir sameiginlegum ákvörðunum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2025.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

- 9) Í stað 22. gr. kemur eftirfarandi:

„22. gr.

#### **Undirsamstæðugrunnur í tilviki eininga í þriðju löndum**

1. Dótturstofnanir eða eignarhaldsdótturfélög í fjármálastarfsemi sem eru í eigu annars félags eða blandað eignarhaldsdótturfélag sem er í eigu annars félags í samstæðunni skulu beita kröfunum sem mælt er fyrir um í 89., 90. og 91. gr. og þriðja, fjórða og sjöunda hluta og tengdum skýrslugjafarkröfum sem mælt er fyrir um í sjöunda hluta A á grundvelli stöðu undirsamstæðu þeirra ef þau hafa stofnun eða fjármálastofnun sem dótturfélag í þriðja landi eða eiga hlutdeild í slíku fyrirtæki.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar geta dótturstofnanir eða eignarhaldsdótturfélög í fjármálastarfsemi sem eru í eigu annars félags eða blandað eignarhaldsdótturfélag sem er í eigu annars félags í samstæðunni valið að beita ekki kröfunum sem mælt er fyrir um í 89., 90. og 91. gr. og þriðja, fjórða og sjöunda hluta og tengdum skýrslugjafarkröfum sem mælt er fyrir um í sjöunda hluta A á undirsamstæðugrunni ef heildareignir og liðir utan efnahagsreiknings hjá dótturfélögum þeirra og hlutdeildir í þriðju löndum eru undir 10% af heildarfjárhæð eigna og liða utan efnahagsreiknings hjá dótturstofnuninni eða eignarhaldsdótturfélagi í fjármálastarfsemi sem er í eigu annars félags eða blönduðu eignarhaldsdótturfélagi sem er í eigu annars félags í samstæðunni.“

- 10) Í 1. mgr. 27. gr. fellur v. liður a-liðar brott.

- 11) Í stað 34. gr. kemur eftirfarandi:

„34. gr.

#### **Viðbótarvirðisbreytingar**

1. Stofnanir skulu beita kröfunum í 105. gr. á allar eignir sem metnar eru á gangvirði við útreikning fjárhæðar eiginfjárgrunns síns og skulu draga frá almennu eigin fé þáttar 1 fjárhæð allra viðbótarvirðisbreytingar sem nauðsynlegar eru.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta stofnanir, við óvenjulegar aðstæður sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin hefur ákveðið að séu til staðar með álit í samræmi við 3. mgr., dregið úr heildar viðbótarvirðisbreytingum í útreikningi á þeirri heildarfjárhæð sem dragast skal frá almennu eigin fé þáttar 1.
3. Til að gefa álitð sem um getur í 2. mgr. skal Evrópska bankaefirlitsstofnunin vakta markaðsaðstæður til að meta hvort óvenjulegar aðstæður hafi komið upp og, ef svo er, tilkynna framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um það þegar í stað.
4. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðsefirlitsstofnunina, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina vísana og skilyrðin sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin mun nota til að ákvarða að til staðar séu óvenjulegar aðstæður, sem um getur í 2. mgr., og til að tilgreina lækkunina á heildarsamanlögðu viðbótarvirðisbreytingunum sem um getur í þeirri málsgrein.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2026.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

- 12) Ákvæðum 36. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

- i. Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) fyrir stofnanir sem reikna út áhættuvegna fjárhæð áhættuskuldbindinga með innramatsaðferðinni, er halli samkvæmt innramatsaðferð reiknaður út, þegar við á, í samræmi við 159. gr.,“.

- ii. Ákvæðum k-liðar er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæði v. liðar falla brott.

- 2) Eftirfarandi lið er bætt við:

„vi. áhættuskuldbindingar í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem er úthlutað áhættuvoginni 1 250% í samræmi við 2. mgr. 132. gr. annarrar undirgreinar.“

- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Í þeim eina tilgangi að reikna út viðeigandi fjárhæð ófullnægjandi tryggingaverndar fyrir vanefndar áhættuskuldbindingar í samræmi við m-liðar 1. mgr. þessarar greinar og þrátt fyrir 47. gr. c og eftir að hafa sent lögbæru yfirvaldi tilkynningu, skal viðeigandi fjárhæð ófullnægjandi tryggingaverndar fyrir vanefndar áhættuskuldbindingar sem sérhæfður endurskipuleggjandi kaupir vera núll. Undanþágan sem sett er fram í þessari undirgrein skal gilda á einingargrunni og þegar um er að ræða samstæður þar sem allar stofnanir innan hennar teljast vera sérhæfðir endurskipuleggjendur skulda, á samstæðugrunni.

Að því er varðar þessa málsgrein merkir „sérhæfður endurskipuleggjandi“ stofnun sem, á næstliðnu fjárhagsári, uppfyllti öll eftirfarandi skilyrði bæði á einingargrunni og samstæðugrunni:

- a) aðalstarfsemi stofnunarinnar er kaup, stýring og endurskipulagning vanefndra áhættuskuldbindinga í samræmi við skýrt og skilvirkt innra ákvörðunarferli sem stjórn hennar framkvæmir,
- b) bókfært virði sem mælt er án þess að taka tillit til leiðréttinga á útlánaáhættu lána sem hún gaf sjálf út sé ekki hærra en 15% af heildareignum hennar,

- c) a.m.k. 5% af bókfærðu virði mælt án þess að taka tillit til leiðréttingar á útlánaáættu á lánum sem hún gaf út sjálf myndar endurfjármögnun í heild eða að hluta, eða breytingu á viðkomandi skilmálum keyptrar vanefndra áættuskuldbindinga sem teljast ívilnunarráðstafanir í samræmi við 47. gr. b,
- d) heildarvirði eigna stofnunar er ekki hærra en 20 milljarðar evra,
- e) stofnunin viðheldur á viðvarandi grunni a.m.k. 130% hlutfalli stöðugrar fjármögnunar,
- f) óhefðbundin innlán stofnunarinnar eru ekki meira en 5% af heildar skuldbindingum stofnunarinnar.

Sérhæfður endurskipuleggjandi skulda skal tilkynna lögbæru yfirvaldi án tafar ef eitt eða fleiri skilyrði sem sett eru fram í annarri undirgrein eru ekki lengur uppfyllt. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni a.m.k. árlega um beitingu þessarar málsgreinar af hálfu stofnana sem sæta eftirliti þeirra.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal viðhalda og birta skrá yfir sérhæfða endurskipuleggjendur skulda. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal fylgjast með starfsemi sérhæfðra endurskipuleggjenda skulda og skal skila skýrslu fyrir 31. desember 2028 til framkvæmdastjórnarinnar um niðurstöður slíks eftirlits og þegar við á veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um það hvort skilyrði til að teljast „sérhæfður endurskipuleggjandi skulda“ séu nægilega áhættumiðuð og viðeigandi með það fyrir augum að veita eftirmarkaði fyrir vanefnda lánasamninga betri stöðu og meta hvort viðbótar-skilyrði séu nauðsynleg.“

- 13) Í stað ii. liðar a-liðar 1. mgr. 46. gr. kemur eftirfarandi:

„ii. frádrættinum sem um getur í a- til g-lið, ii. lið k-liðar til vi- liðar og l-, m- og n- lið 1. mgr. 36. gr., að undanskilinni þeirri fjárhæð sem kemur til frádráttar vegna frestaðrar skattinneignar sem byggir á framtíðararðsemi og stafar af tímabundnum mismun,“

- 14) Ákvæðum 47. gr. c er breytt sem hér segir:

- a) Ákvæðum 4. mgr. er breytt sem hér segir:

- i. Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir 3. mgr. þessarar greinar skulu eftirfarandi stuðlar gilda um þann hluta vanefndrar áhættuskuldbindingar sem viðurkenndur veitandi útlánavarnar sem um getur í a- til e-lið 1. mgr. 201. gr. ábyrgist eða bakábyrgist ef ótryggðar áhættuskuldbindingar gagnvart honum myndu fá 0% áhættuvog skv. þriðja hluta II. bóks 2. kafla:“

- ii. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) 1 fyrir tryggðan hluta vanefndu áhættuskuldbindingarinnar gildir frá og með fyrsta degi á áttunda ári frá því að hún var flokkuð sem vanefnd, nema viðurkenndur veitandi útlánavarnar hafi samþykkt að uppfylla allar greiðsluskyldur loforðsgjafa gagnvart stofnuninni að fullu og í samræmi við upphaflegu samningsbundnu endurgreiðsluáætlunina en þá skal stuðullinn 0 gilda fyrir tryggða hluta vanefndrar áhættuskuldbindingar.“

- b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4a. Þrátt fyrir 3. mgr. skal sá hluti vanefndrar áhættuskuldbindingar sem opinber útflutningslánastofnun ábyrgist eða tryggir ekki falla undir kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein.“

- 15) Ákvæðum 1. mgr. 48. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað a-liðar ii. liðar kemur eftirfarandi:

„ii. a- til h-lið, ii.–vi. lið k-liðar og l-, m- og n- lið 1. mgr. 36. gr. að undanskilinni frestaðri skattinneign sem byggir á framtíðararðsemi og stafar af tímabundnum mismun,“

- b) Í stað ii. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„ii. a- til h-lið, ii.–vi. lið k-liðar og l-, m- og n- lið 1. mgr. 36. gr. að undanskilinni frestaðri skattinneign sem byggist á framtíðararðsemi og stafar af tímabundnum mismun.“

- 16) Í stað 4. mgr. 49. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Eignarhlutir sem leiða ekki til frádráttar í samræmi við 1. mgr. teljast uppfylla skilyrði áhættuskuldbindinga og skulu fá áhættuvog í samræmi við þriðja hluta II. bóls 2. kafla.

Eignarhlutir sem leiða ekki til frádráttar í samræmi við 2. og 3. mgr. teljast uppfylla skilyrði áhættuskuldbindinga og skulu fá áhættuvogina 100%.“

- 17) Í stað ii. liðar a-liðar 1. mgr. 60. gr. kemur eftirfarandi:

„ii. a- til g-lið, ii.–vi. lið k-liðar og l-, m- og n-lið 1. mgr. 36. gr. að undanskilinni frestaðri skattinneign sem byggir á framtíðararðsemi og stafar af tímabundnum mismun,“.

- 18) Í stað d-liðar fyrstu málsgreinar 62. gr. kemur eftirfarandi:

„d) fyrir stofnanir sem reikna út áhættuvegna fjárhæð áhættuskuldbindinga í samræmi við 3. kafla, II. bóls, þriðja hluta, skal afgangur samkvæmt innramatsaðferðinni eftir atvikum án frádráttar vegna skattalegra áhrifa, reiknaður út í samræmi við 159. gr. að allt að 0.6% af áhættueginni fjárhæð áhættuskuldbindinga reiknaðri út í samræmi við 3. kafla, II. bóls, þriðja hluta.“

- 19) Í stað ii. liðar a-liðar 1. mgr. 70. gr. kemur eftirfarandi:

„ii. a- til g-lið, ii.–vi. lið k-liðar og l-, m- og n-lið 1. mgr. 36. gr., að undanskilinni þeirri fjárhæð sem kemur til frádráttar vegna frestaðrar skattinneignar sem byggir á framtíðararðsemi og stafar af tímabundnum mismun,“.

- 20) Í stað inngangsmálsliðarins í fyrstu undirgrein 3. mgr. 72. gr. b kemur eftirfarandi:

„Auk skuldbindinganna sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar er skilavaldi heimilt að láta skuldbindingar uppfylla skilyrði hæfra skuldbindingargerninga upp að heildarfjárhæð sem fer ekki yfir 3,5% af fjárhæð heildaráhættugrunnsins sem reiknaður er í samræmi við 3. mgr. 92. gr. að því tilskildu að:“

- 21) Í stað ii. liðar a-liðar 1. mgr. 72. gr. i kemur eftirfarandi:

„ii. a- til g-lið, ii.–vi. lið k-liðar og l-, m- og n-lið 1. mgr. 36. gr., að undanskilinni þeirri fjárhæð sem kemur til frádráttar vegna frestaðrar skattinneignar sem byggir á framtíðararðsemi og stafar af tímabundnum mismun,“.

- 22) Í stað 74. gr. kemur eftirfarandi:

„74. gr.

**Eignarhlutir í fjármagnsgerningum útgefnum af eftirlitsskyldum aðilum á fjármáلامarkaði sem uppfylla ekki skilyrði lögbundins eigin fjár**

Stofnanir skulu ekki draga frá neinum þætti eiginfjárgrunns beina eignarhluti, óbeina eignarhluti eða tilbúna eignarhluti í fjármagnsgerningum útgefnum af eftirlitsskyldum aðila á fjármáلامarkaði, sem uppfylla ekki skilyrði lögbundins eigin fjár þess aðila. Stofnanir skulu úthluta slíkum eignarhlutum áhættuvog í samræmi við þriðja hluta, II. bóls, 2. kafla.“

- 23) Ákvæðum 84. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

- i. Í stað a-liðar fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„a) almennt eigið fé þáttar 1 dótturfélagsins að frádregnu því sem lægra er af eftirfarandi:

- i. fjárhæðinni á almennu eigin fé þáttar 1 þess dótturfélags sem krafist er til að uppfylla eftirfarandi:

- 1) þegar dótturfélagið er eitt þeirra sem er talin eru upp í a-lið 1. mgr. 81. gr. þessarar reglugerðar en ekki verðbréfafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á verðbréfasviði sem er í eigu annars félags, summu kröfunnar sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 92. gr. þessarar reglugerðar, kröfurnar sem um getur í 458. og 459. gr. þessarar reglugerðar, tilteknu kröfurnar um eiginfjárgrunn sem um getur í 104. gr.

tilskipunar 2013/36/ESB, samanlögðu eiginfjárukröfuna sem skilgreind er 6. lið 128. gr. þeirrar tilskipunar, eða staðbundnar eftirlitsreglur í þriðju löndum, að því marki sem uppfylla á þessar kröfur með almennu eigin fé þáttar 1,

- 2) ef dótturfélagið er verðbréfafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á verðbréfasviði sem er í eigu annars félags, summu kröfunnar sem mælt er fyrir um í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, sérstöku kröfunnar um eiginfjárgrunn sem um getur í a-lið 2. mgr. 39. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034 og allar staðbundnar eftirlitsreglur í þriðju löndum, að því marki sem uppfylla á þessar kröfur með almennu eigin fé þáttar 1,

- ii. fjárhæðinni á almennu eigin fé þáttar 1 hjá samstæðu sem tengist því dótturfélagi sem krafist er að uppfylli á samstæðugrunni summu kröfunnar sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 92. gr. þessarar reglugerðar, kröfunnar sem um getur í 458. og 459. gr. þessarar reglugerðar, sérstöku kröfunnar um eiginfjárgrunn sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, samanlögðu eiginfjárukröfuna sem skilgreind er í 6. lið 128. gr. þeirrar tilskipunar og allar staðbundnar eftirlitsreglur í þriðju löndum, að því marki sem uppfylla á þessar kröfur með almennu eigin fé þáttar 1,“.

- ii. Eftirfarandi undirgrein er bætt við:

„Þrátt fyrir a-lið fyrstu undirgreinar getur lögbæra yfirvaldið leyft stofnun að draga frá annað hvort fjárhæðina sem um getur í i- eða ii-lið a-liðar þegar stofnunin hefur sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á með fullnægjandi hætti að viðbótarfjárhæð hlutdeildar minnihluta sé tiltækt til að bera tap á samstæðustigi.“

- b) Í stað c-liðar 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„c) undir samstæðureikning þess fellur dótturstofnun sem það á einungis minnihlutaeign í vegna yfirráðatengsla í skilningi 37-liðar 1. mgr. 4. gr.“.

- 24) Ákvæðum 1. mgr. 85. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) eiginfjárbáttur 1 dótturfélagsins að frádregnu því sem lægra er af eftirfarandi:

- i. þeirri fjárhæð eiginfjárbáttar 1 þess dótturfélags sem þarf til að uppfylla eftirfarandi:

- 1) þegar dótturfélagið er eitt þeirra sem talin eru upp í a-lið 1. mgr. 81. gr. þessarar reglugerðar en ekki verðbréfafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á verðbréfasviði sem er í eigu annars félags summu kröfunnar sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 92. gr. þessarar reglugerðar, kröfunnar sem um getur í 458. og 459. gr. þessarar reglugerðar, sérstöku kröfunnar um eiginfjárgrunn sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, samanlögðu eiginfjárukröfuna sem skilgreind er 6. lið 128. gr. þeirrar tilskipunar, eða staðbundnar eftirlitsreglur í þriðju löndum, að því marki sem uppfylla á þessar kröfur með eiginfjárbætti 1,

- 2) ef dótturfélagið er verðbréfafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á verðbréfasviði sem er í eigu annars félags, summu kröfunnar sem mælt er fyrir um í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, sérstöku kröfunnar um eiginfjárgrunn sem um getur í a-lið 2. mgr. 39. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034 og allar staðbundnar eftirlitsreglur í þriðju löndum, að því marki sem uppfylla á þessar kröfur með eiginfjárbætti 1,

- ii. fjárhæðinni á eiginfjárbætti 1 hjá samstæðu sem tengist því dótturfélagi sem krafist er að uppfylli á samstæðugrunni summu kröfunnar sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 92. gr. þessarar reglugerðar, kröfunnar sem um getur í 458. og 459. gr. þessarar reglugerðar, sérstöku kröfunnar um eiginfjárgrunn sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, samanlögðu eiginfjárukröfuna sem skilgreind er í 6. lið 128. gr. þeirrar tilskipunar og allar staðbundnar eftirlitsreglur í þriðju löndum, að því marki sem uppfylla á þessar kröfur með eiginfjárbætti 1,“.

- b) Eftirfarandi undirgrein er bætt við:

„Þrátt fyrir a-lið fyrstu undirgreinar getur lögbæra yfirvaldið leyft stofnun að draga frá annað hvort fjárhæðina sem um getur í i-lið eða ii-lið a-liðar þegar stofnunin hefur sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á með fullnægjandi hætti að viðbótarfjárhæð eiginfjárbáttar 1 geti borið tap á samstæðustigi.“

25) Ákvæðum 1. mgr. 87. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) eiginfjárgrunnur dótturfélagsins að frádregnu því sem lægra er af eftirfarandi:

i. þeirri fjárhæð eiginfjárgrunns þess dótturfélags sem þarf til að uppfylla eftirfarandi:

1) þegar dótturfélagið er eitt þeirra sem talin eru upp í a-lið 1. mgr. 81. gr. þessarar reglugerðar en ekki sem fjárfestingarfélag eða eignarhaldsfélag á verðbréfasviði sem er í eigu annars félags summu kröfunnar sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 92. gr. þessarar reglugerðar, kröfunar sem um getur í 458. og 459. gr. þessarar reglugerðar, sérstöku kröfunar um eiginfjárgrunn sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, samanlögðu eiginfjáráukakröfuna sem skilgreind er 6. lið 128. gr. þeirrar tilskipunar, eða staðbundnar eftirlitsreglur í þriðju löndum, að því marki sem uppfylla á þessar kröfur með eiginfjárgrunni,

2) ef dótturfélagið er verðbréfafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á verðbréfasviði sem er í eigu annars félags, summu kröfunnar sem mælt er fyrir um í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, sérstöku kröfunar um eiginfjárgrunn sem um getur í a-lið 2. mgr. 39. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034 og allar staðbundnar eftirlitsreglur í þriðju löndum, að því marki sem uppfylla á þessar kröfur með eiginfjárgrunni,

ii. fjárhæð eiginfjárgrunns sem tengist því dótturfélagi sem krafist er að uppfylli á samstæðugrunni summu kröfunnar sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 92. gr. þessarar reglugerðar, kröfunar sem um getur í 458. og 459. gr. þessarar reglugerðar, sérstöku kröfunar um eiginfjárgrunn sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, samanlögðu eiginfjáráukakröfuna sem skilgreind er í 6. lið 128. gr. þeirrar tilskipunar og allar staðbundnar eftirlitsreglur í þriðju löndum, að því marki sem uppfylla á þessar kröfur með eiginfjárgrunni,“

b) Eftirfarandi undirgrein er bætt við:

„Þrátt fyrir a-lið fyrstu undirgreinar getur lögbæra yfirvaldið leyft stofnun að draga frá annað hvort fjárhæðina sem um getur í i-lið eða ii-lið a-liðar þegar stofnunin hefur sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á með fullnægjandi hætti að viðbótar-fjárhæð eiginfjárgrunns geti borið tap á samstæðustigi.“

26) Eftirfarandi grein bætist við:

„88. gr. b

#### **Fyrirtæki í þriðju löndum**

Að því er varðar þennan bálk skal skilja hugtökin „verðbréfafyrirtæki“ og „stofnun“ þannig að þau taki til fyrirtækja sem stofnuð eru í þriðju löndum sem myndu, ef þau væru stofnuð í Sambandinu, falla undir skilgreiningar þessara hugtaka samkvæmt þessari reglugerð.“

27) Ákvæðum 89. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Fari fjárhæð virks eignarhlutar í fyrirtæki, sem er ekki aðili á fjármálamarkaði, yfir 15 % af hæfu fjármagni stofnunar skal sá eignarhlutur falla undir ákvæðin sem mælt er fyrir um í 3. mgr.

2. Heildarfjárhæð virkra eignarhluta stofnunar í öðru fyrirtæki en um getur 1. mgr. sem fer yfir 60 % af hæfu fjármagni hennar skal falla undir 3. mgr.“

b) Ákvæði 4. mgr. falla brott.

28) Ákvæðum 92. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. og 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Stofnanir skulu reikna út heildaráhættugrunn sem hér segir:

$$TREA = \max\{U-TREA; x \cdot S-TREA\}$$

þar sem:

HEILDARÁ  
HÆTTUGRU  
NNUR = heildaráhættugrunnur einingarinnar,

U-TREA = heildaráhættugrunnur einingarinnar án neðri marka sem reiknaður er út í samræmi við 4. mgr.,

S-TREA = staðlaður heildaráhættugrunnur einingarinnar sem reiknaður er út í samræmi við 5. mgr.,

x = 72,5%.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar getur aðildarríki ákveðið að heildaráhættugrunnur skuli vera heildaráhættugrunnur án neðri marka, reiknaður út í samræmi við 4. mgr., fyrir stofnanir sem eru hluti samstæðu með móðurstofnun í sama aðildarríki að því tilskildu að móðurstofnunin eða, þegar um er að ræða samstæðu sem er samsett af miðlægri stofnun og varanlega tengdum stofnunum, að heildin eins og hún er samsett af miðlægri stofnuninni og tengdu stofnunum, reikni út fjárhæð heildaráhættugrunns í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar á samstæðugrunni.

4. Heildaráhættugrunnur án neðri marka skal reiknaður út sem summan af liðum a- til g- þessarar málsgreinar eftir að tekið hefur verið tillit til 6. mgr. þessarar greinar:

a) fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna útlánaáættu, þ.m.t. útlánaáættu mótaðila og þynningaráættu, reiknaðar í samræmi við II. bálk þessa hluta og 379. gr. að því er varðar alla starfsemi stofnunar, að undanskildum fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna veltubókarviðskipta stofnunarinnar,

b) kröfur um eiginfjárgrunn vegna veltubókarviðskipta vegna eftirfarandi:

i. markaðsáættu, reiknaðri út í samræmi við IV. bálk þessa hluta,

ii. stórra áhættuskuldbindinga umfram mörkin sem tilgreind eru í 395. til 401. gr., að því marki sem stofnuninni er heimilt að fara yfir þau mörk, eins og fastsett er í samræmi við fjórða hluta,

c) kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu, reiknaðar út í samræmi við IV. bálk þessa hluta fyrir alla viðskiptastarfsemi í fjárfestingarbók sem inniheldur gjaldmiðlaáættu eða hrávöruáættu,

d) kröfur um eiginfjárgrunn vegna uppgjöráættu, reiknaðar út í samræmi við 378. og 380. gr.,

e) kröfur um eiginfjárgrunn fyrir leiðréttingaráættu vegna útlánavirðis, reiknaðar út í samræmi við VI. bálk þessa hluta,

f) kröfur um eiginfjárgrunn vegna rekstraráættu, reiknaðar út í samræmi við III. bálk þessa hluta,

g) fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna útlánaáættu mótaðila sem stafar af veltubókarviðskiptum stofnunarinnar vegna eftirfarandi tegunda viðskipta og samninga, reiknaðar út í samræmi við II. bálk þessa hluta:

i. samninga sem taldir eru upp í viðauka II og lánaafleiða,

ii. endurhverfa viðskipta, verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða -lántaka vegna verðbréfa eða hrávöruviðskipta,

iii. viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu verðbréfa með veði í verðbréfum eða hrávörum,

iv. gnóttsamninga.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„5. Staðlaður heildaráhættugrunnur skal reiknaður út sem summan af a- til g-liðum 4. mgr. þessarar málsgreinar eftir að tekið hefur verið tillit til 6. mgr. og eftirfarandi krafna:

a) áhættueigin fjárhæð áhættuskuldbindinga vegna útlánaáættu, þ.m.t. útlánaáættu mótaðila og þynningaráættu sem um getur í a-lið 4. mgr. og vegna útlánaáættu mótaðila sem stafar af viðskiptum í veltubók stofnunarinnar eins og um getur í g-lið þeirrar málsgreinar skal reiknuð út án þess að nota neina af eftirfarandi aðferðum:

i. eiginlíkansaðferð fyrir rammasamninga um skuldajöfnun sem settur eru fram í 221. gr.,

- ii. innramatsaðferðina sem sett er fram í II. bálki 3. kafla,
  - iii. innramatsaðferðina fyrir verðbréfun sem sett er fram í 258., 259. og 260. gr. og eiginmatsaðferðina sem sett er fram í 265. gr.,
  - iv. eiginslíkansaðferðina sem sett er fram í 6. þætti 6. kafla í II. bálki,
- b) kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu fyrir viðskiptin í veltubók sem um getur í i-lið b-liðar 4. mgr. skulu reiknaðar út án þess að nota:
- i. óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina sem sett er fram í 1. kafla b í IV. bálki eða
  - ii. neina aðferð sem skráð er undir a-lið þessarar málsgreinar eftir atvikum,
- c) eiginfjárgrunnskröfur fyrir alla atvinnustarfsemi í fjárfestingarbók stofnunar sem inniheldur gjaldmiðlaáðættu eða hrávörúáðættu sem um getur í c-lið 4. mgr. þessarar greinar skulu reiknaðar út án þess að nota óhefðbundnu eiginlíkansaðferðirnar sem settar eru fram í 1. kafla b í IV. bálki.
6. Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um útreikninga á heildaráðættugrunni án neðri marka sem um getur í 4. mgr. og staðlaða heildaráðættugrunninn sem um getur í 5. mgr.:
- a) kröfurnar um eiginfjárgrunn sem um getur í d-, e- og f-lið 4. mgr. skulu ná til allrar starfsemi viðkomandi stofnunar,
  - b) stofnanir skulu margfalda kröfurnar um eiginfjárgrunn sem settar eru fram í b- til f-lið 4. mgr. með 12,5.“
- 29) Í stað a-liðar 1. mgr. 92 gr. a kemur eftirfarandi:
- „a) 18% áhættutengda hlutfallið sem stendur fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar stofnunarinnar sem gefið er upp sem hundraðshluti fjárhæðar heildaráðættugrunns sem reiknuð er í samræmi við 3. mgr. 92. gr.“.
- 30) Ákvæðum 94. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir b-lið 4. mgr. 92. gr. og b-lið 5. mgr. 92. gr. er stofnunum heimilt að reikna kröfuna um eignfjárgrunn vegna veltubókarviðskipta sinna í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar að því tilskildu að umfang veltubókarviðskipta stofnananna innan og utan efnahagsreiknings sé jafnt eða lægra en bæði eftirfarandi viðmið á grundvelli mats sem fram fer mánaðarlega á grundvelli gagna frá síðasta degi mánaðarins:“
  - b) Í stað a- og b-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) að því er varðar samninga sem tilgreindir eru í 1. lið II. viðauka, samninga sem varða hlutabréf sem um getur í 3. lið þess viðauka og lánaafleiður er stofnunum heimilt að undanþiggja þessar stöður frá kröfum vegna eignfjárgrunns sem um getur í b-lið 4. mgr. 92. gr. og b-lið 5. mgr. 92. gr.,

b) að því er varðar aðrar stöður í veltubók en þær sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar er stofnunum heimilt að láta kröfurnar sem reiknaðar eru í samræmi við a-lið 4. mgr. 92. gr. og a-lið 5. mgr. 92. gr. koma í stað krafna vegna eignfjárgrunns sem um getur í b-lið 4. mgr. 92. gr. og b-lið 5. mgr. 92.“
  - c) Ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:
    - i. Í stað c-liðar fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„c) algildi samanlagðra gnóttstaðna skal lagt saman við algildi samanlagðra skortstaðna.“

ii. Eftirfarandi undirliðum er bætt við:

„Að því er varðar fyrstu undirgrein, er gnóttstaða staða þar sem markaðsvirði stöðunnar eykst þegar verðmæti megináhrifaþáttar áhættu hækkar, og skortstaða er staða þar sem markaðsvirði stöðu lækkar þegar verðmæti megináhrifaþáttar áhættu hennar hækkar.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal verðmæti samanlagðrar gnótt-(skort-)stöðu vera jafnt og summan af verðmæti einstakra gnótt-(skorts-)staðna sem teknar eru með í útreikning í samræmi við a-lið.“

d) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„10. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina aðferðina til að auðkenna megináhrifaþátt áhættu fyrir stöðu og hvort að viðskipti teljist gnótt- eða skortstaða eins og um getur í 3. mgr. þessarar greinar og 3. mgr. 273. gr. a og 2. mgr. 325. gr. a.

Við mótn þessara tæknilegu eftirlitsstaðla skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til aðferðarinnar sem er mótuð fyrir tæknilegu eftirlitsstaðlana sem mælt er fyrir um í samræmi við b-lið 3. mgr. 279. gr. a.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2025.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

31) Í stað a-liðar 2. mgr. 95. gr. kemur eftirfarandi:

„a) summu liðanna sem um getur í a- til e-lið og g-lið 4. mgr. 92. gr. eftir að 6. mgr. 92. gr. hefur verið beitt.“

32) Í stað a-liðar 2. mgr. 96. gr. kemur eftirfarandi:

„a) a- til e-liður og g-liður 4. mgr. 92. gr. eftir beitingu 6. mgr. 92. gr.“.

33) Í stað 4. mgr. 102. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Að því er varðar útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu í samræmi við aðferðina sem um getur í b-lið 1. mgr. 325. gr. skal úthluta stöðum í veltubók til viðskiptaborðs.“

34) Í stað 104. gr. kemur eftirfarandi:

„104. gr.

#### **Skráning í veltubókina**

1. Stofnun skal setja fram skilmerkilega skilgreindar stefnur og verklagsreglur til að ákvarða hvaða stöður eigi að flokka í veltubókina vegna útreiknings á kröfum um eiginfjárgrunn í samræmi við 102. gr. og þessa grein, að teknu tilliti til getu og starfsvenja sinna við áhættustýringu. Stofnun skal skjalfesta til fulls að hún fylgi þessum stefnum og verklagsreglum, láta fara fram innri endurskoðun á þeim a.m.k. árlega og gera niðurstöður endurskoðunarinnar aðgengilegar lögbærum yfirvöldum.

Stofnun skal hafa til staðar óháða áhættueftirlitsdeild sem skal meta stöðugt hvort fjármálagerningar hennar eru flokkaðir í veltubók eða fjárfestingarbók á tilhlýðilegan hátt.

2. Stofnanir skulu flokka stöður í eftirfarandi gerningum í veltubók:

- a) gerningar sem uppfylla viðmiðin sem sett eru fram í 6., 7. og 8. mgr. 325. gr. um að vera felldir inn í óhefðbundið fylgniviðskiptasafn (ACTP),
- b) gerningar sem myndu leiða til hreinnar skortstöðu í skulda- eða hlutabréfum í fjárfestingarbókinni, að undanskildum skuldabréfum útgefnum af stofnuninni, nema slíkar stöður uppfylli skilyrðin sem um getur í e-lið,
- c) gerningar sem stafa af skuldbindingum um sölutryggingu verðbréfa, þar sem skuldbindingarnar varða eingöngu verðbréf sem búist er við að stofnunin kaupi á uppgjörstegi,

- d) gerningar sem ótvírætt er að séu veltuviðskipti samkvæmt þeirri reikningsskilaumgjörð sem um stofnunina gildir,
- e) gerningar sem koma til af starfsemi viðskiptavaktar,
- f) stöður sem eru ætlaðar til veltuviðskipta í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, að því tilskildu að sjóðirnir uppfylli a.m.k. eitt af skilyrðunum sem sett eru fram í 8. mgr.,
- g) skráð hlutabréf,
- h) fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem eru tilkomin vegna veltuviðskipta,
- i) valréttir eða aðrar afleiður, sem eru innbyggðar í eigin skuld stofnunarinnar í fjárfestingarbók og tengjast útlána- eða hlutabréfaáættu.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal stofnun hafa hreina skortstöðu í hlutabréfum ef lækkun á gengi hlutabréfanna leiðir til hagnaðar fyrir stofnunina. Stofnun skal hafa hreina skortstöðu í skuldabréfum ef stofninin hagnast þegar vaxta-álagið eykst eða ef lánstraust útgefanda eða hóps útgefenda rýrnar. Stofnanir skulu fylgjast stöðugt með því hvort gerningar leiði til hreinna skortstaðna í skuldabréfum eða hlutabréfum í fjárfestingarbók.

Að því er varðar i-lið fyrstu undirgreinar skal stofninin aðskilja innbyggða valréttinn eða aðra afleiðu frá eigin skuldbindingum í fjárfestingarbók sem tengjast útlána- eða hlutabréfaáættu. Flokka skal innbyggða valréttinn, eða aðrar afleiður, í veltubókina og skilja eftir eigin skuldbindingu í fjárfestingarbókinni. Þegar ekki er mögulegt, sökum eðlis gerningsins, að skipta honum upp skal stofnun úthluta öllum gerningnum í veltubókina. Í slíku tilviki skal skrá á viðeigandi hátt ástæðu þess að meðferðinni sé beitt.

#### 3. Eftirfarandi gerninga skal ekki flokka til veltubókar:

- a) gerninga sem eru ætlaðir til söfnunar fyrir verðbréfun,
- b) gerninga sem tengjast eignarhlutum í fasteignum,
- c) óskráð hlutabréf,
- d) gerninga sem tengjast lánum til einstaklinga og lítilla og meðalstórra fyrirtækja,
- e) stöður í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu en þeim sem um getur í f-lið 2. mgr.,
- f) afleiðusamninga og sjóði um sameiginlega fjárfestingu með einn eða fleiri undirliggjandi gerninga sem um getur í a-til d-lið þessarar málsgreinar,
- g) gerninga sem er ætlað að verja tiltekna áhættu vegna stöðu í einum eða fleiri gerningi sem um getur í a-til f-lið, h-lið og i-lið þessarar málsgreinar,
- h) eigin skuldbindingar stofnunarinnar, nema slíkir gerningar uppfylli skilyrðin sem um getur í e-lið 2. mgr. eða þau skilyrði sem um getur í þriðju undirgrein 2. mgr.,
- i) gerninga í vogunarsjóðum.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. getur stofnun flokkað stöðu í gerningi, sem um getur í d-til i-lið þeirrar málsgreinar, í fjárfestingarbók, háð samþykki lögbærs yfirvalds hennar. Lögbæra yfirvaldið skal veita samþykki sitt ef stofninin hefur sýnt lögbæru yfirvaldi sínu fram á það með fullnægjandi hætti að staðan sé ekki ætluð til veltuviðskipta eða að hún verji ekki stöður sem ætlaðar eru til veltuviðskipta.

5. Þrátt fyrir 3. mgr. er stofnun heimilt að flokka í veltubókina stöðu í gerningi, sem um getur í i-lið þeirrar málsgreinar, með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds hennar. Lögbæra yfirvaldið skal veita samþykki sitt ef stofninin hefur sýnt lögbæru yfirvaldi sínu fram á með fullnægjandi hætti að staðan sé ætluð til veltuviðskipta, eða til að áhættuverja stöður sem haldið er til veltuviðskipta og að stofninin uppfylli a.m.k. eitt skilyrðanna sem sett eru fram í 8. mgr. fyrir þá stöðu.

6. Þegar stofnun hefur flokkað stöðu í gerningi, öðrum en gerningum sem um getur í a-, b- eða c-lið 2. mgr., í veltubókina er lögbæru yfirvaldi stofnunarinnar heimilt að fara fram á að stofninin leggi fram gögn til að rökstyðja slíka ákvörðun. Ef stofnun leggur ekki fram viðeigandi sönnunargögn getur lögbært yfirvald hennar krafist þess að stofninin endurflokki stöðuna í fjárfestingarbók.

7. Þegar stofnun hefur flokkað stöðu í gerningi, öðrum en gerningum sem um getur í 3. mgr., í fjárfestingarbók, getur lögbært yfirvald stofnunarinnar beðið stofnunina um að leggja fram gögn til réttlætningar slíkri ákvörðun. Ef stofnun leggur ekki fram viðeigandi sönnunargögn getur lögbært yfirvald hennar farið fram á að stofnunin endurflokki stöðuna í veltubókina.

8. Stofnun skal úthluta stöðu í sjóði um sameiginlega fjárfestingu í veltubók, aðra en stöðumar sem um getur í f-lið 3. mgr., sem er ætluð til veltuviðskipta, ef stofnunin uppfyllir eitthvert eftirfarandi skilyrða:

- a) stofnunin getur aflað sér nægilegra upplýsinga um einstakar undirliggjandi áhættuskuldbindingar sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu,
- b) stofnunin getur ekki aflað sér nægilegra upplýsinga um einstakar undirliggjandi áhættuskuldbindingar sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu, en stofnunin hefur vitneskju um inntak umboðs sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu og getur fengið daglega verðtilboð fyrir sjóðinn um sameiginlega fjárfestingu.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar ferlið sem stofnanir eiga að nota til að reikna út og fylgjast með hreinum skortstöðum í skuldabréfum eða hlutabréfum í fjárfestingarbók sem um getur í b-lið 2. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2027.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

35) Ákvæðum 104. gr. a er breytt sem hér segir:

- a) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal vakta alla eftirlitsframkvæmd og gefa út fyrir 10. júlí 2027 leiðbeiningar í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um það hvað teljist sérstakar aðstæður í skilningi fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar og 5. málsgreinar þessarar greinar. Þar til Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út þessar leiðbeiningar skulu lögbær yfirvöld tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um og færa rök fyrir ákvörðunum sínum um hvort heimila eigi stofnun að endurflokka stöðu eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar.“

- b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Endurflokkun á stöðu í samræmi við þessa grein skal vera óafturkræf nema við þær sérstöku aðstæður er um getur í 1. mgr.“

- c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„6. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar er stofnun heimilt að endurflokka stöðu í fjárfestingarbók sem stöðu í veltubók skv. d-lið 2. mgr. 104. gr. án þess að fá leyfi lögbærs yfirvalds þess. Í því tilviki skulu kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. þessarar greinar gilda áfram um stofnunina. Stofnunin skal þegar í stað tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu um það þegar endurflokkunin hefur farið fram.“

36) Ákvæðum 104. gr. b er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Í þeim tilgangi að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu í samræmi við aðferðina sem um getur í b-lið 1. mgr. 325. gr. skulu stofnanir koma á fót viðskiptaborðum og úthluta öllum stöðum í veltubók sem og þeim stöðum í fjárfestingarbók sem um getur í 5. og 6. mgr. þessarar greinar á eitt af þessum viðskiptaborðum. Stöðum í veltubók skal eingöngu úthlutað sama viðskiptaborði þegar þessar stöður eru í samræmi við samþykktar starfsstefnu fyrir viðskiptaborðið og er stjórnað á samræmdan hátt og þær vaktaðar í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.“

- b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„5. Til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu skulu stofnanir úthluta stöðum sínum í fjárfestingarbók, sem fela í sér gjaldmiðla- eða hrávöruáættu til viðskiptaborðs sem komið er á fót í samræmi við 1. mgr., sem stýra áættu sem er sambærileg áættu þessara staðna.

6. Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. geta stofnanir, við útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu, komið á fót einu eða fleiri viðskiptaborðum sem þær úthluta eingöngu stöðum í fjárfestingarbók til, sem fela í sér gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu. Slík viðskiptaborð skulu falla undir skilyrðin sem sett eru fram í 1., 2. og 3. mgr.“

37) Eftirfarandi grein bætist við:

„104. gr. c

**Meðferð áhættuvarna fyrir gjaldmiðlaáhættu á eiginfjárlutföll**

1. Stofnun, sem hefur tekið áhættustöðu af ásetningi til að verja sig, a.m.k. að hluta, gegn óhagstæðum áhrifum sem hreyfingar á gengi erlendra gjaldmiðla hafa á eitthvert af eiginfjárlutföllum hennar, líkt og um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 92. gr., getur, með fyrirvara um heimild lögbærs yfirvalds hennar, undanskilið þá áhættustöðu frá útreikningi á kröfum um eiginfjárgrunns vegna gjaldmiðlaáhættu, sem um getur í 1. mgr. 325. gr., að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) hámarksfjárhæð áhættustöðunnar sem er undanskilin kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu takmarkast við þann hluta fjárhæðar áhættustöðunnar sem gerir eitthvert af eiginfjárlutföllum ónæmt gagnvart neikvæðum hreyfingum á gengi erlendra gjaldmiðla,
- b) áhættustaðan er undanskilin kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu í a.m.k. sex mánuði,
- c) stofnunin hefur komið á viðeigandi áhættustýringarumgjörð til að verja sig gegn áhrifum óhagstæðra hreyfinga á gengi erlendra gjaldmiðla á eiginfjárlutföll sín, þ.m.t. með skýrri áhættuvarnaráætlun og eftirlits- og stjórnunarkerfi,
- d) stofnunin hefur látið lögbæra yfirvaldinu í té rökstuðning fyrir því að undanskilja tiltekna áhættustöðu frá kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu, upplýsingar um áhættustöðuna og þá fjárhæð sem á að undanskilja.

2. Beita skal undanþágum vegna áhættustöðu frá kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu í samræmi við 1. mgr. með samræmdum hætti.

3. Lögbært yfirvald skal samþykkja allar breytingar stofnunar á áhættustýringarumgjörðinni sem um getur í c-lið 1. mgr. og á upplýsingum um áhættustöður sem um getur í d-lið 1. mgr.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina:

- a) þær áhættustöður sem stofnun getur tekið beinlínis til að verjast, a.m.k. að hluta til, óhagstæðum áhrifum breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla á þau eiginfjárlutföll sem um getur í 1. mgr.,
- b) hvernig ákvarða eigi hámarksfjárhæðina sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar og með hvaða hætti stofnun á að undanskilja þá fjárhæð fyrir hverja aðferð sem um getur í 1. mgr. 325. gr.,
- c) skilyrðin sem áhættustýringarumgjörð stofnunar, sem um getur í c-lið 1. mgr., þarf að uppfylla til að teljast viðeigandi að því er varðar þessa grein.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2026.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

38) Ákvæðum 106. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 3. og 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Þegar stofnun ver útlánaáhættu eða mótaðilaáhættu í fjárfestingarbók með því að nota lánaafleiðu sem flokkuð er í veltubók hennar skal sú lánaafleiðustaða vera metin sem innri áhættuvörn á útlánaáhættu eða mótaðilaáhættu í fjárfestingarbók að því er varðar útreikning á fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem um getur í a-lið 4. mgr. 92. gr. Þegar stofnunin stofnar til annarra lánaafleiðuvíðskipta með þriðja aðila, sem er viðurkenndur veitandi útlánavarnar og sem uppfyllir kröfurnar að því er varðar ófjármagnaða útlánavörn í fjárfestingarbókinni og jafnar út að fullu markaðsáhættu innri áhættuvarnarinnar.

Bæði innri áhættuvörn sem færð er í samræmi við fyrstu undirgrein og lánaafleiðan við þriðja aðila sem er viðurkenndur veitandi útlánavarnar skulu felldar inn í veltubókina í þeim tilgangi að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu. Til þess að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu með aðferðinni sem um getur í b-lið 1. mgr. 325. gr. skal úthluta báðum stöðum til sama viðskiptaborðs sem stýra svipaðri áhættu.

4. Þegar stofnun ver hlutabréfaáhættu í fjárfestingarbók með því að nota hlutabréfaafleiðu sem bókuð er í veltubók hennar skal sú hlutabréfastaða færð sem innri áhættuvörn í hlutabréfaáhættu í fjárfestingarbók að því er varðar útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem um getur í a-lið 4. mgr. 92. gr. Þegar stofnunin stofnar til annarra hlutabréfaafleiðuviðskipta með þriðja aðila, sem er viðurkenndur veitandi útlánavarnar og sem uppfyllir kröfurnar að því er varðar ófjármagnaða útlánavörn í fjárfestingarbókinni og jafnar til fulls út markaðsáhættu hinnar innri áhættuvarnar.

Bæði innri áhættuvörn sem færð er í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar og hlutabréfaafleiðan með aðild þriðja aðila sem er viðurkenndur veitandi útlánavarnar skulu felldar inn í veltubókina í þeim tilgangi að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu. Til þess að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu með aðferðinni sem um getur í b-lið 1. mgr. 325. gr. skal úthluta báðum stöðum til sama viðskiptaborðs sem stýra svipaðri áhættu.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4a. Að því er varðar 3. og 4. mgr. geta lána- eða hlutabréfaafleiðuviðskiptin sem stofnun gerir samning um verið sett saman úr mörgum viðskiptum við marga viðurkennda þriðju aðila sem eru veitendur útlánavarnar, að því tilskildu að samantölgð viðskipti sem af þessu leiða uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í þessum málsgreinum.“

c) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Ef stofnun ver vaxtaáhættu í fjárfestingarbók með því að nota vaxtaáhættustöðu sem bókuð er í veltubók hennar skal sú vaxtaáhættustaða teljast vera innri áhættuvörn að því er varðar mat á vaxtaáhættu sem leiðir af stöðum í fjárfestingarbók í samræmi við 84. og 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) við útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu með því að nota aðferðirnar sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 325. gr., hefur stöðunni verið úthlutað í aðskilið eignasafn frá öðrum stöðum í veltubókinni, þar sem starfsstefnunni er eingöngu ætlað að stýra og milda markaðsáhættu af innri áhættuvörnum vegna vaxtaáhættu,
- b) við útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu með því að nota aðferðina sem um getur í b-lið 1. mgr. 325. gr., hefur stöðunni verið úthlutað á viðskiptaborð sem hefur þá einu starfsstefnu að stýra og milda markaðsáhættu af innri áhættuvörnum vegna vaxtaáhættu,
- c) stofnunin hefur að fullu skjalfest hvernig staðan mildar vaxtaáhættu sem stafar af stöðum í fjárfestingarbók með tilliti til krafanna sem mælt er fyrir um í 84. og 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.“

d) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„5a. Að því er varðar a-lið 5. mgr. er stofnuninni heimilt að úthluta til þess eignasafns öðrum vaxtaáhættustöðum sem samið er um við þriðju aðila eða vegna eigin veltubókar, að því tilskildu að stofnunin jafni fullkomlega út markaðsáhættu þessara vaxtaáhættustaðna sem stofnað er til með eigin veltubók með því að stofna til gagnstæðra vaxtaáhættustaðna við þriðju aðila.

5b. Eftirfarandi kröfur skulu gilda um viðskiptaborðið sem um getur í b-lið 5. mgr. þessarar greinar:

- a) viðskiptaborðinu er heimilt að stofna til annarra vaxtaáhættustaðna við þriðju aðila eða við önnur viðskiptaborð stofnunarinnar, að því tilskildu að þessar stöður uppfylli skilyrðin fyrir því að vera í veltubókinni sem um getur í 104. gr. og að þessi önnur viðskiptaborð vegi fullkomlega upp markaðsáhættuna af þessum öðrum vaxtaáhættustöðum með því að stofna til gagnstæðra vaxtaáhættustaðna við þriðju aðila,
- b) engum öðrum stöðum í veltubók en þeim sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar er úthlutað á það viðskiptaborð,
- c) þrátt fyrir 104. gr. b skal viðskiptaborðið ekki falla undir kröfurnar sem settar eru fram í 1., 2. og 3. mgr. þeirrar greinar.“

e) Í stað 6. og 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu allra staðna sem úthlutað er í aðskilið eignasafn eins og um getur í a-lið 5. mgr. eða til viðskiptaborðs eins og um getur í b-lið þeirrar greinar skulu reiknaðar hver fyrir sig til viðbótar kröfunum um eiginfjárgrunn vegna annarra staðna í veltubók.

7. Ef stofnun ver áhættuskuldbindingu vegna leiðréttingaráættu útlánavirðis (CVA-áættu) með því að nota afleiðugerning, sem er færður í veltubók, skal færa stöðuna í þeim afleiðugerningi sem innri áhættuvörn fyrir áhættuskuldbindingu vegna leiðréttingaráættu á útlánavirði í þeim tilgangi að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áættu í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 383. eða 384. gr., ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) afleiðustaðan er færð sem hæf áhættuvörn í samræmi við 386. gr.,

b) ef afleiðustaðan fellur undir einhverjar af kröfunum sem settar eru fram í b- eða c-lið 2. mgr. 325. gr. c eða c-lið 1. mgr. 325. gr. e jafnar stofnunin fullkomlega út markaðsáættuna af þeirri afleiðustöðu með því að stofna til gagnstæðra staðna með þriðju aðilum.

Andstað staða innri áhættuvarnar í veltubók, sem færð er í samræmi við fyrstu undirgrein, skal tekin með í veltubók stofnunar til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu.“

39) Í stað 1., 2. og 3. mgr. 107. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnanir skulu annaðhvort beita staðalaðferðinni sem kveðið er á um í 2. kafla eða, ef lögbær yfirvöld heimila það í samræmi við 143. gr., innramatsaðferðinni, sem kveðið er á um í 3. kafla, við útreikning á fjárhæðum áættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar a- og g-lið 4. mgr. 92. gr.

2. Stofnanir skulu, að því er varðar viðskiptastöður og framlög í vanskilasjóð til miðlægs mótaðila, beita þeirri meðferð sem fram kemur í 9. þætti 6. kafla við útreikning á fjárhæðum áættuveginna áhættuskuldbindinga þeirra að því er varðar a- og g-lið 4. mgr. 92. gr. Stofnanir skulu, að því er varðar aðrar tegundir áhættuskuldbindinga vegna mótaðila, fara með þær sem hér segir:

a) sem áhættuskuldbindingar vegna stofnunar að því er varðar aðrar tegundir áhættuskuldbindinga vegna fullgilds miðlægs mótaðila,

b) sem áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækis að því er varðar aðrar tegundir áhættuskuldbindinga vegna miðlægs mótaðila sem ekki er fullgildur.

3. Að því er varðar þessa reglugerð skal fara með áhættuskuldbindingar vegna verðbréfafyrirtækja í þriðju löndum, lánastofnana í þriðju löndum og kauphalla í þriðju löndum, sem og áhættuskuldbindingar vegna fjármálastofnana í þriðju löndum sem yfirvöld þriðju landa hafa veitt starfsleyfi og hafa eftirlit með og sem falla undir varfærniskröfur sambærilegar þeim sem beitt er gagnvart stofnunum með tilliti til traustleika, sem áhættuskuldbindingar vegna stofnunar, en aðeins ef þriðja landið beitir varfærnis- og eftirlitskröfum gagnvart þeirri einingu sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem beitt er í Sambandinu.“

40) Í stað 108. gr. kemur eftirfarandi:

„108. gr.

**Aðferðir við mildun útlánaáættu samkvæmt staðalaðferðinni og innramatsaðferðinni fyrir útlánaáættu og þynningaráættu**

1. Að því er varðar áhættuskuldbindingu þar sem stofnun beitir staðalaðferðinni skv. 2. kafla eða innramatsaðferðinni skv. 3. kafla en notar þó ekki eigið mat á tapi að gefnum vanefndum samkvæmt 143. gr. getur stofnunin tekið tillit til áhrifa fjármagnaðra útlánavarna í samræmi við 4. kafla við útreikning á fjárhæðum áættuveginna áhættuskuldbindinga hvað varðar a- og g-lið 4. mgr. 92. gr. og, ef við á, fjárhæðir vænts taps hvað varðar útreikninginn sem um getur í d-lið 1. mgr. 36. gr. og d-lið 62. gr.

2. Að því er varðar áhættuskuldbindingu þar sem stofnun beitir innramatsaðferðinni með því að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum skv. 143. gr. má stofnunin taka tillit til áhrifa fjármagnaðrar útlánavarnar í samræmi við 3. kafla við útreikning á fjárhæðum áættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar a- og g-lið 4. mgr. 92. gr. og, ef við á, fjárhæða vænts taps að því er varðar útreikningana sem um getur í d-lið 1. mgr. 36. gr. og d-lið 62. gr.

3. Þegar stofnun beitir innramatsaðferðinni með því að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum skv. 143. gr., bæði fyrir upphaflegu áhættuskuldbindinguna og fyrir sambærilegar beinar áhættuskuldbindingar vegna veitanda útlánavarnar, getur stofnunin tekið tillit til áhrifa ófjármagnaðrar útlánavarnar, í samræmi við 3. kafla, við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar a- og g-lið 4. mgr. 92. gr. og, ef við á, fjárhæða vænts taps að því er varðar útreikningana sem um getur í d-lið 1. mgr. 36. gr. og d-lið 62. gr. Í öllum öðrum tilvikum, að því er þetta varðar, getur stofnunin tekið tillit til áhrifa ófjármagnaðrar útlánavarnar við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps í samræmi við 4. kafla.

4. Með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í 5. mgr. geta stofnanir litið á lán til einstaklinga sem áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði, í stað þess að farið sé með þau sem tryggðar áhættuskuldbindingar, að því er varðar 2., 3. og 4. kafla II. bóks, eftir því sem við á, þegar eftirfarandi skilyrði fyrir þessi lán hafa verið uppfyllt í aðildarríki:

- a) meirihluti lána til einstaklinga vegna kaupa á íbúðarhúsnæði í því aðildarríki eru ekki veitt sem veðlán í lagalegu formi,
- b) meirihluti lána til einstaklinga vegna kaupa á íbúðarhúsnæði í viðkomandi aðildarríki eru tryggð af veitanda útlánavarnar með lánshæfismati tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis sem samsvarar 1. eða 2. lánshæfisþrepi og sem krafist er til að endurgreiða stofnuninni að fullu ef upphaflegi lántakinn lendir í vanskilum,
- c) stofnunin hefur lagalegan rétt til að taka veð í íbúðarhúsnæði ef veitandi útlánavarnar sem um getur í b-lið uppfyllir ekki eða verður ófær um að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt veittri tryggingu.

Lögbær yfirlögd skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um það ef skilyrðin, sem sett eru fram í a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, eru uppfyllt á innlendum yfirráðasvæðum innan lögsögu þeirra og gefa upp nöfn veitenda útlánavarnar sem uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar og 5. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu skrá yfir alla slíka viðurkennda veitendur útlánavarnar og uppfæra hana árlega.

5. Að því er varðar 4. mgr. má fara með lán sem um getur í þeirri málsgrein sem áhættuskuldbindingar tryggðar með veði í íbúðarhúsnæði, í stað þess að fara með þau sem tryggðar áhættuskuldbindingar, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) að því er varðar áhættuskuldbindingu sem er meðhöndluð samkvæmt staðalaðferðinni, uppfyllir áhættuskuldbindingin allar kröfur til að vera úthlutað í staðalaðferðina „áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með veði í fasteign“ áhættuskuldbindingaflokk skv. 124. og 125. gr., með þeirri undantekningu að stofnunin sem veitir lánið á ekki veð í íbúðarhúsnæðinu,
- b) að því er varðar áhættuskuldbindingu sem er meðhöndluð samkvæmt innramatsaðferðinni, uppfyllir áhættuskuldbindingin allar kröfur til að vera úthlutað í flokkinn „smásöluáhættuskuldbindingar tryggðar með íbúðarhúsnæði“ sem um getur í ii. lið d-liðar 2. mgr. 147. gr., með þeirri undantekningu að stofnunin sem veitir lánið er ekki handhafi veðs í íbúðarhúsnæðinu,
- c) engin veð hvíla á íbúðarhúsnæðinu þegar lánið er veitt og lántaki er skuldbundinn samkvæmt samningi til að veita engin veð vegna lána, sem eru veitt eftir 1. janúar 2014, án samþykkis stofnunarinnar sem veitti lánið upphaflega,
- d) veitandi varnarinnar er viðurkenndur veitandi útlánavarnar eins og um getur í 201. gr. og hefur lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem samsvarar 1. eða 2. lánshæfisþrepi,
- e) veitandi útlánavarnar er stofnun eða aðili á fjármálamarkaði sem fellur undir kröfur um eiginfjárgrunn sambærilegar þeim sem gilda um stofnanir eða váttryggingafélög,
- f) að veitandi varnarinnar hafi komið á fót gagnkvæmum ábyrgðarsjóði með fullri fjármögnun eða sambærilegri vörn fyrir váttryggingafélög til að bera útlánaáhættutap, en kvörðun þess sjóðs er endurskoðuð reglulega af lögbærum yfirlögdum hans og gerð með reglubundnum álagsprófunum, a.m.k. á tveggja ára fresti,
- g) stofnunin hefur samningsbundinn og lagalegan rétt til að taka veð í íbúðarhúsnæði ef veitandi útlánavarnar uppfyllir ekki eða verður ófær um að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt veittri tryggingu.

6. Stofnanir sem nýta þann möguleika sem kveðið er á um í 4. mgr. fyrir tiltekinn, viðurkenndan veitanda útlánavarnar samkvæmt því fyrirkomulagi sem um getur í þeirri málsgrein skulu gera það vegna allra áhættuskuldbindinga sinna vegna einstaklinga sem sá veitandi útlánavarnar ábyrgist samkvæmt því fyrirkomulagi.“

41) Eftirfarandi grein bætist við:

„110. gr. a

#### **Eftirlit með samningsbundnu fyrirkomulagi sem er ekki skuldbinding**

Stofnanir skulu hafa eftirlit með samningsbundnu fyrirkomulagi sem uppfyllir öll skilyrðin sem sett eru fram í a- til e-lið 10. liðar 5. gr. og skulu skjalfesta með fullnægjandi hætti, að mati lögbærra yfirvalda þeirra, að þau uppfylli öll þau skilyrði.“

42) Í stað 111. gr. kemur eftirfarandi:

„111. gr.

#### **Áhættuskuldbindingarvirði**

1. Áhættuskuldbindingarvirði eignaliðar skal vera það bókfærða virði sem eftir stendur þegar sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu hafa farið fram í samræmi við 110. gr., beitt hefur verið viðbótarvirðisbreytingum í samræmi við 34. gr. í tengslum við viðskipti í fjárfestingarbók stofnunar og að loknum frádrætti fjárhæða í samræmi við m-lið 1. mgr. 36. gr. og öðrum lækkunum eiginfjárgrunns er varða eignaliðinn.

2. Áhættuskuldbindingarvirði liðar utan efnahagsreiknings, sem er skráður í I. viðauka, skal vera eftirfarandi hlutfall nafnvirðis liðarins eftir lækkun á sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu í samræmi við 110. gr. og frádrátt fjárhæða í samræmi við m-lið 1. mgr. 36. gr.:

- a) 100% fyrir liði í undirflokki 1,
- b) 50% fyrir liði í undirflokki 2,
- c) 40% fyrir liði í undirflokki 3,
- d) 20% fyrir liði í undirflokki 4,
- e) 10% fyrir liði í undirflokki 5.

3. Áhættuskuldbindingarvirði skuldbindingar liðar utan efnahagsreiknings, eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar, skal vera sá eftirfarandi hundraðshluti, hvor sem er lægri, af nafnvirði skuldbindingarinnar, eftir að sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu og fjárhæðir sem dregnar eru frá í samræmi við m-lið 1. mgr. 36. gr. hafa verið dregnar frá:

- a) hundraðshluti, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, sem á við þann lið sem skuldbindingin er gerð á,
- b) hundraðshluti, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, sem á við um tegund skuldbindingar.

4. Fara skal með samningsbundið fyrirkomulag, sem stofnun býður en viðskiptavinur hefur ekki enn samþykkt, sem yrði að skuldbindingum ef viðskiptavinur samþykkir það, sem skuldbindingar og hundraðshlutinn sem gildir skal vera sá sem kveðið er á um í 2. mgr.

Fyrir samningsbundið fyrirkomulag sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í a- til e-lið 10. liðar 5. gr. skal viðeigandi hundraðshluti vera 0%.

5. Þegar stofnun notar heildaraðferð fjárhagslegra trygginga sem um getur í 223. gr. skal áhættuskuldbindingarvirði verðbréfa eða hrávöru, sem er seld, lögð fram sem trygging eða lánuð í tengslum við fjármögnunarviðskipti með verðbréf, hækkað með jöfnun flöks sem á við slík verðbréf eða hrávöru í samræmi við 223. og 224. gr.

6. Áhættuskuldbindingarvirði afleiðugernings, sem skráður er í II. viðauka, skal ákvarðað í samræmi við 6. kafla, að teknu tilliti til áhrifa samninga um skuldskeytingu og annarra skuldajöfnunarsamninga eins og tilgreint er í þeim kafla. Áhættuskuldbindingarvirði fjármögnunarviðskipta með verðbréf og gnóttasamninga má ákvarða í samræmi við 4. eða 6. kafla.

7. Ef áhættuskuldbinding fellur undir fjármagnaða útlánavörn má breyta áhættuskuldbindingarvirði í samræmi við 4. kafla.

8. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina:
- a) viðmiðanir sem stofnanir skulu nota til að flokka liði utan efnahagsreiknings, að undanskildum liðum sem þegar eru í I. viðauka, í undirflokkum 1 til 5 sem um getur í I. viðauka,
  - b) þætti sem kunna að takmarka getu stofnana til að fella niður skilyrðislausar og afturkallanlegar skuldbindingar sem um getur í I. viðauka,
  - c) ferlið við að tilkynna Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni um flokkun stofnana á öðrum liðum utan efnahagsreiknings sem bera sambærilega áhættu og um getur í I. viðauka.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2025.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

- 43) Ákvæðum 112. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað i-liðar kemur eftirfarandi:
  - „i) áhættuskuldbindingar tryggðar með veði í fasteignum og áhættuskuldbindingar vegna kaupa, þróunar og byggingar á landi,“.
- b) Í stað k-liðar kemur eftirfarandi:
  - „k) áhættuskuldbindingar vegna víkjandi lána,“.

- 44) Ákvæðum 113. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga skal beita áhættuvog á allar áhættuskuldbindingar, nema þær séu dregnar frá eiginfjágrunni eða falli undir meðferðina sem er sett fram í fyrstu undirgrein 5. mgr. 72. gr. e, í samræmi við ákvæði 2. þáttar þessarar reglugerðar. Notkun áhættuvogar skal byggjast á þeim flokki áhættuskuldbindinga sem áhættuskuldbindingunni er úthlutað í og, að því marki sem tilgreint er í 2. þætti, lánshæfi hennar. Ákvarða má lánshæfi með vísan til lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja eða lánshæfismats útflutningslánastofnana í samræmi við 3. þátt. Ef matið í samræmi við b-lið 79. gr. tilskipunar 2013/36/ESB endurspeglar meiri áhættueinkenni en þau sem felast í því lánshæfisþrepi sem áhættuskuldbindingunni yrði úthlutað á, á grundvelli gildandi lánshæfismats tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis eða útflutningslánastofnunar, skal stofnunin úthluta áhættuvog sem er a.m.k. einu lánshæfisþrepi ofar en það áhættuvægi sem felst í lánshæfismati tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis eða útflutningslánastofnunar, að undanskildum áhættuskuldbindingum sem úthlutað er á flokka áhættuskuldbindinga sem settir eru fram í a-, b-, c- og e-lið 112. gr. þessarar reglugerðar.“
- b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Þegar áhættuskuldbinding er háð útlánavörn má breyta áhættuskuldbindingarvirði eða áhættuvoginni fyrir þá áhættuskuldbindingu í samræmi við þennan kafla og 4. kafla.“
- c) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Áhættuskuldbindingarvirði liðar, sem engin áhættuvog er gefin fyrir samkvæmt þessum kafla, skal úthlutað 100 % áhættuvog.“
- d) Ákvæðum fyrstu undirgreinar 6. mgr. er breytt sem hér segir:
  - i. Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Að frátöldum áhættuskuldbindingum sem leiða til liða í almennum eigin fé þáttar 1, viðbótareiginfé þáttar 1 eða þáttar 2 getur stofnun, með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbærra yfirvalda, ákveðið að undanþiggja frá kröfum 1. mgr. þessarar greinar þær áhættuskuldbindingar stofnunar vegna mótaðila sem er móðurfélag hennar, dótturfélag hennar, dótturfélag móðurfélags hennar eða fyrirtæki tengt stofnuninni í skilningi 7. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB. Lögbær yfirvöld hafa vald til að veita samþykki sitt ef eftirtalin skilyrði hafa verið uppfyllt:“

ii. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) mótaðilinn er stofnun eða fjármálastofnun sem lýtur viðeigandi varfærniskröfum.“

45) Ákvæðum 115. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1. Áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna og staðaryfirvalda, þar sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki liggur fyrir, skulu fá áhættuvog samkvæmt töflu 1 sem jafngildir lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis í samræmi við 136. gr.

Tafla 1

| Lánshæfisþrep | 1   | 2   | 3   | 4    | 5    | 6    |
|---------------|-----|-----|-----|------|------|------|
| Áhættuvog     | 20% | 50% | 50% | 100% | 100% | 150% |

“.

b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna og staðaryfirvalda, þar sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki liggur ekki fyrir, skulu fá áhættuvog í samræmi við það lánshæfisþrep sem áhættuskuldbindingum vegna ríkis, sem hefur lögsögu þar sem héraðsstjórn eða staðaryfirvöld hafa réttarstöðu lögaðila, er úthlutað í samræmi við töflu 2.

Tafla 2

| Lánshæfisþrep | 1   | 2   | 3    | 4    | 5    | 6    |
|---------------|-----|-----|------|------|------|------|
| Áhættuvog     | 20% | 50% | 100% | 100% | 100% | 150% |

Að því er varðar áhættuskuldbindingar sem um getur í fyrstu undirgrein skal nota 100 % áhættuvog ef ríkissjóður í þeirri lögsögu þar sem héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld hafa réttarstöðu lögaðila er ekki metinn.“

c) Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir ákvæði - 1. og 1. mgr., skal fara með áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna eða staðaryfirvalda á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna ríkis sem hefur lögsögu yfir þeim ef enginn munur er á áhættu milli slíkra áhættuskuldbindinga sökum sérstakra skattheimtuheimilda þeirra fyrnefndu og þess að fyrir hendi er sérstakt stofnanafyrirkomulag sem dregur úr hættu á vanefndum þeirra.“

d) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Fara skal með áhættuskuldbindingar vegna kirkna eða trúfélaga, sem eru stofnuð í formi lögaðila samkvæmt opinberum rétti, á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna og staðaryfirvalda svo fremi að þau innheimti skatta í samræmi við lagagerðir sem veita þeim slíkan rétt. Í því tilviki gildir 2. mgr. ekki.“

e) Í stað fyrstu undirgreinar 4. mgr. kemur eftirfarandi:

Ef lögbær yfirvöld þriðja lands sem beita eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi, sem er a.m.k. jafngilt því sem beitt er í Sambandinu, fara með áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna eða staðaryfirvalda á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna ríkja þeirra og enginn munur er á áhættu milli slíkra áhættuskuldbindinga sökum sérstakra skattheimtuheimilda héraðsstjórna eða staðaryfirvalda og sérstaks stofnanafyrirkomulags sem ætlað er að draga úr hættu á vanefndum, er stofnunum heimilt, þrátt fyrir ákvæði -1. og 1. mgr., að áhættuvega áhættuskuldbindingar vegna slíkra héraðsstjórna og staðaryfirvalda á sama hátt.“

f) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna eða staðaryfirvalda í aðildarríkjunum, sem ekki er getið um í 2., 3. og 4. mgr. og eru tilgreindar og fjármagnaðar í heimagjaldmiðli héraðsstjórnarinnar eða sveitarfélagsins, skulu fá 20 % áhættuvog þrátt fyrir ákvæði -1. og 1. mgr.“

46) Ákvæðum 116. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Fara skal með áhættuskuldbindingar vegna opinberra aðila, þar sem lánsþæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtæki liggur fyrir, í samræmi við -1. mgr. 115. gr.“

b) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 4. mgr.:

„Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal viðhalda gagnagrunni sem er tiltækur öllum innan Sambandsins og um getur í fyrstu undirgrein.“

47) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 117. gr. kemur eftirfarandi:

„Áhættuskuldbindingar vegna fjölþjóðlegra þróunarbanka, sem ekki er getið um í 2. mgr. og sem lánsþæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir, skal fá áhættuvog í samræmi við töflu 1. Áhættuskuldbindingar gagnvart fjölþjóðlegum þróunarböndum, sem ekki er getið um í 2. mgr. og lánsþæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir, skulu fá 50 % áhættuvog.“

Tafla 1

| Lánsþæfisþrep | 1   | 2   | 3   | 4    | 5    | 6    |
|---------------|-----|-----|-----|------|------|------|
| Áhættuvog     | 20% | 30% | 50% | 100% | 100% | 150% |

“.

48) Í 119. gr. falla 2. og 3. mgr. brott.

49) Í stað 1. og 2. mgr. 120. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Áhættuskuldbindingar vegna stofnana, þar sem lánsþæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtæki liggur fyrir, skulu fá áhættuvog samkvæmt töflu 1 sem jafngildir lánsþæfismati utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtækis í samræmi við 136. gr.“

Tafla 1

| Lánsþæfisþrep | 1   | 2   | 3   | 4    | 5    | 6    |
|---------------|-----|-----|-----|------|------|------|
| Áhættuvog     | 20% | 30% | 50% | 100% | 100% | 150% |

2. Áhættuskuldbindingar vegna stofnana með upphaflegan líftíma til þriggja mánaða eða skemmri tíma þar sem lánsþæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtæki liggur fyrir og áhættuskuldbindingar, sem verða til vegna vöruflutninga yfir landamæri ríkja með upphaflegan líftíma til sex mánaða eða skemmri tíma og þar sem lánsþæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtæki liggur fyrir, skulu fá áhættuvog samkvæmt töflu 2 sem jafngildir lánsþæfismati utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtækis í samræmi við 136. gr.

Tafla 2

| Lánsþæfisþrep | 1   | 2   | 3   | 4   | 5   | 6    |
|---------------|-----|-----|-----|-----|-----|------|
| Áhættuvog     | 20% | 20% | 20% | 50% | 50% | 150% |

“.

50) Í stað 121. gr. kemur eftirfarandi:

„121. gr.

**Áhættuskuldbindingar vegna stofnana án lánsþæfismats**

1. Úthluta skal áhættuskuldbindingum vegna stofnana, þar sem lánsþæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtæki liggur ekki fyrir, í einhvern eftirtalinna flokka:

a) ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt skal setja áhættuskuldbindingar vegna stofnana í A-flokk:

- i. stofnunun hafi nægilega getu til að standa við fjárskuldbindingar sínar, þ.m.t. tímanlegar endurgreiðslur á höfuðstól og vöxtum, á áætluðum líftíma eignanna eða áhættuskuldbindinganna og án tillits til hagsveiflna eða viðskiptaskilyrða,
- ii. stofnunun uppfyllir eða fer umfram þær kröfur sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 92. gr. þessarar reglugerðar, að teknu tilliti til i. og vi. liðar í d-lið 2. mgr. 458. gr. og a-liðar 459. gr. þessarar reglugerðar, eftir atvikum, tilteknum kröfum um eiginfjárgrunn sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, samanlagðri eiginfjárukröfu sem skilgreind er í 6. lið 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, eða jafngildum og frekari staðbundnum eftirlitskröfum eða kröfum samkvæmt reglum í þriðju löndum að því marki sem þær kröfur eru birtar og sem almennt eigið fé þáttar 1, eiginfjárbáttur 1 eða eiginfjárgrunnur, eftir því sem við á,
- iii. upplýsingar um hvort stofnunun uppfylli eða fari umfram kröfurnar sem um getur í ii. lið þessa liðar séu birtar opinberlega eða gerðar aðgengilegar lánastofnuninni með öðrum hætti,
- iv. matið sem lánastofnunun hefur framkvæmt í samræmi við 79. gr. tilskipunar 2013/36/ESB hefur ekki leitt í ljós að stofnunun uppfylli ekki skilyrðin sem sett eru fram í i. og ii. lið þessa liðar,

b) þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt og a.m.k. eitt af skilyrðunum í a-lið þessarar málsgreinar er ekki uppfyllt, skal setja áhættuskuldbindingar vegna stofnana í B-flokk:

- i. stofnunun býr við verulega útlánaáættu, þ.m.t. endurgreiðslugetu sem er háð stöðugum eða hagstæðum efnahagslegum eða viðskiptalegum skilyrðum,
- ii. stofnunun uppfyllir eða fer umfram þær kröfur sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 92. gr. þessarar reglugerðar, að teknu tilliti til i. og vi. liðar í i-lið d-liðar 2. mgr. 458. gr. og a-liðar 459. gr. þessarar reglugerðar, eftir atvikum, tilteknum kröfum vegna eiginfjárgrunns sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, eða jafngildum og frekari staðbundnum eftirlitskröfum eða kröfum samkvæmt reglum í þriðju löndum að því marki sem þær kröfur eru birtar og sem almennt eigið fé þáttar 1, eiginfjárbáttur 1 eða eiginfjárgrunnur, eftir því sem við á,
- iii. upplýsingar um hvort stofnunun uppfylli eða fari umfram kröfurnar sem um getur í ii. lið þessa liðar séu birtar opinberlega eða gerðar aðgengilegar lánastofnuninni með öðrum hætti,
- iv. matið sem lánastofnunun hefur framkvæmt í samræmi við 79. gr. tilskipunar 2013/36/ESB hefur ekki leitt í ljós að stofnunun uppfylli ekki skilyrðin sem sett eru fram í i. og ii. lið þessa liðar.

c) ef áhættuskuldbindingar vegna stofnana eru ekki settar í A- eða B-flokk, eða ef einhver eftirfarandi skilyrða eru uppfyllt, skulu áhættuskuldbindingar vegna stofnana settar í C-flokk:

- i. stofnunun hefur verulega vanskilaáættu og takmörkuð öryggisvæðing,
- ii. mjög líklegt er að óhagstæð viðskiptaleg, fjárhagsleg eða efnahagsleg skilyrði leiði til þess, eða hafi leitt til þess, að stofnunun geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar,
- iii. ytri endurskoðandi hefur, ef gerð er krafa um endurskoðuð reikningsskil samkvæmt lögum fyrir stofnununina, gefið út neikvætt endurskoðunarálit eða látið í ljós verulegar efasemdir um hvort stofnunun geti viðhaldið áframhaldandi rekstrarhæfi sínu í endurskoðuðum reikningsskilum eða endurskoðuðum skýrslum innan næstliðinna 12 mánaða.

Að því er varðar fyrstu undirgrein ii. liðar b-liðar þessarar málsgreinar skulu jafngildar og frekari staðbundnar eftirlitskröfur eða kröfur samkvæmt reglum ekki fela í sér eiginfjáráuka sem jafngilda þeim sem skilgreindir eru í 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

2. Að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna fjármálastofnana, sem farið er með sem áhættuskuldbindingar vegna stofnana í samræmi við 5. mgr. 119. gr., í þeim tilgangi að meta hvort skilyrðin sem sett eru fram í ii. a-liðar og ii. lið b-liðar 1. mgr. þessarar greinar séu uppfyllt af þessum fjármálastofnunum, skulu stofnanir meta hvort þessar fjármálastofnanir uppfylli eða fari umfram sambærilegar varfærniskröfur.

3. Áhættuskuldbindingar sem úthlutað er í A-, B- eða C-flokk í samræmi við 1. mgr. skulu fá eftirfarandi áhættuvog:

a) áhættuskuldbindingar sem úthlutað er í A-, B- eða C-flokk sem uppfylla einhver af eftirfarandi skilyrðum skulu fá áhættuvog fyrir skammtímaáhættuskuldbindingar í samræmi við töflu 1:

- i. áhættuskuldbindingin hefur upphaflegan líftíma sem er þrír mánuðir eða skemmri,
- ii. áhættuskuldbindingin hefur upphaflegan líftíma sem er sex mánuðir eða skemmri og kemur til vegna vöruflutninga yfir landamæri,

b) áhættuskuldbindingar sem úthlutað er í A-flokk sem ekki er til skamms tíma skulu fá áhættuvog 30% þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- i. áhættuskuldbindingin uppfyllir ekki nein af skilyrðunum sem sett eru fram í a-lið,
- ii. hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 stofnunarinnar er jafnt og eða hærri en 14%,
- iii. vögunarhlutfall stofnunarinnar er 5% eða hærri,

c) áhættuskuldbindingar sem úthlutað er í A-, B- eða C-flokk sem uppfylla ekki skilyrðin sem sett eru fram í a- eða b-lið skal úthlutað áhættuvog í samræmi við töflu 1.

Ef áhættuskuldbinding vegna stofnunar er ekki gefin upp í gjaldmiðli þeirrar lögsögu þar sem sú stofnun er stofnuð, eða ef þessi stofnun hefur bókað lánaskuldbindinguna í útibú í annarri lögsögu og áhættuskuldbindingin er ekki í gjaldmiðli lögsögunnar þar sem útibúið starfar, skal áhættuvogin sem úthlutað er í samræmi við a-, b- eða c-lið á aðrar áhættuskuldbindingar en þær sem hafa eins árs líftíma eða skemmri líftíma og stafa af auðseljanlegum, viðskiptatengdum, skilyrtum liðum sem stafa af vöruflutningum yfir landamæri, ekki vera lægri en áhættuvog áhættuskuldbindingar vegna ríkisstjórnar landsins þar sem stofnunin er stofnuð.

Tafla 1

| Mat á útlánaáhættu                            | A-flokkur | B-flokkur | C-flokkur |
|-----------------------------------------------|-----------|-----------|-----------|
| Áhættuvog fyrir skammtímaáhættuskuldbindingar | 20%       | 50%       | 150%      |
| Áhættuvog                                     | 40%       | 75%       | 150%      |

“.

51) Ákvæðum 122. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað töflu 6 kemur eftirfarandi 1. mgr.:

„Tafla 1

| Lánshæfisþrep | 1   | 2   | 3   | 4    | 5    | 6    |
|---------------|-----|-----|-----|------|------|------|
| Áhættuvog     | 20% | 50% | 75% | 100% | 150% | 150% |

“.

- b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Áhættuskuldbindingar sem ekki hafa slíkt láns hæfismat skulu fá úthlutað 100 % áhættuvog.“

- 52) Eftirfarandi grein bætist við:

„122. gr. a

#### Sértækar lánaáhættuskuldbindingar

1. Stofnanir skulu, innan flokks áhættuskuldbindinga fyrirtækja, sem um getur í g-lið 112. gr., greina sérstaklega sem sértækar lánaáhættuskuldbindingar þær áhættuskuldbindingar sem hafa öll eftirfarandi einkenni:

- áhættuskuldbindingin er vegna einingar, sem var stofnuð sérstaklega til að fjármagna eða starfrækja efnislegar eignir eða áhættuskuldbinding sem er efnahagslega sambærileg slíkri áhættuskuldbindingu,
- áhættuskuldbindingin tengist ekki fjármögnun íbúðar- eða viðskiptahúsnæðis og er innan skilgreiningarinnar á fjármögnun til kaupa á áþreifanlegum hlutum, verkefnafjármögnun eða áhættuskuldbindingum vegna hrávörufjármögnunar sem mælt er fyrir um í 3. mgr.,
- samningsbundna fyrirkomulagið sem gildir um áhættuskuldbindinguna veitir stofnun umtalsverð yfirráð yfir þeim eignum og tekjum sem þær gefa af sér,
- meginuppspretta endurgreiðslu sem tengist áhættuskuldbindingunni eru þær tekjur sem hinar fjármögnuðu eignir gefa af sér, fremur en sjálfstæð endurgreiðslugeta atvinnufyrirtækis á breiðari grunni.

2. Úthluta skal sértækum lánaáhættuskuldbindingum, þar sem beint láns hæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi láns hæfismatsfyrirtæki liggur fyrir, áhættuvog í samræmi við töflu 1.

Tafla 1

| Láns hæfisþrep | 1   | 2   | 3   | 4    | 5    | 6    |
|----------------|-----|-----|-----|------|------|------|
| Áhættuvog      | 20% | 50% | 75% | 100% | 150% | 150% |

3. Úthluta skal sértækum lánaáhættuskuldbindingum, þar sem beint láns hæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi láns hæfismatsfyrirtæki liggur ekki fyrir, áhættuvog með eftirfarandi hætti:

- þegar tilgangur sértækrar lánaáhættu er að fjármagna kaup á efnislegum eignum, þ.m.t. skipum, loftföllum, gervihnöttum, sporreiðum og flotum farartækja, og tekjurnar sem þessar eignir eiga að skapa verða í formi sjóðstreymis frá tilteknum efnislegum eignum sem hafa verið fjármagnaðar og veðsettar eða framseldar lánveitandanum („áhættuskuldbindingar vegna fjármögnunar til kaupa á áþreifanlegum hlutum“), skulu stofnanir beita 100% áhættuvog,
- þegar tilgangur sértækrar lánaáhættu er að fjármagna til skamms tíma varasjóði, birgðir eða viðskiptakröfur með hrávörur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, þ.m.t. hráolíu, málma eða nytjaplöntur, og tekjurnar sem eiga að skapast af þessum varasjóðum, birgðum eða viðskiptakröfum skulu vera ágóði af sölu hrávörunnar („áhættuskuldbindingar vegna hrávörufjármögnunar“), skulu stofnanir nota áhættuvog 100%,
- þegar tilgangur sértækrar lánaáhættuskuldbindingar er að fjármagna einstakt verkefni, annaðhvort í formi nýs fjárfestingarmannvirkis eða til endurfjármögnunar á fyrirliggjandi mannvirki, með eða án umbóta, vegna þróunar eða kaupa á stórum, flóknum og dýrum mannvirkjum, þ.m.t. orkuver, efnavinnslustöðvar, námur, samgöngugrunnvirki, umhverfi og fjarskiptagrunnvirki, þar sem lánastofnunin fær fyrst og fremst tekjur sem myndast af hinu fjármagnaða verkefni, bæði sem uppspretta endurgreiðslu og sem trygging fyrir láninu („áhættuskuldbindingar vegna verkefnafjármögnunar“), skulu stofnanir beita eftirfarandi áhættuvog:

- 130 % þegar verkefnið, sem áhættuskuldbindingin tengist, er á undirbúningsstigi framkvæmdar,

- ii. að því tilskildu að aðlöguninni að kröfunum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar útlánaáættu sem um getur í 501. gr. a sé ekki beitt, 80% þegar verkefnið sem áhættuskuldbindingin tengist er á rekstrarstigi og áhættuskuldbindingin uppfyllir allar eftirfarandi viðmiðanir:
- 1) samningsbundnar takmarkanir eru á getu loforðsgjafa til að framkvæma aðgerðir sem geta valdið lánveitendum skaða, þ.m.t. sú takmörkun að gefa ekki út nýja skuldagerninga án samþykkis lánveitenda sem fyrir eru,
  - 2) loforðsgjafinn hefur nægjanlega varasjóði fjármagnaða að fullu í reiðufé, eða með annars konar fjárhagsráðstöfunum hjá einingu, til að standa straum af fjármögnun vegna ófyrirséðra útgjalda og rekstrarfjárförf á þeim tíma sem verkefnið er fjármagnað, að því tilskildu að einingin fái lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun sem er a.m.k. á lánshæfisþrepi 3 eða, í tilvikum stofnana sem reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðir vænts taps í samræmi við 3. kafla, ef einingin hefur ekki lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun, fær einingin innra lánshæfismat sem er a.m.k. jafngilt lánshæfisþrepi 3 hjá stofnuninni í samræmi við ákvæði 3. kafla, 6. þáttar,
  - 3) verkefnið sem áhættuskuldbindingin tengist myndar sjóðstreymi sem er fyrirsjáanlegt og nær yfir allar framtíðarendurgreiðslur lána,
  - 4) ef tekjur loforðsgjafans koma ekki sem greiðslur frá miklum fjölda notenda og uppspretta endurgreiðslu skuldbindingarinnar veltur á einum aðal mótaðila og aðalmótaðilinn er eitt af eftirfarandi:
    - seðlabanki, ríkisstjórn, héraðsstjórn eða sveitarfélag, að því tilskildu að þeim hafi verið úthlutað 0% áhættuvog í samræmi við 114. og 115. gr., eða viðurkennt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki hafi úthlutað þeim lánshæfismati á a.m.k. 3. þrepi, eða, í tilvikum stofnana sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps í samræmi við 3. kafla, ef seðlabankinn, ríkisstjórnin, héraðsstjórnin eða sveitarfélagið hefur ekki lánshæfismat frá viðurkenndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki hefur stofnunin úthlutað þeim innra lánshæfismati sem jafngildir a.m.k. 3. lánshæfisþrepi, að því tilskildu að stofnunin meti þær innanhúss í samræmi við ákvæði 6. þáttar 3. kafla,
    - opinber aðili, að því tilskildu að sá aðili fái úthlutað 20% áhættuvog eða lægri í samræmi við 116. gr. eða viðurkennt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki úthluti honum lánshæfismati á a.m.k. 3. þrepi, eða, ef um er að ræða stofnanir sem reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps í samræmi við 3. kafla, ef opinberi aðilinn hefur ekki lánshæfismat frá viðurkenndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki, að sá opinberi aðili fái innra lánshæfismat hjá stofnuninni sem jafngildir a.m.k. 3. lánshæfisþrepi, að því tilskildu að stofnunin meti þann opinbera aðili innanhúss í samræmi við ákvæði 6. þáttar 3. kafla,
    - viðskiptafyrirtæki sem hefur fengið lánshæfismat frá viðurkenndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki á lánshæfisþrepi sem er a.m.k. 3. eða, í tilvikum stofnana sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps í samræmi við 3. kafla, þegar viðskiptafyrirtæki hefur ekki fengið lánshæfismat frá viðurkenndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki, að fyrirtækið fái innra lánshæfismat sem er a.m.k. jafngilt lánshæfisþrepi sem er a.m.k. 3. frá stofnuninni, að því tilskildu að stofnunin meti viðskiptafyrirtækið innanhúss í samræmi við ákvæði 6. þáttar 3. kafla,
  - 5) samningsákvæðin sem gilda um áhættuskuldbindinguna gagnvart loforðsgjafa veita lánastofnuninni mikla vernd ef um er að ræða vanskil loforðsgjafans,
  - 6) aðalmótaðilinn eða aðrir mótaðilar sem á sama hátt uppfylla hæfisviðmiðanir fyrir aðalmótaðilann, vernda með árangursríkum hætti lánastofnunina gegn tapi sem verður þegar verkefninu er hætt,
  - 7) allar eignir og samningar sem nauðsynlegir eru til að starfrækja verkefnið hafa verið veðsett lánastofnuninni að því marki sem gildandi lög leyfa,
  - 8) lánastofnunin getur tekið yfir stjórn loforðsgjafans ef um er að ræða vanskilaatburð,
- iii. 100% þegar verkefnið sem áhættuskuldbindingin tengist er á framkvæmdarstigi og áhættuskuldbindingin uppfyllir ekki skilyrðin sem eru sett fram í ii. lið,

d) að því er varðar ii. lið c-liðar 3. mgr. skal sjóðstreymi sem myndast ekki teljast vera fyrirjáanlegt nema ef verulegur hluti teknanna fullnægi einu eða fleiri af eftirfarandi skilyrðum:

i. tekjurnar byggjast á tiltækileika, þ.e. að þegar byggingarframkvæmdum lýkur á loforðsgjafi rétt á greiðslum frá samningsbundnum mótaðilum sínum, svo framarlega sem samningsskilyrðum sé fullnægt, sem ná yfir kostnað vegna rekstrar og viðhalds, kostnað við greiðslu skulda og ávöxtun eigin fjár eftir því sem lántakandinn starfrækir verkefnið, og þessar greiðslur eru ekki háðar sveiflum í eftirspurn, svo sem umferðarmagni, og eru að jafnaði aðeins leiðréttar vegna takmarkana á afköstum eða skorti á aðgengileika eignarinnar fyrir almenning,

ii. tekjurnar falla undir reglur um arðsemi,

iii. tekjurnar falla undir algreiðslusamning,

e) að því er varðar c-lið telst rekstraráfanginn vera sá áfangi þegar einingin, sem var sérstaklega stofnuð til að fjármagna verkefnið, eða sú eining sem er efnahagslega sambærileg, uppfyllir bæði eftirfarandi skilyrði:

i. einingin hefur jákvætt hreint sjóðstreymi sem nægir til að standa straum af eftirstandandi samningsbundnum skyldum,

ii. langtímaskuld einingarinnar fer lækkanði.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina nánar við hvaða skilyrði viðmiðin, sem sett eru fram í ii. lið c-liðar 3. mgr., eru uppfyllt.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2026.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

53) Í stað 123. gr. kemur eftirfarandi:

„123. gr.

#### **Smásöluáhættuskuldbindingar**

1. Áhættuskuldbindingar sem uppfylla allar eftirfarandi viðmiðanir skulu teljast smásöluáhættuskuldbindingar:

a) áhættuskuldbindingin er vegna eins eða fleiri einstaklinga eða á lítið eða meðalstórt fyrirtæki,

b) heildarfjárhæðin sem loforðsgjafi eða hópur tengdra viðskiptavina skuldar stofnuninni, móðurfélögum hans og dótturfélögum, þ.m.t. allar áhættuskuldbindingar í vanskilum en að undanskildum áhættuskuldbindingum tryggðum með íbúðarhúsnæði, upp að virði fasteignar, skal ekki fara yfir eina milljón evra svo stofnuninni sé kunnugt um og skal hún gera viðeigandi ráðstafanir til að staðfesta að svo sé,

c) áhættuskuldbindingin er ein marga áhættuskuldbindinga með svipuð einkenni þannig að verulega sé dregið úr áhættum sem tengjast slíkum áhættuskuldbindingum,

d) hlutaðeigandi stofnun fer með áhættuskuldbindinguna innan áhættustýringarramma síns og stýrir áhættuskuldbindingunni innan stofnunarinnar sem smásöluáhættuskuldbindingu með samræmdum hætti yfir lengri tíma og á þann hátt sem svipar til meðhöndlunar stofnunarinnar á öðrum smásöluáhættuskuldbindingum.

Núvirði lágmarksleigugreiðslna á smásölumarkaði má setja í flokk smásöluáhættuskuldbindinga.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 10. júlí 2025, gefa út viðmiðunarreglur, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, til að tilgreina hlutfallslegar áhættudreifingaraðferðir þar sem áhættuskuldbinding telst vera ein af verulegum fjölda svipaðra áhættuskuldbindinga eins og tilgreint er í c-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar.

2. Eftirfarandi áhættuskuldbindingar skulu ekki flokkaðar sem smásöluáhættuskuldbindingar:

a) áhættuskuldbindingar sem ekki teljast lán og veita víkjandi, eftirstæða kröfu á eignir eða tekjur útgefandans,

- b) áhættuskuldbindingar sem teljast lán og önnur verðbréf, sameignarfélög, afleiður eða aðrir gæningar sem hafa efnahagslegt inntak líkt því sem áhættuskuldbindingar í a-lið hafa,
  - c) allar aðrar áhættuskuldbindingar í formi verðbréfa.
3. Smásöluáhættuskuldbindingar sem um getur í 1. mgr. skulu fá 75 % áhættuvog, að undanskildum áhættuskuldbindingum gagnvart viðskiptaaðila, sem fá 45 % áhættuvog.
4. Ef einhver þeirra viðmiðana sem um getur í 1. mgr. eru ekki uppfyllt að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna eins eða fleiri einstaklinga, skal áhættuskuldbindingin teljast smásöluáhættuskuldbinding sem skal fá úthlutað áhættuvog 100%.
5. Áhættuskuldbindingar vegna lána sem stofnun veitir lífeyrisþegum eða launþegum með ótímabundinn ráðningarsamning gegn skilyrðislausri millifærslu hluta lífeyris eða launa lántakandans til stofnunarinnar skulu, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr., fá 35% áhættuvog að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
- a) til að endurgreiða lánið veitir lántakandi lífeyrissjóðnum eða vinnuveitandanum skilyrðislaus heimild til að greiða stofnuninni milliliðalaust af láninu með því að draga af mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum eða launum lántakandans,
  - b) hætta á dauðsfalli, vanhæfni til að stunda vinnu, atvinnuleysi eða lækkun á nettólífeyrislaunum eða nettólaunum lántakandans er tryggt með váttryggingarsamningi í þágu stofnunarinnar,
  - c) mánaðarlegar greiðslur lántakandans af lánum sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í a- og b-lið fari samanlagt ekki yfir 20% af nettólífeyrislaunum eða nettólaunum lántakandans,
  - d) upphaflegur líftími lánsins er að hámarki 10 ár eða minna.“
- 54) Eftirfarandi grein bætist við:

„123. gr. a

#### Áhættuskuldbindingar þar sem gjaldmiðlamisvægi er til staðar

1. Að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna einstaklinga, sem er úthlutað í flokk áhættuskuldbindinga sem um getur í h-lið 112. gr., eða vegna áhættuskuldbindinga vegna einstaklinga, sem teljast áhættuskuldbindingar tryggðar með veði í íbúðarhúsnæði, sem er úthlutað í flokk áhættuskuldbindinga sem um getur í i. lið 112. gr., skal margfalda áhættuvogina, sem er úthlutað í samræmi við þennan kafla, með stuðlinum 1,5, þar sem niðurstaðan skal ekki fara yfir 150%, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) áhættuskuldbindingin er tilgreind í öðrum gjaldmiðli en tekjugjaldmiðli loforðsgjafans,
- b) loforðsgjafinn hefur ekki áhættuvörn gegn greiðsluáhættu sinni vegna gjaldmiðlamisvægis, annaðhvort með fjármálagæringi eða tekjum í erlendum gjaldmiðli sem samsvarar gjaldmiðil áhættuskuldbindingarinnar, eða með því að slík áhættuvörn sem lántakandanum stendur til boða nær yfir minna en 90% af hverri afborgun fyrir þessa áhættuskuldbindingu.

Ef stofnun getur ekki tekið út þær áhættuskuldbindingar með gjaldmiðlamisvægi skal margfaldari áhættuvægis 1,5 gilda um allar óvarðar áhættuskuldbindingar ef gjaldmiðill áhættuskuldbindinganna er annar en gjaldmiðill aðseturslands loforðsgjafans.

2. Að því er varðar þessa grein vísar „uppspretta tekna“ til uppsprettu fjárstreymis til loforðsgjafa, þ.m.t. vegna peningasendinga, leigutekna eða launa, að undanskildum ágóða af sölu eigna eða svipuðum endurkröfuaðgerðum af hálfu stofnunarinnar.

3. Þrátt fyrir 1. mgr., ef gjaldmiðlaparið sem um getur í a-lið 1. mgr. er samsett úr evru og gjaldmiðli aðildarríkis sem tekur þátt í öðrum áfanga Efnahags- og myntbandalagsins (ERM II), skal margfaldari áhættuvægis 1,5 ekki gilda.“

- 55) Í stað 124., 125. og 126. gr. kemur eftirfarandi:

„124. gr.

#### Áhættuskuldbindingar tryggðar með veði í fasteignum

1. Áhættuskuldbinding sem er ekki vegna kaupa, þróunar og byggingar á landi og uppfyllir ekki öll skilyrði sem sett eru fram í 3. mgr., eða sá hluti áhættuskuldbindingar sem er ekki vegna kaupa, þróunar og byggingar á landi sem er umfram nafnverð veðs í fasteigninni, skal meðhöndluð sem hér segir:

a) áhættuskuldbinding vegna fasteignar sem er ekki tekjuskapandi skal áhættuvegin sem áhættuskuldbinding vegna mót-aðila sem er ekki tryggð með viðkomandi fasteign,

b) áhættuskuldbinding vegna tekjuskapandi fasteignar skal fá áhættuvog 150%.

2. Farið skal með áhættuskuldbindingu sem er ekki vegna kaupa, þróunar og byggingar á landi, upp að nafnverði veðs í eigninni, þegar öll skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. þessarar greinar eru uppfyllt, sem hér segir:

a) þegar áhættuskuldbinding er tryggð með íbúðarhúsnæði,

i. farið skal með áhættuskuldbindingu vegna fasteignar sem er ekki tekjuskapandi í samræmi við 1. mgr. 125. gr.:

ii. áhættuskuldbinding vegna tekjuskapandi fasteignar skal meðhöndluð í samræmi við 1. mgr. 125. gr. ef hún uppfyllir eitthvert eftirfarandi skilyrða:

1) fasteignin sem tryggir áhættuskuldbindinguna er aðalheimili loforðsgjafans, annaðhvort þar sem fasteignin í heild telst vera ein íbúð eða þar sem fasteignin sem tryggir áhættuskuldbindinguna er íbúð sem er aðgreindur hluti innan fasteignarinnar,

2) áhættuskuldbindingin er vegna einstaklings og er tryggð með íbúðarhúsnæði sem gefur af sér tekjur, annaðhvort þar sem fasteignin í heild er stök íbúð eða þar sem íbúðin er aðgreindur hluti innan fasteignarinnar, og heildaráhættuskuldbindingar stofnunarinnar vegna þess einstaklings eru ekki tryggðar með fleiri en fjórum fasteignum, þ.m.t. þær sem ekki eru íbúðarhúsnæði eða uppfylla ekkert af viðmiðununum sem sett eru fram í þessum lið, eða með aðskildum íbúðum innan fasteigna,

3) áhættuskuldbindingin er gagnvart samtökum eða samvinnufélögum einstaklinga sem landslög mæla fyrir um og eru til í þeim eina tilgangi að veita meðlimum sínum afnot af fasteign sem aðalheimili í eigninni sem tryggir lánið,

4) áhættuskuldbindingin er vegna opinberra húsnæðisstofnana eða samtaka sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni sem eru eftirlitsskyld samkvæmt lögum og til eru í þeim tilgangi að þjóna félagslegum tilgangi og bjóða leigjendum húsnæði til langs tíma,

iii. áhættuskuldbinding vegna tekjuskapandi fasteignar sem uppfyllir ekki neitt af skilyrðunum sem sett eru fram í ii. lið þessa liðar skal meðhöndluð í samræmi við 2. mgr. 125. gr.,

b) ef áhættuskuldbinding er tryggð með viðskiptahúsnæði skal farið með hana sem hér segir:

i. farið skal með áhættuskuldbindingu vegna fasteignar sem er ekki tekjuskapandi í samræmi við 1. mgr. 126. gr.:

ii. farið skal með áhættuskuldbindingu vegna tekjuskapandi fasteignar í samræmi við 2. mgr. 126. gr.

3. Til að teljast hæf fyrir þá meðferð sem um getur í 2. mgr. skal áhættuskuldbinding, sem er tryggð með fasteign, uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) fasteignin sem tryggir áhættuskuldbindinguna uppfyllir eitthvert eftirfarandi skilyrða:

i. að búið sé að fullgera fasteignina,

ii. fasteignin er skógur eða landbúnaðarland,

iii. lánið er veitt einstaklingi og fasteignin er annaðhvort íbúðarhúsnæði í byggingu eða land sem fyrirhugað er að byggja íbúðarhúsnæði á, ef það hefur hlotið lagalegt samþykki allra viðkomandi yfirvalda, eftir því sem við á, og ef eitthvert eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

1) fasteignin hefur ekki fleiri en fjórar íbúðir og verður aðalheimili loforðsgjafans og lánveiting til einstaklingsins er ekki óbein fjármögnun áhættuskuldbindingar vegna kaupa, þróunar og byggingar á landi,

- 2) ríkisstjórn, héraðsstjórn eða sveitarfélag eða opinber aðili, sem farið er með áhættuskuldbindingar gagnvart í samræmi við 2. mgr. 115. gr. eða 4. mgr. 116. gr., eftir því sem við á, er þátttakandi og hefur lagaheimildir og getu til að sjá til þess að fasteignin sem verið er að byggja verði fullgerð innan hæfilegs frests og ber skyldu, eða hefur skuldbundið sig með lagalega bindandi hætti, til að tryggja að byggingu verði lokið ef byggingin yrði að öðrum kosti ekki fullgerð innan slíks hæfilegs frests; að öðrum kosti er til staðar jafngilt lagalegt fyrirkomulag til að tryggja að fasteignin sem verið er að byggja sé fullgerð innan hæfilegs tímaramma,
- b) áhættuskuldbindingin er tryggð með fyrsta veðrétti í fasteigninni, eða stofnunin er handhafi fyrsta veðs og allra lægrasettra veðréttinda í þeirri eign,
- c) virði fasteignarinnar er ekki verulega háð láns hæfi loforðsgjafans,
- d) allar upplýsingar sem krafist er við upphaf áhættuskuldbindingar og vegna eftirlits eru skjalfestar á tilhlýðilegan hátt, þ.m.t. upplýsingar um getu loforðsgjafa til að endurgreiða og um mat á eigninni,
- e) kröfurnar sem settar eru fram í 208. gr. eru uppfylltar og fylgt er þeim matsreglum sem settar eru fram í 1. mgr. 229. gr.

Að því er varðar fyrstu undirgrein c-liðar geta stofnanir undanskilið aðstæður þar sem hreinir þjóðhagslegir þættir hafa áhrif á bæði virði fasteigna og efndir loforðsgjafa.

Að því er varðar fyrstu undirgrein d-liðar skulu stofnanir setja fram útlánastefnur að því er varðar það að stofna til áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með fasteignum sem fela í sér mat á endurgreiðslugetu lántaka. Í útlánastefnunum skulu vera viðeigandi breytur vegna þess mats og hámarksgildi þeirra, eftir því sem við á.

4. Þrátt fyrir b-lið 3. mgr. má, í lögsögum þar sem réttlægri veð veita handhafa kröfu í tryggingu sem er lagalega fullnustuhæf og myndar skilvirka mildun útlánaáættu, einnig viðurkenna réttlægri veð sem stofnun á, önnur en þau sem á rétt hæsta veðið, þ.m.t. þegar stofnunin á ekki rétt hæsta veðið eða á ekki veð sem flokkast á milli veðs sem er rétt hærra og veðs sem er réttlægra sem bæði eru í eigu stofnunarinnar.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skulu reglurnar sem gilda um veð tryggja allt eftirfarandi:

- a) hver stofnun, sem er með veð í fasteign, getur haft frumkvæði að sölu eignarinnar óháð öðrum einingum sem eru með veð í fasteigninni,
- b) þegar sala eignarinnar fer ekki fram með opinberu uppboði gera aðilar með rétt hærra veð gert eðlilegar ráðstafanir til að fá sanngjarnt markaðsvirði eða besta veð sem fengist getur við þær aðstæður þegar þeir beita einhverri söluheimild sjálfir.

5. Að því er varðar útreikning á fjárhæðum áhættueginna áhættuskuldbindinga vegna óáðreginnar fyrirgreiðslu má viðurkenna veð sem uppfylla allar hæfiskröfur sem settar eru fram í 3. mgr. og, eftir atvikum, 4. mgr., þegar ádráttur samkvæmt fyrirgreiðslunni er háður því að veð hafi áður verið skráð eða það gert samtímis að því marki sem stofnunin hefur hagsmuni af veðinu þegar fyrirgreiðslan er nýtt, þannig að stofnunin hafi enga hagsmuni af veðinu að því marki sem fyrirgreiðslan er ekki nýtt.

6. Að því er varðar 2. mgr. 125. gr. og 2. mgr. 126. gr. skal reikna út hlutfall áhættuskuldbindingar af virði með því að deila í fjárhæð heildaráhættuskuldbindingar með virði fasteignar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) reikna skal heildarfjárhæð áhættuskuldbindingar sem bókfært virði eignaliðar sem tengist áhættuskuldbindingu sem er tryggð með fasteign og sérhverja óáðregna en samningsbundna fjárhæð sem, þegar hún hefur verið áðregin, myndi auka áhættuskuldbindingarvirði áhættuskuldbindingar sem er tryggð með fasteign; reikna skal út þessa heildarfjárhæð áhættuskuldbindingar án þess að taka tillit til:
- sértækar leiðréttingar á útlánaáættu í samræmi við 110. gr.,
  - viðbótarvirðisbreytingar í samræmi við 34. gr. í tengslum við viðskipti stofnunar í fjárfestingarþótt,
  - fráðregnar fjárhæðir í samræmi við m-lið 1. mgr. 36. gr. og

- iv. annarra lækkana á eiginfjárgrunni sem tengjast eignaliðnum,
- b) reikna skal út heildaráhættuskuldbindingu án þess að taka tillit til nokkurrar tegundar fjármagnaðrar eða ófjármagnaðrar útlánavarnar, fyrir utan veðsetta innlánsreikninga hjá lánastofnuninni sem uppfylla allar kröfur um skuldajöfnun innan efnahagsreiknings, annaðhvort samkvæmt rammasamningi um skuldajöfnun í samræmi við 196. og 206. gr. eða samkvæmt öðrum skuldajöfnunarsamningum innan efnahagsreiknings í samræmi við 195. og 205. gr. og hafa verið veðsettir skilyrðislaust og óafturkræft í þeim eina tilgangi að uppfylla lánaskuldbindinguna sem tengist áhættuskuldbindingunni sem er tryggð með fasteign,
- c) að því er varðar áhættuskuldbindingar sem farið skal með í samræmi við 2. mgr. 125. gr. eða 2. mgr. 126. gr., ef annar aðili en stofnunin hefur yfir að ráða réthærra veði og stofnunin á réttlægri veð sem er viðurkennt skv. 4. mgr. þessarar greinar, skal heildarfjárhæð áhættuskuldbindingar reiknuð sem summa heildarfjárhæðar áhættuskuldbindingar veðsins í eigu stofnunarinnar og vergrar fjárhæðar áhættuskuldbindingar vegna allra annarra veða sem eru jafnréttá eða rétt-hærri en veðið sem er í eigu stofnunarinnar.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar skal, þegar stofnun hefur fleiri en eina áhættuskuldbindingu sem er tryggð með sömu fasteign og þær áhættuskuldbindingar eru tryggðar með veði í þeirri fasteign sem raðast í réttindaröð án þess að veð sé í eigu þriðja aðila sem raðast á milli, fara með áhættuskuldbindingarnar sem staka samanlagða áhættuskuldbindingu og heildarfjárhæðir áhættuskuldbindinga vegna einstakra áhættuskuldbindinga skulu lagðar saman til að reikna út heildarfjárhæð áhættuskuldbindingar vegna þeirrar stöku samanlögðu áhættuskuldbindingar.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar skal stofnunin, ef ekki liggja fyrir nægar upplýsingar til að staðfesta forgangs röðun hinna veðréttindanna, fara með þessi veðréttindi sem jafnréttá og réttlægri veðréttindi sem stofnunin á. Stofnunin skal fyrst ákvæða áhættuvog í samræmi við 2. mgr. 125. gr. eða 2. mgr. 126. gr. („grunnáhættuvog“), eftir því sem við á. Síðan skal stofnunin leiðrétta þessa áhættuvog með margfaldaranum 1,25 til að reikna út áhættuvegnar fjárhæðir réttlægi veða. Ef grunnáhættuvogin samsvarar lægsta undirflokki áhættuvoga áhættuskuldbindinga af virði skal ekki nota margfaldaran. Áhættuvogin, sem fæst með því að margfalda grunnáhættuvogina með 1,25, skal að hámarki vera sú áhættuvog sem væri beitt á áhættuskuldbindinguna ef kröfur 3. mgr. væru ekki uppfylltar.

7. Áhættuskuldbindingar vegna leigjanda samkvæmt eignaleigusamningi með fasteign þar sem stofnunin er leigusali og leigjandinn hefur kauprétt skulu teljast áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með fasteign og farið skal með þær í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 125. eða 126. gr. ef viðeigandi skilyrði, sem sett eru fram í þessari grein, eru uppfyllt, að því tilskildu að áhættuskuldbinding stofnunarinnar sé tryggð með eignarrétti hennar á fasteigninni.

8. Aðildarríki tilnefna yfirvald sem ábyrgt er fyrir beitingu 9. mgr. Það yfirvald skal vera lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið.

Ef yfirvaldið sem aðildarríkið tilnefnir vegna beitingar þessarar greinar er lögbæra yfirvaldið skal það tryggja að viðkomandi innlendir aðilar og yfirvöld sem hafa þjóðhagsvarúðarumboð séu tilhlýðilega upplýstir um áform lögbæra yfirvaldsins að beita þessari grein og taki með tilhlýðilegum hætti þátt í að meta hvort fjármálastöðugleika í aðildarríki þess sé hættu búin í samræmi við 9. mgr.

Ef yfirvaldið sem aðildarríkið tilnefnir vegna beitingar þessarar greinar er annað en lögbært yfirvald skal aðildarríkið samþykkja nauðsynleg ákvæði til að tryggja góða samræmingu og skipti á upplýsingum milli lögbæra yfirvaldsins og tilnefnda yfirvaldsins vegna réttrar beitingar þessarar greinar. Einkum skal krefjast þess að yfirvöld hafi með sér náð samstarf og skiptist á öllum nauðsynlegum upplýsingum til þess að tilnefnd yfirvöld samkvæmt þessari grein geti sinnt skyldum sínum á tilhlýðilegan hátt. Þetta samstarf skal miðað að því að koma í veg fyrir tvítekningu aðgerða lögbæra yfirvaldsins og tilnefnda yfirvaldsins eða þær séu ósamræmdar og jafnframt tryggja að tilhlýðilegt tillit sé tekið til víxlverkunar við aðrar ráðstafanir sem gerðar eru skv. 458. gr. þessarar reglugerðar og 133. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

9. Á grundvelli gagna, sem safnað er skv. 430. gr. a, og annarra viðeigandi vísa skal yfirvaldið, sem tilnefnt er í samræmi við 8. mgr. þessarar greinar, reglulega og a.m.k. árlega meta hvort áhættuvogir, sem mælt er fyrir um í 125. og 126. gr. vegna áhættuskuldbindinga, sem eru tryggðar með fasteign á yfirráðasvæði aðildarríkis þess yfirvalds, séu nægilega vel byggðar á:

- a) reynslu af tapi vegna áhættuskuldbindinga sem eru tryggðar með fasteign,
- b) áætlaðri þróun fasteignamarkaðar.

Komist yfirvaldið, sem tilnefnt er í samræmi við 8. mgr. þessarar greinar, á grundvelli matsins sem um getur í fyrstu undirgrein að því að áhættuvogirnar sem eru settar fram í 125. gr. eða 126. gr. endurspegli ekki nægilega vel þá raunverulegu áhættu sem tengist skuldbindingum eins eða fleiri eignaþátta sem eru tryggðir með veði í íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði sem staðsett er innan eins eða fleiri hluta á yfirráðasvæði aðildarríkis þess yfirvalds og ef það telur að ófullnægjandi áhættuvogir geti haft skaðleg áhrif á núverandi stöðugleika eða framtíðarstöðugleika í aðildarríki þess getur það hækkað gildandi áhættuvogir vegna þessara áhættuskuldbindinga innan þeirra marka sem tilgreind eru í fjórðu undirgrein þessarar greinar eða kveðið á um strangari viðmiðanir en þær sem settar eru fram í 3. mgr. þessarar greinar.

Yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 8. mgr. í þessari grein skal tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópska kerfisáhætturáðinu um allar leiðréttingar á þeim áhættuvogum og viðmiðunum sem notuð eru samkvæmt þessari málsgrein. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska kerfisáhætturáðið skulu, innan eins mánaðar frá móttöku þeirrar tilkynningar, veita hlutaðeigandi aðildarríki álit sitt og geta tilgreint í því álit, ef nauðsyn krefur, hvort þau telji að einnig sé mælt með breytingum á áhættuvogum og viðmiðunum fyrir önnur aðildarríki. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska kerfisáhætturáðið skulu birta áhættuvogir og viðmiðanir vegna áhættuskuldbindinga sem um getur í 125. gr. og 126. gr. og a-lið 1. mgr. 199. gr. eins og þeim er hrundið í framkvæmd af viðkomandi yfirvaldi.

Að því er varðar aðra undirgrein þessarar málsgreinar er yfirvaldinu, sem tilnefnt er í samræmi við 8. mgr. þessarar greinar, heimilt að auka áhættuvogir, sem mælt er fyrir um í 125. gr. (fyrstu undirgrein 1. mgr.), 125. gr. (fyrstu undirgrein 2. mgr.), 126. gr. (fyrstu undirgrein 1. mgr.) eða 126. gr. (fyrstu undirgrein 2. mgr.) eða setja strangari viðmiðanir en þær sem settar eru fram í 3. mgr. þessarar greinar vegna áhættuskuldbindinga vegna eins eða fleiri eignaþátta sem tryggðir eru með veði í fasteign sem staðsett er innan eins eða fleiri hluta á yfirráðasvæði aðildarríkis þess yfirvalds. Yfirvaldið skal ekki auka þessar áhættuvogir í meira en 150 %.

Að því er varðar aðra undirgrein þessarar málsgreinar getur yfirvald sem tilnefnt er í samræmi við 8. mgr. þessarar greinar einnig lækkað hundraðshluta virðis fasteignar sem um getur í 1. mgr. 125. gr. eða 1. mgr. 126. gr. eða hlutfall áhættuskuldbindingar af virði sem skilgreindir áhættuvog áhættuskuldbindingar sem sett er fram í 2. mgr. 125. gr., töflu 1 eða í 2. mgr. 126. gr., töflu 1. Viðkomandi yfirvald skal tryggja samkvæmni í öllum undirflokkum áhættuvoga áhættuskuldbindinga gagnvart virði þannig að áhættuvogin í lægri undirflokki áhættuvoga áhættuskuldbindinga af virði sé alltaf lægri eða jöfn áhættuvoginni í efri undirflokki áhættuvoga áhættuskuldbindinga gagnvart virði.

10. Þegar yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 8. mgr. ákvarðar hærri áhættuvogir eða strangari viðmiðanir samkvæmt 9. mgr. skulu stofnanir fá sex mánaða umbreytingarfrest til að hlíta þeim.

11. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í nánú samstarfi við Evrópska kerfisáhætturáðið, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina þær tegundir af þáttum sem taka skal til greina við matið á tilhlýðileika þeirra áhættuvoga sem um getur í 9. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. janúar 2026.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

12. Evrópska kerfisáhætturáðinu er heimilt, með tilmælum í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1092/2010 og í nánú samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, að veita yfirvöldunum sem tilnefnd eru í samræmi við 8. mgr. þessarar greinar leiðsögn um eftirfarandi:

- a) þætti sem gætu „haft skaðleg áhrif á núverandi stöðugleika eða framtíðar fjármálastöðugleika“ sem um getur í annarri undirgrein 9. mgr.,
- b) leiðbeinandi viðmiðanir sem yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 8. mgr. verður að taka tillit til við ákvörðun á áhættuvogum.

13. Stofnanir með staðfestu í aðildarríki skulu beita áhættuvogum og viðmiðunum sem lögbær yfirvöld í öðru aðildarríki hafa ákvarðað í samræmi við 9. mgr. gagnvart samsvarandi áhættuskuldbindingum sem eru tryggðar með veði í atvinnu- og íbúðarhúsnæði sem staðsett er innan eins eða fleiri hluta þess annars aðildarríkis.

14. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina hvað telst vera „samþærilegt lagalegt fyrirkomulag sem er til staðar til að tryggja að fasteignin sem verið er að byggja sé fullbúin innan hæfilegs frests“, í samræmi við 2. lið iii. liðar a-liðar 3. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2025.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

125. gr.

#### Áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði

1. Að því er varðar áhættuskuldbindingu sem er tryggð með íbúðarhúsnæði, eins og um getur í i. eða ii. lið a-liðar 2. mgr. 124. gr., skal sá hluti áhættuskuldbindingarinnar sem er allt að 55% af virði fasteignarinnar fá 20 % áhættuvog.

Ef stofnun á réttlægri veðréttindi og til staðar eru réttærri veð sem eru ekki í eigu stofnunarinnar skal lækka fjárhæð 55% af virði fasteignarinnar um fjárhæð réttærri veðréttindanna sem eru ekki í eigu stofnunarinnar til að ákvarða þann hluta af áhættuskuldbindingu stofnunar sem er hæfur fyrir 20% áhættuvog.

Flokkist veðréttindi sem eru ekki í eigu stofnunar jafnréttá veðréttindum sem eru í eigu stofnunarinnar, skal, til að ákvarða þann hluta af áhættuskuldbindingu stofnunar sem er hæfur fyrir 20% áhættuvog, fjárhæð 55% af virði fasteignarinnar, að frádreginni fjárhæð réttærri veðréttinda sem eru ekki í eigu stofnunarinnar, lækkuð um margfeldi:

- 55% af virði fasteignarinnar, að frádreginni fjárhæð réttærri veðréttinda, ef einhver eru, bæði í eigu stofnunarinnar og í eigu annarra stofnana, og
- fjárhæðar veðréttinda sem eru ekki í eigu stofnunarinnar en eru jafnréttá veðréttindum sem eru í eigu stofnunarinnar, deilt með summu allra jafnréttárra veðréttinda.

Ef lögbært yfirvald eða tilnefnt yfirvald hefur, í samræmi við 9. mgr. 124. gr., ákveðið hærri áhættuvog eða lægra hlutfall af virði fasteigna en það sem um getur í þessari málsgrein skulu stofnanir nota áhættuvog eða hlutfall sem er sett fram í samræmi við 9. mgr. 124. gr.

Eftirstöðvar áhættuskuldbindingarinnar sem um getur í fyrstu undirgrein, ef einhverjar eru, skulu áhættuvegnar sem áhættuskuldbinding vegna mótaðila sem ekki er tryggð með íbúðarhúsnæði.

2. Áhættuskuldbinding, sem um getur í iii. lið a-liðar 2. mgr. 124. gr., skal fá úthlutað þeirri áhættuvog sem er ákveðin í samræmi við viðkomandi undirflokk áhættuvoga áhættuskuldbindinga af virði í töflu 1.

Að því er varðar þessa málsgrein, ef lögbært yfirvald eða tilnefnt yfirvald hefur, í samræmi við 9. mgr. 124. gr., ákveðið hærri áhættuvog eða lægra hlutfall áhættuskuldbindingar af virði en það sem um getur í þessari málsgrein skulu stofnanir nota áhættuvogina eða hlutfallið sem ákveðið er í samræmi við 9. mgr. 124. gr.

Tafla 1

| Hlutfall áhættuskuldbindingar af virði | hlutfall áhættuskuldbindingar af virði ≤ 50% | 50% < hlutfall áhættuskuldbindingar af virði ≤ 60% | 60% < hlutfall áhættuskuldbindingar af virði ≤ 80% | 80% < hlutfall áhættuskuldbindingar af virði ≤ 90% | 90% < hlutfall áhættuskuldbindingar af virði ≤ 100% | hlutfall áhættuskuldbindingar af virði ≤ 100% |
|----------------------------------------|----------------------------------------------|----------------------------------------------------|----------------------------------------------------|----------------------------------------------------|-----------------------------------------------------|-----------------------------------------------|
| Áhættuvog                              | 30%                                          | 35%                                                | 45%                                                | 60%                                                | 75%                                                 | 105%                                          |

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar geta stofnanir beitt þeirri meðferð sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar á áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með íbúðarhúsnæði sem er staðsett innan yfirráðasvæðis aðildarríkis, ef lögbært yfirvald í því aðildarríki hefur birt í samræmi við 3. mgr. 430. gr. a tapshlutföll vegna slíkra áhættuskuldbindinga sem, á grundvelli samantekinna gagna sem stofnanir í því aðildarríki hafa tilkynnt fyrir þann innlenda fasteignamarkað, fara ekki yfir nein af eftirfarandi mörkum fyrir tap þvert á slíkra áhættuskuldbindingar sem voru fyrir hendi á næstliðnu ári:

- samanlögð fjárhæð sem stofnanir tilkynna skv. a-lið 1. mgr. 430. gr. a, deilt með samanlagðri fjárhæð sem stofnanir tilkynna skv. c-lið 1. mgr. 430. gr. a, fer ekki yfir 0,3%,
- samanlögð fjárhæð sem stofnanir tilkynna skv. b-lið 1. mgr. 430. gr. a, deilt með samanlagðri fjárhæð sem stofnanir tilkynna skv. c-lið 1. mgr. 430. gr. a, fer ekki yfir 0,5%.

3. Stofnanir geta einnig beitt undanþágunni sem um getur í þriðju undirgrein 2. mgr. þessarar greinar í tilvikum þar sem lögbært yfirvald þriðja lands, sem beitir eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi sem er a.m.k. jafngilt því sem beitt er í Sambandinu eins og ákvarðað er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem samþykkt var í samræmi við 4. mgr. 107. gr., birtir samsvarandi tapshlutföll fyrir að því er varðar áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með íbúðarhúsnæði sem staðsett er innan yfirráðasvæðis þess þriðja lands.

Ef lögbært yfirvald þriðja lands birtir ekki samsvarandi tapshlutföll vegna áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með íbúðarhúsnæði á yfirráðasvæði þess þriðja lands, getur Evrópska bankaefirlitsstofnunin birt slíkar upplýsingar fyrir það þriðja land, að því tilskildu að til staðar séu marktæk tölfræðileg gögn sem eru tölfræðilega dæmigerð fyrir samsvarandi markað með íbúðarhúsnæði.

126. gr.

#### Áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með veði í viðskiptahúsnæði

1. Að því er varðar áhættuskuldbindingu sem tryggð er með viðskiptahúsnæði, eins og um getur í i. lið b-liðar 2. mgr. 124. gr., skal sá hluti áhættuskuldbindingarinnar sem er allt að 55% af virði fasteignarinnar fá 60 % áhættuvog.

Ef stofnun er með réttlægri veð og til staðar eru rétthærri veðréttindi sem eru ekki í eigu stofnunarinnar, skal lækka fjárhæð 55% af virði fasteignarinnar um fjárhæð rétthærri veðréttinda sem eru ekki í eigu stofnunarinnar til að ákvarða þann hluta af áhættuskuldbindingu stofnunarinnar sem er hæfur fyrir 60% áhættuvog.

Flokkist veð sem eru ekki í eigu stofnunar jafnréttá veðréttindum sem er í eigu stofnunarinnar, skal, til að ákvarða þann hluta af áhættuskuldbindingu stofnunarinnar sem er hæfur fyrir 60% áhættuvog, fjárhæð 55% af virði fasteignarinnar, að frádreginni fjárhæð rétthærri veðréttinda sem eru ekki í eigu stofnunarinnar, lækkuð um margfeldi:

- 55% af virði fasteignarinnar, að frádreginni fjárhæð rétthærri veðréttinda, ef einhver eru, bæði í eigu stofnunarinnar og í eigu annarra stofnana, og
- fjárhæðar veðréttinda sem eru ekki í eigu stofnunarinnar en eru jafnréttá veðréttindum sem eru í eigu stofnunarinnar, deilt með summu allra jafnréttárra veðréttinda.

Ef lögbært yfirvald eða tilnefnt yfirvald hefur, í samræmi við 9. mgr. 124. gr., ákveðið hærri áhættuvog eða lægra hlutfall af virði fasteigna en það sem um getur í þessari málsgrein skulu stofnanir nota áhættuvog eða hlutfall sem er sett fram í samræmi við 9. mgr. 124. gr.

Eftirstöðvar áhættuskuldbindingarinnar sem um getur í fyrstu undirgrein, ef einhverjar eru, skulu áhættuvegnar sem áhættuskuldbinding vegna mótaðila sem ekki er tryggð með viðskiptahúsnæði.

2. Áhættuskuldbinding, sem um getur í ii. lið b-liðar 2. mgr. 124. gr., skal fá úthlutað þeirri áhættuvog sem er ákveðin í samræmi við viðkomandi undirflokk áhættuvoga áhættuskuldbindinga af virði í töflu 1.

Að því er varðar þessa málsgrein, ef lögbært yfirvald eða tilnefnt yfirvald hefur, í samræmi við 9. mgr. 124. gr., ákveðið hærri áhættuvog eða lægra hlutfall áhættuskuldbindinga af virði en það sem um getur í þessari málsgrein skulu stofnanir nota áhættuvogina eða hlutfallið sem ákveðið er í samræmi við 9. mgr. 124. gr.

Tafla 1

|           | hlutfall áhættuskuldbindinga af virði ≤ 60% | 60% < hlutfall áhættuskuldbindinga af virði ≤ 80% | hlutfall áhættuskuldbindinga af virði ≤ 80% |
|-----------|---------------------------------------------|---------------------------------------------------|---------------------------------------------|
| Áhættuvog | 70%                                         | 90%                                               | 110%                                        |

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar geta stofnanir beitt þeirri meðferð sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar á áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með viðskiptahúsnæði sem er staðsett innan yfirráðasvæðis aðildarríkis, ef lögbært yfirvald í því aðildarríki hefur birt í samræmi við 3. mgr. 430. gr. a tapshlutföll vegna slíkra áhættuskuldbindinga sem, á grundvelli samantekinna gagna sem stofnanir í því aðildarríki hafa tilkynnt fyrir þann innlenda fasteignamarkað, fara ekki yfir nein af eftirfarandi mörkum fyrir tap þvert á slíkar áhættuskuldbindingar sem voru fyrir hendi á næstliðnu ári:

- samanlögð fjárhæð sem stofnanir tilkynna skv. d-lið 1. mgr. 430. gr. a, deilt með samanlagðri fjárhæð sem stofnanir tilkynna skv. f-lið 1. mgr. 430. gr. a, fer ekki yfir 0,3%,

b) samanlögð fjárhæð sem stofnanir tilkynna skv. e-lið 1. mgr. 430. gr. a, deilt með samanlagðri fjárhæð sem stofnanir tilkynna skv. f-lið 1. mgr. 430. gr. a, fer ekki yfir 0,5%.

3. Stofnanir geta einnig beitt undanþágunni sem um getur í þriðju undirgrein 2. mgr. þessarar greinar í tilvikum þar sem lögbært yfirvald þriðja lands sem beitir eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi sem er a.m.k. jafngilt því sem beitt er í Sambandinu eins og ákvarðað er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem samþykkt var í samræmi við 4. mgr. 107. gr. birtir samsvarandi tapshlutföll fyrir að því er varðar áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með viðskiptahúsnæði sem staðsett er innan yfirráðasvæðis þess þriðja lands.

Ef lögbært yfirvald þriðja lands birtir ekki samsvarandi tapshlutföll vegna áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með viðskiptahúsnæði á yfirráðasvæði þess þriðja lands, getur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin birt slíkar upplýsingar fyrir það þriðja land, að því tilskildu að til staðar séu marktæk tölfræðileg gögn sem eru tölfræðilega dæmigerð fyrir samsvarandi markað með viðskiptahúsnæði.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal meta hvort viðeigandi sé að leiðrétta meðferð áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með veði í viðskiptahúsnæði, þ.m.t. áhættuskuldbindingar vegna tekjuskapandi fasteignar og áhættuskuldbindingar vegna fasteignar sem ekki er tekjuskapandi, að teknu tilliti til þess hversu viðeigandi áhættuvogir eru og hlutfallslegs mismunar á áhættu áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með íbúðarhúsnæði, mismunar á áhættunæmi áhættuskuldbindinga vegna tekjuskapandi fasteignar sem tryggðar eru með íbúðarhúsnæði sem um getur í töflu 1 í 2. mgr. 125. gr., og áhættuskuldbindinga vegna tekjuskapandi fasteignar, sem tryggðar eru með viðskiptahúsnæði sem um getur í töflu 1 í þessari grein, og ráðleggingum Evrópska kerfisáhætturáðsins um veikleika í viðskiptahúsnæðisgeiranum í Sambandinu. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fram skýrslu um niðurstöður sínar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2027.

Á grundvelli endurskoðunarinnar sem um getur í fyrstu undirgrein og að teknu tilhlýðilegu tilliti til alþjóðlega samþykkttra staðla sem Baselinefndin um bankaeftirlit hefur þróað skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2028.“

56) Eftirfarandi grein bætist við:

„126. gr. a

#### **Áhættuskuldbindingar vegna kaupa, þróunar og byggingar á landi**

1. Áhættuskuldbinding vegna kaupa, þróunar og byggingar á landi skal fá úthlutað 150% áhættuvog.

2. Áhættuskuldbindingar vegna kaupa, þróunar og byggingar íbúðarhúsnæðis á landi mega fá úthlutað 100% áhættuvog að því tilskildu að stofnunin beiti traustum lánveitingar- og eftirlitsstöðlum sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 74. og 79. gr. tilskipunar 2013/36/ESB og þegar a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

a) lagalega bindandi samningar um kaup eða leigu, sem kaupandi eða leigjandi hefur lagt inn verulegt reiðufé til tryggingar fyrir sem hann getur ekki fengið til baka ef samningnum er rift eða ef fjármögnun er tryggð með sambærilegum hætti, eða lagalega bindandi samningar um sölu eða leigu, þ.m.t. þegar greiðslur fara fram með afborgunum eftir því sem verkinu miðar, eru stór hluti heildarsamninga,

b) loforðsgjafi ber áhættu vegna verulegs eignarhlutar, sem er viðeigandi fjárhæð eigin fjár sem loforðsgjafi hefur lagt fram af virði íbúðarhúsnæðis við lok.

3. Eigi síðar en 10. júlí 2025 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa út viðmiðunarreglur, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sem tilgreina hugtökin „verulegt reiðufé til tryggingar“, „fjármögnun tryggð með sambærilegum hætti“, „stór hluti heildarsamninga“ og „viðeigandi fjárhæð eigin fjár sem loforðsgjafi leggur fram“, að teknu tilliti til sérstöðu lánveitinga stofnana til opinberra húsnæðisstofnana eða eininga sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni í öllu Sambandinu og falla undir lög og sem eru til í þeim tilgangi að þjóna félagslegum tilgangi og bjóða leigjendum langtímahúsnæði.“

57) Ákvæðum 127. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 1. mgr.:

„Að því er varðar útreikning á sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu, sem um getur í fyrstu undirgrein, vegna áhættuskuldbindingar, sem er keypt þegar hún er í vanskilum, skulu stofnanir taka með í útreikninginn jákvæðan mismun milli þeirrar fjárhæðar sem loforðsgjafi skuldar vegna þeirrar áhættuskuldbindingar og samtölu viðbótarlækkunar eiginfjárgrunns ef sú áhættuskuldbinding hefði verið afskrifuð að fullu og sérhverrar fyrirbyggjandi lækkunar eiginfjárgrunns sem tengist þeirri áhættuskuldbindingu.“

- b) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Til þess að ákvarða tryggðan hluta vanefndar áhættuskuldbindingar skulu tryggingar og ábyrgðir vera þær sem teljast hæfar til mildunar útlánaáættu í samræmi við 4. kafla.

3. Það áhættuskuldbindingarvirði, sem eftir stendur þegar sértækum leiðréttingum á útlánaáættu áhættuskuldbindingar vegna fasteignar sem ekki er tekjuskapandi er lokið að því er varðar áhættuskuldbindingar sem eru tryggðar með íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði í samræmi við 125. gr. og 126 gr., skal fá úthlutað 100 % áhættuvog ef vanskil hafa orðið skv. 178. gr.“

- c) Ákvæði 4. mgr. falla brott.

- 58) Í stað 128. gr. kemur eftirfarandi:

„128. gr.

#### Áhættuskuldbindingar vegna víkjandi lána

1. Farið skal með eftirfarandi áhættuskuldbindingar sem áhættuskuldbindingar vegna víkjandi lána:

- áhættuskuldbindingar sem eru víkjandi gagnvart kröfum venjulegra ótryggðra kröfuhafa,
  - eiginfjárgrunnsgerningar að því marki sem þessir gerningar teljast ekki vera áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa í samræmi við 1. mgr. 133. gr. og
  - áhættuskuldbindingar sem stafa af eign stofnunarinnar í gerningum vegna hæfra skuldbindinga sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 72. gr. b.
2. Áhættuskuldbindingum vegna víkjandi lána skal úthlutað 150 % áhættuvog nema þessar víkjandi skuldir séu dregnar frá eiginfjárgrunni eða falli undir meðferðina sem sett er fram í fyrstu undirgrein 5. mgr. 72. gr. e.“

- 59) Ákvæðum 129. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 1. mgr.:

„Með fyrirvara um fyrstu undirgrein c-liðar þessarar málsgreinar, fram til 1. júlí 2027, skal fara með óbeinar áhættuskuldbindingar vegna lánastofnana án ytra mats, sem tryggja fasteignaveðlán þar til þau verða skráð, að því er varðar þann lið, á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna lánastofnana sem uppfylla skilyrði fyrir lánshæfisþrepi 1, að því tilskildu að um sé að ræða skammtímaáhættuskuldbindingar sem úthlutað er í A-flokk skv. 121. gr. og að tryggðu fasteignaveðlánið muni, þegar þau hafa verið skráð, teljast uppfylla skilyrði fyrir ívilnandi meðferð skv. d-, e- og f-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar.“

- b) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 3. mgr.:

„Að því er varðar mat á fasteign geta lögbær yfirvöld, sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2162, heimilað að fasteign sé metin á markaðsvirði eða undir því, eða í þeim aðildarríkjum sem hafa mælt fyrir um strangar viðmiðanir fyrir mat á veðlánsvirði í lögum eða reglugerðum, á veðlánsvirði þeirrar eignar, án þess að beita þeim takmörkunum sem settar eru fram í e-lið 1. mgr. 229. gr. þessarar reglugerðar,“.

- c) Í stað 4. og 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Sértryggð skuldabréf, þar sem beint lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki liggur fyrir, skal fá áhættuvog samkvæmt töflu 1 sem jafngildir lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis í samræmi við 136. gr.

Tafla 1

| Lánshæfisþrep | 1   | 2   | 3   | 4   | 5   | 6    |
|---------------|-----|-----|-----|-----|-----|------|
| Áhættuvog     | 10% | 20% | 20% | 50% | 50% | 100% |

5. Sértryggð skuldabréf, þar sem beint lánsþátttöku frá tilnefndu utanaðkomandi lánsþátttöku fyrirtæki liggur ekki fyrir, skal fá úthlutað áhættuvog á grundvelli áhættuvogar sem veitt er ótryggðum forgangsáhættuskuldbindingum vegna stofnunarinnar sem gefur þau út. Eftirfarandi samsvörun milli áhættuvoga skal gilda:

- a) ef áhættuskuldbindingar vegna stofnunar fá úthlutað 20 % áhættuvog skal sértryggða skuldabréfið fá 10 % áhættuvog,
- aa) ef áhættuskuldbindingar vegna stofnunar fá úthlutað 30 % áhættuvog skal sértryggða skuldabréfið fá 15 % áhættuvog,
- ab) ef áhættuskuldbindingar vegna stofnunar fá úthlutað 40 % áhættuvog skal sértryggða skuldabréfið fá 20 % áhættuvog,
- b) ef áhættuskuldbindingar vegna stofnunar fá úthlutað 50 % áhættuvog skal sértryggða skuldabréfið fá 25 % áhættuvog,
- ba) ef áhættuskuldbindingar vegna stofnunar fá úthlutað 75 % áhættuvog skal sértryggða skuldabréfið fá 35 % áhættuvog,
- c) ef áhættuskuldbindingar vegna stofnunar fá úthlutað 100 % áhættuvog skal sértryggða skuldabréfið fá 50 % áhættuvog,
- d) ef áhættuskuldbindingar vegna stofnunar fá úthlutað 150 % áhættuvog skal sértryggða skuldabréfið fá 100 % áhættuvog.

60) Í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. 132. gr. a kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir e-lið 4. mgr. 92. gr. mega stofnanir sem reikna út fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við 1. eða 2. mgr. þessarar greinar reikna út kröfu um eiginfjárgrunn að því er varðar leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis áhættuskuldbindinga í formi afleiðna þess sjóðs sem fjárhæð sem samsvarar 50% af eiginfjárgrunnskröfu vegna þessara áhættuskuldbindinga sem reiknuð er í samræmi við 3., 4. eða 5. þátt 6. kafla í þessum bálki, eftir því sem við á.“

61) Í stað 2. mgr. 132. gr. b kemur eftirfarandi:

„2. Stofnanir geta undanskilið frá útreikningunum sem um getur í 132. gr. áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, sem eru undirliggjandi áhættuskuldbindingar í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, vegna eininga sem hafa fengið úthlutað 0% áhættuvog vegna lánaskuldbindinga sinna samkvæmt þessum kafla, þ.m.t. þær einingar sem njóta stuðnings opinberra aðila og sem heimilt er að nota 0% áhættuvog fyrir og áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa sem um getur í 5. mgr. 133. gr., og þess í stað beitt meðferðinni sem sett er fram í 133. gr. á þessar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa.“

62) Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. 132. gr. c kemur eftirfarandi:

„Stofnanir skulu reikna út áhættuskuldbindingarvirði lágmarksvirðisskuldbindingar sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. þessarar greinar sem afvaxtað núvirði tryggðrar fjárhæðar með því að nota afvöxtunarpátt sem er leiddur út frá áhættulausum vöxtum skv. 2. eða 3. mgr. 325 gr. I eftir því sem við á. Stofnanir mega lækka áhættuskuldbindingarvirði lágmarksvirðisskuldbindingarinnar með öllu tapi sem hefur verið bókfært að því er varðar slíka skuldbindingu samkvæmt gildandi reikningsskilastaðli.“

63) Í stað 133. gr. kemur eftirfarandi:

„133. gr.“

#### **Áhættuskuldbinding vegna hlutabréfa**

1. Flokka skal allt eftirfarandi sem áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa:

a) áhættuskuldbindingar sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- i. þær eru óinnleysanlegar í þeim skilningi að ávöxtun af fjárfestu fjármagni getur aðeins átt sér stað með sölu fjárfestingarinnar eða sölu réttinda í fjárfestingunni eða með innlausn útgefanda,
- ii. hún felur ekki í sér skuldbindingu af hálfu útgefanda,
- iii. hún felur í sér eftirstæða kröfu á eignir eða tekjur útgefanda,

- b) gerningarnir myndu teljast liðir í þætti 1 ef stofnun gæfi þá út,
- c) gerningarnir fela í sér skuldbindingu af hálfu útgefanda og uppfylla einhver eftirfarandi skilyrða:
- útgefandinn getur frestað uppgjöri skuldbindingarinnar um óákveðinn tíma,
  - skuldbindingin krefst eða heimilar, að eigin ákvörðun útgefanda, uppgjör með útgáfu fasts fjölda hlutabréfa útgefanda,
  - skuldbindingin krefst, eða heimilar að eigin ákvörðun útgefanda, uppgjör með útgáfu breytilegs fjölda eiginfjárluta útgefanda og að öðru jöfnu má rekja hvers kyns breytingu á virði skuldbindingarinnar til, bera saman við, og er í sömu átt og breytingar á virði fasts fjölda hlutabréfa útgefandans,
  - handhafi gerningsins getur krafist þess að skuldbindingin verði gerð upp með hlutabréfum nema annað eftirfarandi skilyrða sé uppfyllt:
    - ef um er að ræða gerning sem viðskipti eru með, hefur stofnunin sýnt lögbæru yfirvaldi fram á með fullnægjandi hætti að viðskipti með gerninginn séu sambærileg skuldum útgefandans og hlutabréfum hans,
    - ef um er að ræða gerninga, sem ekki eru viðskipti með, hefur stofnunin sýnt lögbæru yfirvaldi fram á með fullnægjandi hætti að fara ætti með gerninginn sem skuldastöðu,
- d) skuldbindingar og önnur verðbréf, sameignarfélög, afleiður eða önnur félög eru byggð upp á þann hátt að efnahagslegt inntak sé svipað áhættuskuldbindingunum sem um getur í a-, b- og c-lið, þ.m.t. skuldbindingar þar sem ávöxtun er tengd við ávöxtun hlutabréfa,
- e) áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa eru færðar sem lán en verða til vegna skiptasamnings um skuldagerning sem gerður er sem hluti af skipulegri innlausn eða endurskipulagningu skuldarinnar.

Að því er varðar iii. lið c-liðar í fyrstu undirgrein, þær skuldbindingar sem krefjast eða heimila uppgjör með útgáfu á breytilegum fjölda hlutabréfa útgefanda þar sem breyting á peningalegu virði skuldbindingarinnar er jöfn breytingunni á gangvirði fasts fjölda hlutabréfa margfaldað með tilteknum stuðli, þar sem bæði stuðullinn og tilgreindur fjöldi hluta eru fastir.

Að því er varðar iv. lið c-liðar fyrstu undirgreinar er stofnuninni heimilt, ef eitt af skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þeim lið er uppfyllt, skipt í sundur áhættunni í eftirlitsskyni, með fyrirvara um fyrirframleyfi lögbæra yfirvaldsins.

2. Ekki skal fara með hlutafjárframlög sem áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa í eftirfarandi tilvikum:

- hlutafjárframlagið er byggt upp á þann hátt að efnahagslegt inntak þess er svipað efnahagslegu inntaki skuldagerninga sem uppfylla ekki viðmiðin sem sett eru fram í 1. mgr.,
  - hlutafjárframlagið felur í sér verðbréfaðar áhættuskuldbindingar.
3. Áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, aðrar en þær sem um getur í 4. til 7. mgr., skulu fá 250% áhættuvog nema þess sé krafist að þessar áhættuskuldbindingar séu dregnar frá eða áhættuvegnar í samræmi við annan hluta.
4. Eftirfarandi áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa gagnvart óskráðum fyrirtækjum skulu fá 400 % áhættuvog nema þess sé krafist að þessar áhættuskuldbindingar séu fráðregnar eða fái áhættuvog í samræmi við annan hluta:
- fjárfestingar vegna endursölu til skamms tíma,
  - fjárfestingar í áhættufjárfestingarfélögum eða svipaðar fjárfestingar sem keyptar eru þegar gert er ráð fyrir verulegum skammtímahagnaði.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal langtíma hlutafjárframlag, þ.m.t. fjárfestingar í hlutabréfum viðskiptavina sem stofnunin hefur eða hyggst koma á langtímaviðskiptatengslum við og skuldaskiptasamningar vegna endurskipulagningar fyrirtækis, úthlutað áhættuvog í samræmi við 3. eða 5. mgr., eftir því sem við á. Langtímahlutafjárframlag er, að því er varðar þessa grein, hlutafjárframlag sem haldið er í þrjú ár eða lengur eða sem stofnað er til með það fyrir augum að það standi í þrjú ár eða lengur samkvæmt samþykki framkvæmdastjórnar stofnunarinnar.

5. Stofnanir sem hafa fengið fyrirframleyfi lögbærra yfirvalda geta fengið úthlutað 100% áhættuvog á áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, sem stofnað er til samkvæmt áætlun um lagasetningu til að örva tiltekin svið atvinnulífsins, að þeim hluta slíkra áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa sem samanlagt fer ekki yfir 10% af eigin fé stofnunarinnar sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:
- a) áætlanirnar um lagasetningu kveða á um umtalsverðar niðurgreiðslur eða ábyrgðir, þ.m.t. af hálfu fjölþjóðlegra þróunarbanka, opinberra þróunarlánastofnana, eins og þær eru skilgreindar í 2. mgr. 429. gr. a, eða alþjóðastofnana, vegna fjárfestinga stofnunarinnar,
  - b) áætlanirnar um lagasetningu fela í sér einhvers konar opinbert eftirlit,
  - c) áætlanirnar um lagasetningu fela í sér takmarkanir á hlutafjárframlagi, s.s. takmarkanir á stærð og tegund fyrirtækja sem stofnunin fjárfestir í, á leyfilegu magni eignarhluta, landfræðilegri staðsetningu og öðrum þáttum sem máli skipta og takmarka hugsanlega áhættu af fjárfestingunni fyrir stofnunina sem fjárfestir.
6. Áhættuskuldbinding vegna hlutabréfa gagnvart seðlabönkum skal fá úthlutað 0% áhættuvog.
7. Hlutabréfaeign sem er skráð sem lán en hefur orðið til vegna skiptasamnings um skuldabréf sem gerður er sem hluti af skipulegri innlausn eða endurskipulagningu skuldarinnar skal ekki úthlutað lægri áhættuvog en þeirri áhættuvog sem gildi ef hlutabréfaeign væri meðhöndluð sem áhættuskuldbinding vegna skuldar.“
- 64) Í stað 3. mgr. 134. gr. kemur eftirfarandi:
- „3. Lausafé í innheimtu skal fá úthlutað 20 % áhættuvog. Reiðufé í eigu og í vörslu stofnunarinnar, eða í umflutningi, og samsvarandi reiðufé skal fá úthlutað 0 % áhættuvog.“
- 65) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 135. gr.:
- „3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 10. júlí 2025, taka saman skýrslu um hvort UFS-áhættuþættir séu endurspegladír á viðeigandi hátt í aðferðafræði utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis við útlánaáhættu og leggja þá skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina.
- Á grundvelli þessarar endurskoðunar skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið fyrir 10. janúar 2026.“
- 66) Ákvæðum 138. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi lið er bætt við:
- „g) að því er varðar áhættuskuldbindingar gagnvart stofnunum skal stofnun ekki nota lánshæfismat utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis, sem er á forsendum um óbeinan ríkisstuðning, nema viðkomandi lánshæfismat utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis eigi við um stofnun sem ríkisstjórnir, héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld eiga eða setja á stofn og styðja.“
- b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:
- „Að því er varðar g-lið fyrstu málsgreinar, þegar um er að ræða stofnanir, aðrar en stofnanir sem ríkisstjórnir, héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld eiga eða setja á stofn og styðja, þar sem eingöngu er til lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem er gert á forsendum óbeins ríkisstuðnings, skal fara með áhættuskuldbindingar vegna slíkra stofnana sem áhættuskuldbindingar vegna stofnana án lánshæfismats í samræmi við 121. gr.
- „Óbeinn ríkisstuðningur“: ríkisstjórn, héraðsstjórn eða staðaryfirvald myndi grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að lánardrottinn stofnunarinnar verði fyrir tapi þegar stofnunin lendir í vanskilum eða er í vanskilum.“
- 67) Í stað a- og b-liðar 2. mgr. 139. gr. kemur eftirfarandi:
- „a) lánshæfismatið leiðir til hærri áhættuvogar en væri raunin ef farið væri með áhættuskuldbindinguna sem ómetna og viðkomandi áhættuskuldbinding:
- i. er ekki sértæk lánaáhættuskuldbinding,
  - ii. er metin á sama veðrétti eða síðari veðrétti að öllu leyti gagnvart tilteknu útgáfuáætluninni eða gerningnum eða ótryggðum áhættuskuldbindingum þess útgefanda á fremri veðrétti, eftir því sem við á,

- b) lánshæfismatið leiðir til lægri áhættuvogar en væri raunin ef farið væri með áhættuskuldbindinguna sem ómetna og viðkomandi áhættuskuldbinding:

- i. er ekki sértæk lánaáhættuskuldbinding,
- ii. er metin á sama veðrétti eða fremri veðrétti að öllu leyti gagnvart tilteknu útgáfuáætluninni eða gerningnum eða ótryggðum áhættuskuldbindingum þess útgefanda á fremri veðrétti, eftir því sem við á.“

- 68) Í stað 141. gr. kemur eftirfarandi:

„141. gr.

#### **Liðir í innlendum og erlendum gjaldmiðli**

1. Ekki má nota lánshæfismat sem vísar til liðar sem tilgreindur er í heimagjaldmiðli skuldara til að finna áhættuvog vegna áhættuskuldbindingar vegna sama loforðsgjafa sem er tilgreind í erlendum gjaldmiðli.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að nota lánshæfismat liða loforðsgjafa í heimagjaldmiðli til að ákvarða áhættuvog fyrir áhættuskuldbindingu sama loforðsgjafa sem er tilgreind í erlendum gjaldmiðli ef áhættuskuldbinding verður til vegna þátttöku stofnunar í láni sem fjölþjóðlegur þróunarbanki, sem tilgreindur er í 2. mgr. 117. gr., veitir eða tryggir, að því er varðar skipti- og yfirfærsluáætlu, sem er með viðurkennda stöðu forgangslánveitanda á markaði.

Að því er varðar fyrstu undirgrein, þar sem áhættuskuldbinding í erlendum gjaldmiðli er tryggð gegn skipti- og yfirfærslu-áhættu, má aðeins nota lánshæfismat liða loforðsgjafa í heimagjaldmiðli hans að því er varðar áhættuvog þess hluta áhættuskuldbindingarinnar sem er tryggður. Sá hluti áhættuskuldbindingar sem ekki er tryggður skal áhættuveginn á grundvelli lánshæfismats á loforðsgjafa sem vísar til liðar sem tilgreindur er í þeim erlenda gjaldmiðli.“

- 69) Ákvæðum 1. mgr. 142. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„1a ) „flokkur áhættuskuldbindinga“: sérhver flokkur áhættuskuldbindinga sem um getur í a-lið, i. eða ii. lið aa-liðar, b-lið, i., ii. eða iii. lið c-liðar, i., ii., iii. eða iv. lið d-liðar, e-lið, ea-lið, f-lið eða g-lið 2. mgr. 147. gr.,

1b) „áhættuskuldbinding vegna fyrirtækja“: áhættuskuldbinding sem er sett í einhvern flokk áhættuskuldbindinga sem um getur í i., ii. eða iii. lið c-liðar 2. mgr. 147. gr.,

1c) „smásöluáhættuskuldbinding“: áhættuskuldbinding sem er sett í einhvern flokk áhættuskuldbindinga sem um getur í i., ii., iii. eða iv. lið d-liðar 2. mgr. 147. gr.,

1d) „áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna, staðaryfirvalda og opinberra aðila“: áhættuskuldbinding sem er úthlutað á einhvern flokk áhættuskuldbindinga sem um getur í i. eða ii. lið aa-liðar 2. mgr. 147. gr.,“.

- b) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2) „tegund áhættuskuldbindinga“: hópur áhættuskuldbindinga sem stýrt er með einsleitum hætti og kunna að vera takmarkaðar við einn aðila eða einn undirflokk aðila innan samstæðu, að því tilskildu að sömu áhættuskuldbindingu sé stýrt með öðrum hætti hjá öðrum aðilum innan samstæðunnar,“.

- c) Í stað 4. og 5. liðar kemur eftirfarandi:

„4) „stór eftirlitsskyldur aðili á fjármálamarkaði“: aðili á fjármálamarkaði sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

- a) heildareign einingar, eða heildareignir móðurfélags hennar þegar einingin hefur móðurfélag, reiknaðar út á einingar- eða samstæðugrunni, eru yfir eða jafnar 70 milljarða evra, þegar nýjustu endurskoðuðu reiknings-skil eða samstæðureikningsskil eru notuð til að ákvarða umfang eigna,

- b) einingin fellur undir varfærniskröfur, beint á einingar- eða samstæðugrunni, eða óbeint undir varfærnisleg samstæðureikningsskil móðurfélags hennar, í samræmi við þessa reglugerð, reglugerð (ESB) 2019/2033, tilskipun 2009/138/EB eða lagalegar varfærniskröfur þriðja lands sem eru a.m.k. jafngildar þessum gerðum Sambandsins,
- 5) „óeftirlitsskyldur aðili á fjármálamarkaði“: aðili á fjármálamarkaði sem uppfyllir ekki skilyrðið sem sett er fram í b-lið 4. liðar,“.
- d) Eftirfarandi lið er bætt við:
- „5a) „stórt fyrirtæki“: fyrirtæki sem hefur árlega sölu samstæðustigi sem nemur meira en 500 milljónum evra eða sem tilheyrir samstæðu þar sem árleg heildarsala samstæðunnar er yfir 500 milljónir evra,“.
- e) Eftirfarandi liðir bætast við:
- „8a) „leiðréttingaraðferð vegna líkana fyrir líkur á vanefndum/tapi að gefnum vanefndum“: leiðrétting á tapi að gefnum vanefndum eða líkanagerð leiðréttinga á bæði líkum á vanefndum og tapi að gefnum vanefndum undirliggjandi áhættuskuldbindingar,
- 9) „neðri mörk áhættuvogar veitanda útlánavarnar“: áhættuvog sem gildir um sambærilega beina áhættuskuldbindingu veitanda útlánavarnar,
- 10) „viðurkennd“ ófjármögnuð útlánavörn, að því er varðar áhættuskuldbindingu sem stofnun notar innramatsaðferðina á með því að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum skv. 143. gr., merkir ófjármögnuð útlánavörn sem tekið er tillit til við útreikning á fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga eða væntu tapi af undirliggjandi áhættuskuldbindingu með einni af eftirfarandi aðferðum, í samræmi við 3. mgr. 108. gr.:
- a) leiðréttingaraðferð vegna líkana fyrir líkur á vanefndum/tapi að gefnum vanefndum,
- b) staðgönguaðferð fyrir áhættubreytur samkvæmt þróðu innramatsaðferðinni eins og skilgreint er í 5. lið 192. gr.,
- 11) „útlánabreytistuðull samkvæmt staðalaðferð“: hundraðshluttinn sem gildir skv. 2. kafla í samræmi við 2. mgr. 111. gr.,
- 12) „útlánabreytistuðull samkvæmt innramatsaðferð“: eigið mat á útlánabreytistuðli.“
- f) Eftirfarandi undirgrein er bætt við:
- „Að því er varðar 5. lið á fyrstu undirgreinar skal við mat á söluviðmiðunarmörkunum setja fram fjárhæðirnar eins og þær eru í endurskoðuðum reikningsskilum fyrirtækjanna eða, fyrir fyrirtæki sem eru hluti af samstæðu, samstæðu þeirra samkvæmt reikningsskilastaðlinum sem gildir um endanlegt móðurfélag samstæðunnar. Tölurnar skulu byggðar á meðalfjárhæðum sem stofnunin reiknaði út á undangengnum þremur árum, eða á síðustu fjárhæðum sem stofnunin uppfærir á þriggja ára fresti.“
- 70) Ákvæðum 143. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:
- „2. Krefjast skal fyrirframheimildar til að nota innramatsaðferðina, þ.m.t. eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og útlánabreytistuðla samkvæmt innramatsaðferð, fyrir hvern áhættuskuldbindingaflokk og hvert matskerfi og fyrir sérhverja aðferð sem er notuð við að meta tap að gefnum vanefndum og útlánabreytistuðla.“
- b) Í stað a- og b-liðar fyrstu undirgreinar í 3. mgr. kemur eftirfarandi:
- „a) verulegra breytinga á notkunarviði matskerfa sem stofnanirnar hafa fengið leyfi til að nota,
- b) verulegra breytinga á matskerfi sem stofnunin hefur fengið leyfi til að nota.“
- c) Í stað 4. og 5. mgr. kemur eftirfarandi:
- „4. Stofnanir skulu upplýsa lögbær yfirvöld um allar breytingar á matskerfum þeirra.

5. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðum þar sem tilgreind eru skilyrði vegna mats á mikilvægi notkunar fyrirbyggjandi matskerfis fyrir aðrar viðbótaráhættuskuldbindingar, sem falla ekki þegar undir það matskerfi, og breytingar á matskerfum innan ramma innramatsaðferðarinnar.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. janúar 2026.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

71) Ákvæðum 144. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) stofnunin hafi sannreynt hvert matskerfi á viðeigandi tímabili áður en notkun þess matskerfis hófst, metið á því tímabili hvort hvert matskerfi falli að umfangi notkunar þess matskerfis og gert nauðsynlegar breytingar á hverju matskerfi eftir matið,“.

ii. Í stað h-liðar kemur eftirfarandi:

„h) stofnunin hefur úthlutað og heldur áfram að úthluta hverri áhættuskuldbindingu í notkunarbíl matskerfis í matsþrep eða safn þess matskerfis.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina þá matsaðferð sem lögbær yfirvöld eiga að fylgja við mat á því hvort stofnun uppfylli kröfur vegna notkunar innramatsaðferðarinnar.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2026.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

72) Ákvæðum 147. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Skrá skal hverja áhættuskuldbindingu í einn af eftirtöldum flokkum áhættuskuldbindinga:

a) áhættuskuldbindingar vegna ríkja og seðlabanka,

aa) áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna, staðaryfirvalda og opinberra aðila, skal setja í eftirfarandi flokka áhættuskuldbindinga:

i. áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna og staðaryfirvalda,

ii. áhættuskuldbindingar vegna opinberra aðila,

b) áhættuskuldbindingar vegna stofnana,

c) áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, sem skal setja í eftirfarandi flokka áhættuskuldbindinga:

i. almenn fyrirtæki,

ii. sértækar lánaáhættuskuldbindingar,

iii. keyptar viðskiptakröfur fyrirtækja,

d) smásöluáhættuskuldbindingar, sem skal setja í eftirfarandi flokka áhættuskuldbindinga:

i. fullgildar hlaupandi smásöluáhættuskuldbindingar,

- ii. smásöluáhættuskuldbindingar sem eru tryggðar með íbúðarhúsnæði,
  - iii. keyptar viðskiptakröfur í smásölu,
  - iv. aðrar smásöluáhættuskuldbindingar,
  - e) áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa,
  - ea) Áhættuskuldbindingar í formi eininga eða hlutabréfa í sjóði um sameiginlega fjárfestingu,
  - f) liðir sem mynda verðbréfaðar stöður,
  - g) aðrar eignir sem fela ekki í sér lánaskuldbindingu.“
- b) Í 3. mgr. fellur a-liður brott.
- c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „3a. Þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar skal setja áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna, staðaryfirvalda og opinberra aðila í áhættuskuldbindingaflokkinn sem um getur í a-lið 2. mgr. þessarar greinar ef farið er með þessar áhættuskuldbindingar sem áhættuskuldbindingar vegna ríkja í samræmi við 115. eða 116. gr.“
- d) Í 4. mgr. falla a-, og b-liðir brott.
- e) Ákvæðum 5. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. Í stað a-liðar ii. liðar kemur eftirfarandi:
    - „ii. áhættuskuldbindingar vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja að því tilskildu að heildarfjárhæðin sem lof-orðsgjafi sem er viðskiptavinur, eða hópur tengdra viðskiptavina, skuldar stofnuninni og móðurfélögum og dótturfélögum þess, þ.m.t. áhættuskuldbindingar sem eru komnar í vanskil en að frátöldum áhættuskuldbindingum tryggðum með veði í íbúðarhúsnæði upp að verðmæti fasteignarinnar, fari ekki yfir 1 milljón evra svo stofnuninni sé kunnugt um og skal hún hafa gert viðeigandi ráðstafanir til að ganga úr skugga um fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar,
    - iii. áhættuskuldbindingar sem eru tryggðar með íbúðarhúsnæði, þ.m.t. með fyrsta veðrétti og síðari veðréttum, afborgunarlán, lánalínur hlaupandi fasteignalán, og áhættuskuldbindingar eins og um getur í 4. og 5. mgr. 108. gr., óháð stærð áhættuskuldbindingarinnar, að því tilskildu að áhættuskuldbindingin sé annaðhvort:
      - 1) áhættuskuldbinding gagnvart einstaklingi,
      - 2) áhættuskuldbinding gagnvart samtökum eða samvinnufélögum einstaklinga sem landslög mæla fyrir um og eru til í þeim eina tilgangi að veita meðlimum sínum afnot af fasteign sem aðalheimili í eigninni sem tryggir lánið,“.
  - ii. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:
    - „c) þeim er ekki stýrt í jafn miklum mæli hverri fyrir sig og áhættuskuldbindingum í flokkum áhættuskuldbindinga sem um getur í i., ii. eða iii. lið c-liðar 2. mgr.,“.
  - iii. Eftirfarandi undirliður er bætt við:

„Áhættuskuldbindingar sem uppfylla öll skilyrðin sem sett eru fram í iii. lið a-liðar, b-, c- og d-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skulu settar í áhættuskuldbindingaflokkinn sem um getur í ii. lið d-liðar 2. mgr.

Þrátt fyrir þriðju undirgrein þessarar málsgreinar geta lögbær yfirvöld undanskilið frá flokki áhættuskuldbindinga sem um getur í ii. lið d-liðar 2. mgr., lán til einstaklinga sem hafa veðsett fleiri en fjórar fasteignir eða húsnæði, þ.m.t. lán til einstaklinga sem um getur í 4. mgr. 108. gr., og skipað þessum lánum í einn af flokkum áhættuskuldbindinga sem um getur í i., ii. eða iii. lið c-liðar 2. mgr.“

## f) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„5a. Smásöluáhættuskuldbindingum sem tilheyra tegund áhættuskuldbindinga sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði skal skipað í flokk áhættuskuldbindinga sem um getur í i. lið d-liðar 2. mgr.:

- a) áhættuskuldbindingar af þeirri gerð eru gagnvart einum eða fleiri einstaklingum,
- b) áhættuskuldbindingar af þessari tegund áhættuskuldbindinga eru hlaupandi og ótryggðar og stofnunin getur sagt þeim upp tafarlaust og skilyrðislaust að því marki sem þær eru ekki nýttar,
- c) hámarksáhættuskuldbinding í þessari tegund áhættuskuldbindinga vegna einstaks einstaklings er 100 000 evrur eða lægri,
- d) þessi tegund áhættuskuldbindinga hefur sýnt lítið flókt í tapshlutföllum miðað við meðaltal taphlutfalla þeirra, einkum á lágum bilum á líkum á vanefndum,
- e) meðhöndlun áhættuskuldbindinga sem er úthlutað þeirri tegund áhættuskuldbindinga sem fullgildri hlaupandi smásöluáhættuskuldbindingu er í samræmi við undirliggjandi áhættueinkenni þeirrar tegundar áhættuskuldbindinga.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein b-liðar á krafa um að áhættuskuldbinding sé ótryggð ekki við að því er varðar veðtryggðar lánaufyrirgreiðslur sem tengjast launareikningi. Í því tilviki skal ekki taka tillit til fjárhæða, sem endurheimtar eru frá tryggingunni, við mat á tapi að gefnum vanefndum.

Stofnanir skulu greina innan áhættuskuldbindingaflokksins sem um getur í i. lið d-liðar 2. mgr. áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptaaðila („fullgildar hlaupandi smásöluáhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptaaðila“) og áhættuskuldbindingar sem eru ekki áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptaaðila („fullgildar hlaupandi smásöluáhættuskuldbindingar“). Einkum skulu fullgildar hlaupandi smásöluáhættuskuldbindingar með styttri en 12 mánaða greiðslusögu auðkenndar sem hlaupandi.“

## g) Í stað 6. og 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Áhættuskuldbindingar sem um getur í 1. mgr. 133. gr. skulu settar í áhættuskuldbindingaflokkinn sem um getur í e-lið 2. mgr. þessarar greinar, nema þær séu settar í flokk áhættuskuldbindinga sem um getur í ea-lið 2. mgr. þessarar greinar.

7. Lánaskuldbinding sem ekki er sett í flokka áhættuskuldbindinga sem um getur í a-lið, i. eða ii. lið aa-liðar, b-lið, i., ii., iii. eða iv. lið d-liðar, e-lið, ea-lið eða f-lið 2. mgr. skal sett í einn af flokkum áhættuskuldbindinga sem um getur í i., ii. eða iii. lið c-liðar þeirrar málsgreinar.“

## h) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 8. mgr.:

„Þær áhættuskuldbindingar skulu settar í flokkinn áhættuskuldbindingar sem um getur í ii. lið c-liðar 2. mgr. og flokkaðar sem hér segir: „verkefnafjármögnun“, „fjármögnun til kaupa á áþreifanlegum hlutum“, „hrávörufjármögnun“ og „tekjuskapandi fasteign.“

## i. Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„11. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

- a) flokkun sem verkefnafjármögnun, fjármögnun til kaupa á áþreifanlegum hlutum og hrávörufjármögnun, í samræmi við skilgreiningarnar í 2. kafla,
- b) afmörkun flokksins áhættuskuldbinding vegna tekjuskapandi fasteignar, einkum hvaða áhættuskuldbindingar vegna kaupa, þróunar og byggingar á landi og áhættuskuldbindingar sem eru tryggðar með fasteignaveði megi flokka sem áhættuskuldbindingar vegna tekjuskapandi fasteignar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2026.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

12. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar skilyrði og viðmiðanir fyrir flokkun áhættuskuldbindinga sem um getur í 2. mgr. og, ef nauðsyn krefur, tilgreina frekar þessa flokka áhættuskuldbindinga.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2027.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

73) Ákvæðum 148. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1., 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnun sem er heimilt að beita innramatsaðferðinni í samræmi við 1. mgr. 107. gr. skal, ásamt sérhverju móðurfélagi og dótturfélögum þess, beita innramatsaðferðinni á a.m.k. einn af flokkum áhættuskuldbindinga sem um getur í a-lið, i. eða ii. lið aa-liðar, b-lið, i., ii. eða iii. lið c-liðar, i., ii., iii. eða iv. lið d-liðar eða g-lið 2. mgr. 147. gr. Þegar stofnun hefur tekið upp innramatsaðferðina fyrir ákveðna tegund áhættuskuldbindinga innan flokks áhættuskuldbindinga skal hún gera það fyrir allar áhættuskuldbindingar innan þess flokks áhættuskuldbindinga, nema hún hafi fengið leyfi lögbærs yfirvalds til að nota staðalaðferðina varanlega í samræmi við 150. gr.

Með fyrirvara um leyfi lögbærra yfirvalda má taka innramatsaðferðina upp raðbundið eftir mismunandi tegundum áhættuskuldbindinga innan tiltekins flokks áhættuskuldbindinga innan sömu rekstrareiningar og þvert á mismunandi rekstrareiningar innan sömu samstæðu, eða vegna notkunar á eigin mati á tapi að gefnum vanefndum eða vegna notkunar á útlánabreytistuðlum samkvæmt innramatsaðferð.

2. Lögbær yfirvöld skulu ákvarða á hvaða tímabili stofnun og móðurfélagi og dótturfélögum þess sé skylt að beita innramatsaðferðinni á allar áhættuskuldbindingar innan tiltekins flokks áhættuskuldbindinga þvert á mismunandi tegundir áhættuskuldbindinga innan sömu rekstrareiningar og þvert á mismunandi rekstrareiningar innan sömu samstæðu, eða vegna notkunar á eigin mati á tapi að gefnum vanefndum eða á notkun útlánabreytistuðli samkvæmt innramatsaðferð. Tímabilið skal að mati lögbærra yfirvalda vera hæfilegt miðað við eðli og umfang starfsemi viðkomandi stofnunar, eða hugsanlegs móðurfélags og dótturfélaga þess, og fjölda og eðli þeirra matskerfa sem taka á upp.

3. Stofnanir skulu taka innramatsaðferðina upp samkvæmt skilyrðum sem lögbær yfirvöld ákvarða. Lögbært yfirvald skal útfæra þessi skilyrði til að tryggja að sveigjanleikinn skv. 1. mgr. sé ekki notaður á valvísan hátt í þeim tilgangi að lækka kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar þær tegundir áhættuskuldbindinga eða rekstrareininga sem enn á eftir að fella undir innramatsaðferðina eða við notkun á eigin mati á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum samkvæmt innramatsaðferð.“

b) Ákvæði 4., 5. og 6. mgr. falla brott.

74) Í stað a-liðar 1. mgr. 149. gr. kemur eftirfarandi:

„a) stofnunin hafi sýnt lögbæru yfirvaldi fram á með fullnægjandi hætti að ekki sé fyrirhugað að nota staðalaðferðina til eftirlitshögunar, þ.m.t. með því að lækka eiginfjárgrunnskröfur stofnunar með ótilhlýðilegum hætti, að þessi notkun sé nauðsynleg vegna eðlis heildaráhættuskuldbindinga stofnunarinnar af þessu tagi og þess hversu flóknar þær eru og að slíkt myndi ekki hafa verulega neikvæð áhrif á gjaldþol stofnunarinnar eða getu hennar til skilvirkrar áhættustýringar.“

75) Ákvæðum 150. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnanir skulu beita staðalaðferðinni á allar eftirfarandi áhættuskuldbindingar:

a) áhættuskuldbindingar sem úthlutað er í áhættuskuldbindingaflokkinn sem um getur í e-lið 2. mgr. 147. gr.,

b) áhættuskuldbindingar sem úthlutað er í flokka áhættuskuldbindinga eða sem tilheyra tegundum áhættuskuldbindinga innan flokks áhættuskuldbindinga, sem stofnanir hafa ekki fengið leyfi fyrirfram frá lögbærum yfirvöldum til að nota innramatsaðferðina fyrir við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðum vænts taps.

Stofnun, sem er heimilt að nota innramatsaðferðina við útreikninga á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps fyrir tiltekinn flokk áhættuskuldbindinga, er heimilt, með fyrirvara um fyrirframleyfi lögbærs yfirvalds, að beita staðalaðferðinni fyrir sumar tegundir áhættuskuldbindinga innan þess flokks áhættuskuldbindinga, þ.m.t. áhættuskuldbindingar erlendra útibúa og mismunandi afurðaflokka, ef þessar tegundir áhættuskuldbindinga eru óverulegar með tilliti til stærðar og áhættusniðs.“

- b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a. Til viðbótar við áhættuskuldbindingarnar sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. getur stofnun, að fengnu fyrirframleyfi lögbærra yfirvalda, beitt staðalaðferðinni á eftirfarandi áhættuskuldbindingar þegar innramatsaðferðinni er beitt á aðrar tegundir áhættuskuldbindinga innan sama flokks áhættuskuldbindinga:

- a) áhættuskuldbindingum vegna ríkis og seðlabanka aðildarríkjanna og héraðsstjórna, staðaryfirvalda og opinberra aðila þeirra, að því tilskildu að:
- i. enginn áhættumunur sé á milli áhættuskuldbindinga vegna ríkis og seðlabanka og þessara annarra áhættuskuldbindinga vegna sérstakra opinberra ráðstafana og
  - ii. áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum og seðlabönkum fái 0% áhættuvog skv. 2. eða 4. mgr. 114. gr.,
- b) áhættuskuldbindingum stofnunar vegna mótaðila, sem er móðurfélag hennar, dótturfélag hennar eða dótturfélag móðurfélags hennar, að því tilskildu að mótaðilinn sé stofnun eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði, fjármálastofnun, eignastýringarfélag eða félag í viðbótarstarfsemi sem lýtur viðeigandi varfærniskröfum eða tengt fyrirtæki í skilningi 7. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB,

- c) áhættuskuldbindingum milli stofnana sem uppfylla kröfur 7. mgr. 113. gr.

Stofnun, sem er heimilt að nota innramatsaðferðina við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga aðeins gagnvart sumum tegundum áhættuskuldbindinga, skal beita staðalaðferðinni á aðrar tegundir áhættuskuldbindinga innan þess flokks áhættuskuldbindinga.

Til viðbótar við áhættuskuldbindingarnar sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. þessarar greinar og í þessari málsgrein má stofnun nota staðalaðferðina fyrir áhættuskuldbindingar vegna kirkna og trúfélaga sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 3. mgr. 115. gr.“

- c) Ákvæði 2. mgr. falla brott.

- d) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„2a. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 10. júlí 2028, gefa út viðmiðunarreglur, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, um hvað teljist til tegunda óverulegra áhættuskuldbindinga að því er varðar stærð og áhættusnið.“

- e) Ákvæði 3. og 4. mgr. falla brott.

- 76) Ákvæðum 151. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna útlánaáættu að því er varðar áhættuskuldbindingar sem tilheyra einum af þeim flokkum áhættuskuldbindinga sem um getur í a-lið, i- eða ii-lið aa-liðar, b-lið, i-lið, ii-lið eða iii-lið c-liðar, i-lið, ii-lið, iii-lið eða iv-lið d-liðar eða g-lið 2. mgr. 147. gr., skulu, nema áhættuskuldbindingarnar séu dregnar frá eiginfjágrunni eða falli undir meðferðina sem sett er fram í fyrstu undirgrein 5. mgr. 72. gr. e, reiknaðar út í samræmi við 2. undirþátt.“

- b) Ákvæði 4. mgr. falla brott.

- c) Í stað 7., 8. og 9. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Að því er smásöluáhættuskuldbindingar varðar skulu stofnanir leggja fram eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og útlánabreytistuðlum samkvæmt innramatsaðferð eftir atvikum skv. 8. mgr. og 8. mgr. b 166. gr. í samræmi við 143. gr. og 6. þátt. Stofnanir skulu nota útlánabreytistuðla samkvæmt staðalaðferð þar sem 8. mgr. og 8. mgr. b 166. gr. heimila ekki notkun á útlánabreytistuðlum samkvæmt innramatsaðferð.“

8. Stofnanir skulu, að því er varðar eftirfarandi áhættuskuldbindingar, nota þau gildi taps að gefnum vanefndum sem sett eru fram í 1. mgr. 161. gr. og útlánabreytistuðul samkvæmt staðalaðferð í samræmi við 8. mgr., 8. mgr. a og 8. mgr. b 166. gr.:

- a) áhættuskuldbindingar sem úthlutað er í áhættuskuldbindingaflokkinn sem um getur í b-lið 2. mgr. 147. gr.,

- b) áhættuskuldbindingar vegna annarra aðila á fjármálamarkaði en þeirra sem um getur í a-lið þessarar undirgreinar,

- c) áhættuskuldbindingar gagnvart stórum fyrirtækjum sem úthlutað er í áhættuskuldbindingaflokkinn sem um getur í ii-lið c-liðar 2. mgr. 147. gr.

Stofnanir skulu beita því virði fyrir tap að gefnum vanefndum sem sett er fram í 1. mgr. 161. gr. og útlánabreytistuðum samkvæmt staðalaðferð í samræmi við 8. mgr., 8. mgr. a og 8. mgr. b 166. gr., að því er varðar áhættuskuldbindingar sem tilheyra flokkum áhættuskuldbindinga sem um getur í a-lið, i. eða ii. lið aa-liðar eða i-lið, ii-lið eða iii-lið c-liðar 2. mgr. 147. gr., að undanskildum áhættuskuldbindingum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, nema þeim hafi verið heimilað að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og útlánabreytistuðul samkvæmt innramatsaðferð vegna þessara áhættuskuldbindinga í samræmi við 9. mgr. þessarar greinar.

9. Að því er varðar áhættuskuldbindingarnar sem um getur í annarri undirgrein 8. mgr. þessarar greinar skal lögbæra yfirvaldið heimila stofnunum að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og útlánabreytistuðul samkvæmt innramatsaðferð eftir atvikum skv. 8. mgr. og 8. mgr. b 166. gr. í samræmi við 143. gr. og 6. þátt.“

- d) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„11. Að því er varðar áhættuskuldbindingar í formi hlutabréfa eða eininga í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem tilheyra áhættuskuldbindingaflokknum sem um getur í ea-lið 2. mgr. 147. gr. skulu stofnanir beita meðferðinni sem sett er fram í 152. gr., nema þessar áhættuskuldbindingar séu dregnar frá eiginfjárgrunni eða falli undir meðferðina sem sett er fram í fyrstu undirgrein 5. mgr. 72. gr. e.“

- 77) Ákvæðum 152. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir e-lið 4. mgr. 92. gr. mega stofnanir sem reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við 1. eða 2. mgr. þessarar greinar reikna út eiginfjárgrunnskröfur að því er varðar leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis áhættuskuldbindinga í formi afleiðna þess sjóðs sem fjárhæð sem samsvavar 50% af eiginfjárgrunnskröfu vegna þessara áhættuskuldbindinga sem reiknuð er í samræmi við 3., 4. eða 5. þátt 6. kafla í þessum bálki, eftir því sem við á.“

- b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Stofnanir sem beita gegnsæisaðferðinni í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar og sem nota ekki aðferðirnar sem settar eru fram í þessum kafla eða í 5. kafla, eftir því sem við á, að því er varðar allar eða hluta undirliggjandi áhættuskuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu skulu reikna út fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindinga og fjárhæðir vænts taps vegna allra eða þessara hluta undirliggjandi áhættuskuldbindinga í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

- a) að því er varðar undirliggjandi áhættuskuldbindingar sem myndu falla í flokk áhættuskuldbindinga sem um getur í e-lið 2. mgr. 147. gr. skulu stofnanir beita staðalaðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. kafla,
- b) að því er varðar áhættuskuldbindingar sem falla undir liði sem mynda verðbréfaðar stöður sem um getur í f-lið 2. mgr. 147. gr. skulu stofnanir nota meðferðina sem sett er fram í 254. gr. eins og þessar stöður væru í beinni vörslu þessara stofnana,
- c) að því er varðar allar aðrar undirliggjandi áhættuskuldbindingar skulu stofnanir beita staðalaðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. kafla.“

- 78) Ákvæðum 153. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Áhættuvegnar fjárhæðir áhættuskuldbindinga vegna áhættuskuldbindinga gagnvart ríkisstjórnnum og seðlabönkum, héraðsstjórnnum, staðaryfirvöldum og opinberum aðilum, áhættuskuldbindingar gagnvart stofnunum og áhættuskuldbindingar gagnvart fyrirtækjum“.

- b) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

- i. Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Með fyrirvara um beitingu þeirrar sértæku meðferðar sem mælt er fyrir um í 2. og 4. mgr. skal reikna út fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindinga vegna áhættuskuldbindinga gagnvart ríkisstjórnnum og seðlabönkum, áhættuskuldbindinga gagnvart héraðsstjórnnum, staðaryfirvöldum og opinberum aðilum, áhættuskuldbindinga gagnvart stofnunum og áhættuskuldbindinga gagnvart fyrirtækjum samkvæmt eftirfarandi formúlum:“

ii. Í stað iii.-liðar kemur eftirfarandi:

„iii. ef  $0 < PD < 1$  þá:

$$RW = \left( LGD \cdot N \left( \frac{1}{\sqrt{1-R}} \cdot G(PD) + \sqrt{\frac{R}{1-R}} \cdot G(0,999) \right) - LGD \cdot PD \right) \cdot \frac{1 + (M - 2,5) \cdot b}{1 - 1,5 \cdot b} \cdot 12,5$$

þar sem:

N = dreififall fyrir slembibreytu með staðlaða normaldreifingu, þ.e.  $N(x)$  er jafnt og líkur á að normaldreifð slembibreyta með meðalgildi 0 og dreifnifervik 1 sé minni en eða jöfn og x,

G = andhverft dreififall fyrir slembibreytu með staðlaða normaldreifingu, þ.e. ef  $x = G(z)$ , x er gildi þannig að  $N(x) = z$ ,

R = fylgnistuðull, sem er skilgreindur sem:

$$R = 0,12 \cdot \frac{1 - e^{-50 \cdot PD}}{1 - e^{-50}} + 0,24 \cdot \left( 1 - \frac{1 - e^{-50 \cdot PD}}{1 - e^{-50}} \right)$$

b = leiðréttingastuðull líftíma, sem er skilgreindur sem:

$$b = [0,11852 - 0,05478 \cdot \ln(PD)]^2;$$

M = líftími gefinn upp í árum og ákvarðaður í samræmi við 162. gr.“

c) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna stórra eftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði og óeftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði skal margfalda fylgnistuðulinn R sem um getur í iii. lið 1. mgr. eða 4. mgr., eftir því sem við á, með 1,25 þegar áhættuvog þessara áhættuskuldbindinga er reiknuð út.“

d) Ákvæði 3. mgr. falla brott.

e) Í stað 9. mgr. kemur eftirfarandi:

„9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina hvernig stofnanir eigi að taka tillit til þeirra þátta sem um getur í annarri undirgrein 5. mgr. þegar áhættuvog fyrir sértækar lánaá-hættuskuldbindingar er ákvörðuð.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2026.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

79) Ákvæðum 154. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað ii. liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„ii. ef  $PD < 1$  þá:

$$RW = \left( LGD \cdot N \left( \frac{1}{\sqrt{1-R}} \cdot G(PD) + \sqrt{\frac{R}{1-R}} \cdot G(0,999) \right) - LGD \cdot PD \right) \cdot 12,5$$

þar sem:

N = dreififall fyrir slembibreytu með staðlaða normaldreifingu, þ.e.  $N(x)$  er jafnt og líkur á að normaldreifð slembibreyta með meðalgildi 0 og dreifnifervik 1 sé minni en eða jöfn og x,

G = andhverft dreififall fyrir slembibreytu með staðlaða normaldreifingu, þ.e. ef  $x = G(z)$ ,  $z$  er gildi þannig að  $N(x) = z$ ,

R = fylgnistuðull, sem er skilgreindur sem:

$$R = 0,03 \cdot \frac{1 - e^{-35 \cdot PD}}{1 - e^{-35}} + 0,16 \cdot \left( 1 - \frac{1 - e^{-35 \cdot PD}}{1 - e^{-35}} \right)$$

“.

b) Ákvæði 2. mgr. falla brott.

c) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Að því er varðar smásöluáhættuskuldbindingar sem eru ekki í vanskilum og eru tryggðar í heild eða að hluta með íbúðarhúsnæði, skal fylgnistuðullinn (R) 0,15 koma í stað tölunnar sem verður til í fylgnistuðulsformúlunni í 1. mgr.

Áhættuvog sem reiknuð er út fyrir áhættuskuldbindingu sem er tryggð að hluta með íbúðarhúsnæði skv. ii. lið 1. mgr., með tilliti til fylgnistuðuls R eins og sett er fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skal bæði beitt á tryggðan og ótryggðan hluta þeirrar áhættuskuldbindingar.“

d) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Að því er varðar fullgildra hlaupandi smásöluáhættuskuldbindingar sem eru ekki í vanskilum skal fylgnistuðullinn (R) 0,04 koma í stað tölunnar sem verður til í fylgnistuðulsformúlunni í 1. mgr.

Lögbær yfirvöld skulu endurskoða hlutfallslegt flókt tapshlutfalla mismunandi fullgildra hlaupandi smásöluáhættuskuldbindinga sem tilheyra sömu tegund áhættuskuldbindinga, ásamt summu áhættuskuldbindingaflokks fullgildra hlaupandi smásöluáhættuskuldbindinga, og deila upplýsingum um dæmigerð einkenni fullgildra hlaupandi tapshlutfalla smásölu með aðildarríkjum og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni.“

80) Ákvæði 155. gr. falla brott.

81) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 157. gr.:

„6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina nánar:

a) aðferðafæðina við útreikning á fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna, þ.m.t. viðurkenningu á mildun útlánaáhættu í samræmi við 4. mgr. 160. gr., og skilyrðin fyrir notkun á eigin mati og breytum varaaðferðarinnar,

b) mat á viðmiðuninni um að áhættuskuldbindingar séu lítilvægar fyrir þá tegund áhættuskuldbindinga sem um getur í 5. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2027.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

82) Ákvæðum 158. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Vænt tap (EL) og fjárhæðir vænts taps hvað varðar áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana, ríkja og seðlabanka, héraðsstjórna, staðaryfirvalda og opinberra aðila og smásöluáhættuskuldbindingar skulu reiknaðar út samkvæmt eftirfarandi formúlum:

$$Vænt tap (EL) = PD * LGD$$

fjárhæð vænts taps = EL [margfaldað með] áhættuskuldbindingarvirði.

Að því er varðar áhættuskuldbindingar í vanskilum (PD = 100%), þar sem stofnanir nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum, skal EL vera EL<sub>BE</sub>, sem er besta mat stofnunar á væntu tapi hvað varðar áhættuskuldbindingu í vanskilum í samræmi við h-lið 1. mgr. 181. gr.“

b) Ákvæði 7., 8. og 9. mgr. falla brott.

83) Í stað 159. gr. kemur eftirfarandi:

„159. gr.

**Meðferð fjárhæða vænts taps, halla samkvæmt innramatsaðferðinni og afgangi samkvæmt innramatsaðferðinni**

1. Stofnanir skulu draga fjárhæðir vænts taps áhættuskuldbindinga sem um getur í 5., 6. og 10. mgr. 158. gr. frá samtölu alls eftirfarandi:

- a) almennar og sértækar leiðréttingar á útlánaáættu sem tengjast þessum áhættuskuldbindingum, reiknaðar út í samræmi við 110. gr.,
- b) viðbótarvirðisbreytingar vegna vanskila mótaðila sem ákvarðaðar eru í samræmi við 34. gr. og tengjast áhættuskuldbindingum sem vænt tap er reiknað fyrir í samræmi við 5., 6. og 10. mgr. 158. gr.,
- c) aðrar lækkanir á eiginfjárgrunni sem tengjast þessum áhættuskuldbindingum, aðrar en þær sem dregnar eru frá í samræmi við m-lið 1. mgr. 36. gr.

Ef útreikningurinn sem gerður er í samræmi við fyrstu undirgrein skilar jákvæðri fjárhæð skal fjárhæðin sem fæst nefnd „afgangur samkvæmt innramatsaðferð“. Ef útreikningurinn sem gerður er í samræmi við fyrstu undirgrein skilar neikvæðri fjárhæð skal fjárhæðin sem fæst nefnd „halli samkvæmt innramatsaðferð“.

2. Að því er varðar útreikninginn sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir fara með afslátt, sem ákvarðaður er í samræmi við 1. mgr. 166. gr. á áhættuskuldbindingum í efnahagsreikningi, sem keyptar eru þegar þær eru í vanskilum, á sama hátt og sértækar leiðréttingar á útlánaáættu. Ekki skal heimilt að taka með í útreikninginn á halla eða afgangi samkvæmt innramatsaðferð afslætti á áhættuskuldbindingum í efnahagsreikningi sem keyptar eru þegar þær eru ekki í vanskilum. Ekki skal nota sértækar leiðréttingar á útlánaáættu vegna áhættuskuldbindinga í vanskilum til þess að mæta fjárhæðum vænts taps af öðrum áhættuskuldbindingum. Fjárhæðir vænts taps vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga og almennra og sértækra leiðréttinga á útlánaáættu tengdum þeim áhættuskuldbindingum skulu ekki taldar með í þeim útreikningi á halla eða afgangi samkvæmt innramatsaðferð.“

84) Eftirfarandi undirþætti er bætt við á eftir 4. þætti í þriðja hluta „Líkur á vanefndum, tap að gefnum vanefndum og binditími“:

„Undirþáttur - 1

**Áhættuskuldbindingar sem falla undir ábyrgðir sem aðildarríki, ríkisstjórnir og seðlabankar eða Seðlabanki Evrópu veita**

159. gr. a

**Frávik frá beitingu á ilagsgólfum fyrir líkur á vanefndum, tap að gefnum vanefndum og útlánabreytistuðul**

Að því er varðar 3. kafla, einkum 160. gr. (1. mgr.), 161. gr. (4. mgr.), 164. gr. (4. mgr.) og 166. gr. (8. mgr. c), ef áhættuskuldbinding fellur undir hæfa ábyrgð veitta af ríkisstjórn eða seðlabanka eða Seðlabanka Evrópu skal ilagsgólf vegna líka á vanefndum, taps að gefnum vanefndum og útlánabreytistuðla ekki gilda um þann hluta áhættuskuldbindingarinnar sem fellur undir þá ábyrgð. Sá hluti áhættuskuldbindingarinnar sem ekki fellur undir þá ábyrgð skal þó falla undir viðkomandi ilagsgólf fyrir líkur á vanefndum, tapi að gefnum vanefndum og útlánabreytistuðla.“

85) Eftirfarandi kemur í stað yfirskriftar í undirþætti 1 í þriðja hluta, II. bálki, 3. kafla, 4. þætti:

„Áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana, ríkja og seðlabanka, héraðsstjórna, staðaryfirvalda og opinberra aðila“.

86) Ákvæðum 160. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Að því er varðar áhættuskuldbindingar sem úthlutað er í flokka áhættuskuldbindinga sem um getur í b-lið eða i., ii. eða iii. lið c-liðar 2. mgr. 147. gr., í þeim eina tilgangi að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðir vænts taps af þeim áhættuskuldbindingum, einkum að því er varðar 153. og 157. gr. og 158. gr. (1., 5. og 10. mgr.), skal gildið fyrir líkur á vanefndum sem notað er fyrir hverja áhættuskuldbindingu sem ílag fyrir fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og reiknireglur fyrir vænt tap ekki vera lægra en eftirfarandi gildi ilagsgólfis fyrir líkur á vanefndum: 0,05%.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a. Að því er varðar áhættuskuldbindingar sem úthlutað er í flokka áhættuskuldbindinga, sem um getur í i. eða ii. lið aa-liðar 2. mgr. 147. gr., í þeim eina tilgangi að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps af þeim áhættuskuldbindingum, skal gildið fyrir vænt tap sem notað er fyrir hverja áhættuskuldbindingu sem ílag fjárhæðar áhættuveginna áhættuskuldbindinga og reiknireglur vænts taps, ekki vera lægri en eftirfarandi gildi ilagsgólfis fyrir líkur á vanefndum: 0,03%.“

c) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Að því er varðar áhættuskuldbindingu sem fellur undir ófjármagnaða útlánavörn getur stofnun, sem notar eigið mat á tapi að gefnum vanefndum skv. 143. gr., bæði að því er varðar áhættuskuldbindinguna sem ófjármagnaða útlánavörnin ver og sambærilegar beinar áhættuskuldbindingar gagnvart veitanda útlánavarnar, tekið tillit til ófjármöggnuðu útlánavarnarinnar þegar kemur að líkum á vanefndum í samræmi við 183. gr.“

d) Ákvæði 5. mgr. falla brott.

e) Í stað 6. og 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Að því er varðar þynningaráhættu keypra viðskiptakrafna fyrirtækja skal setja líkur á vanefndum jafnar mati á væntu tapi stofnunarinnar vegna þynningaráhættu. Stofnun, sem fengið hefur heimild lögbærs yfirvalds skv. 143. gr. til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum að því er varðar áhættuskuldbindingar fyrirtækja og getur sundurliðað mat sitt á væntu tapi, að því er varðar þynningaráhættu vegna keypra viðskiptakrafna fyrirtækja, í líkur á vanefndum og tap að gefnum vanefndum á þann hátt sem lögbært yfirvald telur áreiðanlegan, er heimilt að nota mat sitt á líkum á vanefndum sem leiðir af þessari sundurliðun. Stofnunum er heimilt að taka tillit til ófjármagnaðrar útlánavarnar við ákvörðun á gildi fyrir líkur á vanefndum í samræmi við 4. kafla.

7. Stofnun, sem fengið hefur heimild lögbærs yfirvalds skv. 143. gr. til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum að því er varðar þynningaráhættu vegna keypra viðskiptakrafna fyrirtækja, er heimilt að færa ófjármagnaða útlánavörn með því að aðlaga gildi fyrir líkur á vanefndum, með fyrirvara um 3. mgr. 161. gr.“

87) Ákvæðum 161. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) forgangsáhættuskuldbindingar án hæfrar fjármagnaðrar útlánavarnar vegna ríkisstjórna og seðlabanka, aðila á fjármálamarkaði og héraðsstjórna, staðaryfirvalda og opinberra aðila: 45%,“

ii. Eftirfarandi lið er bætt við:

„aa) forgangsáhættuskuldbindingar án hæfrar fjármagnaðrar útlánavarnar vegna fyrirtækja sem ekki eru aðilar á fjármálamarkaði: 40%,“.

iii. Ákvæði c-liðar falla brott.

iv. Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) áhættuskuldbindingar í formi keypra forgangsviðskiptakrafna fyrirtækja, ef stofnun getur ekki metið gildi fyrir líkur á vanefndum eða mat hennar á slíku gildi uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í 6. þætti: 40%,“.

v. Í stað g-liðar kemur eftirfarandi:

„g) þynningaráhætta keypra viðskiptakrafna fyrirtækja: 100%.“

b) Í stað 3. og 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Að því er varðar áhættuskuldbindingu sem fellur undir ófjármagnaða útlánavörn getur stofnun, sem notar eigið mat á tapi að gefnum vanefndum skv. 143. gr., bæði að því er varðar áhættuskuldbindinguna sem ófjármagnaða útlánavörnin ver og sambærilegar beinar áhættuskuldbindingar gagnvart veitanda útlánavarnar, tekið tillit til ófjármagnaðrar útlánavarnar þegar kemur að tapi að gefnum vanefndum í samræmi við 183. gr.

4. Að því er varðar áhættuskuldbindingar sem úthlutað er í flokka áhættuskuldbindinga sem um getur í i., ii. eða iii. lið c-liðar 2. mgr. 147. gr., í þeim eina tilgangi að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðir vænts taps af þeim áhættuskuldbindingum, einkum að því er varðar 153. gr. (iii-lið 1. mgr.), 157. gr. og 158. gr. (1., 5. og 10. mgr.), þegar eigið mat á tapi að gefnum vanefndum er notað skal gildið fyrir tap að gefnum vanefndum fyrir hverja áhættuskuldbindingu sem notað er sem ilag fyrir fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og reiknireglur fyrir vænt tap ekki vera lægra en eftirfarandi gildi ilagsgólfs fyrir tap að gefnum vanefndum, reiknað út í samræmi við 6. mgr. þessarar greinar.

Tafla 1

Ílagsgólf fyrir tap að gefnum vanefndum ( $LGD_{floor}$ ) fyrir áhættuskuldbindingar sem tilheyra flokkum áhættuskuldbindingum sem um getur í i., ii. eða iii. lið c-liðar 2. mgr. 147. gr.

| Áhættuskuldbinding án hæfrar fjármagnaðrar útlánavarnar ( $LGD_{U-floor}$ ) | Áhættuskuldbinding sem er að fullu tryggt með hæfri fjármagnaðri útlánavörn ( $LGD_{S-floor}$ ) |     |
|-----------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------|-----|
| 25%                                                                         | fjárhagslegar tryggingar                                                                        | 0%  |
|                                                                             | viðskiptakröfur                                                                                 | 10% |
|                                                                             | íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði                                                              | 10% |
|                                                                             | aðrar áþreifanlegar tryggingar                                                                  | 15% |

“.

c) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„5. Að því er varðar áhættuskuldbindingar sem úthlutað er í flokka áhættuskuldbindinga sem um getur í i. eða ii. lið aa-liðar 2. mgr. 147. gr., í þeim eina tilgangi að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðir vænts taps af þeim áhættuskuldbindingum, einkum að því er varðar 153. gr. (iii-lið 1. mgr.), 157. gr. og 158. gr. (1., 5. og 10. mgr.), þegar eigið mat á tapi að gefnum vanefndum er notað skal gildið fyrir tap að gefnum vanefndum sem er notað sem ilag fyrir fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og reiknireglur fyrir vænt tap fyrir áhættuskuldbindingar án hæfrar fjármagnaðrar útlánavarnar ekki vera lægra en eftirfarandi gildi ilagsgólfs fyrir tap að gefnum vanefndum: 5%.

6. Að því er varðar 4. mgr. þessarar greinar skal ilagsgólf fyrir tap að gefnum vanefndum í töflu 1 í þeirri málsgrein fyrir áhættuskuldbindingar sem eru að fullu tryggtar með hæfri fjármagnaðri útlánavörn eiga við þegar virði fjármagnaðrar útlánavarnar, eftir beitingu viðkomandi jöfnunar flöks  $H_c$  og  $H_{fx}$  í samræmi við 230. gr., er jafnt eða hærri en virði undirliggjandi áhættuskuldbindingar.

Að því er varðar 4. mgr. þessarar greinar og vegna beitingar viðeigandi tengdra leiðréttinga, skulu  $H_c$  og  $H_{fx}$  í samræmi við 230. gr., fjármögnuð útlánavörn vera hæf samkvæmt þessum kafla. Í því tilviki skal skilja tegund fjármagnaðrar útlánavarnar „aðrar efnislegar tryggingar“ í töflu 1 í 230. gr. sem „aðrar efnislegar tryggingar og aðrar hæfar tryggingar“.

Viðeigandi ilagsgólf taps að gefnum vanefndum ( $LGD_{floor}$ ) fyrir áhættuskuldbindingu sem er að hluta til tryggt með fjármagnaðri útlánavörn er reiknað út sem meðal áhættuvog  $LGD_{U-floor}$  fyrir þann hluta áhættuskuldbindingarinnar sem er án fjármagnaðrar útlánavarnar og  $LGD_{S-floor}$  fyrir fulltryggða hlutann, með eftirfarandi hætti:

$$LGD_{floor} = LGD_{U-floor} \cdot \frac{E_U}{E \cdot (1 + H_E)} + LGD_{S-floor} \cdot \frac{E_S}{E \cdot (1 + H_E)}$$

þar sem:

$LGD_{U-floor}$  og  $LGD_{S-floor}$  eru viðeigandi gólfildi í töflu 1,

E, Es, Eu og He eru ákveðin í samræmi við 230. gr.

7. Ef stofnun sem notar eigið mat á tapi að gefnum vanefndum vegna tiltekinnar tegundar ótryggðra áhættuskuldbindinga gagnvart fyrirtækjum og ótryggðra áhættuskuldbindinga gagnvart héraðsstjórnunum, staðaryfirvöldum og opinberum aðilum getur ekki tekið tillit til áhrifa fjármagnaðrar útlánavarnar sem tryggir eina af áhættuskuldbindingum þeirrar tegundar áhættuskuldbindingar í eigin mati á tapi að gefnum vanefndum vegna skorts á gögnum um endurheimtur vegna þeirrar fjármögnuðu útlánavarnar skal stofnuninni heimilt að beita formúlunni sem sett er fram í 230. gr., með þeirri undantekningu að LGDu í þeirri formúlu skal vera eigið mat stofnunarinnar á tapi að gefnum vanefndum vegna ótryggðra áhættuskuldbindinga. Í því tilviki skal fjármagnaða útlánavörnin vera hæf í samræmi við 4. kafla og eigið mat stofnunarinnar á tapi að gefnum vanefndum, sem notað er sem LGDu, skal reiknað á grundvelli undirliggjandi gagna um tap að undanskildum endurheimtum sem leiða af þessari fjármögnuðu útlánavörn.“

88) Ákvæðum 162. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Að því er varðar áhættuskuldbindingar þar sem stofnun hefur ekki fengið heimild lögbærra yfirvalda til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum fyrir skal líftímagildi (M) beitt með samræmdum hætti og skal það annaðhvort ákveðið sem 2,5 ár, nema að því er varðar áhættuskuldbindingar sem stafa af fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, þar sem M skal vera 0,5 ár, eða að öðrum kosti reiknað út í samræmi við 2. mgr.“

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar áhættuskuldbindingar þar sem stofnun beitir eigin mati á tapi að gefnum vanefndum skal líftímagildi (M) reiknað út með því að nota tímabil í árum talið, eins og sett er fram í þessari málsgrein og með fyrirvara um 3., 4. og 5. mgr. þessarar greinar. M skal ekki vera lengri en fimm ár nema í þeim tilvikum sem tilgreind eru í 2. mgr. 384. gr. en þá skal nota M sem þar er tilgreint. Reikna skal M á eftirfarandi hátt í sérhverju eftirfarandi tilvika:“

ii. Eftirfarandi liðum er bætt við:

„da) að því er varðar tryggð útlánaviðskipti, sem eru háðar rammasamningi um skuldajöfnun, skal M vera vegið meðaltal líftíma viðskiptanna, þar sem M skal vera a.m.k. 20 dagar og grundvallarfjárhæð hverra viðskipta skal notuð til að vega líftímann,

db) að því er varðar rammasamning um skuldajöfnun, sem tekur til fleiri en einnar tegundar viðskipta sem samsvarar c-, d- eða da-lið þessarar málsgreinar, skal M vera veginn eftirstöðvatími viðskiptanna þar sem M skal vera a.m.k. lengsta fjárfestingartímabilið, sett fram í árum, sem á við slík viðskipti eins og kveðið er á um í 2. mgr. 224. gr., annaðhvort 10 dagar eða 20 dagar, eftir atvikum; grundvallarfjárhæð hverra viðskipta skal notuð til að vega líftímann.“

iii. Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) að því er varðar aðra gerninga en þá sem tilgreindir eru í þessari málsgrein eða þar sem stofnun er ekki í aðstöðu til að reikna út M eins og segir í a-lið skal M vera hámarkseftirstöðvatími í árum talið sem loforðsgjafanum er heimilt að taka til að ljúka að fullu samningsbundnum skuldbindingum sínum, þ.m.t. höfuðstóll, vextir og gjöld, þar sem M er a.m.k. eitt ár.“

iv. Í stað i- og j-liðar kemur eftirfarandi:

„i) að því er varðar stofnanir sem nota aðferðirnar sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. 382. gr. a, til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu viðskipta við tiltekinn mótaðila, skal M ekki vera hærra en 1 í formúlunni sem sett er fram í iii. lið 1. mgr. 153. gr., að því er varðar útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna mótaðilaáhættu vegna sömu viðskipta, eins og um getur í a- eða g-lið 4. mgr. 92. gr., eftir því sem við á,

j) að því er varðar hlaupandi áhættuskuldbindingar skal M ákvarðaður út frá hámarkssamningsbundinni loka-dagsetningu fyrirgreiðslunnar; stofnanir skulu ekki nota endurgreiðsludagsetningu núgildandi ádráttar ef sú dagsetning er ekki hámarkssamningsbundin lokadagsetning fyrirgreiðslunnar.“

c) Ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsorðanna í fyrstu undirgrein kemur eftirfarandi:

“Þegar gögn krefjast daglegrar endurskoðunar á tryggingarþekju og daglegs endurmats og fela í sér ákvæði sem heimila skjóta sölu eða jöfnun tryggingar komi til vanskila eða vanefnda á endurskoðun tryggingarþekju skal M vera vegið meðaltal eftirstöðvatíma viðskiptanna og skal M vera a.m.k. einn dagur fyrir.”

ii. Öðrum undirlið er breytt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) auðseljanlegrar skammtímatryggingar og keyptar viðskiptakröfur fyrirtækja, að því tilskildu að eftirstöðvatími viðkomandi áhættuskuldbindinga sé allt að eitt ár.“

2) Eftirfarandi lið er bætt við:

„e) útgefnar sem og staðfestar bankaábyrgðir sem gilda til skamms tíma, þ.e.a.s. þær hafa líftíma sem er skemmri en eitt ár, og eru auðseljanlegar.“

d) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Stofnunum er heimilt að velja að setja fyrir allar slíkar áhættuskuldbindingar M, eins og sett er fram í 1. mgr., þær áhættuskuldbindingar gagnvart fyrirtækjum með staðfestu í Sambandinu sem eru ekki stór fyrirtæki í stað þess að beita 2. mgr.“

e) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„6. Þegar lágmarksfjöldi daga er sýndur í árum, eins og um getur í c- til db-lið 2. mgr. og 3. mgr., skal deila lágmarksfjölda daga með 365,25.“

89) Ákvæðum 163. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Einungis í þeim tilgangi að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps af þeim áhættuskuldbindingum, og einkum að því er varðar 154. og 157. gr. og 158. gr. (1., 5. og 10. mgr.), skulu líkur á vanefndum vegna hversrar áhættuskuldbindingar sem notuð er sem ílag í fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og reikni-reglur vænts taps vera það sem herra er af eins árs líkum á vanefndum í tengslum við innri lántakaflokk eða -safn sem smásöluáhættuskuldbindingin er flokkuð í og eftirfarandi gildi ílagsgólfis fyrir líkur á vanefndum:

a) 0,1% fyrir fullgildar hlaupandi smásöluáhættuskuldbindingar,

b) 0,05% fyrir smásöluáhættuskuldbindingar sem eru ekki fullgildar hlaupandi smásöluáhættuskuldbindingar.“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Að því er varðar áhættuskuldbindingu sem fellur undir ófjármagnaða útlánavörn getur stofnun, sem notar eigið mat á tapi að gefnum vanefndum skv. 143. gr., fyrir sambærilegar beinar áhættuskuldbindingar gagnvart veitanda útlánavarnar, tekið tillit til ófjármögnuðu útlánavarnarinnar þegar kemur að líkum á vanefndum í samræmi við 183. gr.“

90) Ákvæðum 164. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnanir skulu setja fram eigið mat á tapi að gefnum vanefndum með fyrirvara um kröfurnar í 6. þætti þessa kafla og heimild lögbærra yfirvalda í samræmi við 143. gr. Nota skal 100% gildi fyrir tap að gefnum vanefndum vegna þynningaráhættu keypra viðskiptakrafna. Ef stofnun getur sundurliðað mat sitt á væntu tapi vegna þynningaráhættu keypra viðskiptakrafna í líkur á vanefndum og tap að gefnum vanefndum á áreiðanlegan hátt er henni heimilt að nota mat sitt á líkum á vanefndum.

2. Stofnanir, sem nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum skv. 143. gr., fyrir sambærilegar beinar áhættuskuldbindingar gagnvart veitanda útlánavarnar, geta tekið tillit til ófjármögnuðu útlánavarnarinnar þegar kemur að líkum á vanefndum í samræmi við 183. gr.“

b) Ákvæði 3. mgr. falla brott.

c) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Í þeim eina tilgangi að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðir vænts taps af áhættuskuldbindingum, einkum að því er varðar 154. gr. (ii-lið 1. mgr.), 157. gr. og 158. gr. (1., 5. og 10. mgr.), skal gildið fyrir tap að gefnum vanefndum fyrir hverja áhættuskuldbindingu sem notað er sem ílag fyrir fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og reiknireglur fyrir vænt tap ekki vera lægra en gildi ílagsgólfs fyrir tap að gefnum vanefndum sem sett eru fram í töflu 1, reiknað út í samræmi við 4. mgr. a þessarar greinar:

Tafla 1

| Ílagsgólf fyrir tap að gefnum vanefndum ( $LGD_{floor}$ ) vegna smásöluáhættuskuldbindinga |                                                                                  |                                                                                |            |
|--------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------|------------|
| Áhættuskuldbinding án fjármagnaðrar útlánavarnar ( $LGD_{U-floor}$ )                       | Áhættuskuldbinding sem er tryggt með fjármagnaðri útlánavörn ( $LGD_{S-floor}$ ) |                                                                                |            |
| Smásöluáhættuskuldbindingar sem eru tryggðar með íbúðarhúsnæði                             | Á ekki við                                                                       | Smásöluáhættuskuldbindingar sem eru tryggðar með íbúðarhúsnæði                 | 5%         |
| Fullgildar hlaupandi smásöluáhættuskuldbindingar                                           | 50%                                                                              | Fullgildar hlaupandi smásöluáhættuskuldbindingar                               | Á ekki við |
| Aðrar smásöluáhættuskuldbindingar                                                          | 30%                                                                              | Önnur smásöluáhættuskuldbinding sem er tryggt með fjárhagslegri tryggingu      | 0%         |
|                                                                                            |                                                                                  | Önnur smásöluáhættuskuldbinding sem er tryggt með viðskiptakröfum              | 10%        |
|                                                                                            |                                                                                  | Önnur smásöluáhættuskuldbinding sem er tryggt með íbúðar- eða viðskiptahúsnæði | 10%        |
|                                                                                            |                                                                                  | Önnur smásöluáhættuskuldbinding sem er tryggt með fjárhagslegri tryggingu      | 15%        |

“.

d) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4a. Að því er varðar 4. mgr. skal eftirfarandi eiga við:

- ílagsgólf fyrir tap að gefnum vanefndum í töflu 1 í 4. mgr. skal gilda um áhættuskuldbindingar sem eru tryggðar með fjármagnaðri útlánavörn þegar fjármagnaða útlánavörmin er hæf samkvæmt þessum kafla,
- að undanskildum smásöluáhættuskuldbindingum sem tryggðar eru með íbúðarhúsnæði skulu lágmörk taps að gefnum vanefndum í 4. mgr., töflu 1, í þessari grein gilda um áhættuskuldbindingar sem eru að fullu tryggðar með fjármagnaðri útlánavörn þar sem virði fjármálamarkaðsaðgerða, eftir beitingu viðeigandi jöfnunar flöks í samræmi við 230. gr., er jafnt eða hærri en áhættuskuldbindingarvirði undirliggjandi áhættuskuldbindingar; til að beita viðeigandi tengdum leiðréttingum skulu  $H_c$  og  $H_{fx}$  í samræmi við 230. gr., fjármagnaðar útlánavarnir teljast hæfar samkvæmt þessum kafla,
- að frátöldum smásöluáhættuskuldbindingum sem tryggðar eru með íbúðarhúsnæði skal viðeigandi ílagsgólf taps að gefnum vanefndum vegna áhættuskuldbindingar sem er tryggt að hluta með fjármagnaðri útlánavörn reiknað í samræmi við formúluna sem sett er fram í 6. mgr. 161. gr.,
- að því er varðar smásöluáhættuskuldbindingar sem eru tryggðar með íbúðarhúsnæði skal viðeigandi ílagsgólf taps að gefnum vanefndum fastsett við 5% án tillits til umfangs trygginga sem lagðar eru fram með íbúðarhúsnæði.“

- e) Í stað 6. og 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Á grundvelli þeirra gagna sem safnað er skv. 430. gr. a og allra annarra mikilvægra vísa og með hliðsjón af áætlaðri þróun fasteignamarkaðar skulu lögbær yfirvöld sem tilnefnd eru í samræmi við 5. mgr. þessarar greinar meta reglubundið og a.m.k. árlega hvort gildi ilagsgólfs fyrir tap að gefnum vanefndum sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar hæfi smásöluáhættuskuldbindingum sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði eða öðrum áhættuskuldbindingum sem tryggðar eru með íbúðar- eða viðskiptahúsnæði sem staðsett er á einu eða fleiri hlutum yfirráðasvæða aðildarríkis viðkomandi yfirvalds.

Ef yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 5. mgr. kemst, á grundvelli matsins sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar, að þeirri niðurstöðu að ilagsgólf fyrir tap að gefnum vanefndum sem um getur í 4. gr. sé ekki fullnægjandi og ef það telur að ófullnægjandi lágmarksgildi taps að gefnum vanefndum geti haft veruleg áhrif á framtíðarfjármálastöðuleika í aðildarríki sínu er því heimilt að setja hærri ilagsgólf fyrir tap að gefnum vanefndum vegna þeirra áhættuskuldbindinga sem staðsettar eru á einu eða fleiri hlutum yfirráðasvæða aðildarríkis þess yfirvalds. Þessi ilagsgólf fyrir tap að gefnum vanefndum er einnig hægt að nota fyrir einn eða fleiri eignaþætti slíkra áhættuskuldbindinga.

Yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 5. mgr. skal tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópska kerfisáhætturáðinu áður en það tekur ákvörðunina sem um getur í annarri undirgrein í þessari málsgrein. Innan eins mánaðar frá viðtöku þessarar tilkynningar skulu Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska kerfisáhætturáðið senda viðkomandi aðildarríki álit. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska kerfisáhætturáðið skulu birta herra gildi ilagsgólfs fyrir tap að gefnum vanefndum sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

7. Þegar yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 5. mgr. ákvarðar herra gildi ilagsgólfs fyrir tap að gefnum vanefndum skv. 6. mgr. skulu stofnanir fá sex mánaða umbreytingarfrest til að hlíta þeim.“

- 91) Ákvæði 3. undirþáttar í 4. þætti, 3. kafla II. bóls í þriðja hluta falla brott.

- 92) Ákvæðum 166. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

*„Áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana, ríkja og seðlabanka, héraðsstjórna, staðaryfirvalda og opinberra aðila og smásöluáhættuskuldbindingar“.*

- b) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Áhættuskuldbindingarvirði liða utan efnahagsreiknings, sem eru ekki samningar eins og tilgreint er í II. viðauka, skal reiknað út með því að nota annaðhvort útlánabreytistuðul samkvæmt innramatsaðferð eða útlánabreytistuðul samkvæmt staðalaðferð, í samræmi við 8. mgr. a og 8. mgr. b þessarar greinar og 8. mgr. 151. gr.

Ef einungis ádregnir fjármunir hlaupandi fyrirgreiðslu hafa verið verðbréfaðir skulu stofnanir tryggja að þær haldi áfram að hafa yfir að ráða þeirri fjárhæð eiginfjárgrunns sem krafa er gerð um á móti óáðregnum fjárhæðum sem tengjast verðbréfuninni.

Stofnun sem hefur ekki fengið heimild til að nota útlánabreytistuðul samkvæmt innramatsaðferð skal reikna áhættuskuldbindingarvirðið sem skuldbundna en óáðregna fjárhæð, margfaldaða með viðkomandi útlánabreytistuðli samkvæmt staðalaðferð.

Stofnun sem notar útlánabreytistuðul samkvæmt innramatsaðferð skal reikna áhættuskuldbindingarvirði fyrir óáðregnar skuldbindingar sem óáðregna fjárhæð margfaldaða með útlánabreytistuðli samkvæmt innramatsaðferð.“

- c) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„8a. Fyrir áhættuskuldbindingu sem stofnun hefur ekki fengið leyfi til að nota útlánabreytistuðul samkvæmt innramatsaðferð fyrir skal gildandi útlánabreytistuðull vera útlánabreytistuðull samkvæmt staðalaðferð eins og kveðið er á um í 2. kafla fyrir sömu gerðir liða og mælt er fyrir um í 111. gr. Fjárhæðin sem útlánabreytistuðull samkvæmt staðalaðferð á að gilda um skal vera lægra gildi fjárhæðar skuldbundinnar en óáðreginnar fjárhæðar og gildi sem endurspeglar mögulega takmörkun að aðgengi að fyrirgreiðslunni, þ.m.t. hvort efri mörk séu til staðar á mögulegri fjárhæð lánveitingar sem tengist tilkynntu sjóðstreymi loforðsgjafans. Ef fyrirgreiðslan er takmörkuð með þessum hætti skal stofnunin hafa fullnægjandi vöktun innan kerfis og stjórnunaraðferðir til að styðja við tilvist þessara takmarkana.

8b. Með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda skulu stofnanir, sem uppfylla kröfurnar um notkun á útlánabreytistuðlum samkvæmt innramatsaðferð eins og tilgreint er í 6. þætti, nota útlánabreytistuðla samkvæmt innramatsaðferð sem stafa af óáðregnum hlaupandi skuldbindingum sem farið er með samkvæmt innramatsaðferðinni, að því tilskildu að þessar áhættuskuldbindingar falli ekki undir 100% útlánabreytistuðla samkvæmt staðalaðferðinni. Útlánabreytistuðlar samkvæmt staðalaðferð skulu notaðir fyrir:

- a) alla aðra liði utan efnahagsreiknings, einkum óáðregnar skuldbindingar sem ekki eru hlaupandi,
- b) áhættuskuldbindingar þar sem stofnunin uppfyllir ekki lágmarkskröfur um útreikning á útlánabreytistuðlum samkvæmt innramatsaðferð eins og tilgreint er í 6. þætti eða þar sem lögbært yfirvald hefur ekki heimilað notkun á útlánabreytistuðlum samkvæmt innramatsaðferð.

Að því er varðar þessa grein skal skuldbinding teljast „hlaupandi“ ef hún leyfir loforðsgjafa að fá lán þar sem skuldari hefur svigrúm til að ákveða hve oft hann dragi á lánið og með hvaða millibili, þar sem loforðsgjafi hefur heimild til að draga á, endurgreiða og endurdraga lán sem honum hafa verið veitt. Samningsbundið fyrirkomulag sem heimilar fyrirframgreiðslur og síðari endurádrátt á þessum fyrirframgreiðslum skal talið hlaupandi.

8c. Ef útlánabreytistuðull samkvæmt innramatsaðferð er notuð í þeim eina tilgangi að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps af áhættuskuldbindingum sem leiða af hlaupandi skuldbindingum, öðrum en áhættuskuldbindingum sem úthlutað er í flokk áhættuskuldbindinga í samræmi við a-lið 2. mgr. 147. gr., einkum skv. 153. gr. (1. mgr.), 157. gr. og 158. gr. (1. mgr., 5. mgr. og 10. mgr.), skal virði áhættuskuldbindingar fyrir hverja áhættuskuldbindingu sem notuð er sem ilag í fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindingar og formúlu fyrir vænt tap ekki vera lægra en summan af:

- a) áðreginni fjárhæð hinnar hlaupandi skuldbindingar,
- b) 50% af fjárhæð áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings þess hluta óáðreginnar hlaupandi skuldbindingar, reiknuð út með því að nota viðeigandi útlánabreytistuðul samkvæmt staðalaðferð, sem kveðið er á um í 111. gr.

Vísa skal til summu a- og b-liðar sem „útlánabreytistuðuls ilagsgólf“.

d) Ákvæði 10. mgr. falla brott.

93) Ákvæði 167. gr. falla brott.

94) Eftirfarandi undirgrein er bætt við í 3. mgr. 169. gr.:

„Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, um hvernig beita eigi í raun kröfunum um hönnun líkana, magnákvörðun áhættu, sannreyningu og beitingu áhættubreyta með því að nota samfelldan eða mjög nákvæman matskvarða fyrir hverja áhættubreytu.“

95) Ákvæðum 170. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Uppbygging matskerfa að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana, ríkja og seðlabanka og héraðsstjórna, staðaryfirvalda og opinberra aðila skal vera í samræmi við eftirfarandi kröfur:“

b) Í stað b-liðar 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) áhættueinkenna viðskipta, þ.m.t. tegundir afurða og fjármagnaðra útlánavarna, viðurkenndar ófjármagnaðar útlánavarnir, veðhlutfallsráðstafanir, árstíðabundin áhrif og forgangsröðun; stofnanir skulu taka sérstaklega á tilvikum þar sem margar áhættuskuldbindingar njóta sömu fjármögnuðu eða ófjármögnuðu útlánavarnar,“.

96) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 171. gr.:

„3. Stofnanir skulu nota tímabil sem er lengra en eitt ár við úthlutun mats. Mat á loforðsgjafa skal endurspegla mat stofnunarinnar á getu og vilja til að standa við gerða samninga þrátt fyrir óhagstæðar efnahagsaðstæður eða óvænta atburði. Matskerfi skulu hönnuð þannig að sérstæðar breytingar og, þegar þær eru verulegir áhrifavaldar áhættu fyrir viðkomandi tegund áhættuskuldbindinga, breytingar á tilteknum atvinnugreinum séu drifkraftur þess að tilfærslu á einum flokki eða safni yfir í annan eða annað. Áhrif hagsveifla geta einnig valdið tilfærslum.“

97) Ákvæðum 1. mgr. 172. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna ríkja og seðlabanka, áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna, staðar-yfirvalda og opinberra aðila, áhættuskuldbindingar vegna stofnana og áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, skal flokkun áhættuskuldbindinga framkvæmd í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:“.

- b) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) sérhver einstakur lögaðili, sem er að baki áhættuskuldbindingu stofnunarinnar, skal metinn sérstaklega,“.

- c) Eftirfarandi undirliðum er bætt við:

„Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar skal stofnun hafa viðunandi stefnur hvað varðar meðferð einstakra loforðs-gjafa sem eru viðskiptavinir, eða hóp tengdra viðskiptavina sem þeir tilheyra. Þær stefnur skulu innihalda ferla til að greina sértæka fylgniáhættu fyrir hvern lögaðila sem stofnunin stendur frammi fyrir.“

Að því er varðar 6. kafla skal fara með viðskipti við mótaðila, þar sem sértæk fylgniáhætta hefur verið greind, á annan hátt við útreikning á áhættuskuldbindingarvirði þeirra.“

- 98) Ákvæðum 173. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna ríkja og seðlabanka, áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna, staðar-yfirvalda og opinberra aðila, áhættuskuldbindingar vegna stofnana og áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, skal flokkun ferla vera í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:“.

- b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum vegna matsaðferða sem lögbær yfirlýðing fylgja við mat á heilleika flokkunarferlisins og við reglubundið og óháð mat á áhættu.“

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2026.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

- 99) Ákvæðum 174. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Stofnanir skulu nota tölfraðilegar eða aðrar stærðfræðilegar aðferðir („líkön“) til að flokka áhættuskuldbindingar í þrep eða söfn loforðsgjafa eða lánaþyrirgreiðslna. Uppfylla skal eftirfarandi kröfur:“

- b) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) líkanið skal hafa góða forspágetu og eiginfjákröfur skulu ekki raskast vegna notkunar þess,“.

- c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„Að því er varðar a-lið fyrstu málsgreinar skulu ílagsbreyturnar mynda raunhæfan og skilvirkan grunn fyrir viðkomandi spá. Líkanið skal ekki fela í sér verulegar kerfislægar skekkjur. Starfræn tenging skal vera á milli ílags og niðurstaðna líkansins, sem má ákvarða með sérfræðiáliti, eftir því sem við á.“

- 100) Ákvæðum 176. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna ríkja og seðlabanka, áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna, staðar-yfirvalda og opinberra aðila, áhættuskuldbindingar vegna stofnana og áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, skulu stofnanir safna og geyma:“

- b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Að því er varðar áhættuskuldbindingar þar sem þessi kafla heimilar notkun á eigin mati á tapi að gefnum vanefndum eða á notkun útlánabreytistuðlum samkvæmt innramatsaðferð en þar sem stofnanir nota ekki eigið mat á tapi að gefnum vanefndum eða útlánabreytistuðla samkvæmt innramatsaðferð, skulu stofnanir safna og geyma gögn um samanburð á endanlegu tapi að gefnum vanefndum og gildunum eins og sett er fram í 1. mgr. 161. gr. og á milli endanlegra útlánabreytistuðla og útlánabreytistuðla samkvæmt staðalaðferð eins og sett er fram í 8. mgr. a 166. gr.“

- 101) Ákvæðum 177. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„2a. Þær sviðsmyndir sem notaðar eru skv. 2. mgr. skulu einnig taka til UFS-áhrifapátta áhættu, einkum raunlægrar áhættu og áhrifapátta umbreytingaráhættu sem stafar af loftslagsbreytingum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, gefa út viðmiðunarreglur um beitingu 2. mgr. og 2. mgr. a.“

- b) Ákvæði 3. mgr. falla brott.

- 102) Ákvæðum 178. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Vanefndir loforðsgjafa eða lánaþingreiðslu“.

- b) Í stað b-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) veruleg lánaskuldbinding loforðsgjafans gagnvart stofnuninni, móðurfélaginu eða einhverju dótturfélaga þess er komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga.“

- c) Í stað d-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„d) stofnunin samþykkir ívilnunarráðstafanir eins og um getur í 47. gr. b fyrir lánaskuldbindingar þar sem þessi ráðstöfun er líkleg til að leiða til minnkunar í fjárskuldbindingu vegna verulegrar eftirgjafar eða frestunar á höfuðstóli, vöxtum eða, þar sem við á, þóknunum.“

- d) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við í 7. mgr.:

„Eigi síðar en 10. júlí 2025 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, til að uppfæra viðmiðunarreglurnar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Einkum skal í uppfærslunni tekið tilhlýðilegt tillit til nauðsynjar þess að hvetja stofnanir til að taka þátt í framvirkri, fyrirbyggjandi og markvissri endurskipulagningu skulda til að styðja við loforðsgjafa.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, við þróun þessara viðmiðunarreglna, taka til athugunar með viðeigandi hætti hvort þörf sé á að veita stofnunum nægilegan sveigjanleika þegar hún tilgreinir hvað felst í minnkandi fjárskuldbindingu að því er varðar d-lið 3. mgr.“

- 103) Í stað f-liðar 1. mgr. 179. gr. kemur eftirfarandi:

„f) til að vinna bug á hlutdrægni skal stofnun hafa viðeigandi leiðréttingar í mati sínu, að því marki sem mögulegt er; eftir að hafa gert viðeigandi leiðréttingar skal hún bæta við mat sitt nægilegum varúðarvirkmörkum sem tengist væntu bili matsskekknna; ef aðferðir og gögn eru ekki talin eins fullnægjandi er vænt skekkjubíl stærra og varúðarvirkmörkin skulu vera stærri.“

- 104) Ákvæðum 180. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

- i. Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Við magnákvörðun á áhættubreytum sem tengjast matsþrepum eða söfnum skulu stofnanir beita eftirfarandi sér-tækum kröfum varðandi mat á líkum á vanefndum á áhættuskuldbindingum vegna ríkja og sedlabanka og að því er varðar áhættuskuldbindingar gagnvart ríkisstjórnunum, staðaryfirvöldum og opinberum aðilum, áhættuskuldbindingum gagnvart stofnunum og áhættuskuldbindingum gagnvart fyrirtækjum.“

ii. Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) að því marki sem stofnun notar gögn, sem byggja á eigin reynslu hennar af vanskilum, við mat á líkum á vanefndum skal matið endurspegla gildandi útlánareglur og allan mismun milli matskerfisins sem framleiddi gögnin og gildandi matskerfis; hafi útlánareglur eða matskerfi breyst, eftir viðeigandi leiðréttingu, skal stofnunin bæta við rýmri varúðarvirkmörkum fyrir mat sitt á líkum á vanefndum sem tengjast væntu bili matsvillna sem viðeigandi leiðréttingar ná ekki þegar yfir,“.

iii. Í stað h-liðar kemur eftirfarandi:

„h) óháð því hvort stofnun noti ytri, innri eða sameinaðar gagnalindir eða samblöndu af þessu þrennu skal, við mat hennar á líkum á vanefndum, a.m.k. fimm ára athugunartímabil liggja til grundvallar í a.m.k. einni gagnalind,“.

iv. Eftirfarandi lið er bætt við:

„i) óháð aðferðinni sem notuð er til að meta líkur á vanefndum skulu stofnanir meta líkur á vanefndum fyrir hvert matsþrep á grundvelli sögulegs meðaltals eins árs vanskilahlutfalls sem er meðalgildi sem byggist á fjölda loforðsgjafa (talningarvegið); aðrar aðferðir, þ.m.t. áhættuvegið meðaltal, skulu ekki heimilaðar.“

v. Eftirfarandi undirgrein er bætt við:

„Að því er varðar h-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal nota lengra tímabilið ef tiltæka athugunartímabilið nær yfir lengra tímabil fyrir gagnalind og ef þessi gögn eiga við. Gögnin skulu innihalda dæmigerða blöndu góðra og slæmra ára í hagsveiflu sem á við um þessa tegund áhættuskuldbindinga. Með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda er stofnunum, sem hafa ekki fengið heimild lögbærs yfirvalds skv. 143. gr. til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum eða útlánabreytistuðla samkvæmt innramatsaðferð, heimilt að nota viðeigandi gögn, sem taka til tveggja ára, þegar þær nota innramatsaðferðina. Það tímabil skal lengjast um eitt ár á hverju ári þar til viðkomandi gögn ná yfir a.m.k. fimm ár.“

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) stofnanir skulu meta líkur á vanefndum eftir loforðsgjafa eða lánaþyrirgreiðsluþrepum eða söfnum, út frá langtíma meðaltali eins árs vanskilahlutfalla og vanskilahlutföll skulu aðeins reiknuð á lánaþyrirgreiðslustigi þegar skilgreiningu á vanskilum er beitt á einstaka lánaþyrirgreiðslu, skv. öðrum undirlið 1. mgr. 178. gr.,“.

ii. Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) óháð því hvort stofnun noti ytri, innri eða sameinaðar gagnalindir eða samblöndu af þessu þrennu skal, við mat hennar á líkum á vanefndum, a.m.k. fimm ára athugunartímabil liggja til grundvallar í a.m.k. einni gagnalind,“.

iii. Eftirfarandi undirliður er bætt við:

„Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar skulu líkur á vanefndum byggjast á mældu sögulegu meðaltali eins árs vanskilahlutfalls.“

Að því er varðar e-lið fyrstu undirgreinar skal nota lengra tímabilið ef tiltæka athugunartímabilið nær yfir lengra tímabil fyrir gagnalind og ef þessi gögn eiga við. Gögnin skulu innihalda dæmigerða blöndu góðra og slæmra ára í hagsveiflu sem á við um þessa tegund áhættuskuldbindinga. Með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda er stofnunum heimilt að nota viðeigandi gögn sem ná yfir tveggja ára tímabil þegar þær nota innramatsaðferðina. Það tímabil skal lengjast um eitt ár á hverju ári þar til viðkomandi gögn ná yfir a.m.k. fimm ár.“

c) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina aðferðafræðina sem lögbær yfirvöld skulu nota til að meta aðferðafræði stofnunar við mat á líkum á vanefndum skv. 143. gr.“

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2026.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

105) Ákvæðum 181. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað c- til g-liðar kemur eftirfarandi:

- „c) stofnun skal meta umfang tengsla annars vegar milli áhættu loforðsgjafans og hins vegar fjármagnaðrar útlánavarnar, annarri en rammamannings um skuldajöfnun og skuldajöfnunar út- og innlána í efnahagsreikningi eða veitanda hennar,
- d) gjaldmiðlamisvægi milli undirliggjandi skuldbindingar og fjármagnaðrar útlánavarnar, annarra en rammamannings um skuldajöfnun og skuldajöfnunar út- og innlána í efnahagsreikningi, skal meðhöndla af varfærni við mat stofnunar á tapi að gefnum vanefndum,
- e) að því marki sem mat á tapi að gefnum vanefndum tekur tillit til tilvistar fjármagnaðrar útlánavarnar, annarrar en rammamannings um skuldajöfnun og skuldajöfnunar út- og innlána í efnahagsreikningi, skal matið ekki einungis byggjast á mati á markaðsvirði fjármagnaðrar útlánavarnar,
- f) að því marki sem mat á tapi að gefnum vanefndum tekur tillit til tilvistar fjármagnaðrar útlánavarnar, annarrar en rammamannings um skuldajöfnun og skuldajöfnunar út- og innlána í efnahagsreikningi, skulu stofnanir koma á innri kröfum vegna stýringar, réttarvissu og áhættustýringar þeirrar fjármögnuðu útlánavarnar og skulu þessar kröfur almennt vera í samræmi við þær sem settar eru fram í 1. undirþætti 3. þáttar 4. kafla,
- g) að því marki sem stofnun viðurkennir fjármagnaða útlánavörn, aðra en rammamannings um skuldajöfnun og skuldajöfnunar út- og innlána í efnahagsreikningi við ákvörðun áhættuskuldbindingarvirðis vegna útlánaá-  
hættu mótaðila í samræmi við 5. eða 6. þátt 6. kafla skal ekki telja með í mati á tapi að gefnum vanefndum þær fjárhæðir sem reiknað er með að endurheimtist með fjármögnuðu útlánavörminni.“

ii. Í stað i- og j-liðar kemur eftirfarandi:

- „i) að því marki sem gjöld vegna greiðsludráttar sem lögð eru á loforðsgjafa áður en til vanefndar kemur skulu reiknast sem áhættuskuldbinding eða tap að því marki sem þau hafa verið færð í rekstrarreikning stofnunarinnar,
- j) að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana og ríkisstjórna og seðlabanka og héraðs-  
stjórna, staðaryfirvalda og opinberra aðila skal mat á tapi að gefnum vanefndum byggt á gögnum sem ná yfir a.m.k. fimm ár og lengist tímabilið um eitt ár á hverju ári eftir framkvæmd þar til að lágmarki sjö árum er náð, fyrir a.m.k. eina gagnalind ef tiltækt athugunartímabil nær til lengri tíma fyrir einhver gögn sem eru viðkomandi, skal það lengra tímabil notað.“

iii. Eftirfarandi undirliðum er bætt við:

„Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skulu stofnanir taka viðeigandi tillit til endurheimta sem koma til við viðkomandi endurheimtarferli frá öllum tegundum fjármagnaðra útlánavarna og frá ófjármagnaðri útlánavörn sem fellur ekki undir skilgreininguna í 10. lið 1. mgr. 142. gr.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar skal taka með varfærum máta á málum þar sem um veruleg tengsl er að ræða.

Að því er varðar e-lið fyrstu undirgreinar skal við mat á tapi að gefnum vanefndum taka tillit til áhrifa þess að hugsanlegt sé að stofnun geti ekki með skjótum hætti yfirtekið tryggingu og komið henni í verð.“

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi kemur í stað b-liðar fyrstu undirgreinar:

- „b) endurspegla framtíðarádrátt á lánaþyrirgreiðslur annaðhvort í breytistuðlum sínum eða í mati sínu á tapi að gefnum vanefndum.“

- ii. Eftirfarandi undirgrein er bætt við á eftir fyrstu undirgrein:

„Þegar stofnanir fella framtíðar viðbótarádrátt inn í breytistuðla sína ætti, að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar, taka tillit til þess í tapi að gefnum vanefndum bæði í teljara og nefnara. Þar sem stofnanir fella ekki framtíðarviðbótarádrátt í breytistuðla ætti eingöngu að taka tillit til þeirra í teljara taps að gefnum vanefndum.“

- iii. Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

Að því er smásöluáættuskuldbindingar varðar skal mat á tapi að gefnum vanefndum byggt á gögnum sem ná yfir a.m.k. fimm ár. Með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda er stofnunum heimilt að nota viðeigandi gögn sem ná yfir tveggja ára tímabil þegar þær nota innramatsaðferðina. Það tímabil skal lengjast um eitt ár á hverju ári þar til viðkomandi gögn ná yfir a.m.k. fimm ár.“

- c) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, til að skýra meðhöndlun á hvers kyns fjármagnaðri útlánavörn og ófjármagnaðri útlánavörn að því er varðar a-lið 1. mgr. þessarar greinar og að því er varðar beitingu á breytum taps að gefnum vanefndum.

5. Að því er varðar útreikning á tapi skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, eigi síðar en 31. desember 2025, gefa út uppfærðar viðmiðunarreglur, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, um eftirfarandi:

- a) að því er varðar tilvik sem flokkast ekki lengur í vanskilum, tilgreiningu á því hvernig meðhöndla eigi tilbúið sjóðstreymi og hvort hentugra sé fyrir stofnanir að afvaxta tilbúið sjóðstreymi á raunverulegu vanskilatímabili,
- b) mat á því hvort kvörðun og beiting afvöxtunarstuðuls sé hentug til að reikna út efnahagslegt tap yfir allar áhættuskuldbindingar.“

- 106) Ákvæðum 182. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

- i. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) útlánabreytistuðlar stofnunar samkvæmt innramatsaðferð skulu endurspegla möguleika á viðbótarádrætti loforðsgjafa fram að eða eftir að vanskilaatburði er hrundið af stað,“.

- ii. Eftirfarandi liðir bætast við:

„g) útlánabreytistuðlar stofnunar samkvæmt innramatsaðferð skulu metnir samkvæmt aðferð með 12 mánaða föstu tímabili,

h) útlánabreytistuðlar stofnana samkvæmt innramatsaðferð skulu byggjast á viðmiðunargögnum sem endurspegla eiginleika loforðsgjafa, fyrirgreiðslna og bankastjórnunaraðferða þeirra áhættuskuldbindinga sem matinu er beitt á.“

- iii. Eftirfarandi undirliðum er bætt við:

„Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar, ef stofnanir komast að raun um neikvæðan raunverulegan breytistuðul við vanskilaathuganir sínar, skal raunverulegur breytistuðull í þessum athugunum vera jafnt og núll í þeim tilgangi að mæla útlánabreytistuðla samkvæmt innramatsaðferð. Stofnanir geta nýtt sér upplýsingar um neikvæðan raunverulegan breytistuðul í uppbyggingu líkans í þeim tilgangi að aðgreina áhættu.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar skulu útlánabreytistuðlar samkvæmt innramatsaðferð fela í sér rýmri varfærnisvikið ef ástæða er til að ætla að jákvæð fylgni milli tíðni vanskila og vægis breytistuðla verði meiri.

Að því er varðar g-lið fyrstu undirgreinar skulu sérhver vanskil vera tengd viðeigandi einkennum loforðsgjafa og fyrirgreiðslum á fastri viðmiðunardagsetningu sem tilgreind er 12 mánuðum á undan vanskiladagsetningu.“

## b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„1a. Að því er varðar h-lið 1. mgr., skulu útlánabreytistuðlar samkvæmt innramatsaðferð sem beitt er á tiltekna áhættuskuldbindingar ekki byggjast á gögnum sem blanda saman áhrifum af gjörólíkum einkennum eða gögnum úr áhættuskuldbindingum sem sýna efnislega ólík áhættueinkenni. Útlánabreytistuðlar samkvæmt innramatsaðferð skulu byggjast á viðeigandi einsleitum hlutum. Í því skyni skulu eftirfarandi vinnubrögð aðeins leyfð á grundvelli ítarlegrar grannskoðunar og rökstuðnings stofnunar:

- a) beiting undirliggjandi gagna um lítil og meðalstór fyrirtæki/miðmarkaðsfyrirtæki á loforðsgjafa stórra fyrirtækja,
- b) beiting gagna úr skuldbindingum þar sem lítið ónotað hámark er tiltækt á fyrirgreiðslur þar sem mikið ónotað hámark er tiltækt,
- c) beiting gagna frá loforðsgjöfum í vanskilum eða sem meinað er að gera frekari úttektir á viðmiðunardagsetningu á loforðsgjafa án þekktra vanskila eða viðeigandi hafta,
- d) gögn sem breytingar á samsetningu loforðsgjafa á lántöku og öðrum lánstengdum afurðum á eftirlitstímabilinu hafa haft áhrif á, nema gögnin hafi verið leiðrétt í raun með því að fjarlægja áhrif breytinga úr samsetningu afurða.

1b. Að því er varðar d-lið 1. mgr. a skulu stofnanir sýna lögbærum yfirvöldum fram á að þær hafi ítarlegan skilning á áhrifum breytinga á afurðasamsetningu viðskiptavina á viðmiðunargagnasöfn áhættuskuldbindinga og tengda útlánabreytistuðla samkvæmt innramatsaðferð og að áhrifin séu óveruleg eða hafi verið milduð í raun í matsferlinu. Með tilliti til þessa skal eftirfarandi ekki teljast við hæfi:

- a) að setja neðri eða efri mörk á útlánabreytistuðla eða athuganir á áhættuskuldbindingarvirði, að undanskildum raunverulegum breytistuðli sem er núll, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr.,
- b) að nota áætlanir á stigi loforðsgjafa sem ná ekki fyllilega yfir viðkomandi umbreytingarvalkosti afurða eða blanda saman afurðum með afar ólíka eiginleika á óviðeigandi hátt,
- c) leiðréttir á eingöngu athugunum sem umbreyting afurða hefur áhrif á,
- d) að útiloka athuganir sem umbreyting afurðalýsingar hefur áhrif á.

1c. Stofnanir skulu tryggja að útlánabreytistuðlar samkvæmt innramatsaðferð séu í raun einangruð frá hugsanlegum áhrifum svæðisbundins óstöðugleika sem stafar af því að fyrirgreiðsla er nánast fullnýtt á viðmiðunardegi.

1d. Viðmiðunargögn skulu ekki takmarkast við útistandandi höfuðstól fyrirgreiðslu eða tiltækt hámark fyrirgreiðslu. Áfallnir vextir, aðrar vangoldnar greiðslur og ádráttur umfram fyrirgreiðslumörk skulu koma fram í viðmiðunargögnum.“

## c) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana og ríkisstjórna og seðlabanka og héraðsstjórna, staðaryfirvalda og opinberra aðila skal mat á breytistuðlum byggt á gögnum sem ná yfir a.m.k. fimm ár og lengist tímabilið um eitt ár á hverju ári eftir framkvæmd þar til að lágmarki sjö árum er náð, fyrir a.m.k. eina gagnalind. Ef einhver gagnalindanna nær yfir lengra athugunartímabil og ef þessi gögn eiga við skal nota það tímabil.

## d) Í stað annarrar undirgreinar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar smásöluáhættuskuldbindingar skal mat á breytistuðlum byggt á gögnum sem ná yfir a.m.k. fimm ár. Með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda er stofnunum heimilt að nota viðeigandi gögn, sem ná yfir tveggja ára tímabil, þegar þær nota innramatsaðferðina. Það tímabil skal lengjast um eitt ár á hverju ári þar til viðkomandi gögn ná yfir a.m.k. fimm ár.“

- e) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Eigi síðar en 31. desember 2026 skal Evrópska bankaefirlitsstofnunin gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 í því skyni að tilgreina aðferðirnar sem stofnanir verða að beita við mat á útlánabreytistuðlum samkvæmt innramatsaðferð.“

- 107) Ákvæðum 183. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Kröfur um mat á áhrifum af ófjármagnaðri útlánavörn fyrir áhættuskuldbindinga vegna ríkja og seðlabanka, áhættuskuldbindinga gagnvart héraðsstjórnnum, staðaryfirvöldum og opinberum aðilum og áhættuskuldbindingar gagnvart fyrirtækjum, þar sem eigið mat á tapi að gefnum vanefndum er notað og í tengslum við smásöluáhættuskuldbindingar“.

- b) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

- i. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) ábyrgðin skal vera skrifleg, óuppsegjanleg og óbreytanleg af hálfu ábyrgðarveitanda, í gildi þar til staðið hefur verið við skuldbindinguna að fullu (að því er varðar fjárhæð og gildistíma ábyrgðarinnar) og framfylgjanleg samkvæmt lögum gagnvart ábyrgðarveitanda í lögsögu þar sem hægt er að leggja hald á eignir ábyrgðarveitandans og framfylgja dómi.“

- ii. Eftirfarandi lið er bætt við:

„d) ábyrgðin skal vera skilyrðislaus.“

- iii. Eftirfarandi undirliðum er bætt við:

„Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar þýðir „skilyrðislaus ábyrgð“ ábyrgð þar sem samningur um útlánavörn hefur ekki að geyma nein þau ákvæði sem lánastofnun hefur ekki beina stjórn á og sem gætu komið í veg fyrir að ábyrgðarveitanda sé skylt að greiða tímanlega í framhaldi af því að upphaflegur loforðsgjafi brýtur skilmála láns eða til greiðslufalls kom. Ákvæði í samningi um útlánavörn sem kveður á um að ófullkomin áreiðanleikakönnun eða svik lánastofnunar felli niður eða dragi úr þeirri ábyrgð sem ábyrgðarveitandi býður skal ekki koma í veg fyrir að ábyrgðin teljist skilyrðislaus.“

Ábyrgðir þar sem greiðsla ábyrgðarveitanda er háð því að lánastofnun verði fyrst að sækja rétt sinn gagnvart loforðsgjafa og sem standa einungis undir því tapi sem eftir er þegar stofnunin hefur lokið skuldaaðlögun skulu teljast skilyrðislausar.“

- c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a. Stofnanir geta viðurkennt ófjármagnaða útlánavörn með því að nota annaðhvort leiðréttingaraðferð vegna líkana fyrir líkur á vanefndum/tapi að gefnum vanefndum, í samræmi við þessa grein og með fyrirvara um kröfuna sem sett er fram í 4. mgr. þessarar greinar, eða með staðgönguáðferð fyrir áhættubreytur samkvæmt þróðu innramatsaðferðinni í samræmi við 236. gr. a og með fyrirvara um hæfiskröfurnar í 4. kafla. Stofnanir skulu hafa skýra stefnu um mat á áhrifum af ófjármagnaðri útlánavörn á áhættubreytur. Stefnur stofnana skulu vera í samræmi við venjur innri áhættustýringar og endurspegla kröfur þessarar greinar. Þessar stefnur skulu tilgreina skýrt hver þeirra sérstöku aðferða sem lýst er í þessari málsgrein er notuð fyrir hvert matskerfi og stofnanir skulu beita þessum stefnum með samræmdum hætti yfir tíma.“

- d) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 3. mgr.:

„Heimilt er að viðurkenna lánaafleiður sem byggjast á fyrsta vanskilaaðila sem hæfa ófjármagnaða útlánavörn. Hins vegar skal ekki viðurkenna lánaafleiður sem byggjast á öðrum vanskilaaðila og öllum öðrum n-tu vanskilaaðilum sem hæfa ófjármagnaða útlánavörn.“

- e) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Ef stofnanir viðurkenna ófjármagnaða útlánavörn með leiðréttingaraðferð vegna líkana fyrir líkur á vanefndum/tapi að gefnum vanefndum, skal tryggðum hluta undirliggjandi áhættuskuldbindingar ekki úthlutað áhættuvog sem væri lægri en neðri mörk áhættuvogar veitanda útlánavarnar. Í því skyni skal reikna neðri mörk áhættuvogar veitanda útlánavarnar með sömu líkur á vanefndum, sama tapi að gefnum vanefndum og áhættuvægisfalli og gilda um sambærilegar beinar áhættuskuldbindingar gagnvart veitanda útlánavarnar eins og getur í 236. gr. a.“

f) Ákvæði 6. mgr. falla brott.

108) Ákvæði 4. undirþáttar í 6. þætti, 3. kafla II. bóls í þriðja hluta falla brott.

109) Eftirfarandi liður bætist við 192. gr.:

„5) „staðgönguáðferð fyrir áhættubreytur samkvæmt þróðu innramatsaðferðinni“: skipti, í samræmi við 236. gr. a, á áhættubreytum fyrir bæði líkur á vanefndum og tap að gefnum vanefndum undirliggjandi áhættuskuldbindingar fyrir samsvarandi líkur á vanefndum og tap að gefnum vanefndum, sem myndi verða úthlutað samkvæmt innramatsaðferð með eigin mati á tapi að gefnum vanefndum á sambærilega beina áhættuskuldbindingu gagnvart veitanda útlánavarnar.“

110) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 193. gr.:

„7. Heimilt er að viðurkenna tryggingar sem uppfylla allar hæfiskröfur sem settar eru fram í þessum kafla, einnig fyrir áhættuskuldbindingar sem tengjast ónýttum fyrirgreiðslum, þegar ádráttur samkvæmt fyrirgreiðslunni er háður fyrirfram eða samtímis kaupum eða viðtöku tryggingar að því marki sem svarar til hagsmuna stofnunarinnar af tryggingunni þegar fyrirgreiðslan er nýtt, þannig að stofnunin hafi enga hagsmuni af tryggingunni að því marki sem fyrirframgreiðslan er ekki nýtt.“

111) Í 194. gr. fellur 10. mgr. brott.

112) Ákvæðum 197. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað b- til e-liðar kemur eftirfarandi:

„b) skuldabréf, útgefin af ríkisstjórnnum eða seðlabönkum, sem hafa lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki eða útflutningslánastofnun, ef:

i. stofnunin hefur tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki eða útflutningslánastofnun að því er varðar 2. kafla, og

ii. lánshæfismatið hefur, samkvæmt ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, verið tengt 1., 2., 3. eða 4. lánshæfisþrepi samkvæmt reglum varðandi áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna ríkja og seðlabanka skv. 2. kafla,

c) skuldabréf, útgefin af stofnunum sem hafa lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki ef:

i. stofnunin hefur tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki að því er varðar 2. kafla, og

ii. lánshæfismatið hefur, samkvæmt ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, verið tengt 1., 2. eða 3. lánshæfisþrepi samkvæmt reglum varðandi áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna stofnana skv. 2. kafla,

d) skuldabréf, útgefin af öðrum aðilum sem hafa lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki, ef:

i. stofnunin hefur tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki að því er varðar 2. kafla, og

ii. lánshæfismatið hefur, samkvæmt ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, verið tengt 1., 2. eða 3. lánshæfisþrepi samkvæmt reglum varðandi áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækja skv. 2. kafla,

e) skuldabréf með skammtímalánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki, ef:

i. stofnunin hefur tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki að því er varðar 2. kafla, og

ii. lánshæfismatið hefur, samkvæmt ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, verið tengt 1., 2. eða 3. lánshæfisþrepi samkvæmt reglum varðandi áhættuvog skammtímaáhættuskuldbindinga skv. 2. kafla,“.

ii. Í stað g-liðar kemur eftirfarandi:

„g) gull sem hrávara,“.

- b) Í stað fyrstu undirgreinar 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„Að því er 5. mgr. þessarar greinar varðar, ef sjóður um sameiginlega fjárfestingu („upprunalegur sjóður um sameiginlega fjárfestingu“) eða einhver af undirliggjandi sjóðum hans takmarkast ekki við fjárfestingar í gerningum sem eru hæfir skv. 1. og 4. mgr. þessarar greinar, skal eftirfarandi gilda:

- a) ef stofnanirnar beita gegnsæisaðferðinni sem um getur í 1. mgr. 132. gr. a eða 2. mgr. 152 gr. fyrir beinar áhættuskuldbindingar gagnvart sjóði um sameiginlega fjárfestingu, geta þær notað einingar eða hluti í þeim sjóði sem veðtryggingu allt að þeirri fjárhæð sem svarar til virðis þeirra gerninga í eigu þess sjóðs sem eru hæfir skv. 1. og 4. mgr. þessarar greinar,
- b) ef stofnanirnar beita umboðsaðferðinni sem um getur í 2. mgr. 132. gr. a eða 5. mgr. 152 gr. fyrir beinar áhættuskuldbindingar gagnvart sjóði um sameiginlega fjárfestingu, geta þær notað einingar eða hluti í þeim sjóði sem veðtryggingu allt að þeirri fjárhæð sem svarar til virðis þeirra gerninga í eigu þess sjóðs sem eru hæfir skv. 1. og 4. mgr. þessarar greinar, á þeirri forsendu að þessi sjóður eða einhver af undirliggjandi sjóðum hans hafi fjárfest í óhæfum gerningum að því marki sem heimilt er samkvæmt viðkomandi umboði þeirra.“

- 113) Í stað 2. mgr. 198. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Ef sjóður um sameiginlega fjárfestingu eða undirliggjandi sjóður takmarkast ekki við að fjárfesta í gerningum sem eru viðurkenndir skv. 1. og 4. mgr. 197. gr. og í liðunum sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar, skal eftirfarandi gilda:

- a) ef stofnanirnar beita gegnsæisaðferðinni sem um getur í 1. mgr. 132. gr. a eða 2. mgr. 152 gr. fyrir beinar áhættuskuldbindingar gagnvart sjóði um sameiginlega fjárfestingu, geta þær notað einingar eða hluti í þeim sjóði sem veðtryggingu allt að þeirri fjárhæð sem svarar til virðis þeirra gerninga í eigu þess sjóðs sem eru hæfir skv. 1. og 4. mgr. 197. gr. og liðanna sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar,
- b) ef stofnanirnar beita umboðsaðferðinni sem um getur í 2. mgr. 132. gr. a eða 5. mgr. 152 gr. fyrir beinar áhættuskuldbindingar gagnvart sjóði um sameiginlega fjárfestingu, geta þær notað einingar eða hluti í þeim sjóði sem veðtryggingu allt að þeirri fjárhæð sem svarar til virðis þeirra gerninga í eigu þess sjóðs sem eru hæfir skv. 1. og 4. mgr. 197. gr. og liðanna sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar, á þeirri forsendu að þessi sjóður eða einhver af undirliggjandi sjóðum hans hafi fjárfest í hæfum gerningum að því marki sem heimilt er samkvæmt viðkomandi umboði þeirra.

Í tilvikum þar sem óhæfir gerningar geta haft neikvætt virði vegna skuldbindinga eða ábyrgðarskuldbindinga, sem stafa af eignarhaldi, skulu stofnanir gera hvort tveggja af eftirfarandi:

- a) reikna út heildarvirði óhæfra gerninga,
- b) draga tölugildi fjárhæðar sem fæst skv. a-lið, sé hún neikvæð, frá heildarvirði hæfra gerninga.“

- 114) Ákvæðum 199. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Ef annað er ekki tilgreint í 9. mgr. 124. gr. geta stofnanir notað sem hæfa tryggingu íbúðarhúsnæði sem eigandi, eða raunverulegur eigandi þegar um er að ræða fjárfestingarfélag í hans eigu, nýtir eða mun nýta, eða leigir út eða mun leigja út, og viðskiptahúsnæði, þ.m.t. skrifstofur og annað viðskiptahúsnæði, séu bæði eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- a) virði fasteignarinnar er ekki verulega háð lánshæfi loforðsgjafans,
- b) áhætta lántaka skal ekki vera verulega háð tekjum af undirliggjandi eign eða verkefni heldur fremur undirliggjandi getu lántaka til að endurgreiða skuldina eftir öðrum leiðum og af þeim sökum er endurgreiðsla gerningsins ekki verulega háð sjóðstreymi er myndast af þeirri undirliggjandi eign sem er til tryggingar.

Að því er varðar fyrstu undirgrein a-liðar geta stofnanir undanskilið aðstæður þar sem hreinir þjóðhagslegir þættir hafa áhrif á bæði virði fasteigna og efndir lántaka.“

- b) Í stað a- og b-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) samanlögð fjárhæð sem stofnanir tilkynna skv. a-lið 1. mgr. 430. gr. a, deilt með samanlagðri fjárhæð sem stofnanir tilkynna skv. c-lið 1. mgr. 430. gr. a, fer ekki yfir 0,3%,

- b) samanlögð fjárhæð sem stofnanir tilkynna skv. b-lið 1. mgr. 430. gr. a, deilt með samanlagðri fjárhæð sem stofnanir tilkynna skv. c-lið 1. mgr. 430. gr. a, fer ekki yfir 0,5%.“
- c) Í stað a- og b-liðar 4. mgr. kemur eftirfarandi:
- „a) samanlögð fjárhæð sem stofnanir tilkynna skv. d-lið 1. mgr. 430. gr. a, deilt með samanlagðri fjárhæð sem stofnanir tilkynna skv. f-lið 1. mgr. 430. gr. a, fer ekki yfir 0,3%,
- b) samanlögð fjárhæð sem stofnanir tilkynna skv. e-lið 1. mgr. 430. gr. a, deilt með samanlagðri fjárhæð sem stofnanir tilkynna skv. f-lið 1. mgr. 430. gr. a, fer ekki yfir 0,5%.“
- d) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „4a. Stofnanir geta einnig beitt undanþágunum sem um getur í 3. og 4. mgr. þessarar greinar í tilvikum þar sem lögbært yfirvald þriðja lands sem beitir eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi sem er a.m.k. jafngilt því sem beitt er í Sambandinu eins og ákvarðað er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem samþykkt var í samræmi við 4. mgr. 107. gr. birtir samsvarandi tapshlutföll fyrir að því er varðar áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði sem staðsett er innan yfirráðasvæðis þess þriðja lands.“
- e) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 5. mgr.:
- „Ef opinber þróunarlánastofnun, eins og skilgreint er í 2. mgr. 429. gr. a þessarar reglugerðar, gefur út stuðningslán, eins og skilgreint er í 3. mgr. 429. gr. a þessarar reglugerðar til annarrar stofnunar eða fjármálastofnunar sem er heimilt að sinna starfsemi eins og um getur í 2. eða 3. lið I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB og sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. mgr. 119. gr. þessarar reglugerðar, og ef stofnunin eða fjármálastofnunin afhendir stuðningslánið beint eða óbeint til endanlegs loforðsgjafa og framselur fjárkröfuna af stuðningsláninu sem tryggingu til opinberu þróunarlánastofnunarinnar, getur opinbera þróunarlánastofnunin notað afsöluðu fjárkröfuna sem hæfa tryggingu, óháð upphaflegum líftíma hennar.“
- f) Í stað d-liðar 6. mgr. kemur eftirfarandi:
- „d) stofnunin sýnir fram á að innleystur ágóði af tryggingunni fari ekki undir 70% af virði tryggingarinnar í a.m.k. 90% allra tilvika þegar tiltekin tegund trygginga er innleyst, ef verulegt flökt er í markaðsverði skal stofnunin sýna lögbæru yfirvaldi fram á það með fullnægjandi hætti að mat hennar á tryggingunni sé nægilega varfærið.“
- 115) Ákvæðum 201. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:
- „d) alþjóðastofnanir sem 0% áhættuvog er úthlutað til í samræmi við 118. gr.“.
- ii. Eftirfarandi lið er bætt við:
- „fa) eftirlitsskyldir aðilar á fjármálamarkaði,“
- iii. Í stað g-liðar kemur eftirfarandi:
- „g) ef útlánavörmin er ekki veitt fyrir verðbréfaðar áhættuskuldbindingar, önnur fyrirtæki, sem hafa lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki, þ.m.t. móðurfélag, dótturfélag eða tengdir aðilar loforðsgjafa, ef bein áhættuskuldbinding gagnvart þessum móðurfélögum, dótturfélögum eða tengdum aðilum hefur lægri áhættuvog en áhættuskuldbinding gagnvart loforðsgjafa,“.
- iv. Eftirfarandi undirgrein er bætt við:
- „Að því er varðar fa-lið fyrstu undirgreinar þessarar greinar, þýðir „eftirlitsskyldur aðili á fjármálamarkaði“ aðili á fjármálamarkaði sem uppfyllir skilyrðið sem sett er fram í b-lið 4. liðar 1. mgr. 142. gr.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Auk veitenda útlánavarnar sem taldir eru upp í 1. mgr., skulu viðskiptafyrirtæki sem stofnunin hefur gert innra mat á í samræmi við 6. þátt 3. kafla, vera hæfir veitendur ófjármagnaðrar útlánavarnar ef stofnunin notar innramatsaðferðina fyrir áhættuskuldbindingar gagnvart þessum viðskiptafyrirtækjum.“

116) Ákvæði 202. gr. falla brott.

117) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 204. gr.:

„3. Útlánaafleiður sem byggjast á fyrsta vanskilaaðila og öllum öðrum n-tu vanskilaaðilum skulu ekki vera hæfar tegundir ófjármagnaðrar útlánavarnar samkvæmt þessum kafla.“

118) Í stað d-liðar 4. mgr. 207. gr. kemur eftirfarandi:

„d) Þær skulu reikna markaðsvirði tryggingarinnar og endurmeta það þannig a.m.k. einu sinni á sex mánaða fresti og í hvert sinn sem þær hafa ástæðu til að telja að veruleg lækkun hafi orðið á markaðsvirði tryggingar; UFS-tengd sjónarmið skulu gefa tilefni til að meta hvort veruleg lækkun hafi orðið á markaðsvirði tryggingarinnar;“.

119) Ákvæðum 208. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) virði fasteigna er endurskoðað þegar upplýsingar sem stofnanir hafa yfir að ráða benda til þess að virði fasteignar gæti hafa lækkað verulega miðað við markaðinn í heild og matsaðili, sem hefur öll nauðsynleg réttindi, hæfi og reynslu til að vinna mat og er óháður lánsákvörðunarferlinu, annast endurskoðunina; UFS-tengd sjónarmið, þ.m.t. þau sem tengjast takmörkunum sem settar eru fram með viðeigandi reglusetningarmarkmið og réttargerðir Sambands- og aðildarríkja, sem og, þar sem við á fyrir stofnanir sem eru virkar á alþjóðavettvangi, laga- og eftirlitsmarkmið þriðja lands, skulu teljast vísbending um að virði fasteigna gæti hafa lækkað verulega, miðað við markaðinn í heild; sé um að ræða lánsfjárhæð yfir þremur milljónum evra eða 5% af eigingjárgrunni stofnunarinnar skal slíkur óháður matsaðili endurmeta fasteignina á þriggja ára fresti hið minnsta.“

ii. Önnur undirgrein fellur brott.

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3a. Stofnunum er heimilt að vakta virði fasteignar og auðkenna þær fasteignir sem þarfnast endurmats, í samræmi við 3. mgr., með því að nota þróaðar tölfraðilegar eða aðrar stærðfræðilegar aðferðir („líkön“), að því tilskildu að aðferðirnar séu þróaðar óháð lánsákvörðunarferlinu og að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) stofnanir setja fram í stefnum sínum og verklagsreglum viðmiðanir fyrir notkun líkana til að fylgjast með virði veðtryggingar og auðkenna þær eignir sem ætti að endurmeta; þessar stefnur og verklagsreglur skulu gera grein fyrir staðfestu yfirliti yfir árangur slíkra líkana, eignasértækar breytur sem teknar voru til greina, notkun tiltækra og nákvæmra lágmarksupplýsinga og óvissu líkana,

b) stofnanirnar tryggja að þau líkön sem eru notuð séu:

i. eigna- og staðsetningarsértæk af nægilegri nákvæmni,

ii. gild og nákvæm og háð traustri og reglulegri afturvirkri prófun á móti raunverulegum sannreyndum verðum í viðskiptum,

iii. byggð á nægilega stóru og dæmigerðu úrtaki, samkvæmt sannreyndum verðum í viðskiptum,

iv. byggð á uppfærðum vönduðum gögnum,

c) stofnanirnar bera endanlega ábyrgð á tilhlýðileika og frammistöðu líkananna,

d) stofnanirnar tryggja að skjalfesting gagna um líkönin sé uppfærð,

- e) stofnanirnar búa yfir viðeigandi upplýsingatækni ferlum, kerfum og afkastagetu og eru með nægilega nákvæm gögn fyrir vöktun sem byggist á líkönum á virði veðs í fasteign og auðkenningu eigna sem þarfnast endurmats,
- f) mat líkananna er sannreynt á óháðan hátt og sannreyningarferlið er almennt í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í 185. gr., eftir atvikum.“

c) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Fasteignin sem samþykkt er sem útlánavörn skal vera váttryggð með fullnægjandi hætti og stofnanir skulu hafa innleitt ferli til að fylgjast með áreiðanleika tryggingarinnar.

Þrátt fyrir ákvæði ii. lið a-liðar 5. mgr. 92. gr. og með fyrirvara um undanþáguna sem sett er fram í annarri undirgrein 3. mgr. 92. gr. að því er varðar áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með veði í fasteign sem veitt var fyrir 1. janúar 2025, skal stofnunum sem beita innramatsaðferðinni, sem um getur í 3. kafla þessa bálks, með eigin mati á tapi að gefnum vanefndum ekki vera skylt að beita ákvæðunum sem sett eru fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.“

120) Ákvæðum 210. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað g-liðar kemur eftirfarandi:

„g) við mat og endurmat skulu stofnanir taka fullt tillit til hvers konar rýrnunar eða úreldingar tryggingarinnar og veita sérstaka athygli áhrifum tíma á tryggingar sem eru viðkvæmar fyrir tískusveiflum eða dagsetningum; fyrir áþreifanlegar tryggingar skal úrelding tryggingarinnar einnig fela í sér UFS-tengd matssjónarmið varðandi bönn eða takmarkanir sem komið er á með viðkomandi reglusetningarmarkmiðum og réttargerðum Sambands- og aðildarríkja, sem og, þar sem við á fyrir stofnanir sem eru virkar á alþjóðavettvangi, laga- og eftirlitsmarkmið þriðja lands,“.

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„Ef almennir samningar til tryggingar á efnidum, eða annars konar breytileg veð, veita lánastofnun skráða kröfu á eignir félags og ef sú krafa felur í sér bæði eignir sem eru ekki hæfar sem tryggingar samkvæmt innramatsaðferðinni og eignir sem eru hæfar sem tryggingar samkvæmt innramatsaðferðinni er stofnuninni heimilt að viðurkenna seinni eignirnar inn sem hafa fjármagnaða útlánavörn. Í því tilviki skal viðurkenningin vera háð því að eignirnar uppfylli kröfur um hæfi tryggingar samkvæmt innramatsaðferðinni, eins og fram kemur í þessum kafla.“

121) Í stað 1. mgr. 213. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um 1. mgr. 214. gr. skal útlánavörn vegna ábyrgðar eða lánaafleiðu teljast hæf sem ófjármögðuð útlánavörn að öllum eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

- a) útlánavörnin er bein,
- b) umfang útlánavarnarinnar er skýrt sett fram og óvefengjanlegt,
- c) samningur um útlánavörn felur ekki í sér neina skilmála, sem lánastofnun getur ekki haft bein áhrif á að verði uppfylltir og sem:
  - i. heimila veitanda útlánavarnarinnar að segja útlánavörnninni upp eða breyta henni einhliða,
  - ii. hækka raunverulegan kostnað við útlánavörn vegna rýrnunar lánshæfis hinnar vörðu áhættuskuldbindingar,
  - iii. gætu komið í veg fyrir að veitandi útlánavarnarinnar væri skuldbundinn til að greiða út á réttum tíma ef upphaflegur loforðsgjafi greiðir ekki gjaldfallnar afborganir eða leigusamningur hefur fallið úr gildi í tengslum við viðurkenningu á tryggðu hrakvirði skv. 7. mgr. 134. gr. og 4. mgr. 166. gr.,
  - iv. gætu heimilað veitanda útlánavarnarinnar að stytta líftíma útlánavarnar,
- d) samningurinn um útlánavörn hefur réttaráhrif og er fullnustuhæfur í öllum viðkomandi lögsögum á þeim tíma þegar hann er gerður.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar, skal ákvæði í samningi um útlánavörn sem kveður á um að ófullkomin áreiðanleikakönnun eða svik lánastofnunar felli niður eða dragi úr útlánavörnninni sem ábyrgðarveitandi býður koma ekki í veg fyrir að útlánavörmin teljist hæf.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar er veitanda útlánavarnar heimilt að greiða eingreiðslu af öllum væntanlegum fjármunum sem falla undir kröfuna eða taka á sig framtíðargreiðsluskyldur loforðsgjafa sem falla undir samning um útlánavörn.“

122) Ákvæðum 215. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) brjóti loforðsgjafi skilmála láns eða komi til greiðslufalls hefur lánastofnunin sem lánar rétt til að sækja rétt sinn gagnvart ábyrgðarveitanda, með tímanlegum hætti, vegna allra gjaldfallinna krafna í samræmi við veitta ábyrgð,“.

ii. Eftirfarandi undirliðum er bætt við:

„Greiðsla ábyrgðarveitanda skal ekki vera háð því að lánastofnunin verði fyrst að sækja rétt sinn gagnvart loforðsgjafa.

Sé um ófjármagnaða útlánavörn að ræða, sem verndar veðlán með veði í íbúðarhúsnæði, skal einungis krafist að kröfurnar sem settar eru fram í iii. lið c-liðar 1. mgr. 213. gr. og a-lið í fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar séu uppfylltar innan 24 mánaða.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Í tilvikum þar sem ábyrgðir eru veittar í tengslum við sameiginleg ábyrgðarkerfi eða veittar eru af eða eru með bakábyrgð aðila, sem tilgreindir eru í 2. mgr. 214. gr., skal litið svo á að kröfurnar í a-lið 1. mgr. þessarar greinar og iii. lið c-liðar 1. mgr. 213. gr. séu uppfylltar ef annaðhvort eftirfarandi skilyrði er uppfyllt:

a) í framhaldi af því að upphaflegur loforðsgjafi brýtur skilmála láns eða til greiðslufalls komi hefur lánastofnunin rétt á að fá bráðabirgðagreiðslu í hendur í tæka tíð frá ábyrgðarveitanda sem uppfyllir bæði eftirtalin skilyrði:

i. bráðabirgðagreiðslan endurspeglar sennilegt mat á fjárhæð tapsins sem líklegt er að lánastofnunin muni stofna til, þ.m.t. tap sem orsakast af greiðslufalli vaxta og annarra greiðslna sem lántakinn hefur skuldbundið sig til að greiða,

ii. bráðabirgðagreiðslan er í samræmi við vernd ábyrgðarinnar,

b) lánastofnunin getur á fullnægjandi hátt sýnt lögbæru yfirvaldi fram á að áhrif ábyrgðarinnar, sem einnig tekur til taps vegna greiðslufalls vaxtagreiðslna og annarra tegunda greiðslna sem lántakinn hefur skuldbundið sig til að greiða, réttlæti slíka meðferð; þessi rökstuðningur skal vera tilhlýðilega skjalfestur og háður sérstökum innri verklagsreglum um samþykki og endurskoðun.“

123) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 216. gr.:

„3. Þrátt fyrir 1. mgr., fyrir áhættuskuldbindingu fyrirtækja sem er tryggð með lánaafleiðu skal ekki þurfa að tilgreina lánaatburðinn, sem um getur í iii. lið a-liðar þeirrar málsgreinar, í afleiðusamningnum, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

a) 100% atkvæða er þörf til að breyta gjalddaga, höfuðstól, vaxtamiða, gjaldmiðli eða rétthæð undirliggjandi áhættuskuldbindingar fyrirtækis,

b) lögheimilið sem áhættuskuldbinding fyrirtækis fellur undir er með viðtekin lög um gjaldþrot, sem gerir fyrirtæki kleift að endurskipuleggja og byggja aftur upp og kveður á um eðlilegt uppgjör á kröfum kröfuhafa.

Ef skilyrðin, sem sett eru fram í a- og b-lið þessarar málsgreinar, eru ekki uppfyllt, getur útlánavörmin engu að síður verið hæf með fyrirvara um lækun á virði, eins og tilgreint er í 2. mgr. 233. gr.“

124) Ákvæði 217. gr. falla brott.

125) Í stað 219. gr. kemur eftirfarandi:

„219. gr.

#### Skuldajöfnun í efnahagsreikningi

Fara skal með útlán og innlán hjá lánastofnun, sem falla undir greiðslujöfnun á efnahagsreikningi, sem tryggingu í reiðufé í þeim tilgangi að reikna út áhrif fjármagnaðrar útlánavarnar vegna þessara útlána og innlána hjá lánastofnuninni, sem falla undir greiðslujöfnun á efnahagsreikningi.“

126) Ákvæðum 220. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Notkun eftirlitsaðferðar við jöfnun flöchts fyrir rammasamning um skuldajöfnun“.

b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnanir sem reikna „fullleiðrétt áhættuskuldbindingarvirði“ ( $E^*$ ) vegna áhættuskuldbindinga sem falla undir gjaldgengan rammasamning um skuldajöfnun sem nær yfir fjármögnunarviðskipti með verðbréf eða önnur viðskipti á fjármagnsmarkaði, skulu reikna jöfnun flöchts, sem þær eiga að beita, með notkun eftirlitsaðferðar við jöfnun flöchts sem sett er fram í 223. til 227. gr., vegna heildaraðferðar fjárhagslegra trygginga.“

c) Í stað c-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„c) beita virði aðlögunar vegna óstöðugleika eða, ef við á, viðeigandi tölugildi aðlögunar vegna óstöðugleika fyrir tiltekinn flokk verðbréfa eða fyrir tiltekna gerð af hrávörum, á tölugildi jákvæðrar eða neikvæðrar hreinnar stöðu í verðbréfum í þeim flokki verðbréfa, eða á hrávörur af þeirri tegund hrávára,“.

d) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Stofnanir skulu reikna  $E^*$  í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$E^* = \max \left( 0; \sum_i E_i - \sum_j C_j + 0,4 \cdot E_{\text{net}} + 0,6 \cdot \frac{E_{\text{gross}}}{\sqrt{N}} + \sum_k |E_k^{\text{fx}}| \cdot H_k^{\text{fx}} \right)$$

þar sem:

$i$  = vísitala fyrir öll aðskilin verðbréf, hrávöru eða reiðufjárstöður samkvæmt samningnum sem eru annaðhvort lánuð út, seld með endurkaupasamningi eða lögð fram sem trygging fyrir stofnunina gagnvart mótaðilanum,

$j$  = vísitala fyrir öll aðskilin verðbréf, hrávöru eða reiðufjárstöður samkvæmt samningnum sem eru annaðhvort lánuð frá, keypt með endursölusamningi eða í vörslu stofnunarinnar,

$k$  = vísitala fyrir alla aðskilda gjaldmiðla þar sem verðbréf, hrávörur eða reiðufjárstöður samkvæmt samningnum eru skráð,

$E_i$  = vísitölugildi tiltekins verðbréfs, hrávöru eða reiðufjárstöðu  $i$ , sem eru annaðhvort lánuð út, seld með endurkaupasamningi eða lögð fram sem trygging gagnvart mótaðilanum samkvæmt samningnum sem myndi gilda ef engin útlánavörn er fyrir hendi, þegar stofnanir reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 2. eða 3. kafla, eftir því sem við á,

$C_j$  = virði tiltekins verðbréfs, hrávöru eða reiðufjárstöðu  $j$  sem eru annaðhvort lánuð frá, keypt með endursölusamningi eða í vörslu stofnunarinnar samkvæmt samningnum,

$E_k^{fx}$  = hrein staða (jákvæð eða neikvæð) í tilteknum gjaldmiðli  $k$ , öðrum en uppgjörsgjaldmiðli samningsins, reiknuð út í samræmi við b-lið 2. mgr.,

$H_k^{fx}$  = jöfnun flökts vegna gjaldmiðlaáhattu  $k$ ,

$E_{net}$  = hrein áhættuskuldbinding samningsins, reiknuð sem hér segir:

$$E_{net} = \left| \sum_{l=1}^N |E_l^{sec}| \cdot H_l^{sec} \right|$$

þar sem:

1 = visitala fyrir alla aðskilda flokka sömu verðbréfa og allar aðskildar tegundir sömu hrávara samkvæmt samningnum,

$E_l^{sec}$  = hrein staða (jákvæð eða neikvæð) í tilteknum flokki verðbréfa  $l$  eða tiltekinni tegund hrávara  $l$  samkvæmt samningnum, reiknuð í samræmi við a-lið 2. mgr.,

$H_l^{sec}$  = viðeigandi aðlögun vegna óstöðugleika fyrir tiltekinn flokk verðbréfa  $l$  eða tiltekna tegund hrávara  $l$ , ákvörðuð í samræmi við c-lið 2. mgr.; táknið fyrir  $H_l^{sec}$  skal ákvarðað á eftirfarandi hátt:

- það skal hafa jákvætt tákni þegar flokkur verðbréfa  $l$  er lánaður út, seldur með endurkaupasamningi eða viðskipti gerð með hann á svipaðan hátt og annaðhvort lána- eða endurkaupasamningur verðbréfa,
- það skal hafa neikvætt tákni þegar flokkur verðbréfa  $l$  er fenginn að láni, keyptur með endursölusamningi eða viðskipti gerð á svipaðan hátt og annaðhvort lántöku- eða endurhverfur endurkaupasamningur verðbréfa,

$N$  = heildarfjöldi aðskilinna flokka af sömu verðbréfum og aðskilinna tegunda hrávara samkvæmt samningnum; að því er þennan útreikning varðar skal ekki reikna þessa flokka og tegundir  $E_l^{sec}$  þar sem  $|E_l^{sec}|$  er lægra en  $\frac{1}{10} \max(|E_l^{sec}|)$  með,

$E_{gross}$  = verg áhættuskuldbinding samningsins, reiknuð sem hér segir:

$$E_{gross} = \sum_{l=1}^N |E_l^{sec}| \cdot |H_l^{sec}|$$

127) Ákvæðum 221. gr. er breytt sem hér segir:

- Í stað 1., 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Að því er varðar útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðir vænts taps fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf eða önnur viðskipti á fjármagnsmarkaði en afleiðuviðskipti sem falla undir gjaldgengan rammamning um skuldajöfnun sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 7. þætti 6. kafla, er stofnun heimilt að reikna út fullleiðrétt áhættuskuldbindingarvirði ( $E^*$ ) samningsins með eiginlíkansaðferð, að því tilskildu að stofnunin uppfylli skilyrðin sem eru sett fram í 2. mgr.

2. Stofnun er heimilt að nota eiginlíkansaðferð að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

- stofnunin notar aðferðina eingöngu fyrir áhættuskuldbindingar þar sem fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga eru reiknaðar samkvæmt innramatsaðferðinni sem er sett fram í 3. kafla,
- stofnunin hefur fengið leyfi frá lögbæru yfirvaldi til að nota aðferðina.

3. Stofnun sem notar eiginlíkansaðferðina skal gera það fyrir alla mótaðila og verðbréf, að undanskildum lítilvægum verðbréfasöfnum þar sem henni er heimilt að nota eftirlitsaðferðina við jöfnun flökts sem mælt er fyrir um í 220. gr.“

- Ákvæði 8. mgr. falla brott.

128) Í stað 3. mgr. 222. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Stofnanir skulu veita þeim hlutum áhættuskuldbindingarvirðis, sem tryggðir eru með markaðsvirði hæfrar tryggingar, þá áhættuvog sem þeir myndu veita skv. 2. kafla ef lánastofnunin hefði beina áhættu af tryggingargerningnum. Í því skyni skal virði áhættuskuldbindingar liðar utan efnahagsreiknings, sem skráður er í I. viðauka, jafngilda 100% af virði hans, fremur en af áhættuskuldbindingarvirðinu sem um getur í 2. mgr. 111. gr.“

129) Ákvæðum 223. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Eftirfarandi á við að því er varðar útreikning á E í 3. mgr.:

a) að því er varðar stofnanir sem reikna fjárhæðir áhættuveginna skuldbindinga samkvæmt staðalaðferðinni skal áhættuskuldbindingarvirði liðar utan efnahagsreiknings, sem skráður er í I. viðauka, vera 100% af virði hans, fremur en af áhættuskuldbindingarvirðinu sem um getur í 2. mgr. 111. gr.,

b) fyrir aðra liði utan efnahagsreiknings en afleiður sem eru meðhöndlaðar samkvæmt innramatsaðferðinni, skulu stofnanir reikna út áhættuskuldbindingarvirði sín með því að nota 100% útlánabreytistuðul í stað útlánabreytistuðuls samkvæmt staðalaðferð eða útlánabreytistuðuls samkvæmt innramatsaðferð sem kveðið er á um í 8. mgr., 8. mgr. a og 8. mgr. b 166. gr.“

b) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Stofnanir skulu reikna jöfnun flökts með notkun eftirlitsaðferðarinnar við jöfnun flökts, sem um getur í 224. gr. til 227. gr.“

130) Í stað taflna 1 til 4 í 1. mgr. 224. gr. kemur eftirfarandi:

„Tafla 1

| Lánshæfisþrep sem láns-hæfismat skuldbréfsins tengist | Eftirstöðva-tími (m), gefinn upp í árum | Jöfnun flökts skuldbréfa útgefnum af aðilum eins og um getur í b-lið 1. mgr. 197. gr. |                                |                               | Jöfnun flökts skuldbréfa útgefnum af aðilum eins og um getur í c- og d-lið 1. mgr. 197. gr. |                                |                               | Jöfnun flökts verðbréfaðra staðna og viðmið sem mælt er fyrir um í h-lið 1. mgr. 197. gr. uppfyllt |                                |                               |
|-------------------------------------------------------|-----------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------|-------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------|-------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------|-------------------------------|
|                                                       |                                         | 20 daga innlausnar-tímabil (%)                                                        | 10 daga innlausnar-tímabil (%) | 5 daga innlausnar-tímabil (%) | 20 daga innlausnar-tímabil (%)                                                              | 10 daga innlausnar-tímabil (%) | 5 daga innlausnar-tímabil (%) | 20 daga innlausnar-tímabil (%)                                                                     | 10 daga innlausnar-tímabil (%) | 5 daga innlausnar-tímabil (%) |
| 1                                                     | $m \leq 1$                              | 0,707                                                                                 | 0,5                            | 0,354                         | 1,414                                                                                       | 1                              | 0,707                         | 2,828                                                                                              | 2                              | 1,414                         |
|                                                       | $1 < m \leq 3$                          | 2,828                                                                                 | 2                              | 1,414                         | 4,243                                                                                       | 3                              | 2,121                         | 11,314                                                                                             | 8                              | 5,657                         |
|                                                       | $3 < m \leq 5$                          | 2,828                                                                                 | 2                              | 1,414                         | 5,657                                                                                       | 4                              | 2,828                         | 11,314                                                                                             | 8                              | 5,657                         |
|                                                       | $5 < m \leq 10$                         | 5,657                                                                                 | 4                              | 2,828                         | 8,485                                                                                       | 6                              | 4,243                         | 22,627                                                                                             | 16                             | 11,314                        |
|                                                       | $m > 10$                                | 5,657                                                                                 | 4                              | 2,828                         | 16,971                                                                                      | 12                             | 8,485                         | 22,627                                                                                             | 16                             | 11,314                        |
| 2 til 3                                               | $m \leq 1$                              | 1,414                                                                                 | 1                              | 0,707                         | 2,828                                                                                       | 2                              | 1,414                         | 5,657                                                                                              | 4                              | 2,828                         |
|                                                       | $1 < m \leq 3$                          | 4,243                                                                                 | 3                              | 2,121                         | 5,657                                                                                       | 4                              | 2,828                         | 16,971                                                                                             | 12                             | 8,485                         |
|                                                       | $3 < m \leq 5$                          | 4,243                                                                                 | 3                              | 2,121                         | 8,485                                                                                       | 6                              | 4,243                         | 16,971                                                                                             | 12                             | 8,485                         |

| Lánshæfisþrep sem lánshæfismat skuldabréfsins tengist | Eftirstöðvatími (m), gefinn upp í árum | Jöfnun flökts skuldabréfa útgefnum af aðilum eins og um getur í b-lið 1. mgr. 197. gr. |                               |                              | Jöfnun flökts skuldabréfa útgefnum af aðilum eins og um getur í c- og d-lið 1. mgr. 197. gr. |                               |                              | Jöfnun flökts verðbréfaðra staðna og viðmið sem mælt er fyrir um í h-lið 1. mgr. 197. gr. uppfyllt |                               |                              |
|-------------------------------------------------------|----------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------|------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------|------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------|------------------------------|
|                                                       |                                        | 20 daga innlausnartímabil (%)                                                          | 10 daga innlausnartímabil (%) | 5 daga innlausnartímabil (%) | 20 daga innlausnartímabil (%)                                                                | 10 daga innlausnartímabil (%) | 5 daga innlausnartímabil (%) | 20 daga innlausnartímabil (%)                                                                      | 10 daga innlausnartímabil (%) | 5 daga innlausnartímabil (%) |
|                                                       | $5 < m \leq 10$                        | 8,485                                                                                  | 6                             | 4,243                        | 16,971                                                                                       | 12                            | 8,485                        | 33,941                                                                                             | 24                            | 16,971                       |
|                                                       | $m > 10$                               | 8,485                                                                                  | 6                             | 4,243                        | 28,284                                                                                       | 20                            | 14,142                       | 33,941                                                                                             | 24                            | 16,971                       |
| 4                                                     | allar                                  | 21,213                                                                                 | 15                            | 10,607                       | Á ekki við                                                                                   | Á ekki við                    | Á ekki við                   | Á ekki við                                                                                         | Á ekki við                    | Á ekki við                   |

Tafla 2

| Lánshæfisþrep sem lánshæfismat skammtaskuldabréfs tengist | Eftirstöðvatími (m), gefinn upp í árum | Jöfnun flökts skuldabréfa útgefnum af aðilum, eins og um getur í b-lið 1. mgr. 197. mgr., með skammtímalánshæfismat |                               |                              | Jöfnun flökts skuldabréfa útgefnum af aðilum, eins og um getur í c og d-lið 1. mgr. 197. gr., með skammtímalánshæfismat |                               |                              | Jöfnun flökts verðbréfaðra staðna og viðmið sem mælt er fyrir um í h-lið 1. mgr. 197. gr. uppfyllt, með skammtímalánshæfismat |                               |                              |
|-----------------------------------------------------------|----------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------|------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------|------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------|------------------------------|
|                                                           |                                        | 20 daga innlausnartímabil (%)                                                                                       | 10 daga innlausnartímabil (%) | 5 daga innlausnartímabil (%) | 20 daga innlausnartímabil (%)                                                                                           | 10 daga innlausnartímabil (%) | 5 daga innlausnartímabil (%) | 20 daga innlausnartímabil (%)                                                                                                 | 10 daga innlausnartímabil (%) | 5 daga innlausnartímabil (%) |
| 1                                                         |                                        | 0,707                                                                                                               | 0,5                           | 0,354                        | 1,414                                                                                                                   | 1                             | 0,707                        | 2,828                                                                                                                         | 2                             | 1,414                        |
| 2 til 3                                                   |                                        | 1,414                                                                                                               | 1                             | 0,707                        | 2,828                                                                                                                   | 2                             | 1,414                        | 5,657                                                                                                                         | 4                             | 2,828                        |

Tafla 3

Aðrar tegundir trygginga eða áhættuskuldbindinga

|                                                                   | 20 daga innlausnartímabil (%) | 10 daga innlausnartímabil (%) | 5 daga innlausnartímabil (%) |
|-------------------------------------------------------------------|-------------------------------|-------------------------------|------------------------------|
| Hlutabréf á aðallista, breytanleg skuldabréf á aðallista          | 28,284                        | 20                            | 14,142                       |
| Önnur hlutabréf eða breytanleg skuldabréf í viðurkenndri kauphöll | 42,426                        | 30                            | 21,213                       |
| Reiðufé                                                           | 0                             | 0                             | 0                            |
| Gull sem hrávara                                                  | 28,284                        | 20                            | 14,142                       |

Tafla 4

Jöfnun flökts fyrir gjaldmiðlamisvægi ( $H_{fk}$ )

| 20 daga innlausnartímabil (%) | 10 daga innlausnartímabil (%) | 5 daga innlausnartímabil (%) |
|-------------------------------|-------------------------------|------------------------------|
| 11,314                        | 8                             | 5,657                        |

“

131) Ákvæði 225. gr. falla brott.

132) Í stað 226. gr. kemur eftirfarandi:

„226. gr.

**Jöfnun flökts samkvæmt heildaraðferð fjárhagslegra trygginga kvörðuð upp á við**

Stofnun skal beita jöfnun flökts, sem sett er fram í 224. mgr., þegar um er að ræða daglegt endurmat. Fari endurmat fram sjaldnar en daglega skulu stofnanir beita meiri jöfnun flökts. Stofnanir skulu reikna endurmat með því að kvarða daglegt endurmat á jöfnun flökts upp á við, með eftirfarandi formúlu kvaðratrótar af tíma:

$$H = H_M \cdot \sqrt{\frac{N_R + (T_M - 1)}{T_M}}$$

þar sem:

H = jöfnun flökts sem skal beita,

 $H_M$  = jöfnun flökts þar sem fram fer daglegt endurmat, $N_R$  = raunverulegur fjöldi virkra daga milli endurmats, $T_M$  = innlausnartímabil viðkomandi tegundar viðskipta.“

133) Í stað 1. mgr. 227. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnunum sem nota eftirlitsaðferðina við jöfnun flökts, sem um getur í 224. gr., er heimilt, fyrir endurhverf viðskipti og verðbréfalánveitingar eða lánsviðskipti, að beita 0% jöfnun flökts í stað þeirrar jöfnunar flökts sem er reiknuð skv. 224. og 226. gr., að uppfylltum skilyrðunum sem sett eru fram í a- til h-lið 2. mgr. þessarar greinar. Stofnanir, sem nota eiginlíkansaðferðina sem sett er fram í 221. gr., skulu ekki nota aðferðina sem sett er fram í þessari grein.“

134) Í stað 228. gr. kemur eftirfarandi:

„228. gr.

**Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt heildaraðferðar fjárhagslegra trygginga vegna áhættuskuldbindinga sem meðhöndlaðar eru samkvæmt staðalaðferð**

Samkvæmt staðalaðferðinni skulu stofnanir nota  $E^*$  eins og það er reiknað skv. 5. mgr. 223. gr. sem áhættuskuldbindingarvirði með tilliti til 113. gr. Þegar um er að ræða liði utan efnahagsreiknings, sem taldir eru upp í I. viðauka, skal nota  $E^*$  sem það virði sem beita skal hlutföllunum í 2. mgr. 111. gr. á til þess að reikna áhættuskuldbindingarvirði.“

135) Ákvæðum 229. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Matsreglur fyrir aðrar veðhæfar tryggingar en fjárhagslegar tryggingar“.

b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Mat á virði fasteigna skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

- a) virðið er metið óháð verklagi stofnunar við öflunar fasteignaveða, afgreiðslu lána og ákvarðanaferli lána, af óháðum matsmanni sem hefur öll nauðsynleg réttindi, hæfi og reynslu til að vinna mat,
- b) virðið er metið út frá varfærnislegum matsviðmiðunum sem uppfylla allar eftirfarandi kröfur:
  - i. virðið undanskilur væntingar um verðhækkanir,
  - ii. virðið er leiðrétt til að taka tillit til þess möguleika að núverandi markaðsvirði sé umtalsvert yfir virðinu sem væri sjálfbært út lánstímann,
- c) virðið er skjalfest á gagnsæjan og skýran hátt,
- d) virðið er ekki hærra en markaðsvirði fasteignarinnar, þar sem hægt er að ákvarða slíkt markaðsvirði,
- e) ef fasteignin er endurmetin skal virði hennar ekki fara yfir meðalgildið var metið fyrir fasteignina eða fyrir sambærilega fasteign síðustu sex árin fyrir íbúðarhúsnæði eða átta árin fyrir viðskiptahúsnæði eða virði við útgáfu, eftir því hvert er hærra.

Að því er varðar útreikning á meðalgildi skulu stofnanir taka meðaltal alls virðis fasteigna sem hafa mælst með jöfnu millibili og viðmiðunartímabilið skal innihalda a.m.k. þrjá gagnapunkta.

Að því er varðar útreikning á meðalgildinu er stofnunum heimilt að nota niðurstöður eftirlits með virði fasteigna í samræmi við 3. mgr. 208. gr. Virði fasteigna getur farið yfir þetta meðalgildi eða virði við útgáfu, eftir því sem við á, ef breytingar verða á fasteigninni sem eykur virði hennar ótvírætt, svo sem endurbætur á orkunýtingu eða endurbætur á viðnámsþrótti, vernd og aðlögun að raunlægri áhættu sem byggingar og húsnæðiseiningar standa frammi fyrir. Ekki skal endurmeta virði fasteignanna upp á við ef stofnanir hafa ekki nægileg gögn til að reikna meðalgildið nema ef virðisaukningin byggist á breytingum sem auka verðmætið ótvírætt.

Virðismat fasteigna skal taka mið af öllum fyrri kröfum á fasteignina, nema tekið sé tillit til fyrri kröfu við útreikning á vergri fjárhæð áhættuskuldbindingar skv. c-lið 6. mgr. 124. gr., eða til lækkunar fjárhæðar 55% af virði fasteignarinnar skv. 1. mgr. 125. gr. eða 1. mgr. 126. gr., og endurspegla, eftir atvikum, niðurstöður eftirlitsins sem krafist er skv. 3. mgr. 208. gr.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar viðmiðin og þættina sem hafa ber í huga vegna mats á hugtakinu „sambærileg eign“, eins og um getur í c-lið 1. gr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2027.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

136) Í stað 230. gr. kemur eftirfarandi:

„230. gr.

**Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps að því er varðar áhættuskuldbindingu með hæfa fjármagnaða útlánavörn samkvæmt innramatsaðferðinni**

1. Samkvæmt innramatsaðferðinni skulu stofnanir, að undanskildum þeim áhættuskuldbindingum sem falla undir gildisvið 220. gr., nota rauntap að gefnum vanefndum (LGD\*) sem tap að gefnum vanefndum með tilliti til 3. kafla til að viðurkenna fjármagnaða útlánavörn sem er hæf samkvæmt þessum kafla. Stofnanir skulu reikna LGD\* sem hér segir:

$$LGD^* = LGD_U \cdot \frac{E_U}{E \cdot (1 + H_E)} + LGD_S \cdot \frac{E_S}{E \cdot (1 + H_E)}$$

þar sem:

$E$  = áhættuskuldbindingarvirði áður en tillit er tekið til áhrifa af fjármagnaðri útlánavörn; fyrir áhættuskuldbindingu sem er tryggð með fjárhagslegri tryggingu sem er hæf í samræmi við þennan kafla skal fjárhæðin reiknuð í samræmi við 3. mgr. 223. gr.; ef um er að ræða verðbréf sem eru lánuð eða lögð fram sem trygging skal fjárhæðin samsvara lánuðu reiðufé eða lánuðum eða veðsettum verðbréfum; að því er varðar verðbréf sem eruð lánuð eða veðsett skal auka áhættuskuldbindingarvirðið með því að beita aðlögun vegna óstöðugleika ( $H_E$ ) í samræmi við 223. til 227. gr.,

$E_S$  = núvirði fjármagnaðrar útlánavarnar sem fæst eftir beitingu á aðlögun vegna óstöðugleika sem gildir um þá tegund fjármagnaðrar útlánavarnar ( $H_C$ ) og beitingu á aðlögun vegna óstöðugleika fyrir gjaldmiðlamisvægi ( $H_K$ ) milli áhættuskuldbindingar og fjármagnaðrar útlánavarnar, í samræmi við 2. og 3. mgr.;  $E_S$  skal ekki fara yfir eftirfarandi gildi:  $E \cdot (1 + H_E)$ ,

$E_U$  =  $E \cdot (1 + H_E) - E_S$ ,

$LGD_U$  = gildandi tap að gefnum vanefndum fyrir ótryggða áhættuskuldbindingu eins og sett er fram í 1. mgr. 161. gr.,

$LGD_S$  = gildandi tap að gefnum vanefndum gagnvart áhættuskuldbindingum sem tryggðar eru með þeirri tegund hæfrar fjármagnaðrar útlánavarnar sem notuð er í viðskiptunum, eins og tilgreint er í töflu 1 í 2. mgr.

2. Tafla 1 tilgreinir gildin  $LGD_S$  og  $H_C$  sem eru notuð í formúlunni sem sett er fram í 1. mgr.

Tafla 1

| Tegund fjármagnaðrar útlánavarnar | $LGD_S$    | Aðlögun vegna óstöðugleika ( $H_C$ )                                      |
|-----------------------------------|------------|---------------------------------------------------------------------------|
| Fjárhagslegar tryggingar          | 0%         | Aðlögun vegna óstöðugleika $H_C$ eins og sett er fram í 224. til 227. gr. |
| Viðskiptakröfur                   | 20%        | 40%                                                                       |
| Íbúðarhúsnæði og viðskiptahúsnæði | 20%        | 40%                                                                       |
| Aðrar áþreifanlegar tryggingar    | 25%        | 40%                                                                       |
| Óhæf fjármögnuð útlánavörn        | Á ekki við | 100%                                                                      |

3. Ef hæf fjármögnuð útlánavörn er í öðrum gjaldmiðli en áhættuskuldbindingin skal aðlögun vegna óstöðugleika fyrir gjaldmiðlamisvægi ( $H_K$ ) vera sú sama og sú sem gildir skv. 224. til 227. gr.

4. Önnur möguleg meðferð en sú sem sett er fram í 1. og 2. mgr. þessarar greinar og með fyrirvara um 9. mgr. 124. gr. geta stofnanir veitt 50% áhættuvog þeim hluta áhættuskuldbindingarinnar, innan þeirra marka sem sett eru fram í fyrstu undirgrein 1. mgr. 125. gr. og fyrstu undirgrein 1. mgr. 126. gr., sem er að fullu tryggður með veði í íbúðar- eða viðskiptahúsnæði innan yfirráðasvæðis aðildarríkis ef öllum skilyrðunum í 3. eða 4. mgr. 199. gr. er fullnægt.

5. Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps vegna innramatsáhættuskuldbindinga sem falla undir gildissvið 220. gr., skulu stofnanir nota  $E^*$  í samræmi við 4. mgr. 220. gr. og nota tap að gefnum vanefndum fyrir ótryggðar áhættuskuldbindingar, eins og sett er fram í a-, aa- og b-lið 1. mgr. 161. gr.“

137) Í stað 231. gr. kemur eftirfarandi:

„231. gr.

**Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps ef um er að ræða samsteypur af hæfri fjármagnaðri útlánavörn fyrir áhættuskuldbindingu sem meðhöndluð er samkvæmt innramatsaðferðinni**

Stofnanir sem hafa fengið margar tegundir af fjármagnaðri útlánavörn geta, fyrir áhættuskuldbindingar sem meðhöndlaðar eru samkvæmt innramatsaðferðinni, beitt formúlunni sem sett er fram í 230. gr., raðbundið fyrir sérhverja tegund trygginga. Í því skyni skulu stofnanirnar, eftir sérhvert skref sem viðurkennir eina tegund fjármagnaðrar útlánavarnar, lækka eftirstandandi virði ótryggðrar áhættuskuldbindingar ( $E_U$ ) um leiðrétt virði tryggingarinnar ( $E_S$ ) sem viðurkennt er í því skrefi. Í samræmi við 1. mgr. 230. gr. skal samtala  $E_S$  yfir allar tegundir fjármagnaðrar útlánavarnar takmarkast við gildið  $E \cdot (1 + H_E)$ , sem leiðir af sér eftirfarandi formúlu:

$$LGD^* = LGD_U \cdot \frac{E_U}{E \cdot (1 + H_E)} + \sum_i LGD_{S,i} \cdot \frac{E_{S,i}}{E \cdot (1 + H_E)}$$

þar sem:

$LGD_{S,i}$  = tap að gefnum vanefndum sem gildir um fjármagnaða útlánavörn  $i$ , eins og tilgreint er í 2. mgr. 230. gr.;

$E_{S,i}$  = núvirði fjármagnaðrar útlánavarnar  $i$  sem fæst eftir beitingu aðlögunar vegna óstöðugleika sem gildir um tegund fjármagnaðrar útlánavarnar ( $H_E$ ) skv. 2. mgr. 230. gr.“

138) Ákvæðum 232. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Ef skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 212. gr. eru uppfyllt er hægt að meðhöndla reiðufjárinnstæður hjá stofnun sem er þriðji aðili, eða reiðufjárigildisgæðingar vistaðir hjá henni, án þess að vörslusamningur liggi fyrir og veðsett lánastofnuninni, sem tryggingu sem stofnun sem er þriðji aðili veitir.“

b) Eftirfarandi lið er bætt við í 3. mgr.:

„ba) áhættuvog 52,5%, þar sem ótryggðar forgangsáhættuskuldbindingar vegna fyrirtækisins, sem veitir líftrygginguna, fá 75% áhættuvog.“

139) Í stað 4. mgr. 233. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Stofnanir skulu byggja jöfnun flökts, sem skal nota vegna hvers konar gjaldmiðlamisvægis, á 10 daga innlausnar-tímabili, að því gefnu að endurmat fari fram daglega, og skulu reikna það á grundvelli eftirlitsaðferðarinnar við jöfnun flökts sem sett er fram í 224. gr. Stofnanir skulu kvarða jöfnun flökts upp á við í samræmi við 226. gr.“

140) Ákvæðum 235. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt staðgönguáðferð ef tryggt áhættuskuldbinding er meðhöndluð samkvæmt staðalaðferð.“

b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Að því er varðar 3. mgr. 113. gr. skulu stofnanir reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga fyrir áhættuskuldbindingar með ófjármagnaða útlánavörn sem þessar stofnanir beita staðalaðferðinni á, óháð því hvernig sambærilegar beinar áhættuskuldbindingar eru meðhöndlaðar gagnvart veitanda útlánavarnar, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\max \{0, E - G_A\} \cdot r + G_A \cdot g$$

þar sem:

$E$  virði áhættuskuldbindingar reiknað skv. 111. gr.: að því er þetta varðar skal virði áhættuskuldbindingarinnar í lið utan efnahagsreiknings, sem skráð er í I. viðauka, vera 100% af virði hans fremur en af áhættuskuldbindingarvirðinu sem tilgreint er í 2. mgr. 111. gr.,

- $G_A$  = fjárhæð útlánavarnar leiðrétt fyrir allri gjaldmiðlaáhættu ( $G^*$ ) eins og reiknað er skv. 3. mgr. 233. gr. og leiðrétt vegna misræmis í líftíma eins og mælt er fyrir um í 5. þætti þessa kafla,
- $r$  = áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna loforðsgjafa eins og tilgreint er í 2. kafla,
- $g$  = áhættuvog sem gildir um beina áhættuskuldbindingu vegna veitanda útlánavarnar eins og tilgreint er í 2. kafla.“

c) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Stofnanir geta rýmkað gildissvið ívilnandi meðferðarinnar, sem sett er fram í 4. og 7. mgr. 114. gr., til áhættuskuldbindinga eða hluta áhættuskuldbindinga sem ríki eða seðlabanki ábyrgist eins og um beinar áhættuskuldbindingar væri að ræða gagnvart ríki eða seðlabanka, að því tilskildu að skilyrðin, sem sett eru fram í 4. eða 7. mgr. 114. gr., eftir því sem við á, séu uppfyllt fyrir slíkar beinar áhættuskuldbindingar.“

141) Eftirfarandi grein bætist við:

„235. gr. a

**Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðum vænts taps samkvæmt staðgönguaðferð, ef tryggð áhættuskuldbinding er meðhöndluð samkvæmt innramatsaðferð og sambærileg bein áhættuskuldbinding gagnvart veitanda útlánavarnar er meðhöndluð samkvæmt staðalaðferð**

1. Að því er varðar áhættuskuldbindingar með ófjármagnaða útlánavörn sem stofnun beitir innramatsaðferðinni sem sett er fram í 3. kafla á og þar sem sambærilegar beinar áhættuskuldbindingar gagnvart veitanda útlánavarnar eru meðhöndlaðar samkvæmt staðalaðferð, skulu stofnanir reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\max \{0, E - G_A\} \cdot r + G_A \cdot g$$

þar sem:

- $E$  = áhættuskuldbindingarvirðið ákvarðað í samræmi við 5. þátt 3. kafla; í því skyni skulu stofnanir reikna áhættuskuldbindingarvirði fyrir aðra liði utan efnahagsreiknings en afleiður samkvæmt innramatsaðferð með 100% útlánabreytistuðul í stað útlánabreytistuðla samkvæmt staðalaðferð eða útlánabreytistuðla samkvæmt innramatsaðferð sem kveðið er á um í 8. mgr., 8. mgr. a og 8. mgr. b 166. gr.,
- $G_A$  = fjárhæð útlánavarnar leiðrétt fyrir allri gjaldmiðlaáhættu ( $G^*$ ) eins og reiknað er í samræmi við 3. mgr. 233. gr. og leiðrétt vegna misræmis í líftíma eins og mælt er fyrir um í 5. þætti þessa kafla,
- $r$  = áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna loforðsgjafa eins og tilgreint er í 3. kafla,
- $g$  = áhættuvog sem gildir um beina áhættuskuldbindingu vegna veitanda útlánavarnar eins og tilgreint er í 2. kafla.

2. Ef fjárhæð útlánavarnar ( $G_A$ ) er lægri en áhættuskuldbindingarvirði ( $E$ ), geta stofnanir ekki notað formúluna, sem tilgreind er í 1. mgr., nema þegar varði og óvarði hlutinn hafa jafnan forgang.

3. Stofnanir geta rýmkað gildissvið ívilnandi meðferðarinnar, sem sett er fram í 4. og 7. mgr. 114. gr., til áhættuskuldbindinga eða hluta áhættuskuldbindinga sem ríki eða seðlabanki ábyrgist eins og um beinar áhættuskuldbindingar væri að ræða gagnvart ríki eða seðlabanka, að því tilskildu að skilyrðin, sem sett eru fram í 4. eða 7. mgr. 114. gr., eftir því sem við á, séu uppfyllt fyrir slíkar beinar áhættuskuldbindingar.

4. Fjárhæð vænts taps fyrir tryggðan hluta áhættuskuldbindingarvirðis skal vera núll.

5. Að því er varðar ótryggða hluta áhættuskuldbindingarvirðis ( $E$ ) skulu stofnanir nota áhættuvog og vænt tap sem samsvarar undirliggjandi áhættuskuldbindingu. Að því er varðar útreikninginn sem settur er fram í 159. gr. skulu stofnanir úthluta almennum eða sértekum leiðréttingum á útlánaáhættu eða viðbótarvirðisbreytingum í samræmi við 34. gr. í tengslum við viðskipti stofnunar í fjárfestingarbók eða öðrum lækunum á eiginfjárgrunni í tengslum við aðrar áhættuskuldbindingar en lækkanimar sem gerðar eru í samræmi við m-lið 1. mgr. 36. gr., á ótryggðum hluta áhættuskuldbindingarvirðisins.“

142) Í stað 236. gr. kemur eftirfarandi:

„236. gr.

**Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðum vænts taps samkvæmt staðgönguaðferð, ef tryggð áhættuskuldbinding er meðhöndluð samkvæmt innramatsaðferð án þess að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og sambærileg bein áhættuskuldbinding gagnvart veitanda útlánavarnar er meðhöndluð samkvæmt innramatsaðferð**

1. Að því er varðar áhættuskuldbindingu með ófjármagnaðri útlánavörn sem stofnun beitir innramatsaðferðinni sem sett er fram í 3. kafla á, en án þess að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum, og þar sem sambærilegar beinar áhættuskuldbindingar gagnvart veitanda útlánavarnar eru meðhöndlaðar samkvæmt innramatsaðferðinni sem sett er fram í 3. kafla, skulu stofnanir ákvarða tryggða hluta áhættuskuldbindingar sem það lægra af áhættuskuldbindingarvirði (E) og leiðrétt virði ófjármagnaðrar útlánavarnar (G<sub>A</sub>).

1a. Stofnanir sem beita innramatsaðferðinni á sambærilegar beinar áhættuskuldbindingar vegna veitanda útlánavarnar með því að nota eigið mat á líkum á vanefndum skulu reikna út fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindingar og fjárhæð vænts taps vegna þess hluta áhættuskuldbindingarvirðisins sem er varinn með því að nota líkur á vanefndum veitanda útlánavarnar og tap að gefnum vanefndum sem gildir um sambærilega beina áhættuskuldbindingu vegna veitanda útlánavarnar eins og um getur í 1. mgr. 161. gr., í samræmi við 1. mgr. b þessarar greinar. Að því er varðar víkjandi áhættuskuldbindingar og ófjármagnaða vörn, sem ekki er víkjandi, skal það tap að gefnum vanefndum sem stofnanir eiga að beita á tryggðan hluta áhættuskuldbindingarvirðis vera tap að gefnum vanefndum sem tengist forgangskröfum og stofnanir geta útskýrt hvers kyns fjármagnaða útlánavörn sem tryggir ófjármagnaða útlánavörn í samræmi við þennan kafla.

1b. Stofnanir skulu reikna áhættuvog og vænt tap fyrir tryggðan hluta undirliggjandi áhættuskuldbindingar með líkum á vanefndum, tapi að gefnum vanefndum sem tilgreint er í 1. mgr. a þessarar greinar, og sama áhættuvægisfall og það sem notað er fyrir sambærilega beina áhættuskuldbindingu gagnvart veitanda útlánavarnar og skulu, eftir atvikum, nota líftímann (M) sem tengist undirliggjandi áhættuskuldbindingu, reiknaðan í samræmi við 162. gr.

1c. Stofnanir sem beita innramatsaðferð á sambærilegar beinar áhættuskuldbindingar gagnvart veitanda útlánavarnar með aðferðinni sem kveðið er á um í 5. mgr. 153. gr., skulu nota þá áhættuvog og vænt tap sem gildir um tryggðan hluta áhættuskuldbindingarinnar sem samsvarar þeim sem kveðið er á um í 5. mgr. 153. gr. og 6. mgr. 158. gr.

1d. Þrátt fyrir 1. mgr. c í þessari grein skulu stofnanir sem beita innramatsaðferð á tryggðar áhættuskuldbindingar með aðferðinni, sem kveðið er á um í 5. mgr. 153. gr., reikna þá áhættuvog og vænt tap fyrir tryggðan hluta áhættuskuldbindingar með líkum á vanefndum, tapi að gefnum vanefndum sem gildir um sambærilega beina áhættuskuldbindingu gagnvart veitanda útlánavarnar eins og um getur í 1. mgr. 161. gr., í samræmi við 1. mgr. b í þessari grein, og sama áhættuvægisfall og það sem notað er fyrir sambærilega beina áhættuskuldbindingu gagnvart veitanda útlánavarnar, og skulu, eftir atvikum, nota líftímann (M) sem tengist undirliggjandi áhættuskuldbindingu, reiknaðan í samræmi við 162. gr. Að því er varðar víkjandi áhættuskuldbindingar og ófjármagnaða vörn, sem ekki er víkjandi, skal það tap að gefnum vanefndum sem stofnanir eiga að beita á tryggðan hluta áhættuskuldbindingarvirðis vera tap að gefnum vanefndum sem tengist forgangskröfum og stofnanir geta útskýrt hvers kyns fjármagnaða útlánavörn sem tryggir ófjármagnaða útlánavörn í samræmi við þennan kafla.

2. Að því er varðar ótryggða hluta áhættuskuldbindingarvirðis (E) skulu stofnanir nota áhættuvog og vænt tap sem samsvarar undirliggjandi áhættuskuldbindingu. Að því er varðar útreikninginn sem settur er fram í 159. gr. skulu stofnanir úthluta almennum eða sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu eða viðbótarvirðisbreytingum í samræmi við 34. gr. í tengslum við viðskipti stofnunar í fjárfestingarbók eða öðrum lækkunum á eiginfjárgrunni í tengslum við aðrar áhættuskuldbindingar en lækkanirnar sem gerðar eru í samræmi við m-lið 1. mgr. 36. gr., á ótryggðum hluta áhættuskuldbindingarvirðisins.

3. Að því er þessa grein varðar er (G<sub>A</sub>) fjárhæð útlánavarnar leiðrétt fyrir allri gjaldmiðlaáhættu (G\*) eins og reiknað er skv. 3. mgr. 233. gr. og leiðrétt vegna misræmis í líftíma eins og mælt er fyrir um í 5. þætti þessa kafla. Áhættuskuldbindingarvirðið (E) er það áhættuskuldbindingarvirði sem ákvarðað er í samræmi við 5. þátt 3. kafla. Stofnanir skulu reikna áhættuskuldbindingarvirði fyrir aðra liði utan efnahagsreiknings en afleiður sem eru meðhöndlaðar samkvæmt innramatsaðferðinni með því að nota 100% útlánabreytistuðul í stað útlánabreytistuðuls samkvæmt staðalaðferð eða útlánabreytistuðuls samkvæmt innramatsaðferð sem kveðið er á um í 8. mgr., 8. mgr. a og 8. mgr. b 166. gr.“

143) Eftirfarandi grein bætist við:

„236. gr. a

**Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðum vænts taps samkvæmt staðgönguaðferð, ef tryggð áhættuskuldbinding er meðhöndluð samkvæmt innramatsaðferð með eigin mati á tapi að gefnum vanefndum og sambærileg bein áhættuskuldbinding gagnvart veitanda útlánavarnar er meðhöndluð samkvæmt innramatsaðferð**

1. Að því er varðar áhættuskuldbindingu með ófjármagnaðri útlánavörn sem stofnun beitir innramatsaðferðinni sem sett er fram í 3. kafla á, með eigin mati á tapi að gefnum vanefndum, og þar sem sambærilegar beinar áhættuskuldbindingar gagnvart veitanda útlánavarnar eru meðhöndlaðar samkvæmt innramatsaðferðinni sem sett er fram í 3. kafla en án þess að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum, skulu stofnanir ákvarða tryggða hluta áhættuskuldbindingar sem það lægra af áhættuskuldbindingarvirði (E) og leiðrétt virði ófjármagnaðrar útlánavarnar ( $G_A$ ), reiknað í samræmi við 1. mgr. 235. gr. a. Stofnunin skal reikna fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindingar og fjárhæð vænts taps fyrir tryggðan hluta áhættuskuldbindingarvirðis með líkum á vanefndum, tapi að gefnum vanefndum og sama áhættuvægisfall og það sem notað er fyrir sambærilega beina áhættuskuldbindingu gagnvart veitanda útlánavarnar og skulu, eftir atvikum, nota líftímann (M) sem tengist undirliggjandi áhættuskuldbindingu, reiknaðan í samræmi við 162. gr.

2. Stofnanir sem beita innramatsaðferðinni sem sett er fram í 3. kafla, en án þess að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum á sambærilegar beinar áhættuskuldbindingar gagnvart veitanda útlánavarnar, skulu ákvarða tap að gefnum vanefndum í samræmi við 1. mgr. 161. gr. Að því er varðar víkjandi áhættuskuldbindingar og ófjármagnaða vörn, sem ekki er víkjandi, skal það tap að gefnum vanefndum sem stofnanir eiga að beita á tryggðan hluta áhættuskuldbindingarvirðis vera tap að gefnum vanefndum sem tengist forgangskröfum og stofnanir geta útskýrt hvers kyns fjármagnaða útlánavörn sem tryggir ófjármagnaða útlánavörn í samræmi við þennan kafla.

3. Stofnanir sem beita innramatsaðferðinni sem sett er fram í 3. kafla með eigin mati á tapi að gefnum vanefndum á sambærilegar beinar áhættuskuldbindingar gagnvart veitanda útlánavarnar skulu reikna þá áhættuvog og vænt tap fyrir tryggðan hluta undirliggjandi áhættuskuldbindingar með líkum á vanefndum, tapi að gefnum vanefndum og sama áhættuvægisfall og það sem notað er fyrir sambærilega beina áhættuskuldbindingu gagnvart veitanda útlánavarnar og skulu, eftir atvikum, nota líftímann (M) sem tengist undirliggjandi áhættuskuldbindingu, reiknaðan í samræmi við 162. gr.

4. Stofnanir sem beita innramatsaðferð á sambærilegar beinar áhættuskuldbindingar gagnvart veitanda útlánavarnar með aðferðinni sem kveðið er á um í 5. mgr. 153. gr., skulu nota þá áhættuvog og vænt tap sem gildir um tryggðan hluta áhættuskuldbindingarinnar sem samsvarar þeim sem kveðið er á um í 5. mgr. 153. gr. og 6. mgr. 158. gr.

5. Að því er varðar ótryggða hluta áhættuskuldbindingarvirðis (E) skulu stofnanir nota áhættuvog og vænt tap sem samsvarar undirliggjandi áhættuskuldbindingu. Að því er varðar útreikninginn sem settur er fram í 159. gr. skulu stofnanir úthluta almennum eða sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu eða viðbótavirðisbreytingum í samræmi við 34. gr. í tengslum við viðskipti stofnunar í fjárfestingarbók eða öðrum lækkuðum á eiginfjárgrunni í tengslum við aðrar áhættuskuldbindingar en lækkanirnar sem gerðar eru í samræmi við m-lið 1. mgr. 36. gr., á ótryggðum hluta áhættuskuldbindingarvirðisins.“

144) Í þriðja hluta fellur 6. þáttur 4. kafla II. bóls brott.

145) Í stað skilgreiningarinnar á RW\* í b-lið 252. gr. kemur eftirfarandi:

„RW\* = fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindingar að því er varðar a-lið 4. mgr. 92. gr.“.

146) Ákvæðum 273. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Stofnanir skulu reikna áhættuskuldbindingarvirði vegna samninga sem tilgreindir eru í II. viðauka og fyrir lánaafleiður, að undanskildum lánaafleiðunum sem um getur í 3. og 5. mgr., á grundvelli einna þeirra aðferða sem settar eru fram í 3.–6. þætti í samræmi við þessa grein.“

b) Í stað b-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) í samræmi við 183. gr. þegar leyfi hefur verið veitt í samræmi við 143. gr.“

147) Ákvæðum 3. mgr. 273. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi kemur í stað b-liðar fyrstu undirgreinar:

„b) algildi samanlagðra gnóttstaðna skal lagt saman við algildi samanlagðra skortstaðna.“.

- b) Eftirfarandi undirliðum er bætt við:

„Að því er fyrstu undirgrein varðar er merking gnótt- og skortstaðna sú sama og sett er fram í 3. mgr. 94. gr.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal verðmæti samanlagðrar gnótt-(skort-)stöðu vera jafnt og summan af verðmæti einstakra gnótt-(skorts-)staðna sem teknar eru með í útreikning í samræmi við c-lið.“

- 148) Ákvæðum 273. gr. b er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Ef ekki er farið að skilyrðum um notkun einfaldaðra aðferða til að reikna áhættuskuldbindingarvirði afleiðna og einfaldaða aðferð til að reikna kröfur um eigin sjóði í tengslum við CVA-áhættu“.

- b) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„Stofnanir skulu hætta að reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiðustaðna sinna í samræmi við 4. eða 5. þátt og reikna kröfur um eiginfjárgrunn fyrir CVA-áhættu í samræmi við 385. gr., eftir því sem við á, innan þriggja mánaða frá því að eitt af eftirfarandi gerist:“

- c) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Stofnunum sem hafa hætt að reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiðna sinna í samræmi við 4. eða 5. mgr. og að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn fyrir CVA-áhættu í samræmi við 385. gr., eftir því sem við á, skal aðeins vera heimilt að byrja aftur að reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiðna, eins og sett er fram í 4. eða 5. þætti, og kröfur um eiginfjárgrunn fyrir CVA-áhættu í samræmi við 385. gr. þegar þær geta sýnt lögbæru yfirvaldi fram á að öll skilyrðin sem sett eru fram í 1. eða 2. mgr. 273. gr. a hafi verið uppfyllt óslitið í eitt ár.“

- 149) Ákvæðum 274. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Ef mörg samkomulög um tryggingarfé gilda um sama jöfnunarsafn eða sama jöfnunarsafn inniheldur bæði viðskipti sem falla undir samkomulag um tryggingarfé og viðskipti sem falla ekki undir samkomulag um tryggingarfé, skal stofnun reikna áhættuskuldbindingarvirði sitt sem hér segir:

- a) stofnun skal koma á fót hugsanlegu hlutaðeigandi undirjöfnunarsafni, sem samanstendur af viðskiptum sem eru hluti af jöfnunarsafninu, á eftirfarandi hátt:

- i. öllum viðskiptum sem falla undir samkomulag um tryggingarfé og sama áhættutímabil tryggingarfjár, eins og ákvarðað er í samræmi við 2. til 5. mgr. 285. gr., skal úthlutað á sama undirjöfnunarsafni,
- ii. öllum viðskiptum sem falla ekki undir samkomulag um tryggingarfé skal úthlutað á sama undirjöfnunarsafni, sem er annað en þau undirjöfnunarsöfn sem komið var á fót í samræmi við i. lið þessarar málsgreinar,

- b) stofnunin skal reikna út endurnýjunarkostnað jöfnunarsafns í samræmi við 2. mgr. 275. gr., að teknu tilliti til allra viðskipta í jöfnunarsafninu, hvort sem hann fellur undir samkomulag um tryggingarfé eða ekki, og beita öllu eftirfarandi:

- i. gildandi markaðsvirði skal reiknað fyrir öll viðskipti innan skuldajöfnunarsafns án tillits til hvers konar trygginga sem haldið er eða lagðar hafa verið fram þar sem jákvætt og neikvætt markaðsvirði er jafnað við útreikning á CMV,
- ii. NICA, VM, TH og MTA, eftir atvikum, skal reiknað sérstaklega sem summan af sömu ílögnum sem á við um hvert stakt samkomulag um tryggingarfé í jöfnunarsafninu,

- c) stofnunin skal reikna hugsanlega framtíðaráhættu jöfnunarsafnsins sem um getur í 278. gr. með því að beita öllu eftirfarandi:

- i. margfaldarinn sem um getur í 1. mgr. 278. gr. skal byggjast á aðföngunum CMV, NICA og VM, eftir því sem við á, í samræmi við b-lið þessarar málsgreinar,

ii)  $\sum_{\pi}^{AddOn^{(w)}}$  skal reiknað í samræmi við 278. gr., aðgreint fyrir hvert hugsanlegt undirjöfnunarsafn sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar.“

b) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við í 6. mgr.:

„Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skulu stofnanir skipta út stafrænum valrétti þar sem lausnarverðið er jafnt og K fyrir viðeigandi samsetningu með verðþaki á tveimur seldum og keyptum hefðbundnum kaup- eða söluréttum sem uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) valréttirnir tveir í samsetningu með verðþaki hafa:

i. sömu lokadagsetningu og sama stundargengi eða framvirkt verð undirliggjandi gernings og hefðbundni valrétturinn,

ii. lausnarverð er jafnt og  $0,95 \cdot K$  annars vegar og hins vegar  $1,05 \cdot K$ ,

b) samsetning með verðþaki endurskapar nákvæmlega uppgjör stafræns valréttar utan bilsins á milli lausnarverðanna tveggja sem um getur í a-lið.

Áhættustaða valréttanna tveggja í samsetningunni með verðþaki sem um getur í annarri undirgrein skal reiknuð sérstaklega í samræmi við 279. gr.“

150) Í stað d-liðar 1. mgr. 276. gr. kemur eftirfarandi:

„d) virði allra trygginga leiðrétt með tilliti til flöchts sem tekið er við eða lagðar fram skal reiknað í samræmi við 223. gr.“.

151) Eftirfarandi undirgrein er bætt við í 2. mgr. 277. gr. a:

„Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar þessarar greinar skulu stofnanir úthluta viðskiptum á sérstakt áhættuvarnarsafn í viðeigandi áhættuflokki og fylgja sama skipulagi áhættuvarnarsafns sem sett var fram í 1. mgr.“

152) Ákvæðum 279. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna í a-lið 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) að því er varðar kaup- og sölurétti sem veita kaupanda rétt til að velja að kaupa eða selja undirliggjandi gerning á jákvæðu verði á einni dagsetningu eða mörgum dagsetningum í framtíðinni, nema þegar þessir valréttir eru tengdir við vaxtaáhættu- eða hrávöruáhættuflokk, skulu stofnanir nota eftirfarandi formúlu:“

b) Ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„a) í samræmi við þróun alþjóðareglna skulu formúlurnar sem stofnanir eiga að nota til að reikna út eftirlitsdeltastuðul kaup- og söluréttar sem tengdur er við vaxtaáhættu- eða hrávöruáhættuflokk sem samrýmist markaðsaðstæðum þar sem vextir eða hrávöruverð kunna að vera neikvæð sem og eftirlitsflöktið sem hæfir slíkum formúlum,“.

ii. Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2025.“

153) Ákvæðum 285. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Ef stofnunin getur ekki reiknað tryggingu með áhættuskuldbindingunni skal hún, við útreikning á áhættuskuldbindingarvirði vegna OTC-afleiða, ekki taka tillit til áhrifa trygginga, fyrir utan reiðufé í sama gjaldmiðli og sjálf áhættuskuldbindingin, nema stofnunin noti aðlögun vegna óstöðugleika samkvæmt eftirlitsaðferð við jöfnun flöchts í samræmi við 4. kafla.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„7a. Ef stofnunin getur ekki reiknað tryggingu með áhættuskuldbindingunni skal hún, við útreikning á áhættuskuldbindingarvirði vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf, ekki taka tillit til áhrifa trygginga, fyrir utan reiðufé í sama gjaldmiðli og sjálf áhættuskuldbindingin.“

154) Í stað f-liðar 5. mgr. 291. gr. kemur eftirfarandi:

„f) að því marki að notaður sé gildandi útreikningur á markaðsááættu fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns vegna vanskilaáættu eins og sett er fram í 4. eða 5. þætti 1. kafla a í IV. bálki eða vanskilaáættu sem notar innra vanskilaáættulíkan, eins og sett er fram í 3. þætti 1. kafla b í IV. bálki, sem þegar inniheldur forsendu um tap að gefnum vanefndum, skal tapið að gefnum vanefndum í reiknireglunni sem notuð er vera 100%.“

155) Í stað III. kafla í þriðja hluta kemur eftirfarandi:

„III. BÁLKUR

#### **KRAFA UM EIGINFJÁRGUNN VEGNA REKSTRARÁHÆTTU**

##### **1. KAFLI**

#### **ÚTREIKNINGUR Á KRÖFUM UM EIGINFJÁRGUNN VEGNA REKSTRARÁHÆTTU**

311. gr. a

#### **Skilgreiningar**

Í bálki þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „rekstraráættuatburður“: sérhver atburður sem tengist rekstraráættu og hefur í för með sér tap eða margfalt tap innan eins eða fleiri fjárhagsára,
- 2) „samanlagt vergt tap“: summan af öllu vergu tapi sem tengist sama rekstraráættuatburði yfir eitt eða fleiri fjárhagsár,
- 3) „samanlagt hreint tap“: summan af öllu hreinu tapi sem tengist sama rekstraráættuatburði yfir eitt eða fleiri fjárhagsár,
- 4) „flokkað tap“: allt rekstrartap sem orsakast af sameiginlegum undirliggjandi kveikjuatburði eða grunnorsök sem hægt er að flokka í einn rekstraráættuatburð.

312. gr.

#### **Krafa um eiginfjárgrunn að því er varðar rekstraráættu**

Krafa um eiginfjárgrunn vegna rekstraráættu skal vera viðskiptavísispátturinn sem reiknaður er í samræmi við 313. gr.

313. gr.

#### **Viðskiptavísispáttur**

Lánastofnanir skulu reikna viðskiptavísispátt sinn í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$BIC = \begin{cases} 0,12 \cdot BI, & \text{where } BI \leq 1 \\ 0,12 + 0,15 \cdot (BI - 1), & \text{where } 1 < BI \leq 30 \\ 4,47 + 0,18 \cdot (BI - 30), & \text{where } BI > 30 \end{cases}$$

þar sem:

BIC = viðskiptavísispátturinn,

BI = viðskiptavísirinn, gefinn upp í milljörðum evra, reiknaður í samræmi við 314. gr.

314. gr.

### Viðskiptavísir

1. Lánastofnanir skulu reikna viðskiptavísa sína í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$BI = ILDC + SC + FC$$

þar sem:

- BI = viðskiptavísirinn, gefinn upp í milljörðum evra,  
 ILDC = vaxta-, leigu- og arðgreiðsluþátturinn, gefinn upp í milljörðum evra og reiknaður í samræmi við 2. mgr.,  
 SC = þjónustuþátturinn, gefinn upp í milljörðum evra og reiknaður í samræmi við 5. mgr.,  
 FC = fjárhagsþátturinn, gefinn upp í milljörðum evra og reiknaður í samræmi við 6. gr.

2. Að því er 1. mgr. varðar skal vaxta-, leigu- og arðgreiðsluþátturinn reiknaður í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$ILDC = \min(IC, 0,0225 \cdot AC) + DC$$

þar sem:

- ILDC = vaxta-, leigu- og arðgreiðsluþátturinn,  
 IC = vaxtaþátturinn, sem er vaxtatekjur stofnunarinnar af öllum fjáreignum og aðrar vaxtatekjur, þ.m.t. fjármagnstekjur af fjármögnunarleigu og tekjur af rekstrarleigu og hagnaður af leigðum eignum, að frádregnum vaxtakostnaði stofnunarinnar af öllum fjárskuldum og öðrum vaxtakostnaði, þ.m.t. vaxtakostnaði af fjármögnunar- og rekstrarleigusamningum, afskriftum og skerðingu og tapi á leigðum rekstrareignum, reiknaður sem ársmeðaltal algildis mismunarins yfir síðustu þrjú fjárhagsár,  
 AC = eignarþátturinn, sem er summan af heildarfjárhæð vergra útistandandi lána, fyrirframgreiðslna, vaxtaberandi verðbréfa, að meðtöldum ríkisskuldabréfum og leigueignum stofnunarinnar, reiknaður sem ársmeðaltal yfir síðustu þrjú fjárhagsár á grundvelli fjárhæða við lok sérhvers fjárhagsárs,  
 DC = arðgreiðsluþátturinn, sem er arðstekjur stofnunar af fjárfestingum í hlutum og sjóðum sem eru ekki í reikningsskilum stofnunarinnar, þ.m.t. arðstekjur af dótturfélögum, hluteildarfélögum og fyrirtækjum um samrekstur sem eru utan samstæðureikningsskila, reiknaður sem ársmeðaltal yfir síðustu þrjú fjárhagsár.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. er móðurstofnun í ESB heimilt, fram til 31. desember 2027, að sækja um leyfi frá eftirlitsaðila sínum á samstæðugrunni til að reikna sérstakan vaxta-, leigu- og arðgreiðsluþátt fyrir hverja tiltekna dótturstofnun sem er og leggja niðurstöðu úr þeim útreikningi saman við vaxta-, leigu- og arðgreiðsluþáttinn sem er reiknaður á samstæðugrunni fyrir aðrar einingar samstæðunnar ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- starfsemi dótturfélaganna er að stærstum hluta viðskiptabanka- eða fyrirtækjabankaþjónusta,
- umtalsverður hluti af viðskiptabanka- eða fyrirtækjabankaþjónustu dótturfyrirtækja samanstendur af lánum með miklum líkum á vanefndum,
- notkun undanþágunnar veitir viðeigandi grundvöll til útreiknings á kröfu móðurstofnunarinnar í ESB um eiginfjárgrunn vegna rekstraráhættu.

Þegar leyfið hefur verið veitt skal eftirlitsaðili á samstæðugrunni endurmeta það og skilyrði þess á tveggja ára fresti.

Eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni skal tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um leið og slíkt leyfi er veitt, staðfest eða dregið til baka.

Eigi síðar en 31. desember 2031 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skila skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um notkun og tilhlýðileika undanþágunnar sem um getur í fyrstu undirgrein einkum með hliðsjón af tilteknum viðkomandi viðskiptalíkönum og tilhlýðileika tengdrar kröfu um eiginfjárgrunn vegna rekstraráhættu. Á grundvelli þessarar endurskoðunar og að teknu tilhlýðilegu tilliti til tengdra alþjóðlegra samþykkttra staðla sem Baselnefndin um bankaeftirlit hefur þróað skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2032.

4. Fram til 31. desember 2027 eða þar til eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli veitir leyfi í samræmi við 3. mgr., hvort heldur ber fyrir að, getur móðurstofnun í Sambandinu sem hefur verið veitt leyfi til að beita óhefðbundnu staðalaðferðinni á starfsvið sín, einkum um viðskiptabankastarfsemi og fyrirtækjabankþjónustu, til að reikna út kröfu sína vegna eiginfjárgrunns vegna rekstraráhættu haldið áfram að nota óhefðbundnu staðalaðferðina, eins og hún er sett fram í þeirri útgáfu þessarar reglugerðar sem var í gildi 8. júlí 2024, í þeim tilgangi að reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar rekstraráhættu sem tengist þessum tveimur viðskiptasviðum og samkvæmt gildissviði fyrirbyggjandi leyfis eftir að hafa upplýst eftirlitsaðila sinn á samstæðugrunni um það.

5. Að því er varðar 1. mgr. skal reikna út þjónustubáttinn í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$SC = \max(OI, OE) + \max(FI, FE)$$

þar sem:

SC = þjónustubátturinn,

OI = aðrar rekstrartekjur sem eru ársmeðaltal þriggja síðustu fjárhagsára stofnunarinnar á tekjum af hefðbundinni bankastarfsemi sem ekki er talin með í öðrum liðum viðskiptavísisins en eru svipaðs eðlis,

OE = önnur rekstrarútgjöld, sem eru árlegt meðaltal gjalda og taps stofnunarinnar á síðustu þremur fjárhagsárum vegna hefðbundinnar bankastarfsemi sem ekki eru talin með í öðrum liðum viðskiptavísisins en eru svipaðs eðlis, og vegna rekstraráhættuatburða,

FI = þóknana- og umboðsteknaþátturinn, sem er árlegt meðaltal þriggja síðustu fjárhagsára af tekjum stofnunarinnar vegna ráðgjafar og þjónustu, þ.m.t. tekjur sem stofnunin fær sem útvistar fjármálaþjónustu,

FE = þóknana- og umboðsgjaldþátturinn, sem er árlegt meðaltal útgjalda stofnunarinnar á síðustu þremur fjárhagsárum vegna ráðgjafar og þjónustu, þ.m.t. gjöld vegna útvistunar sem stofnunin greiðir fyrir fjármálaþjónustu en að undanskildum gjöldum vegna útvistunar sem greidd eru fyrir ófjárhagslegra þjónustu.

Með fyrirvara um fyrirframleyfi lögbæra yfirvaldsins og að því marki sem stofnanaverndarkerfið ræður yfir viðeigandi og samræmdum kerfum til að hafa eftirlit með og flokka rekstraráhættu mega stofnanir, sem eru aðilar að stofnanaverndarkerfi sem uppfyllir kröfur 7. mgr. 113. gr., reikna út þjónustubáttinn að fráðregnum tekjum frá eða útgjöldum sem greidd eru til stofnana sem eru aðilar að sama stofnanaverndarkerfi. Tapi sem stafar af tengdri rekstraráhættu er deilt milli á aðila stofnanaverndarkerfisins.

6. Að því er varðar 1. mgr. skal reikna út fjárhagsþáttinn í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$FC = TC + BC$$

þar sem:

FC = fjárhagsþátturinn,

TC = veltubókarþátturinn, sem er árlegt meðaltal algildis hreins hagnaðar eða taps, eftir því sem við á, síðustu þrjú fjárhagsár, í veltubók stofnunarinnar, ákvarðað eins og við á annaðhvort í samræmi við reikningsskilastaðla eða í samræmi við 3. kafla I. bóls þriðja hluta, þ.m.t. vegna veltufjármuna og viðskiptaskulda, í áhættuvarnarreikningskilum og vegna gengismunar,

BC = fjárfestingarbókarþátturinn, sem er árlegt meðaltal algildis hreins hagnaðar eða taps, eftir því sem við á, síðustu þrjú fjárhagsár, eftir því sem við á, í fjárfestingarbók stofnunarinnar, þ.m.t. vegna fjáreigna og skulda metnar á gangvirði í gegnum hagnað eða tap, í áhættuvarnarreikningsskilum, í tengslum við gengismun og í tengslum við innleystan hagnað og tap af fjáreignum og skuldum sem ekki eru metnar á gangvirði í gegnum hagnað eða tap.

7. Stofnanir skulu ekki nota eftirfarandi þætti við útreikning á viðskiptavísu þeirra:

- a) tekjur og gjöld af váttrygginga- eða endurtryggingastarfsemi,
- b) greidd iðgjöld og móttæknar greiðslur frá keyptum váttryggingar- eða endurtryggingarsamningum,
- c) stjórnunarkostnaður, þ.m.t. starfsmannakostnaður, gjöld vegna útvistunar sem greidd eru fyrir ófjárhagslega þjónustu, og annar stjórnunarkostnaður,
- d) endurheimt stjórnunarkostnaðar, þ.m.t. endurheimt greiðslna fyrir hönd viðskiptavina,
- e) kostnaður vegna húsnæðis og fastafjármuna, nema þegar slíkur kostnaður er til kominn vegna rekstraráhættuatburða,
- f) afskriftir efnislegra eigna og afskriftir óefnislegra eigna, nema afskriftir sem tengjast rekstrarleigugeignum sem skulu vera innifaldar í útgjöldum vegna fjármögnunar- og rekstrarleigu,
- g) varúðarniðurfærslur og bakfærsla varúðarniðurfærslna, nema þegar þessar varúðarniðurfærslur tengjast rekstraráhættuatburðum,
- h) útgjöld vegna hlutafjár, gjaldkræf við kröfu,
- i) virðisrýmun og bakfærsla virðisrýmnunar,
- j) breytingar á viðskiptavild færð í rekstrarreikning,
- k) tekjuskattur félaga.

8. Hafi stofnun verið starfrækt í minna en þrjú ár skal hún nota framsýna viðskiptaáætlun við útreikning á viðkomandi þáttum viðskiptavísis síns, með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds hennar. Stofnunin skal byrja að nota söguleg gögn um leið og þau liggja fyrir.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

- a) þætti viðskiptavísa og notkun þeirra með því að útfæra skrár yfir dæmigerða undirliði, að teknu tilliti til alþjóðlegra eftirlitsstaðla og, eftir því sem við á, varfærnismarka sem skilgreind eru í 3. kafla I. bóls þriðja hluta,
- b) þættina sem eru tilgreindir í 7. mgr. þessarar greinar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. janúar 2026.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

10. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina liði viðskiptavísisins með því að kortleggja þessa liði með samsvarandi gagnareitum sem settir eru fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 (\*), eftir því sem við á.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. janúar 2026.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

315. gr.

#### Aðlaganir á viðskiptavísinum

1. Stofnanir skulu taka viðskiptavísislíði sameinaðra eða yfirtekinna eininga eða starfsemi með í viðskiptavísisútreikninga sína frá samruna eða yfirtöku, eftir því sem við á, sem skal taka til síðustu þriggja fjárhagsára.
2. Stofnanir geta farið fram á leyfi frá lögbæra yfirvaldinu til að undanskilja frá viðskiptavísinum fjárhæðir sem tengjast einingum eða starfsemi sem hefur verið ráðstafað.
3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:
  - a) hvernig stofnanir eiga að ákvarða leiðréttingar á viðskiptavísinum sem um getur í 1. og 2. mgr.,
  - b) skilyrði sem þurfa að liggja til grundvallar því að lögbær yfirvöld geti veitt leyfið sem um getur í 2. mgr.,
  - c) tímasetningu aðlagana sem um getur í 2. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. janúar 2026.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

#### 2. KAFLI

#### GAGNASÖFNUN OG STJÓRNARHÆTTIR

316. gr.

#### Útreikningur á árlegu tapi vegna rekstraráhættu

1. Stofnanir með viðskiptavísa upp á 750 milljónir evra eða meira skulu reikna út árlegt tap sitt vegna rekstraráhættu sem summu alls hreins taps á tilteknu fjárhagsári, reiknað út í samræmi við 1. mgr. 318. gr., sem er jafnt eða meira en viðmiðunarmörkin vegna gagna um tap sem sett eru fram í 1. eða 2. mgr. 319. gr.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein mega lögbær yfirvöld veita undanþágu frá kröfunni um að reikna út árlegt tap vegna rekstraráhættu til stofnana með viðskiptavísi sem er ekki hærri en 1 milljarður evra, að því tilskildu að stofnunin hafi sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á með fullnægjandi hætti að það yrði óþarflega íþyngjandi fyrir stofnunina að beita fyrstu undirgrein.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal viðeigandi viðskiptavísir vera hæsta gildi viðskiptavísis sem stofnunin hefur sett fram á síðustu átta viðmiðunardagsetningum skýrslugjafar. Stofnun sem hefur ekki enn gefið skýrslu um viðskiptavísi sinn skal nota nýjasta viðskiptavísi sinn.
3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem skýra hugtakið “óþarflega íþyngjandi” í skilningi 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. janúar 2026.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

317. gr.

#### Gagnasafn um tap

1. Stofnanir sem reikna út árlegt tap á rekstraráhættu í samræmi við 1. mgr. 316. gr. skulu hafa til staðar fyrirkomulag, ferli og kerfi til að koma á fót og viðhalda uppfærðu gagnasafni um tap sem tekur saman, fyrir hvern skráðan rekstraráhættuatburð, vergar fjárhæðir taps, endurheimtur utan trygginga, endurheimtur trygginga, viðmiðunardagsetningar og flokkað tap, þ.m.t. tap vegna misferlisatburða.
2. Gagnasafn stofnunar um tap skal ná yfir alla rekstraráhættuatburði sem stafa frá öllum einingum sem eru hluti af samstæðu skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta.

3. Að því er varðar 1. mgr. skulu stofnanir:

- a) hafa með í tapgögnunum hvert rekstraráhættuatvik sem skráð er á einu eða fleiri fjárhagsárum,
- b) nota dagsetningu reikningshalds til að færa tap sem tengist rekstraráhættuatburðum inn í gagnasafnið um tap,
- c) úthluta tapi og endurheimtum er tengjast sameiginlegum rekstraráhættuatburði eða tengdum rekstraráhættuatburðum yfir tímabil og bókfært á reikninga yfir nokkur ár, til samsvarandi fjárhagsára í gagnasafninu um tap, í samræmi við reikningshaldslega meðferð þeirra.

4. Stofnanir skulu einnig safna:

- a) upplýsingar um viðmiðunardagsetningar atburða sem tengjast rekstraráhættu, þ.m.t.:
  - i. daginn sem rekstraráhættuatburðurinn átti sér stað eða hófst fyrst („dagsetning atburðar“), ef við á,
  - ii. daginn þegar stofnunin varð vör við rekstraráhættuatburðinn („dagsetning uppgötvunar“),
  - iii. daginn eða dagana þegar rekstraráhættuatburður leiðir til taps, eða varasjóður eða varúðarniðurfærsla á móti tapi er færð í rekstrarreikning stofnunar („reikningsskiladagur“),
- b) upplýsingar um hvers konar endurheimtur á vergum fjárhæðum taps, auk lýsandi upplýsinga um hvata eða orsakavalda tapsatburða.

Sundurliðunarstig allra lýsandi upplýsinga skal vera í réttu hlutfalli við stærð fjárhæðar vergs taps.

5. Stofnun skal ekki telja með í tapgögnunum rekstraráhættuatburði í tengslum við útlánaáhættu sem gerð er grein fyrir í fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna útlánaáhættu. Rekstraráhættuatburðir sem tengjast útlánaáhættu en eru ekki taldir með í fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna útlánaáhættu skulu taldir með í gagnasafni um tap.

6. Fara skal með rekstraráhættuatburði sem tengjast markaðsáhættu sem rekstraráhættu og þeir taldir með í gagnasafninu um tap.

7. Stofnun skal, að beiðni lögbærs yfirvalds, vera fær um að tengja innri gögn sín um sögulegt tap við tegund atburðar.

8. Að því er varðar þessa grein skulu stofnanir tryggja gæði, traustleika og afkastagetu upplýsingatæknikerfa sinna og -innviða sem nauðsynleg eru til að viðhalda og uppfæra gagnasafn um tap, einkum með því að tryggja allt eftirfarandi:

- a) upplýsingatæknikerfi þeirra og -innviðir séu traust og álagspolin og að viðhalda megi þeim traustleika og álagspoli með viðvarandi hætti,
- b) upplýsingatæknikerfi þeirra og -innviðir lúti samskipanarstjórnun, breytingastjórnun og útgáfustjórnun,
- c) ef stofnun útvistar hluta af viðhaldi á upplýsingatæknikerfum sínum og -innviðum skal tryggja gæði, traustleika og afköst upplýsingatæknikerfa og -innviða með því að staðfesta a.m.k. eftirfarandi:
  - i. að upplýsingatæknikerfi þeirra og -innviðir séu traust og álagspolin og að viðhalda megi þeim traustleika og álagspoli með viðvarandi hætti,
  - ii. að ferlið við að skipuleggja, skapa, prófa og útfæra upplýsingatæknikerfin og -innviðina sé traust og viðeigandi með vísan til verkefnastjórnunar, áhættustjórnunar, stjórnarháttá, tæknilegrar högunar, gæðatryggingar og áætlanagerðar prófa, líkanagerðar og þróunar kerfa, gæðatryggingar í allri starfsemi, þ.m.t. endurskoðun kóða og, eftir því sem við á, sannprófunar kóða og prófunar, þ.m.t. samþykki notanda,

- iii. að upplýsingatæknikerfi þeirra og -innviðir lúti samskipanarstjórnun, breytingastjórnun og útgáfustjórnun,
- iv. að ferlið við að skipuleggja, skapa, prófa og nýta upplýsingatæknikerfi, -innviði og -viðbragðsáætlanir séu samþykktar af stjórninni eða framkvæmdastjórninni og stjórnin og framkvæmdastjórnin séu reglulega upplýstar um afköst upplýsingatæknikerfa og -innviða.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, að því er varðar 7. mgr., semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem koma á áhættuflokkunarkerfi fyrir rekstraráhættu sem fylgir alþjóðlegum stöðlum og aðferðafræði til að flokka þá tapatburði sem eru hluti af gagnasafninu um tap á grundvelli áhættuflokkunarkerfisins fyrir rekstraráhættu.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. janúar 2026.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

10. Að því er varðar 8. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa út viðmiðunarreglur, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, þar sem tæknilegir þættir sem nauðsynlegir eru til að tryggja gæði, traustleika og framkvæmd fyrirkomulags stjórnarhátta til að viðhalda gagnasafni um tap eru útskýrðir, með sérstakri áherslu á upplýsingatæknikerfi og -innviði.

318. gr.

#### Útreikningur á hreinu tapi og vergu tapi

1. Að því er varðar 1. mgr. 316. gr. skulu stofnanir reikna hreint tap fyrir hvern rekstraráhættuatburð sem hér segir:

$$\text{hreint tap} = \text{vergt tap} - \text{endurheimt}$$

þar sem:

vergt tap = tap í tengslum við atburð vegna rekstraráhættu áður en endurheimtur af nokkru tagi eiga sér stað,  
endurheimt = einn eða fleiri óháðir atburðir sem tengist upphaflegum rekstraráhættuatburði sem er aðskilinn í tíma, þegar sjóðir eða innstreymi efnahagslegs ávinnings koma frá þriðja aðila.

Stofnanir skulu jafnan uppfæra útreikning á hreinu tapi fyrir hvern einstakan rekstraráhættuatburð. Í því skyni skulu stofnanir uppfæra útreikninginn á hreinu tapi á grundvelli merkjanlegra eða áætlaðra breytinga á vergu tapi og endurheimt fyrir hvert hinna 10 síðustu fjárhagsára. Ef tap sem tengist sama rekstraráhættuatburði greinist yfir mörg fjárhagsár á þessum tíu ára tímaramma skal stofnunin reikna og uppfæra:

- a) hreint tap, vergt tap og endurheimt fyrir hvert fjárhagsár á 10 ára tímabilinu þar sem þetta hreina tap, verga tap og endurheimt voru skráð,
- b) samanlagt hreint tap, samanlagt vergt tap og samanlagðar endurheimtur fyrir öll viðeigandi fjárhagsár í 10 ára tímarammanum.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu eftirfarandi liðir teknir með í útreikninginn á vergu tapi:

- a) beinn kostnaður, s.s. virðisrýrnun, uppgjör, fjárhæðir sem greiddar eru til að bæta tjónið, sektir og dráttarvextir og greiðslur til lögfræðinga, rekstrarreikningar og niðurfærslur vegna rekstraráhættuatburðarins, þ.m.t.:
  - i. ef rekstraráhættuatburðurinn tengist markaðsáhættu, kostnaðurinn við að binda markaðsstöður við skráð tap af rekstraráhættuþáttunum,
  - ii. ef greiðslur tengjast misbrestum eða ófullnægjandi verkferlum stofnunarinnar, sektum, vaxtakostnaði, vanskilgreiðslum, lögfræðipóknunum og, að undanskilinni skattfjárhæðinni sem var upphaflega gjaldfallin, skatti, nema sú fjárhæð sé þegar innifalin í e-lið,

- b) kostnaður sem stofnað er til vegna rekstraráhættuaburðarins, þ.m.t. ytri kostnaður sem tengist beint rekstraráhættuaburðinum og kostnaður við viðgerðir eða endurnýjun, sem stofnað var til í því skyni að koma aftur á þeirri stöðu sem var fyrir hendi áður en rekstraráhættuaburðurinn átti sér stað,
- c) afskriftir eða varasjóðir sem gert er grein fyrir í rekstrarreikningi gagnvart hugsanlegum áhrifum rekstraráhættu, þ.m.t. frá misferlisatburðum,
- d) tap vegna rekstraráhættuaburða sem hafa endanleg fjárhagsleg áhrif sem er bókfært tímabundið í tímabundna reikninga eða tímabundna biðreikninga og er ekki enn komið inn í rekstrarreikninga („yfirvofandi tap“),
- e) neikvæð efnahagsleg áhrif sem bókfærð eru á fjárhagsár og stafa af rekstraráhættuaburðum sem hafa áhrif á sjóðstreygni eða reikningsskil fyrir fjárhagsára („tímabilstengt tap“ (e. *timing losses*)).

Að því er varðar fyrstu undirgrein d-liðar skal verulegt yfirvofandi tap vera innifalið í tapgögnunum innan tímabils sem er í réttu hlutfalli við stærð og tímalengd þess yfirvofandi liðar.

Að því er varðar e-lið fyrstu undirgreinar skal stofnunin hafa með í gagnasafni um tap veruleg tímabilstengd töp þegar töpin eru vegna rekstraráhættuaburða sem ná yfir meira en eitt fjárhagsár. Stofnanir skulu telja með í skráðu tapi fjárhæð rekstraráhættuliðsins í tapi á fjárhagsári sem stafar af leiðréttingu á skekkjum í bókhaldi sem áttu sér stað á einhverju undangengnu fjárhagsári, jafnvel þótt þetta tap hafi ekki bein áhrif á þriðju aðila. Ef um er að ræða verulegt tímabilstengt tap og rekstraráhættuaburðurinn hefur bein áhrif á þriðju aðila, þ.m.t. viðskiptavini, þjónustuveitendur og starfsmenn stofnunarinnar, skal stofnunin einnig láta fylgja með opinbera endurgerð áður útgefinna reikningsskila.

3. Að því er varðar 1. mgr. skulu eftirfarandi liðir ekki teknir með í útreikninginn á vergu tapi:

- a) kostnaður við almenna viðhaldssamninga vegna eigna, véla eða búnaðar,
- b) innri og ytri útgjöld til að bæta starfsemina eftir rekstraráhættutap, þ.m.t. uppfærslur, endurbætur, frumkvæði og viðbætur við áhættumat,
- c) tryggingariðgjöld.

4. Að því er varðar 1. mgr. skulu endurheimtur einungis notaðar til að draga úr vergu tapi ef stofnunin hefur fengið greiðslu. Viðskiptakröfur skulu ekki teljast endurheimtur.

Stofnunin skal, að beiðni lögbærs yfirvalds, leggja fram öll gögn sem þörf er á til að sannreyna mótteknar greiðslur og greiðslur sem eru leiðréttar við útreikning á hreinu tapi vegna rekstraráhættuaburðar.

319. gr.

#### **Viðmiðunarmörk fyrir gagnasafn um tap**

- 1. Til að reikna út árlegt tap vegna rekstraráhættu, sem um getur í 1. mgr. 316. gr., skulu stofnanir taka tillit til rekstraráhættuaburða úr gagnasafni um tap, sem valda hreinu tapi, reiknuðu út í samræmi við 318. gr., sem nemur 20 000 evrum eða meira.
- 2. Með fyrirvara um 1. mgr. þessarar greinar og að því er varðar 446. gr. skulu stofnanir einnig reikna út árlegt tap vegna rekstraráhættu, sem um getur í 1. mgr. 316. gr., og taka tillit til, út frá gagnasafni um tap, rekstraráhættuviðburða með hreinu tapi, reiknað út í samræmi við 318. gr., sem er jafnt eða meira en 100 000 evrur.
- 3. Ef um er að ræða rekstraráhættuaburð sem leiðir til taps yfir meira en eitt fjárhagsár, eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 318. gr., skal hreint tap sem taka á tillit til vegna viðmiðunarmarkanna sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar vera samanlagt hreint tap.

320. gr.

#### **Undanskilið við tapsútreikninga**

- 1. Stofnun getur farið fram á leyfi frá lögbæru yfirvaldi til að undanskilja frá útreikningi á árlegu tapi á rekstraráhættu óvenjulega rekstraráhættuaburði sem eiga ekki lengur við áhættusnið stofnunarinnar, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) stofnunin getur á fullnægjandi hátt sýnt lögbæru yfirvaldi fram á að ástæðan fyrir rekstraráhættuatburðinum, sem er ástæða tapsins vegna rekstraráhættu, muni ekki koma fram aftur,
- b) samanlagt hreint tap tilsvarandi rekstraráhættuatburðar er annað af eftirfarandi:
  - i. 10% eða meira af meðaltali árlegs taps stofnunar vegna rekstraráhættu, reiknað fyrir síðustu 10 fjárhagsár og byggt á viðmiðunarmörkunum sem um getur í 1. mgr. 319. gr., ef tapsatburður rekstraráhættu vísar til starfsemi sem enn er hluti af viðskiptavísinum,
  - ii. í tengslum við atburð vegna rekstraráhættu sem vísar til starfsemi sem er fjármögnuð af viðskiptavísinum í samræmi við 2. mgr. 315. gr.,
- c) tap vegna rekstraráhættu var í gagnagrunni yfir tap í a.m.k. eitt ár, nema tap vegna rekstraráhættu tengist starfsemi sem hefur verið afskráð frá viðskiptavísinum í samræmi við 2. mgr. 315. gr.

Að því er varðar fyrstu undirgrein c-liðar þessarar málsgreinar skal eins árs lágmarkstímabil hefjast á þeim degi þegar rekstraráhættuatburðurinn, sem er hluti af gagnasafninu um tap, varð fyrst meiri en mikilvægismörkin sem kveðið er á um í 1. mgr. 319. gr.

2. Stofnun sem óskar eftir leyfinu sem um getur í 1. mgr. skal láta lögbæru yfirvaldi í té skjalfestan rökstuðning fyrir því að undanskilja óvenjulegan rekstraráhættuatburð, þ.m.t.:

- a) lýsingu á atburði tengdum rekstraráhættu,
- b) sönnun þess að tapið vegna rekstraráhættuatburðarins sé yfir mikilvægismörkunum til að undanskilja tap sem um getur í i. lið b-liðar 1. mgr., þ.m.t. dagsetningin þegar rekstraráhættuatburðurinn fór yfir mikilvægismörkin,
- c) dagsetningu þegar viðkomandi rekstraráhættuatburður væri undanskilinn, að teknu tilliti til lágmarkstímabilsins sem sett er fram í c-lið 1. mgr.,
- d) ástæðu þess að rekstraráhættuatburður telst ekki lengur skipta máli fyrir áhættusnið stofnunarinnar,
- e) sönnun á því að ekki sé um að ræða neinar svipaðar eða eftirstandandi lagalegar áhættuskuldbindingar og að rekstraráhættuatburðurinn sem á að undanskilja hafi enga þýðingu fyrir aðra starfsemi eða afurðir,
- f) skýrslur um óháða endurskoðun stofnunarinnar eða sannreyningu, sem staðfestir að rekstraráhættuatburðurinn eigi ekki lengur við og að ekki séu neinar svipaðar eða eftirstandandi lagalegar áhættuskuldbindingar,
- g) sönnun þess að þar til bærir aðilar stofnunarinnar hafi, í gegnum samþykktarferli stofnunarinnar, samþykkt beiðni um undanskil vegna rekstraráhættuatburðarins og dagsetningu slíks samþykkis,
- h) áhrifin af undanskilum rekstraráhættuatburðarins á árlegt tap á rekstraráhættu.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina skilyrðin sem lögbært yfirvald verður að meta skv. 1. mgr., þ.m.t. hvernig reikna eigi út meðaltal árlegs taps vegna rekstraráhættu og nákvæmar skilgreiningar á upplýsingunum sem safna á skv. 2. mgr. eða frekari upplýsingum sem taldar eru nauðsynlegar til að framkvæma matið.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. janúar 2027.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

321. gr.

#### **Tap sem stafar af samruna og yfirtöku eininga eða starfsemi sem tekið er til greina**

1. Tap sem stafar af samruna og yfirtöku eininga eða starfsemi skulu teknar með í tapgögnin um leið og liðir viðskiptavísanna sem tengjast þessum einingum eða starfsemi eru teknir með í útreikning á viðskiptavísunum hjá stofnuninni í samræmi við 1. mgr. 315. gr. Í því skyni skulu stofnanir telja með tap sem orðið hefur á tíu ára tímabili fyrir yfirtökuna eða samrunann.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina hvernig stofnanir eigi að ákvarða leiðréttingar á gagnasafni sínu um tap í kjölfar þess að tekið er tillit til taps sem stafa af samruna og yfirtöku eininga eða starfsemi eins og um getur í 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. janúar 2027.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

322. gr.

#### **Heildstæðni, nákvæmni og gæði gagna um tap**

1. Stofnanir skulu koma á skipulagi og ferlum til að tryggja heildstæðni, nákvæmni og gæði gagna um tap og láta fara fram óháða rýni á þeim gögnum.

2. Lögbær yfirlögs skulu reglulega, og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, endurskoða gæði gagna um tap stofnunar sem reiknar út árlegt tap á rekstraráhættu í samræmi við 1. mgr. 316. gr. Lögbær yfirlögs skulu framkvæma slíka könnun á a.m.k. þriggja ára fresti að því er varðar stofnun með viðskiptavisi sem fer yfir 1 milljarð evra.

323. gr.

#### **Umgjörð um stýringu rekstraráhættu**

1. Stofnanir skulu hafa til staðar:

- a) vel skjalfest kerfi til mats og stýringar rekstraráhættu, sem er nátengt daglegu áhættustýringarferli, er óaðskiljanlegur hluti eftirlits- og stjórnunarferlisins vegna rekstraráhættusniðs stofnunarinnar og sem hefur verið falin skýra ábyrgð; mats- og stjórnunarkerfið fyrir rekstraráhættu skal tilgreina áhættuskuldbindingar stofnunarinnar vegna rekstraráhættu og fylgjast með viðeigandi gögnum um rekstraráhættu, þ.m.t. gögnum um verulegt tap,
- b) áhættustýringareiningu rekstraráhættu sem er óháð rekstrar- og skipulagseiningum stofnunarinnar,
- c) skýrslugjafarkerfi til framkvæmdastjórnar, sem skilar skýrslum um rekstraráhættu til viðkomandi starfssviða stofnunarinnar,
- d) vöktunar- og skýrslugjafarkerfi um áhættuskuldbindingar vegna rekstraráhættu og taps sem verður og verklagsreglur um viðeigandi aðgerðir til úrbóta,
- e) venjubundnar aðferðir til að tryggja reglufylgni og stefnur um hvernig skuli tekið á því þegar reglum er ekki fylgt,
- f) reglulega endurskoðun á mats- og stjórnunarferlum og -kerfum stofnunarinnar fyrir rekstraráhættu og þeim sem framkvæmd er af innri eða ytri endurskoðendum sem búa yfir nauðsynlegri þekkingu,
- g) innra sannreyingarferli sem er starfrækt á traustan og skilvirkan máta,
- h) gagnsætt og aðgengilegt gagnaflæði og ferli sem tengjast kerfi stofnunarinnar fyrir mat á rekstraráhættu.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina skuldbindingarnar skv. a- til h-lið 1. mgr., að teknu tilliti til stærðar stofnunarinnar og þess hversu flókin hún er.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. janúar 2027.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

(\*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 frá 17. desember 2020 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsyfirlalda og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014 (Stjtið. ESB L 97, 19.3.2021, bls. 1).“

156) Ákvæðum 325. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. til 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnun skal reikna út kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu að því er varðar allar stöður í veltubók og allar stöður í fjárfestingarbók sem eru háðar gjaldmiðlaáðættu eða hrávöruáðættu í samræmi við eftirfarandi aðferðir:

- a) óhefðbundnu staðalaðferðina sem sett er fram í 1. kafla a,
- b) óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina sem sett er fram í 1. kafla b fyrir þær stöður sem úthlutað hefur verið viðskiptaþorðum og lögbært yfirvald stofnunarinnar hefur veitt leyfi til að nota þá óhefðbundnu aðferð sem sett er fram í 1. mgr. 325. gr. az,
- c) einfölduðu staðalaðferðina sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að stofnunin uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 325. gr. a.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal stofnun ekki reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar gjaldmiðlaáðættu fyrir veltubókarstöður og fjárfestingarbókarstöður sem háðar eru gjaldmiðlaáðættu ef þessar stöður eru dregnar frá eiginfjárgrunni stofnunarinnar. Stofnunin skal skjalfesta notkun sína á undanþágunni sem sett er fram í þessum undirlið, þ.m.t. áhrif hennar og mikilvægi, og gera upplýsingarnar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi sínu sé þess óskað.

2. Kröfurnar um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu sem reiknaðar eru í samræmi við einfölduðu staðalaðferðina skulu merkja summu eftirfarandi krafna vegna eiginfjárgrunns, eftir því sem við á:

- a) krafanna vegna eiginfjárgrunns að því er varðar stöðuáðættu sem um getur í 2. kafla, margfaldaðar með:
  - i. 1,3, fyrir almenna og sértæka áðættu staðna í skuldagerningum, að undanskildum verðbréfuðum gerningum eins og um getur í 337. gr.,
  - ii. 3,5, fyrir almenna og sértæka áðættu staðna í hlutabréfagerningum,
- b) krafanna vegna eiginfjárgrunns að því er varðar gjalddeyrísáðættu sem um getur í 3. kafla, margfaldaðar með 1,2,
- c) krafanna vegna eiginfjárgrunns að því er varðar hrávöruáðættu sem um getur í 4. kafla, margfaldaðar með 1,9,
- d) krafanna vegna eiginfjárgrunns að því er varðar verðbréfunargerninga sem um getur í 337. kafla.

3. Stofnun, sem notar óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina, sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu staðna í veltubók og staðna í fjárfestingarbók sem eru háðar gjaldmiðlaáðættu eða hrávöruáðættu, skal tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu um mánaðarlegan útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu með því að nota óhefðbundnu staðalaðferðina, sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar, fyrir hvert viðskiptaþorð sem þessum stöðum hefur verið úthlutað á í samræmi við 104. gr. b.

4. Stofnun er heimilt að nota blöndu af óhefðbundnu staðalaðferðinni sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar og óhefðbundnu eiginlíkansaðferðinni sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar að staðaldri, að því tilskildu að heildarkröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu sem reiknaðar eru út með óhefðbundnu eiginlíkansaðferðinni standi fyrir a.m.k. 10% af heildarkröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu. Stofnun skal á einingargrunni nota hvoruga þessara aðferða í bland við einfölduðu staðalaðferðina sem um getur í c-lið 1. mgr. þessarar greinar. Á samstæðustigi getur stofnun notað blöndu þessara þriggja aðferða til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu í samræmi við b-lið 4. mgr. 325. gr. b, svo fremi að einfaldaða staðalaðferðin sé ekki notuð samhliða hinum tveimur aðferðunum innan eins lögaðila.

5. Stofnanir skulu ekki nota óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina sem um getur í b-lið 1. mgr. að því er varðar gerninga í veltubók þeirra sem eru verðbréfaðar stöður eða stöður sem taldar eru með í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu (e. *alternative correlation trading portfolio (ACTP)*) eins og sett er fram í 6., 7. og 8. mgr.”

b) Í stað 9. mgr. kemur eftirfarandi:

„9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina hvernig stofnanir skulu reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu fyrir stöður í fjárfestingarbók sem háðar er gjaldeyrisáðættu eða hrávöruáðættu í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar, að teknu tilliti til krafna sem settar eru fram í 5. og 6. mgr. 104. gr. b, eftir því sem við á.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2025.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

157) Ákvæðum 325. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Skilyrði fyrir notkun á einfaldaðri staðalaðferð“.

b) Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Stofnun má reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu með því að nota einfölduðu staðalaðferðina sem um getur í c-lið 1. mgr. 325. gr. að því tilskildu að umfang viðskipta hennar innan og utan efnahagsreiknings sem háð eru markaðsáðættu sé jafnt eða lægra en bæði eftirfarandi viðmið á grundvelli mats sem fram fer mánaðarlega á grundvelli gagna frá síðasta degi mánaðarins:“

c) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) allar stöður í fjárfestingarbók sem háðar eru gjaldmiðlaáðættu eða hrávöruáðættu skulu teknar með, nema þær stöður sem eru undanskildar við útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn að því er varðar gjaldmiðlaáðættu í samræmi við 104. gr. c eða sem dregnar eru frá eiginfjárgrunni stofnunarinnar,“.

ii. Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) algildi samanlagðra gnóttstaðna skal lagt saman við algildi samanlagðra skortstaðna.“

iii. Eftirfarandi undirliðum er bætt við:

„Að því er fyrstu undirgrein varðar er merking gnótt- og skortstaðna sú sama og merkingin sett fram í 3. mgr. 94. gr.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal verðmæti samanlagðrar gnótt-(skort-)stöðu vera jafnt og summan af verðmæti einstakra gnótt-(skorts-)staðna sem teknar eru með í útreikning í samræmi við a- og b-lið þeirrar undirgreinar.“

d) Í stað inngangsorðanna í 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„Stofnanir skulu hætta að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu í samræmi við aðferðina sem um getur í c-lið 1. mgr. 325. gr., innan þriggja mánaða frá öðru eftirfarandi tilvika:“

e) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Stofnun sem hefur hætt að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu með því að nota aðferðina sem um getur í c-lið 1. mgr. 325. gr. skal aðeins vera heimilt að hefja útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu með því að nota þá aðferð ef hún sýnir lögbæra yfirvaldinu fram á að öll skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. þessarar greinar hafi verið uppfyllt öslitið í eitt ár.“

f) Ákvæði 8. mgr. falla brott.

158) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 325. gr. b:

„4. Ef lögbært yfirvald hefur ekki veitt stofnun leyfið sem um getur í 2. mgr. fyrir a.m.k. eina stofnun eða fyrirtæki samstæðunnar skulu eftirfarandi kröfur gilda um útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu á samstæðugrunni í samræmi við þennan bálk:

- a) stofnunin skal reikna út hreinar stöður og kröfur vegna eiginfjárgrunns í samræmi við þennan bálk fyrir allar stöður í stofnunum eða fyrirtækjum samstæðunnar, sem stofnunin hefur fengið leyfi fyrir eins og um getur í 2. mgr., með því að nota meðferðina sem sett er fram í 1. mgr.,
- b) stofnunin skal reikna hreinar stöður og kröfur vegna eiginfjárgrunns í samræmi við þennan bálk á einingastigi fyrir allar stöður í hverri stofnun eða fyrirtæki samstæðunnar sem stofnunin hefur ekki fengið leyfið fyrir sem um getur í 2. mgr.,
- c) stofnunin skal reikna út heildarkröfur vegna eiginfjárgrunns í samræmi við þennan bálk á samstæðugrunni með því að leggja saman fjárhæðirnar sem reiknaðar eru í a- og b-lið þessarar málsgreinar.

Að því er varðar útreikninginn sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar skulu stofnanir og fyrirtæki sem þar um getur nota sama reikningsskilagjaldmiðil og reikningsskilagjaldmiðilinn sem notaður er til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu í samræmi við þennan bálk á samstæðugrunni fyrir samstæðuna.“

159) Ákvæðum 325. gr. c er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Gildissvið, uppbygging og eigindlegar kröfur óhefðbundinnar staðalaðferðar“.

b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnanir skulu hafa til staðar og gera aðgengilegt fyrir lögbær yfirvöld skjalfestar innri stefnur, verklagsreglur og eftirlit til að hafa eftirlit með og tryggja að farið sé að kröfunum í þessum kafla. Allar breytingar á þessum stefnum, verklagsreglum og eftirliti skal tilkynna lögbærum yfirvöldum þegar þar að kemur.“

c) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„3. Þrátt fyrir 2. mgr. skal stofnun reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu í samræmi við óhefðbundnu staðalaðferðina fyrir eignarhluti stofnunar í eigin skuldagerningum sem summu þáttanna tveggja sem um getur í a- og c-lið 2. mgr. Við útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu vegna eigin skuldagerninga samkvæmt aðferðinni sem byggist á næmi og um getur í a-lið 2. mgr. skal stofnunin undanskilja áhættur frá eigin vaxtaálagi stofnunarinnar frá þeim útreikningi.

4. Stofnanir skulu hafa áhættueftirlitsdeild sem er óháð viðskiptadeildum og sem heyrir beint undir framkvæmdastjórn. Áhættueftirlitsdeildin skal bera ábyrgð á hönnun og framkvæmd þessarar óhefðbundnu staðalaðferðar. Hún skal leggja fram og greina mánaðarlegar skýrslur um niðurstöður óhefðbundnu staðalaðferðarinnar, ásamt því hvort viðskiptatakmarkanir stofnunarinnar séu viðeigandi.

5. Stofnanir skulu láta fara fram óháða endurskoðun á óhefðbundnu staðalaðferðinni sem þær nota að því er þennan kafla varðar og lögbær yfirvöld viðurkenna, annaðhvort sem hluta af reglubundinni innri endurskoðun eða með því að veita fyrirtæki þriðja aðila umboð til að framkvæma endurskoðunina. Tilkynna skal niðurstöðu slíkrar endurskoðunar til viðeigandi stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar.

Að því er varðar fyrstu undirgrein þá er með „fyrirtæki þriðja aðila“ átt við fyrirtæki sem veitir stofnunum úttekta- eða ráðgjafarþjónustu og sem hefur yfir að ráða starfsfólki sem hefur fullnægjandi færni á sviði markaðsáðættu.

6. Endurskoðun óhefðbundnu staðalaðferðarinnar sem um getur í 5. mgr. skal taka til starfsemi bæði viðskiptadeilda og óháðu áhættueftirlitsdeildarinnar og skal meta a.m.k. eftirfarandi:

- a) innri stefnur, verklagsreglur og eftirlit með vöktun og tryggingu á að farið sé að kröfunum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar,
- b) hvort skráning gagna um áhættustýringarkerfið og ferla þess og skipulag áhættueftirlitsdeildarinnar, sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, sé fullnægjandi,

- c) nákvæmni útreikninga á næmni og ferlið sem notað er til að leiða þessa útreikninga út frá verðlagningarlíkönunum stofnunarinnar sem eru grundvöllur skýrslugjafar um hagnað og tap til framkvæmdastjórnar, eins og um getur í 325. gr. t,
- d) sannprófunarferlið sem stofnunin notar til þess að meta samkvæmni, tímanleika og áreiðanleika þeirra gagnalinda sem notaðar eru við útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu með óhefðbundinni staðalaðferð, þ.m.t. hversu óháðar þessar gagnalindir eru,

Stofnun skal framkvæma endurmatið, sem um getur í fyrstu undirgrein, a.m.k. árlega eða sjaldnar, á allt að tveggja ára fresti, ef stofnunin getur með fullnægjandi hætti sýnt lögbæru yfirvaldi fram á að umfang, kerfislegt mikilvægi, eðli, stærð og flækjustig veltubókarviðskipta hennar réttlæti að endurskoðun fari sjaldnar fram.

7. Lögbær yfirvöld skulu ganga úr skugga um að útreikningurinn sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. um framkvæmd stofnunar á kröfum sem settar eru fram í þessum kafla og 325. gr. a, sé gerður af heilindum.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina aðferðafræði mats sem lögbær yfirvöld skulu gera vegna sannreyingarinnar sem um getur í 7. mgr.,

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2028.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

160) Ákvæðum 325. gr. j er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnun skal reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu fyrir stöðu í sjóði um sameiginlega fjárfestingu með einni af eftirfarandi aðferðum:

a) stofnun sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í a-lið 8. mgr. 104. gr. skal reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu þeirrar stöðu með því að líta mánaðarlega til undirliggjandi staðna sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu líkt og stofnunin sjálf væri með þessar stöður milliliðalaust.

b) stofnun sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í b-lið 8. mgr. 104. gr. skal reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu þeirrar stöðu með því að nota aðra hvora af eftirfarandi aðferðum:

i. hún skal líta á stöðuna í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu sem eina hlutabréfastöðu sem úthlutað er í undirflokkinn „aðrir geirar“ í töflu 8 í 1. mgr. 325. gr. ap,

ii. hún skal taka tillit til þeirra takmarka sem koma fram í umboði sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu og í viðeigandi lögum.

Að því er varðar útreikningana sem um getur í fyrstu undirgrein ii. liðar b-liðar þessarar málsgreinar getur stofnun reiknað út kröfur um eiginfjárgrunn vegna mótaðilaáðættu og kröfur um eiginfjárgrunn vegna aðlögunar útlánavirðis afleiðustaðna sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu með einfölduðu aðferðinni sem sett er fram í 3. mgr. 132. gr. a.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a. Að því er varðar aðferðirnar sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar skal stofnunin:

a) beita kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáðættu sem settar eru fram í 5. þætti og viðbótum vegna eftirstæðrar áðættu sem settar eru fram í 4. þætti á stöðu í sjóði um sameiginlega fjárfestingu, ef umboð þess sjóðs heimilar honum að fjárfesta í áhættuskuldbindingum sem skulu falla undir þessar kröfur vegna eiginfjárgrunns; þegar aðferðin sem um getur í i. lið b-liðar 1. mgr. þessarar greinar er notuð skal stofnunin líta á stöðuna í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu sem eina ómetna hlutabréfastöðu sem úthlutað er í undirflokkinn „ómetið“ í töflu 2 í 1. mgr. 325. gr. y og

b) að því er varðar allar stöður í sama sjóði um sameiginlega fjárfestingu, nota sömu aðferð meðal þeirra aðferða sem settar eru fram í b-lið 1. mgr. þessarar greinar til að reikna út hverja kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir sig sem aðskilið eignasafn.“

c) Í stað 3., 4. og 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Stofnun getur notað samsetningu aðferða sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. fyrir stöður sínar í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Hins vegar skal stofnun aðeins nota eina af þessum aðferðum fyrir allar stöður í sama sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu.

4. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. þessarar greinar skal stofnun reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhattu með því að ákvarða tilbúið eignasafn sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu sem myndi mynda að hæstu kröfurnar um eiginfjárgrunn í samræmi við a-lið 2. mgr. 325. gr. c, á grundvelli umboðs sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu eða viðeigandi laga, með tilliti til hámarks vogunar, eftir því sem við á.

Stofnunin skal nota sama tilbúna eignasafnið og það sem um getur í fyrstu undirgrein til að reikna, eftir atvikum, kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhattu sem settar eru fram í 5. þætti og viðbótina fyrir eftirstæða áhættuþætti sem sett er fram í 4. þætti, vegna stöðu í sjóði um sameiginlega fjárfestingu.

Lögbært yfirvald stofnunarinnar skal veita samþykki fyrir aðferðafræðinni sem stofnunin þróar til að ákvarða tilbúin eignasöfnun allra staðna í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem útreikningarnir sem um getur í fyrstu undirgrein eru notaðir fyrir.

5. Stofnun getur aðeins notað aðferðirnar sem um getur 1. mgr. þegar sjóður um sameiginlega fjárfestingu uppfyllir öll skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 132. gr. Ef sjóður um sameiginlega fjárfestingu uppfyllir ekki öll skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 132. gr. skal stofnunin setja stöður sínar í þeim sjóði um sameiginlega fjárfestingarbók.

6. Til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhattu vegna stöðu í sjóði um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við aðferðina sem sett er fram í a-lið 1. mgr. mega stofnanir reiða sig á þriðja aðila til að framkvæma slíkan útreikning, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) þriðji aðilinn sé eitt af eftirfarandi:

- i. varðveislustofnun eða fjármálavörslustofnun sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, að því tilskildu að sjóðurinn fjárfesti eingöngu í verðbréfum og leggi öll verðbréf inn hjá þeirri varðveislustofnun eða fjármálavörslustofnuninni,
- ii. hvað varða sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem ekki falla undir i. lið þessa liðar, rekstrarfélag sjóðs um sameiginlega fjárfestingu að því tilskildu að það uppfylli þær viðmiðanir sem settar eru fram í a-lið 3. mgr. 132. gr.,
- iii. söluaðili þriðja aðila, að því tilskildu að þeir þriðju aðilar sem um getur í i. eða ii. lið þessa liðar, eða annar slíkur söluaðili þriðja aðila, reikni viðkomandi gögn, upplýsingar eða áhættumælistikur,

b) þriðji aðili lætur stofnuninni í té gögn, upplýsingar eða áhættumælistikur til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhattu stöðu sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við aðferðina sem um getur a-lið 1. mgr. þessarar greinar,

c) ytri endurskoðandi stofnunar hefur staðfest að gögn, upplýsingar eða áhættumælistikur þriðja aðila sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar séu fullnægjandi og lögbært yfirvald stofnunar hafi ótakmarkaðan aðgang að þessum gögnum, upplýsingum eða áhættumælistikum sé þess óskað.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar tæknilega þætti aðferðafræðinnar við að ákvarða tilbúin eignasöfn að því er varðar aðferðina sem sett er fram í 4. mgr., þ.m.t. hvernig stofnanir skulu í aðferðafræðinni, eftir atvikum, taka hámarks tillit til vogunar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. janúar 2027.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

161) Í stað 2. mgr. 325. gr. g kemur eftirfarandi:

„2. Gjaldmiðlavegaáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar valrétti með undirliggjandi gerningum sem eru næmir gagnvart erlendum gjaldeyri skulu vera afleitt flökt gengis milli gjaldmiðlapara. Þetta afleidda flökt skal vera tengt eftirfarandi lífítimum í samræmi við lífítíma samsvarandi valréttum sem falla undir eiginfjárgrunnskörfur: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár og 10 ár.“

162) Í stað fyrstu formúlu  $s_k$  í 1. mgr. 325. gr. s kemur eftirfarandi:

“

$$s_k = \frac{V_i(1,01 \cdot vol_k, x, y) - V_i(vol_k, x, y)}{0,01}$$

“.

163) Ákvæðum 325. gr. t er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Brátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar mega lögbær yfirvöld krefjast þess að stofnun, sem fengið hefur leyfi til að nota óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina sem sett er fram í 1. kafla b, noti verðlagningarfall í áhættumatskerfinu samkvæmt eiginlíkansaðferð þeirra við útreikning á næmi samkvæmt þessum kafla fyrir útreikning og skýrslugja-farkröfur sem settar eru fram í 3. mgr. 325. gr.“

b) Í stað a-liðar 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) þessar óhefðbundnu skilgreiningar eru notaðar fyrir innri áhættustýringu eða fyrir skýrslugjöf um hagnað og tap til framkvæmdastjórnarinnar af hálfu óháðrar áhættustýrieiningar innan stofnunarinnar.“

c) Í stað a- og b-liðar 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) þessar óhefðbundnu skilgreiningar eru notaðar fyrir innri áhættustýringu eða fyrir skýrslugjöf um hagnað og tap til framkvæmdastjórnarinnar af hálfu óháðrar áhættustýrieiningar innan stofnunarinnar,

b) að stofnunin sýni fram á að þessar óhefðbundnu skilgreiningar eigi betur við til að fanga næmi stöðunnar heldur en formúlurnar sem settar eru fram í þessum undirþætti, að línulega umbreytingin sem um getur í fyrstu undirgrein endurspeglir vegaáættunæmi og að næmið sem þar af leiðir sé ekki verulega ólíkt því sem leiðir af beitingu þessara formúla.“

164) Ákvæðum 325. gr. u er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4a. Þrátt fyrir 1. mgr. skal stofnun fram til 31. desember 2032 ekki beita kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar eftirstæða áhættuþætti gagnvart gerningum sem miða eingöngu að því að verja markaðsáættu staðna í veltubókinni sem mynda kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar eftirstæða áhættuþætti og falla undir sömu tegund eftirstæðra áhættuþátta og stöðunnar sem þær verja.

Lögbær yfirvöld skulu veita leyfi til að beita þeirri meðferð sem um getur í fyrstu undirgrein ef stofnunin getur á viðvarandi grundvelli sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að gerningarnir uppfylli skilyrði þess að farið sé með þá sem áhættuvarnarstöður.

Stofnunin skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu um niðurstöðu útreiknings á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar eftirstæða áhættuþætti vegna allra gerninga þar sem undanþágunni sem um getur í fyrstu undirgrein er beitt.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina viðmiðin sem stofnanir skulu nota til að auðkenna stöður sem uppfylla skilyrði vegna undanþágunnar sem um getur í 4. mgr. a. Þessi viðmið skulu a.m.k. ná yfir eðli gerninganna sem um getur í þeirri málsgrein, hreinan hagnað og tap sameinaðra staðna, næmi sameinaðra staðna og áhættu sem enn er óvarin í sameinuðum stöðum, einkum með tilliti til þess möguleika að hægt sé að verja upphaflega stöðuna með hluta fjárhæðar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um áhrif beitingar meðferðinnar sem um getur í 4. mgr. a, fyrir 31. desember 2029. Á grundvelli niðurstaðna þessarar endurskoðunar skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið til að framlengja meðferðina sem um getur í þeirri málsgrein.“

165) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 325. gr. v:

„3. Að því er varðar útlána- og hlutabréfaafleiður sem viðskipti eru með án verðbréfunar þá ákvarðast JTD-fjárhæðir fyrir einstaka hluta með því að nota gegnsæisaðferðina.“

166) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 325. gr. x:

„5. Ef samnings- eða lagaskilmálar afleiðustöðu með skulda- eða hlutabréfatengdan reiðufjárgerning sem undirliggjandi eign, sem er varin með þeim skulda- eða hlutabréfatengda reiðufjárgerningi, heimilar stofnun að loka báðum leggjum stöðunnar á þeim tíma sem fyrri leggurinn af tveimur rennur út án áhættu vegna vanskilaáættu af undirliggjandi eign, skal stilla hreina fjárhæð skyndilegra vanefnda sameinaðrar stöðu á núll.“

167) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 325. gr. y:

„6. Að því er varðar þessa grein skal áhættuskuldbindingu vera úthlutað í lánshæfisflokk sem samsvarar þeim lánshæfisflokki sem henni myndi verða úthlutað í samkvæmt staðalaðferð fyrir útlánaáættu sem sett er fram í 2. kafla II. bóls.“

168) Í 325. gr. ab fellur 2. mgr. brott.

169) Ákvæðum 325. gr. ad er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Nettó JTD fjárhæðir skulu margfaldaðar með:

a) að því er varðar afurðir sem ekki er skipt í áhættulög, vægi vanskilaáættu sem samsvarar lánshæfi þeirra eins og tilgreint er í 1. og 2. mgr. 325. gr. y,

b) að því er varðar afurðir sem skipt er í áhættulög, vægi vanskilaáættu sem um getur í 1. mgr. 325. gr. aa.“

b) Í stað formúlunnar fyrir  $DRC_b$  í 3. mgr. kemur eftirfarandi:

“

$$DRC_b = \sum_{i \in long} RW_i \cdot netJTD_i - WtS_{ACTP} \cdot \left( \sum_{i \in short} RW_i \cdot |netJTD_i| \right)$$

“.

170) Í stað 3. mgr. 325. gr. ae kemur eftirfarandi:

„3. Áhættuvogir áhættuþátta sem byggjast á gjaldmiðlum sem eru í undirflokki auðseljanlegustu gjaldmiðlanna, eins og um getur í b-lið 7. mgr. 325. gr. bd, og innlendum gjaldmiðill stofnunarinnar skulu vera eftirfarandi:

a) fyrir áhættuþætti áhættulausra vaxta, áhættuvoginnar sem um getur í 1. lið í 3. töflu þessarar greinar deilt með  $\sqrt{L}$ ,

b) fyrir verðbólguáhættuþátt og  $\sqrt{2}$  áhættuþætti sem byggjast á stökum gjaldmiðlum, áhættuvoginnar sem um getur í 2. lið þessarar greinar deilt með  $\sqrt{2}$ .“

171) Ákvæðum 325. gr. ah er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað geira í undirflokki 13 í töflu 4 kemur eftirfarandi:

„Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi, veitendur stuðningslána og sértryggð skuldabréf“.

ii. Eftirfarandi undirgrein er bætt við:

„Að því er varðar þessa grein skal áhættuskuldbindingu vera úthlutað í lánshæfisflokk- sem samsvarar þeim lánshæfisflokki sem henni myndi verða úthlutað í samkvæmt staðalaðferð fyrir útlánaáhættu sem sett er fram í 2. kafla II. bóls.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er stofnunum heimilt að úthluta áhættuskuldbindingu fyrir ómetið sértryggt skuldabréf í 4. undirflokki ef stofnunin sem gaf út sértryggða skuldabréfið er með lánshæfisþrep 1 til 3.“

172) Í stað skilgreiningar á  $\rho_{kl}^{(name)}$  í 1. mgr. 325. gr. ai kemur eftirfarandi:

„ $\rho_{kl}^{(name)}$  skal vera jafnt og 1 ef tvö næmisnöfn k og l eru eins, það skal vera jafnt og 35% ef tvö næmisnöfn k og l eru í undirflokkum 1 til 18 4. töflu í 1. mgr. 325. gr. ah, annars skal það vera jafnt og 80%“.

173) Í stað skilgreiningarinnar á  $\gamma_{bc}^{(rating)}$  í 325. gr. aj kemur eftirfarandi:

„ $\gamma_{bc}^{(rating)}$  skal vera jafnt og:

- a) 1, ef undirflokkar b og c eru undirflokkar 1 til 17 og báðir undirflokkarnir eru í sama lánshæfisflokknum (annaðhvort lánshæfisþrep 1 til 3 eða lánshæfisþrep 4 til 6) en annars vera jafnt 50%; að því er varðar þann útreikning skal undirflokkur 1 teljast tilheyrja sama lánshæfisflokknum og undirflokkar sem hafa lánshæfisþrep 1 til 3,
- b) 1, ef annaðhvort undirflokkur b eða c er undirflokkur 18,
- c) 1, ef undirflokkur b eða c er undirflokkur 19 og hinn undirflokkurinn er með lánshæfisþrep 1 til 3, að öðrum kosti skal það vera jafnt og 50%,
- d) 1, ef undirflokkur b eða c er undirflokkur 20 og hinn undirflokkurinn er með lánshæfisþrep 4 til 6, að öðrum kosti skal það vera jafnt og 50%,“.

174) Ákvæðum 325. gr. ak er breytt sem hér segir:

a) Töflu 6 er breytt sem hér segir:

i. Dálknum „lánshæfi“ er breytt sem hér segir:

1) Í stað annarrar línu kemur eftirfarandi:

„Lánshæfisþrep 1 til 10“.

2) Í stað þriðju línu kemur eftirfarandi:

„Lánshæfisþrep 11 til 17“.

ii. Í stað geira í undirflokki 13 kemur eftirfarandi:

„Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi, veitendur stuðningslána og sértryggð skuldabréf“.

b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„Að því er varðar þessa grein skal áhættuskuldbindingu vera úthlutað í lánshæfisflokk- sem samsvarar þeim lánshæfisflokki sem henni myndi verða úthlutað í samkvæmt staðalaðferð fyrir útlánaáhættu sem sett er fram í 2. kafla II. bóls.“

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er stofnunum heimilt að úthluta áhættuskuldbindingu fyrir ómetið sértryggt skuldabréf í 4. undirflokk ef stofnunin sem gaf út sértryggða skuldabréfið er með lánshæfisþrep 1 til 3.“

175) Ákvæðum 325. gr. am er breytt sem hér segir:

a) Í töflu 7 í 1. mgr. er dálknum „lánshæfi“ breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrstu línu kemur eftirfarandi:

„Forgangsstaða og lánshæfisþrep 1 til 10“.

ii. Í stað annarrar línu kemur eftirfarandi:

„Engin forgangsstaða og lánshæfisþrep 1 til 10“.

iii. Í stað þriðju línu kemur eftirfarandi:

„Lánshæfisþrep 11 til 17 og ómetin“.

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Að því er varðar þessa grein skal áhættuskuldbindingu vera úthlutað í lánshæfisflokk sem samsvarar þeim lánshæfisflokki sem henni myndi verða úthlutað í samkvæmt ytramatsaðferðinni sem sett er fram í 5. kafla II. bálks.“

176) Ákvæðum töflu 9. mgr. í 325. gr. as er breytt sem hér segir:

a) Í stað heitis undirflokks á undirflokki 3 kemur eftirfarandi:

„Orka — rafmagn“,

b) Eftirfarandi reitum er bætt við:

“

|    |                                                          |     |
|----|----------------------------------------------------------|-----|
| 3a | Orka — kolefnisviðskipti í losunarviðskiptakerfi ESB     | 40% |
| 3b | Orka — kolefnisviðskipti utan losunarviðskiptakerfis ESB | 60% |

“.

177) Ákvæðum 325. gr. ax er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Undirflokkar fyrir vegaáhættuþætti skulu vera svipaðir og undirflokkarnir sem komið var á fót fyrir deltaáhættuþætti í samræmi við 1. undirþátt 3. þáttar.

2. Áhættuvogum fyrir næmi gagnvart vegaáhættuþáttum skal úthlutað í samræmi við áhættuflokk áhættuþáttanna, sem hér segir:

Tafla 1

| Áhættuflokkur                                                                                        | Áhættuvog |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| GIRR                                                                                                 | 100%      |
| Áhætta vegna vaxtaálags vegna gerninga sem ekki eru verðbréfanir                                     | 100%      |
| Áhætta vegna vaxtaálags vegna gerninga sem eru verðbréfanir (óhefðbundið fylgniviðskiptasafn)        | 100%      |
| Áhætta vegna vaxtaálags vegna gerninga sem eru verðbréfanir (utan óhefðbundins fylgniviðskiptasafns) | 100%      |

| Áhættuflokkur                                              | Áhættuvog |
|------------------------------------------------------------|-----------|
| Hlutabréf (félög með mikið markaðsverðmæti og vísitölur)   | 77,78%    |
| Hlutabréf (félög með lágt markaðsverðmæti og aðrir geirar) | 100%      |
| Hrávörur                                                   | 100%      |
| Erlendur gjaldeyrir                                        | 100%      |

“.

b) Ákvæði 3. mgr. falla brott.

c) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Að því er varðar almenna vaxtaþætti, vaxtaálag og hrávörukúrfuáhættuþætti skal kúrfuáhættuvogin vera samhlíða breytingum á öllum hornapunktunum fyrir hverja kúrfu á grundvelli hæstu tilskilinnar deltaáhættuvogar sem um getur í 1. undirþætti fyrir þann viðkomandi áhættuundirflokk.“

178) Ákvæðum 325. gr. az er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnun er heimilt að nota óhefðbundna eiginlíkansaðferð til að reikna út kröfur sínar um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu, að því tilskildu að hún uppfylli allar kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum kafla.“

b) Ákvæðum fyrstu undirgreinar 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„c) viðskiptaborðin hafi uppfyllt kröfurnar um afturvirku prófunina sem um getur í 3. mgr. 325. gr. bf,

d) viðskiptaborðin hafi uppfyllt kröfurnar um úthlutun á hagnaði og tapi sem um getur í 325. gr. bg,“.

ii. Eftirfarandi lið er bætt við:

„g) engum stöðum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem uppfylla skilyrðið, sem sett er fram í b-lið 8. mgr. 104. gr., hefur verið úthlutað á viðskiptaborðin.“

c) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Stofnanir sem hafa fengið heimild til að nota óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina skulu einnig uppfylla skýrslu-gjafarkröfunu sem sett er fram í 3. mgr. 325. gr.“

d) Í stað b-liðar 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) matið á aðferðafræðinni sem lögbær yfirvöld nota til að ganga úr skugga um hlítingu stofnunar við kröfurnar sem settar eru fram í þessum kafla.“

e) Í stað 9. mgr. kemur eftirfarandi:

„9. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal gefa álit á því hvort óvenjulegar aðstæður, eins og um getur í 5. mgr. þessarar greinar og í annarri undirgrein 6. mgr. 325. gr. bf, hafi komið upp.

Til að gefa þetta álit skal Evrópska bankaefirlitsstofnunin vakta markaðsaðstæður til að meta hvort óvenjulegar aðstæður hafi komið upp og, ef svo er, tilkynna framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um það þegar í stað.

10. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina þau skilyrði og vísa sem hún á að nota til að ákvarða hvort óvenjulegar aðstæður hafi komið upp.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

179) Ákvæðum 325. gr. ba er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 1. mgr.:

„Við útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu með eigin líkani í samræmi við fyrstu undirgrein skal stofnun ekki taka með eigið vaxtaálag í útreikningi á ráðstöfununum sem um getur í a- og b-lið fyrir stöður í eigin skuldagerðingum stofnunar.“

b) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 2. mgr.:

„Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal stofnun ekki falla undir viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn vegna eignarhluta í eigin skuldagerðingum.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Stofnun sem notar óhefðbundið eigið líkan skal reikna út heildarkröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu að því er varðar allar stöður í veltubók og allar stöður í fjárfestingarbók sem mynda gjaldmiðlaáðættu eða hrávöruáðættu í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$AIMA_{total} = \min(AIMA + PLA_{addon} + ASA_{non-aima}; ASA_{all\ portfolio}) \\ + \max(AIMA - ASA_{aima}; 0)$$

þar sem:

$AIMA$  = summan af kröfum um eiginfjárgrunn sem um getur í 1. og 2. mgr.,

$PLA_{addon}$  = viðbótarkrafan um eiginfjárgrunn sem um getur í 2. mgr. 325. gr. bg,

$ASA_{non-aima}$  = krafa um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu eins og hún er reiknuð samkvæmt óhefðbundinni staðalaðferð sem um getur í a-lið 1. mgr. 325. gr. fyrir eignasafn með stöðum í veltubók og fjárfestingarbók sem mynda gjaldmiðlaáðættu eða hrávöruáðættu og stofnunin notar óhefðbundna staðalaðferð fyrir til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu,

$ASA_{all\ portfolio}$  = krafa um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu eins og hún er reiknuð samkvæmt óhefðbundinni staðalaðferð sem um getur í a-lið 1. mgr. 325. gr. fyrir eignasafn með öllum stöðum í veltubók og fjárfestingarbók sem mynda gjaldmiðlaáðættu eða hrávöruáðættu,

$ASA_{aima}$  = krafa um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu eins og hún er reiknuð samkvæmt óhefðbundinni staðalaðferð sem um getur í a-lið 1. mgr. 325. gr. fyrir eignasafn með stöðum í veltubók og fjárfestingarbók sem mynda gjaldmiðlaáðættu eða hrávöruáðættu og stofnunin notar aðferðina sem um getur í b-lið 1. mgr. 325. gr. fyrir til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáðættu.“

180) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 325. gr. bc:

„6. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina viðmiðanir fyrir notkun á gagnainnfærslu í áhættumatslíkaninu sem um getur í þessari grein, þ.m.t. viðmiðunum um nákvæmni gagna og viðmiðanir um kvörðun á innfærslu gagna ef markaðsgögn eru ófullnægjandi.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. janúar 2026.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

181) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 325. gr. bd:

„5a. Gjaldmiðlar aðildarríkja sem taka þátt í ERM-II skulu taldir með í undirflokki auðseljanlegustu gjaldmiðlanna og innlends gjaldmiðils innan viðtækasta flokksins fyrir vaxtaáhættuþætti í töflu 2.“

182) Ákvæðum 325. gr. be er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 1. mgr.:

„Að því er varðar matið sem um getur í fyrstu undirgrein geta lögbær yfirvöld heimilað stofnunum að nota markaðsgögn sem söluaðilar sem eru þriðji aðili veita.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a. Lögbær yfirvöld geta krafist þess að stofnun líti á áhættuþátt sem hún hefur metið sem líkanshæfan í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar sem ólíkanshæfan, ef gagnainnfærsla sem notuð er til að ákvarða sviðsmyndir framtíðaráfalla sem beitt er á áhættuþáttinn uppfylla ekki, að mati lögbærra yfirvalda, kröfumar sem um getur í 6. mgr. 325. gr. bc.“

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„2a. Við óvenjulegar aðstæður sem koma upp á tímabilum þegar umtalsverður samdráttur er á tilteknum viðskiptum á fjármálamörkuðum geta lögbær yfirvöld heimilað stofnunum að nota aðferðina sem er sett fram í þessum kafla að líta á áhættuþætti sem stofnanirnar hafa metið sem ólíkanshæfa sem líkanshæfa í samræmi við 1. mgr., að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) þeir áhættuþættir sem meðhöndlun nær til samsvara viðskiptastarfsemi sem umtalsvert hefur dregið úr á fjármálamörkuðum,
- b) meðhöndlun er beitt tímabundið og ekki lengur en í sex mánuði á einu fjárhagsári,
- c) meðhöndlun dregur ekki verulega úr heildarkröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhattu þeirra stofnana sem beita henni,
- d) lögbær yfirvöld tilkynni Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni þegar í stað um allar ákvarðanir um að heimila stofnunum að beita aðferðinni sem sett er fram í þessum kafla að líta á áhættuþætti sem stofnanirnar hafa metið sem ólíkanshæfa sem líkanshæfa, sem og viðkomandi viðskiptastarfsemi, og færa rök fyrir þeirri ákvörðun.“

d) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina viðmiðanir til að leggja mat á líkanshæfi áhættuþátta í samræmi við 1. mgr., þ.m.t. þegar notuð eru markaðsgögn frá söluaðilum þriðja aðila, og tíðni þessa mats.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2025.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

183) Ákvæðum 325. gr. bf er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsorðanna í fyrstu undirgrein kemur eftirfarandi:

„Margföldunarstuðullinn (mc) skal vera jafnt og a.m.k. summan af 1,5 og viðbót sem er ákvörðuð í samræmi við töflu 3. Að því er varðar eignasafnið sem um getur í 5. mgr. skal þessi viðbót reiknuð á grundvelli fjölda yfirskaða sem hafa orðið á næstliðnum 250 virkum dögum samkvæmt afturvirkri prófun stofnunarinnar á fjölda vágilda sem reiknuð eru í samræmi við a-lið þessarar undirgreinar. Útreikningurinn á viðbótinni skal falla undir eftirfarandi kröfur:“

ii. Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Við óvenjulegar aðstæður geta lögbær yfirvöld heimilað stofnun að gera annað eða hvort tveggja eftirfarandi:

- a) takmarka útreikning á viðbót við það sem leiðir af yfirskotum samkvæmt afturvirkum prófunum á hugsanlegum breytingum þegar fjöldi yfirskota samkvæmt afturvirkum prófunum leiðir ekki af annmörkum í óhefðbundnu eigin líkani,
- b) undanskilja yfirskot sem koma fram með afturvirkri prófun á hugsanlegum eða raunverulegum breytingum úr útreikningum á viðbótinni ef yfirskotin eru ekki tilkomin vegna annmarka í óhefðbundnu eigin líkani stofnunar.“

iii. Eftirfarandi undirgrein er bætt við:

„Að því er varðar fyrstu undirgrein geta lögbær yfirvöld aukið verðgildi margföldunarstuðuls umfram summuna sem um getur í þeirri undirgrein, ef óhefðbundið eigið líkan stofnunar sýnir annmarka sem koma í veg fyrir viðeigandi ráðstafanir fyrir kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu.“

b) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Þrátt fyrir 2. og 6. mgr. mega lögbær yfirvöld heimila stofnun að telja ekki yfirskot þegar breytingar innan dags á virði eignasafns hennar sem fer yfir virði tengds vágildis sem reiknað er með eigin líkani viðkomandi stofnunar stafar af áhættuþætti sem ekki er hægt að gera líkan af.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„10. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina við hvaða skilyrði og viðmiðanir megi heimila stofnun að telja ekki yfirskot þegar breytingar innan dags á virði eignasafns hennar sem fer yfir virði tengds vágildis sem reiknað er með eigin líkani viðkomandi stofnunar stafar af áhættuþætti sem ekki er hægt að gera líkan af.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2026.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

184) Ákvæðum 325. gr. bg er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1., 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Viðskiptaborð stofnunar mæti kröfunni um úthlutun á hagnaði og tapi ef fræðilegar breytingar á virði eignasafns viðskiptaborðsins, sem grundvallast á áhættumatslíkani stofnunarinnar séu annaðhvort nálægt eða nægilega nálægt hugsanlegum breytingum á virði eignasafns stofnunarinnar sem byggt er á verðlagningarlíkani stofnunarinnar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skal stofnun reikna út, ef fræðilegar breytingar á verðmæti eignasafns viðskiptaborðs sem byggjast á áhættumatslíkani stofnunar eru nægilega nálægt hugsanlegum breytingum á verðmæti eignasafns viðskiptaborðsins, miðað við verðlagningarlíkan stofnunarinnar, viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn við þær kröfur um eiginfjárgrunn, sem um getur í 1. og 2. mgr. 325. gr. ba, fyrir allar stöður sem úthlutað er á viðskiptaborðið.

3. Á grundvelli niðurstaðna kröfunnar um úthlutun hagnaðar og taps, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal stofnun ákvarða og skjalfesta nákvæman lista yfir áhættuþætti sem er að finna í áhættumatslíkani stofnunar og teljast viðeigandi til að staðfesta að stofnunin uppfylli kröfuna um afturvirka prófun sem sett er fram í 325. gr. bf. Stofnunin skal rekja allar breytingar á lista yfir þessa áhættuþætti.“

b) Ákvæðum 4. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað a- og b-liðar kemur eftirfarandi:

„a) viðmiðin sem tilgreina hvort fræðilegar breytingar á virði eignasafns viðskiptaborðs séu annaðhvort nálægt eða nægilega nálægt hugsanlegum breytingum á virði eignasafns viðskiptaborðs í skilningi 1. mgr. að teknu tilliti til þróunar á alþjóðareglum,

b) viðbótarkrafan um eiginfjárgrunn sem um getur í 2. mgr.,“.

ii. Ákvæði e-liðar falla brott.

iii. Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2025.“

185) Ákvæðum 325. gr. bh er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) eigið áhættumatslíkan skal taka til áhættuþátta sem svara til gulls og einstakra erlendra gjaldmiðla sem stöður stofnunarinnar eru tilgreindar í, að því er varðar sjóði um sameiginlega fjárfestingu skal taka mið af raunverulegum stöðum í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu, stofnanir mega nota skýrslugjöf þriðja aðila um stöðu sjóðsins í erlendum gjaldeyri að því tilskildu að áreiðanleiki þeirrar skýrslu sé tryggður á viðunandi hátt“,

ii. Eftirfarandi lið er bætt við:

„i) hvað varðar stöður í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skulu stofnanir fara yfir undirliggjandi stöður sjóða um sameiginlega fjárfestingu a.m.k. einu sinni í viku til að reikna út kröfur sínar um eiginfjárgrunn í samræmi við þennan kafla; ef gegnsæisaðferðin er framkvæmd einu sinni í viku skulu stofnanir geta vakt að áhættu sem stafar af verulegum breytingum á samsetningu sjóða um sameiginlega fjárfestingu; stofnanir sem eru ekki með nægilegt gagnailag eða upplýsingar til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáætlu stöðu í sjóði um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við gegnsæisaðferðina geta notað þriðja aðila til að fá þessi gagnailög eða upplýsingar, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

i. þriðji aðilinn sé eitt af eftirfarandi:

- 1) varðveislustofnun eða fjármálavörslustofnun sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, að því tilskildu að sjóðurinn fjárfesti eingöngu í verðbréfum og leggi öll verðbréf inn hjá þeirri varðveislustofnun eða fjármálavörslustofnuninni,
- 2) rekstrarfélag sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, að því tilskildu að það uppfylli viðmiðanirnar sem settar eru fram í a-lið 3. mgr. 132. gr.,
- 3) söluaðili þriðja aðila, að því tilskildu að þeir þriðju aðilar sem um getur í 1. eða 2. lið þessa liðar, eða annar slíkur söluaðili þriðja aðila, reikni viðkomandi gögn, upplýsingar eða áhættumælistikur,

ii. þriðji aðili lætur stofnuninni í té gögn, upplýsingar eða áhættumælistikur til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáætlu stöðu sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við gegnsæisaðferðina sem um getur í fyrstu undirgrein,

iii. ytri endurskoðandi stofnunar hefur staðfest að gögn, upplýsingar eða áhættumælistikur þriðja aðila sem um getur í ii. lið séu fullnægjandi og lögbært yfirvald hefur ótakmarkaðan aðgang að þessum gögnum, upplýsingum eða áhættumælistikum sé þess óskað.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Stofnanir mega eingöngu nota mælifylgni innan viðtækra flokka áhættuþátta og, að því er varðar útreikning á ótakmörkuðu áætluðu greiðslufalli UES, eins og um getur í 1. mgr. 325. gr. bb þvert á viðtæka flokka áhættuþátta þegar aðferð stofnunarinnar til að mæla þessa fylgni er skilvirk, í samræmi við gildandi seljanleikatímabil eða, fullnægjandi að mati lögbærra yfirvalda, með 10 daga grunntímabili sem sett er fram í 1. mgr. 325. gr. bc, og framkvæmd af heilindum.“

c) Ákvæði 3. mgr. falla brott.

186) Ákvæðum 1. mgr. 325. gr. bi er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) stofnun skal hafa áhættueftirlitsdeild sem er óháð viðskiptadeildum og heyrir beint undir framkvæmdastjórn stofnunarinnar; deildin skal:

- i) bera ábyrgð á hönnun og innleiðingu allra innri áhættumatslíkana sem notuð eru í óhefðbundnu eiginlíkansaðferðinni að því er þennan kafla varðar,
- ii) bera ábyrgð á áhættustýringarkerfinu í heild sinni,
- iii) taka saman eða greina daglegar skýrslur um niðurstöður eigin líkana sem notuð eru til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu og um viðeigandi ráðstafanir sem grípa skal til með tilliti til viðskiptatakmarkana.“

b) Eftirfarandi undirgrein er bætt við á eftir fyrstu undirgrein:

„Sannreyningardeild, sem er aðskilin frá áhættueftirlitsdeildinni sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, skal framkvæma upphaflega og áframhaldandi sannreyningu á öllum eigin áhættumatslíkönum sem notuð eru í óhefðbundinni eiginlíkansaðferð að því er þennan kafla varðar.“

187) Í stað 3. mgr. 325. gr. bo kemur eftirfarandi:

„3. Í eigin líkani sínu fyrir vanskilaáættu skulu stofnanir greina verulega grunnáættu í áhættuvarnaráætlunum sem stafar af mismunandi vörutegundum, afurðategundum, forgangsröð í fjármagnsuppbyggingu, innra eða ytra mati, útgáfu-aldri og öðrum mismun.

Stofnanir skulu tryggja að misræmi í líftíma milli áhættuvarnargernings og áhættuvarins gernings sem gætu orðið á eins árs tímabili, ef þær hafa ekki tekið tillit til þessa misræmis í innra vanskilaáhættulíkani sínu, leiði ekki til verulegs vanmats á áættu.

Stofnanir skulu aðeins færa inn áhættuvarnargerning að því marki sem unnt er að viðhalda honum jafnvel þótt loforðsgjafi nálgist lánaatburð eða annan atburð.“

188) Ákvæðum 325. gr. bp er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 5. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) líkurnar á vanefndum skulu miðast við 0,01% neðri mörk að því er varðar áhættuskuldbindingar sem 0% áhættuvog er beitt á í samræmi við 114. til 118. gr. og við 0,01% að því er varðar sértryggð skuldabréf sem 10% áhættuvog er beitt á í samræmi við 129. gr.; annars skulu líkur á vanefndum miðast við 0,03% neðri mörk.“

ii. Í stað d- og e-liðar kemur eftirfarandi:

„d) stofnun, sem hefur fengið heimild til að leggja mat á líkur á vanefndum í samræmi við 1. þátt, 3. kafla, í II. bálki fyrir þann flokk áhættuskuldbindinga og matskerfi sem samsvarar tilteknum útgefanda, skal nota aðferðirnar sem þar eru settar fram til að reikna út líkurnar á vanefndum hjá þeim útgefanda, að því tilskildu að gögn séu tiltæk til að gera slíkt mat,

e) stofnun sem hefur ekki fengið heimild til að leggja mat á líkur á vanefndum, sem um getur í d-lið, skal þróa eigin aðferðir eða nota ytri tilföng til að meta þessar líkur á vanefndum í samræmi við gildandi kröfur um mat á líkum á vanefndum samkvæmt þessari grein.“

iii. Eftirfarandi undirgrein er bætt við:

„Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar liggja fyrir gögn til að meta líkurnar á vanefndum hjá tilteknum útgefanda stöðu í veltubók ef stofnun er með fjárfestingarbók fyrir sama loforðsgjafa á útreikningardeginum, sem hún metur líkurnar á vanefndum fyrir í samræmi við 1. þátt, 3. kafla, II. bálks til að reikna út kröfur sínar um eiginfjárgrunn eins og þær eru settar fram í þeim kafla.“

b) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„c) stofnun, sem hefur fengið heimild til að leggja mat á tap að gefnum vanefndum í samræmi við 1. þátt, 3. kafla, í II. bálki fyrir þann flokk áhættuskuldbindinga og matskerfi sem samsvarar tiltekinni áhættuskuldbindingu, skal nota aðferðirnar sem þar eru settar fram til að reikna út mat á tapi að gefnum vanefndum hjá þeim útgefanda, að því tilskildu að gögn séu tiltæk til að gera slíkt mat,

d) stofnun sem hefur ekki fengið heimild til að leggja mat á tap að gefnum vanefndum, sem um getur í c-lið, skal þróa eigin aðferðir eða nota ytri tilföng til að meta tap að gefnum vanefndum í samræmi við gildandi kröfur um mat á tapi að gefnum vanefndum samkvæmt þessari grein.“

ii. Eftirfarandi undirgrein er bætt við:

„Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar liggja fyrir gögn til að meta tap að gefnum vanefndum hjá tilteknum útgefanda stöðu í veltubók ef stofnun er með stöðu fjárfestingarbók fyrir sömu áhættuskuldbindingu á útreikningardeginum, sem hún metur tap að gefnum vanefndum fyrir í samræmi við 1. þátt, 3. kafla, II. bálks til að reikna út kröfur sínar um eiginfjárgrunn eins og þær eru settar fram í þeim kafla.“

189) Í stað 3. mgr. 332. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Lánaafleiður í samræmi við 6. eða 8. mgr. 325. gr. skulu einungis taldar með við ákvörðun á kröfu vegna eiginfjárgrunns í tengslum við sértæka áhættu í samræmi við 2. mgr. 338. gr.“

190) Ákvæðum 337. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Við ákvörðun á áhættuvogum að því er 1. mgr. varðar skulu stofnanir eingöngu nota aðferðina sem sett er fram í 3. þætti 5. kafla í II. bálki.“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Stofnunin skal leggja saman vegnar stöður sínar, sem beiting 1., 2. og 3. mgr. skilar, án tillits til þess hvort þær eru gnótt- eða skortstöður, til að reikna út kröfu sína vegna eiginfjárgrunns gagnvart sértækri áhættu, að undanskildum verðbréfuðum stöðum, með fyrirvara um 2. mgr. 338. gr.“

191) Í stað 338. gr. kemur eftirfarandi:

„338. gr.

#### **Krafa um eiginfjárgrunn að því er varðar fylgniviðskiptasafnið**

1. Að því er þessa grein varðar skal stofnun ákvarða fylgniviðskiptasafn sitt í samræmi við 6., 7. og 8. mgr. 325. gr.

2. Stofnun skal ákvarða þá fjárhæð sem er hærrí af eftirfarandi fjárhæðum sem kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi sértæka áhættu fyrir fylgniviðskiptasafnið:

a) heildarkröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi sértæka áhættu sem myndi aðeins gilda um hreinar gnóttstöður í fylgniviðskiptasafninu,

b) heildarkröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi sértæka áhættu sem myndi aðeins gilda um hreinar skortstöður í fylgniviðskiptasafninu.“

192) Í stað 1. mgr. 348. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um önnur ákvæði í þessum þætti skal 32% krafa vegna eiginfjárgrunns varðandi stöðuáhættu, sem felur í sér almenna og sértæka áhættu, gilda um stöður í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Með fyrirvara um 353. gr., ásamt breyttri meðferð staðna í gulli sem um getur í 4. mgr. 352. gr., skulu stöður í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu vera háðar kröfu um eiginfjárgrunn varðandi stöðuáhættu, sem felur í sér almenna og sértæka áhættu, og gjaldmiðlaáhættu sem nemur 40%.“

193) Í stað 351. gr. kemur eftirfarandi:

„351. gr.

**Lágmarkshlutfall og vog að því er varðar gjaldmiðlaáhættu**

Ef samtala hreinnar heildargjaldeyrisstöðu stofnunar og hreinnar gullstöðu hennar, reiknuð í samræmi við aðferðina sem er sett fram í 352. gr. fer yfir 2% af samanlögðum eiginfjárgrunni stofnunar, skal hún reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar gjaldmiðlaáhættu. Krafa vegna eiginfjárgrunns að því er varðar gjaldmiðlaáhættu skal vera summa hreinnar heildargjaldeyrisstöðu stofnunar og hreinnar gullstöðu hennar í reikningsskilgjaldmiðlinum, margfölduð með 8%.

194) Í 352. gr. fellur 2. mgr. brott.

195) Ákvæðum 361. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði c-liðar falla brott.

b) Í stað annarrar málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um notkun sína á þessari grein.“

196) Ákvæði 5. kafla IV. bóls í þriðja hluta falla brott.

197) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 381. gr.:

„Að því er þennan bálk varðar þýðir „CVA-áhætta“ áhætta á tapi vegna breytinga á verðmæti leiðréttingar á útlánavirði, reiknað fyrir verðbréfasafn með mótaðila eins og sett er fram í fyrstu málsgrein, vegna hreyfinga á áhættuþáttum skulda-tryggingar mótaðila og annarra áhættuþátta sem eru innbyggðir í verðbréfasafnið.“

198) Ákvæðum 382. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Stofnun skal fella inn í útreikning á þeim eiginfjárgrunni sem krafa er gerð um í 1. mgr. fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem eru á gangvirði samkvæmt gildandi reikningsskilaumgjörð stofnunar af áhættuskuldbindingum stofnunarinnar vegna leiðréttingar á útlánavirði sem leiða af þeim viðskiptum sé veigamikil.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„4a. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. þessarar greinar getur stofnun valið að reikna út kröfur sínar um eiginfjárgrunn að því er varðar CVA-áhættu með einhverri þeirra aðferða sem um getur í 1. mgr. 382. gr. a, að því er varðar þau viðskipti sem eru undanskilin skv. 4. mgr. þessarar greinar, ef stofninin notar hæfar áhættuvarnir sem ákvarðar eru í samræmi við 386. gr. til að draga úr CVA-áhættu viðskiptanna. Stofnanir skulu koma á stefnum til að skilgreina beitingu og útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn að því er varðar CVA-áhættu slíkra viðskipta.

4b. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um niðurstöður útreiknings á kröfum um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu fyrir öll viðskipti sem um getur í 4. gr. þessarar greinar. Vegna upplýsingaskyldunnar skulu stofnanir reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu með þeim viðeigandi aðferðum sem settar eru fram í 1. mgr. 382. gr. a, sem þær hefðu notað til að uppfylla kröfu um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu ef viðskiptin hefðu ekki verið undanskilin gildissviðinu skv. 4. mgr. þessarar greinar.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina þau skilyrði og viðmiðanir sem stofnanir eiga að nota til að meta hvort sú áhættuskuldbinding vegna leiðréttingar á útlánavirði sem stafar af fjármögnunarviðskiptum með verðbréf á gangvirði sé veruleg, sem og tíðni matsins.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2026.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

199) Eftirfarandi grein bætist við:

„382. gr. a

**Aðferðir við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu**

1. Stofnun skal reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu fyrir öll viðskipti sem um getur í 382. gr. í samræmi við eftirfarandi aðferðir:

- a) staðalaðferðina sem sett er fram í 383. gr., ef lögbært yfirvald hefur heimilað stofnun að nota þá aðferð,
- b) grunnaðferðina sem sett er fram í 384. gr.,
- c) einfölduðu aðferðina sem er sett fram í 385. gr., að því tilskildu að stofnunin uppfylli þau skilyrði sem sett eru fram í 1. mgr. þeirrar greinar.

2. Stofnun skal ekki nota aðferðina sem um getur í c-lið 1. mgr. ásamt aðferðinni sem um getur í a- eða b-lið þeirrar málsgreinar.

3. Stofnun getur notað samsetningu aðferðanna sem um getur a- og b-lið 1. mgr. til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu að staðaldri fyrir:

- a) mismunandi mótaðila,
- b) mismunandi hæf jöfnunarsöfn hjá sama mótaðila,
- c) mismunandi viðskipti í sama hæfa jöfnunarsafni, að því tilskildu að einhver af þeim skilyrðum sem um getur í 5. mgr. séu uppfyllt.

4. Að því er varðar c-lið 3. mgr. skulu stofnanir skipta hæfu jöfnunarsafni niður í hugsanlegt jöfnunarsafn sem inniheldur viðskipti sem falla undir aðferðina sem um getur í a-lið 1. mgr. og hugsanlegt jöfnunarsafn sem inniheldur viðskipti sem falla undir aðferðina sem um getur í b-lið 1. mgr.

5. Að því er varðar c-lið 3. mgr., skulu skilyrðin sem þar um getur samanstanda af eftirfarandi:

- a) skiptingin er í samræmi við meðhöndlun á lagalegu jöfnunarsafni við útreikning á leiðréttingu á útlánavirði við reikningsskil,
- b) heimild lögbærra yfirvalda til að nota aðferðina sem um getur í a-lið 1. mgr., takmarkast við samsvarandi hugsanlegt jöfnunarsafn og nær ekki yfir öll viðskipti innan hæfs jöfnunarsafns.

Stofnanir skulu skjalfesta hvernig þær nota samsetningu aðferðanna sem um getur a- og b-lið 1. mgr., og eins og sett er fram í þessari málsgrein, til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu að staðaldri.“

200) Í stað 383. gr. kemur eftirfarandi:

„383. gr.

**Staðalaðferð**

1. Lögbært yfirvald skal veita stofnun heimild til að reikna út kröfur sínar um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu fyrir verðbréfasafn með einum eða fleirum mótaðilum með því að nota staðalaðferð í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar, eftir að hafa metið hvort stofnunin uppfylli eftirfarandi kröfur:

- a) stofnun hefur sett á laggirnar sérstaka einingu sem ber ábyrgð á heildaráhættustjórnun og áhættuvörn CVA-áhættu stofnunarinnar,
- b) fyrir hvern viðkomandi mótaðila hefur stofnunin útbúið líkan fyrir leiðréttingu á útlánavirði til eftirlits til að reikna út leiðréttingu á útlánavirði mótaðilans í samræmi við 383. gr. a,
- c) fyrir sérhvern viðkomandi mótaðila getur stofnunin reiknað, a.m.k. einu sinni í mánuði, næmi leiðréttingar á útlánavirði gagnvart viðkomandi áhættuþáttum eins og þeir eru ákvarðaðir í samræmi við 383. gr. b,

- d) fyrir allar stöður í hæfum áhættuvörnum sem eru viðurkenndar í samræmi við 386. gr. að því er varðar útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu með staðalaðferð, getur stofnun reiknað, og a.m.k. einu sinni í mánuði, næmi þessara staðna gagnvart viðeigandi áhættuþáttum sem ákvarðaðir eru í samræmi við 383. gr. b,
- e) stofnun hefur komið á fót áhættueftirlitsdeild sem er óháð viðskiptadeildum og einingunni sem um getur í a-lið og heyrir beint undir stjórnina; sú áhættueftirlitsdeild skal bera ábyrgð á hönnun og framkvæmd staðalaðferðar og skal framleiða og greina mánaðarlegar skýrslur um afrakstur þeirrar aðferðar og enn fremur skal áhættueftirlitsdeildin meta hvort viðskiptatakmarkanir stofnunarinnar séu viðeigandi og hafa niðurstöður þess mats í mánaðarlegum skýrslum sínum; áhættueftirlitsdeildin skal vera með nægilegan fjölda starfsfólks með færni sem hentar til að uppfylla hlutverk sitt.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar merkir næmi leiðréttingar á útlánavirði mótaðila gagnvart áhættuþætti hlutfallslega breytingu á verðmæti þeirrar leiðréttingar á útlánavirði, í kjölfar breytingar á verðmæti eins af viðkomandi áhættuþáttum þeirrar leiðréttingar á útlánavirði, reiknað með líkani leiðréttingar á útlánavirði hjá stofnuninni til eftirlits í samræmi við 383. gr. i og 383. gr. j.

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar merkir næmi stöðu í hæfri áhættuvörn gagnvart áhættuþætti hlutfallslega breytingu á verðmæti þeirrar stöðu, í kjölfar breytingar á verðmæti eins af viðkomandi áhættuþáttum þeirrar stöðu, reiknað með verðlagningarlíkani stofnunarinnar til eftirlits í samræmi við 383. gr. i og 383. gr. j.

2. Við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns vegna CVA-áhættu gildir eftirfarandi:

1) „áhættuflokkur“: einhver af eftirfarandi flokkum:

- a) vaxtaáhætta,
- b) vaxtaálagssáhætta mótaðila,
- c) tilvísunarvaxtaálagssáhætta,
- d) hlutabréfaáhætta,
- e) hrávöruáhætta,
- f) gjaldmiðlaáhætta,

2) „eignasafn leiðréttinga á útlánavirði“: eignasafn sem inniheldur samanlagða leiðréttingu á útlánavirði og hæfar áhættuvarnir sem um getur í d-lið 1. mgr.,

3) „samanlögð leiðrétting á útlánavirði“: summan af leiðréttingum á útlánavirði sem reiknaðar eru með líkani leiðréttingar á útlánavirði til eftirlits fyrir þá mótaðila sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr.

3. Stofnanir skulu ákvarða kröfur um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu með staðalaðferðinni sem summuna af eftirfarandi kröfum um eiginfjárgrunn reiknað í samræmi við 383. gr. b:

- a) kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar deltagðulsáhættu sem samsvarar áhættu vegna breytinga á eignasafni leiðréttinga á útlánavirði stofnunar sem stafar af hreyfingum á viðkomandi áhættuþáttum sem tengjast ekki flökti,
- b) kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vegaáhættu sem samsvarar áhættu vegna breytinga á eignasafni leiðréttinga á útlánavirði stofnunar sem stafar af hreyfingum á viðkomandi áhættuþáttum sem tengjast flökti.“

201) Eftirfarandi greinar bætast við:

„383. gr. a

**Eftirlitslíkan leiðréttinga á útlánavirði**

1. Líkan leiðréttinga á útlánavirði til eftirlits sem notað er til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu í samræmi við 383. gr. skal vera hugmyndalega traust, innleitt af heilindum og uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

- a) Líkan leiðréttinga á útlánavirði til eftirlits geti gert líkan af leiðréttingu á útlánavirði tiltekins mótaðila, taki tillit til skuldajöfnunarfyrirkomulags og samkomulags um tryggingarfé fyrir einstaka skuldajöfnunarsafn, þar sem við á, í samræmi við þessa grein,

- b) stofnunin metur líkur mótaðila á vanefndum út frá vaxtaálagi mótaðila og áætlað tap viðkomandi mótaðila að gefnum vanefndum samkvæmt samstöðu á markaði,
- c) áætlað tap að gefnum vanefndum sem um getur í a-lið skal vera það sama og áætlað tap að gefnum vanefndum samkvæmt samstöðu á markaði sem um getur í b-lið, nema stofnunin geti sýnt fram á að forgangsroðun í verðbréfasafni hjá mótaðilanum sé frábrugðin forgangsroðun rétt hærrí ótryggðum skuldabréfum sem gefin eru út af þeim mótaðila,
- d) á hverjum tímapunkti í framtíðinni, er hermd afvöxtuð framtíðaráhættuskuldbinding verðbréfasafns við mótaðila reiknuð með áhættuskuldbindingarlíkani með því að endurverðleggja öll viðskipti í eignasafninu, samkvæmt hermdum sameiginlegum breytingum á markaðsáhættuþáttum sem skipta máli fyrir viðskiptin með viðeigandi fjölda sviðsmynda og afvöxtun á verði fram að útreikningsdegi með því að nota áhættulausa vexti,
- e) Líkan leiðréttinga á útlánavirði til eftirlits geti gert líkan af verulegu hæði milli hermdra afvaxtaðra framtíðaráhættuskuldbindinga verðbréfasafns og vaxtaálags mótaðila,
- f) ef viðskipti eignasafnsins eru innifalín í jöfnunarsafni sem fellur undir samkomulag um tryggingarfé og daglegt núverandi markaðsvirði, er lítið á veðtryggingu sem er lögð er fram og móttekin sem hluti þess samnings sem áhættu-minnkandi þátt í hermdri afvaxtaðri framtíðaráhættuskuldbindingu, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
  - i. stofnunin ákvarðar áhættutímabil tryggingarfjár sem skiptir máli fyrir jöfnunarsafnið, í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 2. og 5. mgr. 285. gr., og endurspeglar það áhættutímabil í útreikningi á hermdri afvaxtaðri framtíðaráhættuskuldbindingu,
  - ii. öll gildandi einkenni samkomulags um tryggingarfé, þ.m.t. tíðni veðkalla, tegund hæfrar tryggingar samkvæmt samkomulaginu, fjárhæðir viðmiðunarmarka, lágmarksfjárhæðir til yfirfærslu, óháðar fjárhæðir og upphaflegt tryggingarfé fyrir bæði stofnunina og mótaðilann eru endurspegluð á viðeigandi hátt í útreikningi á hermdri afvaxtaðri framtíðaráhættuskuldbindingu,
  - iii. stofnunin hefur komið á deild til umsjónar veðtrygginga sem samræmist 287. gr. að því er varðar allar veðtryggingar sem viðurkenndar eru til útreiknings á kröfum um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu með staðalaðferðinni.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar skal leiðrétting á útlánavirði hafa jákvætt formerki og vera reiknuð sem fall af áætluðu tapi mótaðila að gefnum vanefndum, viðeigandi mengi af líkum mótaðilans á vanefndum í framtíðinni og viðeigandi safni af hermdum afvöxtuðum framtíðaráhættuskuldbindingum í verðbréfasafninu við mótaðilann í framtíðinni, fram að gjalddaga lengstu viðskiptanna í eignasafninu.

Að því er varðar þá sönnun sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar, skulu veðtryggingar sem mótteknar eru frá mótaðila ekki breyta rétt hæð áhættuskuldbindingar.

Að því er varðar iii. lið f-liðar fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, ef stofnunin hefur þegar komið á fót deild til umsjónar veðtrygginga til að nota eiginlíkansaðferðina sem um getur í 283. gr., skal hún ekki þurfa að koma á annarri deild til umsjónar veðtrygginga ef stofnunin sýnir lögbæru yfirvald sínu fram á að slík deild uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 287. gr. varðandi veðtryggingar sem viðurkenndar eru til útreiknings á kröfum um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu með staðalaðferðinni.

2. Að því er varðar b-lið 1. mgr., skal stofnun nota áhættuálagið ef skuldatryggingarálag mótaðila er sannreynanlegt á markaði. Ef slíkt skuldatryggingarálag er ekki til staðar skal stofnun nota eitt af eftirfarandi:

- a) vaxtaálag úr öðrum gerningum sem mótaðili gefur út og endurspeglar núverandi markaðsaðstæður,
- b) áætlað álag sem er viðeigandi með hliðsjón af lánshæfismati, atvinnugrein og svæði mótaðilans.

3. Stofnun sem notar líkan leiðréttinga á útlánavirði til eftirlits skal uppfylla allar eftirfarandi eiginlegar kröfur:

- a) áhættuskuldbindingarlíkanið sem um getur í 1. mgr. er hluti af innra kerfi til stýringar CVA-áhættu stofnunarinnar og felur í sér auðkenningu, mat, stjórnun, samþykki og innri skýrslugerð vegna leiðréttingar á útlánavirði og CVA-áhættu við reikningsskil,

- b) stofnunin hefur innleitt verklag til að tryggja að farið sé að skjalfestum innri stefnum, eftirliti, mati á virkni líkans og verklagsreglum sem varða áhættuskuldbindingarlíkanið sem um getur í 1. mgr.,
- c) stofnunin skal hafa sjálfstæða sannreyningardeild sem ber ábyrgð á virkri upphaflegri og áframhaldandi sannreyningu á áhættuskuldbindingarlíkaninu sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar; sú deild skal vera óháð lánveitandi deildum, þ.m.t. deildinni sem um getur í a-lið 1. mgr. 383. gr. og heyra beint undir framkvæmdastjórn; hún skal hafa nægilegan fjölda starfsfólks með færni sem hentar til að uppfylla það hlutverk,
- d) framkvæmdastjórnin skal taka virkan þátt í áhættustýringarferlinu og líta á eftirlit með CVA-áhættu sem mikilvægan þátt í starfseminni, sem úthluta þarf nægilegu fjármagni til,
- e) stofnunin skal skjalfesta ferlið við upphaflega og áframhaldandi sannreyningu á áhættuskuldbindingarlíkani, sem um getur í 1. mgr., sundurliðað á þann hátt að þriðja aðila sé gert kleift að skilja hvernig líkönin virka, takmarkanir þeirra og helstu forsendur, og endurgera greininguna; skjalfestingin skal setja fram með hvaða lágmarkstíðni áframhaldandi sannreyning er gerð, sem og aðrar aðstæður, svo sem skyndileg breyting á markaðshæðun þar sem frekari sannreyningar er þörf; hún skal lýsa hvernig sannreyningin fer fram með tilliti til gagnaflæðis og eignasafna, hvaða greiningar eru notaðar og hvernig dæmigerð eignasöfn mótaðila eru byggð upp,
- f) verðlagningarlíkön sem notuð eru í áhættuskuldbindingarlíkaninu sem um getur í 1. mgr. fyrir tiltekna sviðsmynd af hermdum markaðsáhættuþáttum skulu prófuð gagnvart viðeigandi óháðum viðmiðunargildum fyrir margs konar markaðsaðstæður, sem hluta af upphaflegu og áframhaldandi sannreyningarferli líkans; verðlagningarlíkön fyrir valrétti skulu taka tillit til ólínuleika valréttavirðis að því er tekur til markaðsáhættuþátta,
- g) óháð endurskoðun á innra kerfi til stýringar CVA-áhættu stofnunar sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar skal fara reglulega fram með innri endurskoðunarferli stofnunarinnar; endurskoðunin skal taka til starfsemi bæði deildarinnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 383. gr., og sjálfstæðu sannreyningardeildarinnar sem um getur í c-lið þessarar málsgreinar,
- h) Líkan leiðréttinga á útlánavirði til eftirlits sem stofnun notar til að reikna út hermdar afvaxtaðar framtíðaráhættuskuldbindingar sem um getur í 1. mgr., skal endurspegla skilmála og lýsingu viðskipta og skuldajöfnunarfyrirkomulag á tímanlegan, alhlíða og varfærinn máta; skilmálar og lýsing viðskipta skulu geymdar í öruggum gagnagrunni sem gerð er formleg úttekt á með reglubundnum hætti; gagnaflutningur skilmála og lýsingar viðskipta og skuldajöfnunarfyrirkomulags í áhættuskuldbindingarlíkanið skal einnig falla undir innri endurskoðun og formleg afstemmingarferli skulu vera til staðar milli eigin líkans og gagnaheimildakerfa til að sannreyna stöðugt að skilmálar og lýsingar viðskipta og skuldajöfnunarfyrirkomulag endurspeglar rétt í áhættuskuldbindingarkerfinu, eða a.m.k. varfærnislega,
- i. núverandi og söguleg markaðsgögn, sem stofnun notar í líkani til að reikna þá hermdu afvöxtuðu framtíðaráhættuskuldbindingu sem um getur í 1. mgr., skulu fengin óháð starfssviðum og færð inn í líkanið tímanlega og heildstætt og geymd í öruggum gagnagrunni sem gerð er formleg úttekt á með reglubundnum hætti; stofnun skal hafa þróað gagnaheilleikaferli til að meðhöndla óviðeigandi skoðun á gögnum; ef líkanið byggist á markaðsgögnum með nálgunargildi skal stofnunin koma á innri stefnum til að finna hentug nálgunargildi og sýna fram á með áframhaldandi reynslugögnum að nálgunargildin gefi varfærna framsetningu á undirliggjandi áhættu,
- j) áhættuskuldbindingarlíkanið sem um getur í 1. mgr. skal fanga viðskiptasértækar samningsupplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að leggja saman áhættuskuldbindingar á stigi skuldajöfnunarsafns; stofnun skal sannreyna að viðskiptunum sé skipað í viðeigandi skuldajöfnunarsafn innan líkansins.

Að því er varðar útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn fyrir leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis, getur áhættuskuldbindingarlíkanið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar haft mismunandi skilgreiningar og forsendur til að uppfylla allar kröfurnar sem mælt er fyrir um í 383. gr. a, að því undanskildu að markaðsgögn og viðurkenning á skuldajöfnun skuli vera þau sömu og notuð eru við reikningsskil.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina:

- a) hvernig stofnunin á að ákvarða áætlað álag, sem um getur í b-lið 2. mgr., að því er varðar útreikning á líkum á vanefndum,

- b) tæknilega viðbótarþætti sem stofnunum ber að taka tillit til við útreikning á áætluðu tapi mótaðila að gefnum vanefndum, líkur mótaðila á vanefndum og hermda afvaxtaða framtíðaráhættuskuldbindingu viðskiptasafns við mótadílann og leiðréttingu á útlánavirði, eins og um getur í 1. mgr.,
- c) hvaða aðrir gerningar sem um getur í a-lið 2. mgr. henta til að leggja mat á líkur mótaðila á vanefndum og hvernig stofnanir eigi að gera það mat.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2027.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina:

- a) skilyrði fyrir mati á mikilvægi framlenginga og breytingar á notkun staðalaðferðar, eins og um getur í 3. mgr. 383. gr.,
- b) matið á aðferðafræðinni sem lögbær yfirvöld eiga að nota til að ganga úr skugga um hlítinu stofnunar við kröfurnar sem settar eru fram í 383. gr. og 383. gr. a.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2028.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

383. gr. b

#### **Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar deltastuðulsáhættu og vegaáhættu**

1. Stofnanir skulu nota deltastuðulsáhættu- og vegaáhættuþættina sem tilgreindir eru í 383. gr. c til 383. gr. h og ferlinu sem sett er fram í 2.–8. mgr. þessarar greinar til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar deltastuðuls- og vegaáhættur.

2. Að því er varðar hvern áhættuflokk sem um getur í 2. mgr. 383. gr. skal reikna út næmi samanlagðra leiðréttinga á útlánavirði og næmi allra staðna í hæfum áhættuvörnum sem falla undir kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar deltastuðuls- eða vegaáhættu fyrir sérhvern gildandi þátt deltastuðuls- eða vegaáhættu sem er í þeim áhættuflokki með því að nota samsvarandi formúlur í sem settar eru fram í 383. gr. i og 383. gr. j. Ef virði gernings er háð mörgum áhættuþáttum skal næmið ákvarðað sérstaklega fyrir hvern áhættuþátt.

Við útreikning á vegaáhættunæmi samanlagðra leiðréttinga á útlánavirði, skal næmi gagnvart bæði flökki sem notað er í áhættuskuldbindingarlíkani til að herma eftir áhættuþáttum og flökki sem notað er til að endurverðleggja valréttarviðskipti í eignasafni við mótaðila haft með.

Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar má stofnun, með fyrirvara um leyfi lögbærs yfirvalds, nota aðrar skilgreiningar á delta- og vegaáhættunæmi við útreikninginn á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar stöðu í veltubók samkvæmt þessum kafla, að því tilskildu að stofnanirnar uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

- a) þessar óhefðbundnu skilgreiningar eru notaðar fyrir innri áhættustýringu eða fyrir skýrslugjöf um hagnað og tap til framkvæmdastjórnarinnar af hálfu óháðrar áhættustýrieiningar innan stofnunarinnar,
- b) stofnun sýnir fram á að þessar aðrar skilgreiningar henti betur til að endurspegla næmi stöðunnar en formúlurnar sem settar eru fram í 383. gr. i og 383. gr. j, og að delta- og vegaáhættunæmi sem af þessu leiðir er ekki verulega frábrugðið því sem fært er með því að beita formúlunum sem settar eru fram í 383. gr. i og 383. gr. j, eftir því sem við á.

3. Ef hæf áhættuvörn er vísitölugerningur skulu stofnanir reikna út næmi þeirrar hæfu áhættuvarnar fyrir alla viðkomandi áhættuþætti með því að beita breytingu á einum viðkomandi áhættuþætti á sérhvern vísitölupátt.

4. Stofnun er heimilt að innleiða viðbótaráhættuþætti sem samsvara viðurkenndum vísitölugerningum fyrir eftirfarandi áhættuflokka:

- a) vaxtaálagsáhætta mótaðila,
- b) tilvisunarvaxtaálagsáhætta og
- c) hlutabréfaáhætta.

Að því er varðar deltaáhættu skal vísitölugerningur teljast hæfur ef hann uppfyllir skilyrðin sem sett er fram í 325. gr. i. Hvað varðar vegaáhættu skulu allir vísitölugerningar teljast hæfir.

Stofnun skal reikna út næmi leiðréttingar á útlánavirði og hæfar áhættuvarnir fyrir viðurkennda áhættuþætti vísitölu, auk næmi gagnvart öðrum áhættuþáttum en áhættuþáttum vísitölu.

Stofnun skal reikna út delta- og vegaáhættunæmi gagnvart áhættuþætti viðurkenndrar vísitölu sem einfalt næmi gagnvart undirliggjandi viðurkenndri vísitölu. Ef 75% af þáttum viðurkenndrar vísitölu eru færðir í sama geira, eins og sett er fram í 383. gr. p, 383. gr. s og 383. gr. v, skal stofnunin færa viðurkenndu vísitöluna inn í sama geira. Að öðrum kosti skal stofnunin færa næmið inn í viðeigandi undirhóp viðurkenndrar vísitölu.

5. Vegið næmi samanlagðra leiðréttinga á útlánavirði og markaðsvirðis allra hæfra áhættuvarna fyrir hvern áhættuþátt skal reiknað með því að margfalda viðkomandi hreint næmi með samsvarandi áhættuvog, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$WS_k^{CVA} = RW_k \cdot S_k^{CVA}$$

$$WS_k^{hedges} = RW_k \cdot S_k^{hedges}$$

þar sem:

- $k$  = stuðullinn sem tilgreinir áhættustuðul  $k$ ,
- $WS_k^{CVA}$  = vegið næmi samanlagðrar leiðréttingar á útlánavirði fyrir áhættustuðul  $k$ ,
- $RW_k$  = áhættuvog sem gildir um áhættustuðulinn  $k$ ,
- $S_k^{CVA}$  = hreint næmi samanlagðrar leiðréttingar á útlánavirði fyrir áhættuþátt  $k$ ,
- $WS_k^{hedges}$  = vegið næmi markaðsvirðis allra hæfra áhættuvarna í eignasafni leiðréttinga á útlánavirði fyrir áhættustuðul  $k$ ,
- $S_k^{hedges}$  = hreint næmi markaðsvirðis allra hæfra áhættuvarna í eignasafni leiðréttinga á útlánavirði fyrir áhættustuðul  $k$ .

6. Stofnanir skulu reikna út hreint vegið næmi  $WS_k$  eignasafns leiðréttinga á útlánavirði fyrir áhættustuðul  $k$  í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$WS_k = WS_k^{CVA} - WS_k^{hedges}$$

7. Hreint vegið næmi innan sama undirflokks skal lagt saman í samræmi við eftirfarandi formúlu, með samsvarandi fylgni  $\rho_{kl}$  fyrir vegið næmi innan sama undirflokks samkvæmt 383. gr. l, 383. gr. t og 383. gr. q sem leiðir til næmis á hvern undirflokk  $K_b$ :

$$K_b = \sqrt{\sum_{k \in b} WS_k^2 + \sum_{k \in b} \sum_{l \in b, k \neq l} \rho_{kl} WS_k WS_l + R \cdot \sum_{k \in b} ((WS_k^{hedges})^2)}$$

þar sem:

- $K_b$  = næmi á hvern undirflokk undirflokks  $b$ ,
- $WS_k$  = hreint vegið næmi,
- $\rho_{kl}$  = samsvarandi fylgnistíkar innan sama undirhóps,

$R$  = frádráttarstíki vegna áhættuvarna sem nemur 0,01.

8. Reikna skal næmi á hvern undirflokk í samræmi við 5., 6. og 7. mgr. þessarar greinar fyrir hvern undirflokk innan áhættuflokks. Eftir að næmi á hvern undirflokk hefur verið reiknað út fyrir alla undirflokka skal leggja saman vegið næmi allra áhættuþátta í undirflokkinum í samræmi við eftirfarandi formúlu, með því að nota samsvarandi fylgni  $\gamma_{bc}$  fyrir vegið næmi í mismunandi undirflokkinum sem sett er fram í 383. gr. l, 383. gr. o, 383. gr. r, 383. gr. u, 383. gr. w og 383. gr. z til að fá út kröfur vegna eiginfjárgrunns eftir áhættuflokkinum fyrir deltastuðuls- eða vegaáhættu:

*áhætta* – flokkssértæk krafa um eiginfjárgrunn vegna *delta*- eða *vega*áhættu

$$= m_{CVA} \sqrt{\sum_b K_b^2 + \sum_b \sum_{b \neq c} \gamma_{bc} S_b S_c}$$

þar sem:

$m_{CVA}$  = margföldunarstuðull sem er jafnt og 1; lögbæru yfirvaldi er heimilt að hækka virði  $m_{CVA}$  ef líkan leiðréttinga á útlánavirði stofnunarinnar til eftirlits sýnir annmarka sem hindra viðeigandi mælingu á kröfum um eiginfjárgrunn fyrir CVA-áhættu,

$K_b$  = næmi á hvern undirflokk undirflokks b,

$\gamma_{bc}$  = fylgnistíki milli undirflokka b og c,

$$S_b = \max \left\{ -K_b; \min \left( \sum_{k \in b} W S_k; K_b \right) \right\} \quad \text{vegna allra áhættuþátta í undirflokki b,}$$

$$S_c = \max \left\{ -K_c; \min \left( \sum_{k \in c} W S_k; K_c \right) \right\} \quad \text{vegna allra áhættuþátta í undirflokki c.}$$

383. gr. c

#### **Þættir vaxtaáhættu**

1. Að því er varðar deltastuðulsáhættuþætti fyrir vexti, þ.m.t. verðbólguáhættu, þá skal vera einn undirflokkur fyrir hvern gjaldmiðil þar sem hver undirflokkur inniheldur mismunandi tegundir áhættuþátta.

Deltastuðulsáhættuþættirnir fyrir vexti sem gilda um gerninga sem eru næmir fyrir vaxtaáhættu í eignasafni leiðréttinga á útlánavirði skulu vera áhættulausir vextir fyrir hvern viðkomandi gjaldmiðil og hvern af eftirfarandi líftímum: 1 ár, 2 ár, 5 ár, 10 ár og 30 ár.

Deltastuðulsáhættuþættirnir fyrir vexti sem gilda um gerninga sem eru næmir fyrir verðbólguáhættu í eignasafni leiðréttinga á útlánavirði skulu vera verðbólguþættir fyrir hvern viðkomandi gjaldmiðil og hvern af eftirfarandi líftímum: 1 ár, 2 ár, 5 ár, 10 ár og 30 ár.

2. Gjaldmiðlar sem stofnun skal beita deltastuðulsáhættuþáttum fyrir vexti á, í samræmi við 1. mgr., skulu vera evra, sænsk króna, ástralskur dalur, kanadadalur, breskt sterlingspund, japanskt jen og bandaríkjadalur, reikningsskilagjaldmiðill stofnunar og gjaldmiðill aðildarríkis sem tekur þátt í ERM II.

3. Að því er varðar gjaldmiðla sem ekki eru tilgreindir í 2. mgr., skulu deltastuðulsáhættuþættir fyrir vexti vera alger breyting á verðbólguþætti og samhliða tilfærsla allrar áhættulausar kúrfu fyrir tiltekinn gjaldmiðil.

4. Stofnanir skulu ákvarða áhættulausa vexti fyrir hvern gjaldmiðil á grundvelli peningamarkaðsgerninga sem eru í veltubókinni og eru með lægstu útlánaáhættuna, þ.m.t. skiptasamningar um lánavexti.

5. Þegar stofnanir geta ekki notað aðferðina sem um getur í 4. mgr. skulu áhættulausu vextirnir grundvallaðir á einum eða fleiri fölgnum vaxtaferlum sem stofnanirnar nota til að færa stöður á markaðsvirði, s.s. skiptikúrfur fyrir millibanka-vexti.

Þegar gögn um fölgna vaxtaferla sem lýst er í fyrstu undirgrein eru ófullnægjandi má leiða áhættulausa vexti af þeirri skuldabréfakúrfu sem best á við fyrir tiltekin gjaldmiðil.

6. Vegaáhættapátturinn fyrir vexti sem gildir um gerninga í eignasafni leiðréttinga á útlánvirði sem eru næmir fyrir vaxtaflökti skal vera allt vaxtaflökt á öllum gildistímum fyrir tiltekinn gjaldmiðil. Vegaáhættapátturinn fyrir verðbólguþigistig sem gildir um gerninga í eignasafni leiðréttinga á útlánvirði sem eru næmir fyrir verðbólguþigistig skal vera allt verðbólguþigistig á öllum gildistímum fyrir tiltekinn gjaldmiðil. Reikna skal eitt hreint vaxtanæmi og eitt hreint verðbólgunæmi fyrir hvern gjaldmiðil.

383. gr. d

#### **Gjaldmiðlaáhættuþættir**

1. Deltagjaldmiðlaáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar gerninga í eignasafni leiðréttinga á útlánvirði sem eru næmir gagnvart gjaldeyri skulu vera öll stundargengi milli gjaldmiðlanna sem gerningarnir eru tilgreindir í og uppgjörsgjaldmiðils stofnunarinnar eða grunngjaldmiðils stofnunarinnar þegar stofnunin notar grunngjaldmiðil í samræmi við 7. mgr. 325. gr. q. Einn undirflokkur skal vera fyrir hvert gjaldmiðlapar sem inniheldur einn áhættuþátt og eitt hreint næmi.

2. Gjaldmiðlavegaáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar gerninga í eignasafni leiðréttinga á útlánvirði sem eru næmir gagnvart flökti á erlendum gjaldeyri skulu vera afleitt flökt gengis milli gjaldmiðlaparanna sem um getur í 1. mgr. Einn undirflokkur skal vera fyrir alla gjaldmiðla og líftíma sem innihalda alla vegaáhættuþætti gjaldmiðla og eitt hreint næmi.

3. Stofnanir skulu ekki þurfa að greina á milli álandsgengis- og aflandsgengisfrávika gjaldmiðils fyrir delastuðla gjaldmiðils og vegaáhættuþætti.

383. gr. e

#### **Áhættuþættir vaxtaálags mótaðila**

1. Delastuðulsáhættuþættir fyrir vaxtaálag mótaðila sem á að beita á gerninga í eignasafni leiðréttinga á útlánvirði sem eru næmir fyrir vaxtaálagi mótaðila skulu vera vaxtaálag stakra mótaðila og tilvísunarnöfn og viðurkenndar vísitölur fyrir eftirfarandi líftíma: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár og 10 ár.

2. Áhættuflokkur vaxtaálags mótaðila skal ekki falla undir kröfur um eiginfjárgrunn varðandi vegaáhættu.

383. gr. f

#### **Áhættuþættir tilvísunarvaxtaálags**

1. Delastuðulsáhættuþættir tilvísunarvaxtaálags sem á að beita á gerninga í eignasafni leiðréttinga á útlánvirði sem eru næmir fyrir tilvísunarvaxtaálagi skulu vera vaxtaálag allra líftíma fyrir öll tilvísunarnöfn innan undirflokks. Reikna skal eitt hreint næmi fyrir hvern undirflokk.

2. Vegastuðulsáhættuþættir tilvísunarvaxtaálags sem á að beita á gerninga í eignasafni leiðréttinga á útlánvirði sem eru næmir fyrir tilvísunarvaxtaálagi skulu vera flökt vaxtaálags allra gildistíma fyrir öll tilvísunarnöfn innan undirflokks. Reikna skal eitt hreint næmi fyrir hvern undirflokk.

383. gr. g

#### **Hlutabréfaáhættuþættir**

1. Flokkar fyrir alla hlutabréfaáhættuþætti skulu vera undirflokkarnir eftir flokkunum sem um getur í 383. gr. t.

2. Vegaáhættuþættirnir fyrir hlutabréf sem stofnanir eiga að nota að því er varðar gerninga í eignasafni leiðréttinga á útlánvirði sem eru næmir gagnvart stundargengi hlutabréfa skulu vera stundargengi allra hlutabréfa sem færð eru í sama undirflokk, sem um getur í 1. mgr. Reikna skal eitt hreint næmi fyrir hvern undirflokk.

3. Vegaáhættuþættirnir fyrir hlutabréf sem stofnanir eiga að nota að því er varðar gerninga í eignasafni leiðréttinga á útlánvirði sem eru næmir gagnvart flökti á hlutabréfum skulu vera afleitt flökt allra hlutabréfa sem færð eru í sama undirflokk, sem um getur í 1. mgr. Reikna skal eitt hreint næmi fyrir hvern undirflokk.

383. gr. h

#### **Hrávöruáhættuþættir**

1. Flokkar fyrir alla hrávöruáhættuþætti skulu vera undirflokkarnir eftir atvinnugreinum sem um getur í 383. gr. x.

2. Deltastuðulsáhættuþættirnir fyrir hrávöru sem stofnanir eiga að nota að því er varðar gerninga í eignasafni leiðréttinga á útlánavirði sem eru næmir gagnvart stundargengi hrávöru skulu vera stundargengi allra hrávара sem færðar eru í sama atvinnugreinaundirflokk sem um getur í 1. mgr. Reikna skal eitt hreint næmi fyrir hvern atvinnugreinaundirflokk.

3. Vegastuðulsáhættuþættirnir fyrir hrávöru sem stofnanir eiga að nota að því er varðar gerninga í eignasafni leiðréttinga á útlánavirði sem eru næmir gagnvart verðflökti hrávöru skulu vera afleitt flökt allra hrávара sem færðar eru í sama atvinnugreinaundirflokk, sem um getur í 1. mgr. Reikna skal eitt hreint næmi fyrir hvern atvinnugreinaundirflokk.

383. gr. i

#### Deltaáhættunæmi

1. Stofnanir skulu reikna út deltanæmi sem samanstendur af þáttum vaxtaáhættu eins og hér segir:

a) deltanæmi samanlagðrar leiðréttingar á útlánavirði gagnvart áhættuþáttum sem samstanda af áhættulausum vöxtum, sem og hækri áhættuvörn gegn áhættuþáttunum, skal reiknað sem hér segir:

$$S_{r_{kt}}^{CVA} = \frac{V_{CVA}(r_{kt} + 0,0001, x, y \dots) - V_{CVA}(r_{kt}, x, y \dots)}{0,0001}$$

$$S_{r_{kt}}^{hedge_i} = \frac{V_i(r_{kt} + 0,0001, w, z \dots) - V_i(r_{kt}, w, z \dots)}{0,0001}$$

þar sem:

$S_{r_{kt}}^{CVA}$  = næmi samanlagðrar leiðréttingar á útlánavirði gagnvart áhættuþætti áhættulausra vaxta,  
 $r_{kt}$  = virði áhættuþáttar áhættulausra vaxta k með líftíma t,  
 $V_{CVA}$  = samantölgð leiðrétting á útlánavirði reiknuð með líkani leiðréttingar á útlánavirði til eftirlits,  
 $x, y$  = aðrir áhættuþættir en  $r_{kt}$  í  $V_{CVA}$ ,  
 $S_{r_{kt}}^{hedge_i}$  = næmi hækra áhættuvarna i gagnvart áhættuþætti áhættulausra vaxta,  
 $V_i$  = verðlagningarfall hækra áhættuvarna i,  
 $w, z$  = aðrir áhættuþættir en  $r_{kt}$  í verðlagningarfallinu  $V_i$ ,

b) deltanæmi gagnvart áhættuþáttum sem samstanda af verðbólguþáttum, sem og hækri áhættuvörn gegn áhættuþáttunum, skal reiknað sem hér segir:

$$S_{infl_{kt}}^{CVA} = \frac{V_{CVA}(infl_{kt} + 0,0001, x, y \dots) - V_{CVA}(infl_{kt}, x, y \dots)}{0,0001}$$

$$S_{infl_{kt}}^{hedge_i} = \frac{V_i(infl_{kt} + 0,0001, w, z \dots) - V_i(infl_{kt}, w, z \dots)}{0,0001}$$

þar sem:

$S_{infl_{kt}}^{CVA}$  = næmi samanlagðrar leiðréttingar á útlánavirði gagnvart áhættuþætti verðbólguþáttum,  
 $infl_{kt}$  = virði áhættuþáttar verðbólguþáttum k með líftíma t,  
 $V_{CVA}$  = samantölgð leiðrétting á útlánavirði reiknuð með líkani leiðréttingar á útlánavirði til eftirlits,  
 $x, y$  = aðrir áhættuþættir en  $infl_{kt}$  í  $V_{CVA}$ ,  
 $S_{infl_{kt}}^{hedge_i}$  = næmi hækra áhættuvarna i gagnvart áhættuþætti verðbólguþáttum,  
 $V_i$  = verðlagningarfall hækra áhættuvarna i,

$w, z$  = aðrir áhættuþættir en  $infl_{kt}$  í verðlagningarfallinu  $V_i$ .

2. Stofnanir skulu reikna deltanæmi samanlagðrar leiðréttingar á útlánavirði gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af stundargengi erlendra gjaldmiðla, sem og hæfni áhættuvörn gegn áhættuþáttunum sem hér segir:

$$S_{FX_k}^{CVA} = \frac{V_{CVA}(FX_k \cdot 1,01, x, y \dots) - V_{CVA}(FX_k, x, y \dots)}{0,01}$$

$$S_{FX_k}^{hedge_i} = \frac{V_i(FX_k \cdot 1,01, w, z \dots) - V_i(FX_k, w, z \dots)}{0,01}$$

þar sem:

$S_{FX_k}^{CVA}$  = næmi samanlagðrar leiðréttingar á útlánavirði gagnvart áhættuþætti stundargengis erlendra gjaldmiðla,

$FX_k$  = virði áhættuþáttar stundargengis erlendra gjaldmiðla  $k$ ,

$V_{CVA}$  = samanlögð leiðrétting á útlánavirði reiknuð með líkani leiðréttingar á útlánavirði til eftirlits,

$x, y$  = aðrir áhættuþættir en  $FX_k$  í  $V_{CVA}$ ,

$S_{FX_k}^{hedge_i}$  = næmi hæfrar áhættuvörnar í gagnvart áhættuþætti stundargengis erlendra gjaldmiðla,

$V_i$  = verðlagningarfall hæfrar áhættuvörnar  $i$ ,

$w, z$  = aðrir áhættuþættir en  $FX_k$  í verðlagningarfallinu  $V_i$ .

3. Stofnanir skulu reikna deltanæmi samanlagðrar leiðréttingar á útlánavirði gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af vaxtaálagssstigi mótaðila, sem og hæfum áhættuvarnargerningi gegn áhættuþáttunum sem hér segir:

$$S_{CCS_{kt}}^{CVA} = \frac{V_{CVA}(CCS_{kt} + 0,0001, x, y \dots) - V_{CVA}(CCS_{kt}, x, y \dots)}{0,0001}$$

$$S_{CCS_{kt}}^{hedge_i} = \frac{V_i(CCS_{kt} + 0,0001, w, z \dots) - V_i(CCS_{kt}, w, z \dots)}{0,0001}$$

þar sem:

$S_{CCS_{kt}}^{CVA}$  = næmi samanlagðrar leiðréttingar á útlánavirði gagnvart áhættuþætti vaxtaálagssstigs mótaðila,

$CCS_{kt}$  = virði áhættuþáttar vaxtaálagssstigs mótaðila  $k$  með líftíma  $t$ ,

$V_{CVA}$  = samanlögð leiðrétting á útlánavirði reiknuð með líkani leiðréttingar á útlánavirði til eftirlits,

$x, y$  = aðrir áhættuþættir en  $CCS_{kt}$  í  $V_{CVA}$ ,

$S_{CCS_{kt}}^{hedge_i}$  = næmi hæfrar áhættuvörnar í gagnvart áhættuþætti vaxtaálagssstigs mótaðila,

$V_i$  = verðlagningarfall hæfrar áhættuvörnar  $i$ ,

$w, z$  = aðrir áhættuþættir en  $CCS_{kt}$  í verðlagningarfallinu  $V_i$ .

4. Stofnanir skulu reikna deltanæmi samanlagðrar leiðréttingar á útlánavirði gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af vaxtaálagssstigi tilvísunar, sem og hæfum áhættuvarnargerningi gegn áhættuþáttunum sem hér segir:

$$S_{rcs_{kt}}^{CVA} = \frac{V_{CVA}(rcs_{kt} + 0,0001, x, y \dots) - V_{CVA}(rcs_{kt}, x, y \dots)}{0,0001}$$

$$S_{rcs_{kt}}^{hedg_{ei}} = \frac{V_i(rcs_{kt} + 0,0001, w, z \dots) - V_i(rcs_{kt}, w, z \dots)}{0,0001}$$

þar sem:

|                            |                                                                                                     |
|----------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|
| $S_{rcs_{kt}}^{CVA}$       | = næmi samanlagðrar leiðréttingar á útlánavirði gagnvart áhættuþætti vaxtaálagsstigs tilvísunar,    |
| $rcs_{kt}$                 | = virði áhættuþáttar vaxtaálagsstigs tilvísunar $k$ með líftíma $t$ ,                               |
| $V_{CVA}$                  | = samanlögð leiðrétting á útlánavirði reiknuð með líkani leiðréttingar á útlánavirði til eftirlits, |
| $x, y$                     | = aðrir áhættuþættir en $rcs_{kt}$ í $V_{CVA}$ ,                                                    |
| $S_{rcs_{kt}}^{hedg_{ei}}$ | = næmi hæfrar áhættuvarnar í gagnvart áhættuþætti vaxtaálagsstigs tilvísunar,                       |
| $V_i$                      | = verðlagningarfall hæfrar áhættuvarnar $i$ ,                                                       |
| $w, z$                     | = aðrir áhættuþættir en $rcs_{kt}$ í verðlagningarfallinu $V_i$ .                                   |

5. Stofnanir skulu reikna deltanæmi samanlagðrar leiðréttingar á útlánavirði gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af stundargengi hlutabréfa, sem og hæfum áhættuvarnargerningi gegn áhættuþáttunum, sem hér segir:

$$S_{EQ}^{CVA} = \frac{V_{CVA}(EQ \cdot 1,01, x, y \dots) - V_{CVA}(EQ, x, y \dots)}{0,01}$$

$$S_{EQ}^{hedg_{ei}} = \frac{V_i(EQ \cdot 1,01, w, z \dots) - V_i(EQ, w, z \dots)}{0,01}$$

þar sem:

|                      |                                                                                                     |
|----------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|
| $S_{EQ}^{CVA}$       | = næmi samanlagðrar leiðréttingar á útlánavirði gagnvart áhættuþætti stundargengi hlutabréfa,       |
| $EQ$                 | = virði stundargengis hlutabréfa,                                                                   |
| $V_{CVA}$            | = samanlögð leiðrétting á útlánavirði reiknuð með líkani leiðréttingar á útlánavirði til eftirlits, |
| $x, y$               | = aðrir áhættuþættir en $EQ$ í $V_{CVA}$ ,                                                          |
| $S_{EQ}^{hedg_{ei}}$ | = næmi hæfrar áhættuvarnar í gagnvart áhættuþætti stundargengis hlutabréfa,                         |
| $V_i$                | = verðlagningarfall hæfrar áhættuvarnar $i$ ,                                                       |
| $w, z$               | = aðrir áhættuþættir en $EQ$ í verðlagningarfallinu $V_i$ .                                         |

6. Stofnanir skulu reikna deltanæmi samanlagðrar leiðréttingar á útlánavirði gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af stundargengi hrávára, sem og hæfum áhættuvarnargerningi gegn áhættuþáttunum, sem hér segir:

$$S_{CTY}^{CVA} = \frac{V_{CVA}(1,01 \cdot CTY, x, y \dots) - V_{CVA}(CTY, x, y \dots)}{0,01}$$

$$S_{CTY}^{hedg_{ei}} = \frac{V_i(1,01 \cdot CTY, w, z \dots) - V_i(CTY, w, z \dots)}{0,01}$$

þar sem:

|                 |                                                                                             |
|-----------------|---------------------------------------------------------------------------------------------|
| $S_{CTY}^{CVA}$ | = næmi samanlagðrar leiðréttingar á útlánavirði gagnvart áhættuþætti stundargengis hrávára, |
|-----------------|---------------------------------------------------------------------------------------------|

|                     |                                                                                                     |
|---------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|
| $CTY$               | = virði stundargengis hrávara,                                                                      |
| $V_{CVA}$           | = samanlögð leiðrétting á útlánavirði reiknuð með líkani leiðréttingar á útlánavirði til eftirlits, |
| $x,y$               | = aðrir áhættuþættir en $CTY$ í $V_{CVA}$ ,                                                         |
| $S_{CTY}^{hedge_i}$ | = næmi hæfrar áhættuvarnar í gagnvart áhættuþætti stundargengis hrávara,                            |
| $V_i$               | = verðlagningarfall hæfrar áhættuvarnar $i$ ,                                                       |
| $w,z$               | = aðrir áhættuþættir en $CTY$ í verðlagningarfallinu $V_i$ .                                        |

383. gr. j

### Vegaáhættunæmi

Stofnanir skulu reikna áhættunæmi vegastuðuls samanlagðrar leiðréttingar á útlánavirði gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af afleiddu flökki, sem og hæfum áhættuvarnargerningi gegn áhættuþáttunum, sem hér segir:

$$S_{vol_k}^{CVA} = \frac{V_{CVA}(vol_k \cdot 1,01, x, y \dots) - V_{CVA}(vol_k, x, y \dots)}{0,01}$$

$$S_{vol_k}^{hedge_i} = \frac{V_i(vol_k \cdot 1,01, w, z \dots) - V_i(vol_k, w, z \dots)}{0,01}$$

þar sem:

|                       |                                                                                                     |
|-----------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|
| $S_{vol_k}^{CVA}$     | = næmi samanlagðrar leiðréttingar á útlánavirði gagnvart áhættuþætti afleidds flökts,               |
| $vol_k$               | = virði áhættuþáttar afleidds flökts,                                                               |
| $V_{CVA}$             | = samanlögð leiðrétting á útlánavirði reiknuð með líkani leiðréttingar á útlánavirði til eftirlits, |
| $x,y$                 | = aðrir áhættuþættir en $vol_k$ í verðlagningarfallinu $V_{CVA}$ ,                                  |
| $S_{vol_k}^{hedge_i}$ | = næmi hæfs áhættuvarnargernings í gagnvart áhættuþætti afleidds flökts,                            |
| $V_i$                 | = verðlagningarfall hæfrar áhættuvarnar $i$ ,                                                       |
| $w,z$                 | = aðrir áhættuþættir en $vol_k$ í verðlagningarfallinu $V_i$ .                                      |

383. gr. k

### Áhættuvogir fyrir vaxtaáhættu

1. Að því er varðar gjaldmiðla sem um getur í 2. mgr. 383. gr. c, skulu áhættuvogir deltanæmis áhættulausra vaxta fyrir hvern undirflokk í töflu 1 vera sem hér segir:

Tafla 1

| Undirflokkur | Líftími | Áhættuvog |
|--------------|---------|-----------|
| 1            | 1 ár    | 1,11%     |
| 2            | 2 ár    | 0,93%     |
| 3            | 5 ár    | 0,74%     |

| Undirflokkur | Líftími | Áhættuvog |
|--------------|---------|-----------|
| 4            | 10 ár   | 0,74%     |
| 5            | 30 ár   | 0,74%     |

2. Að því er varðar aðra gjaldmiðla en þá sem um getur í 2. mgr. 383. gr. c, skal áhættuvog fyrir áhættulausa vexti vera 1,58 %.
3. Að því er varðar verðbólugustigsáhættu í einum þeirra gjaldmiðla sem um getur í 2. mgr. 383. gr. c, skal áhættuvog deltánæmis gagnvart verðbólugustigsáhættu vera 1,11%.
4. Að því er varðar verðbólugustigsáhættu í öðrum gjaldmiðli en þeim gjaldmiðli sem um getur í 2. mgr. 383. gr. c, skal áhættuvog deltánæmis gagnvart verðbólugustigsáhættu vera 1,58%.
5. Áhættuvogirnar sem á að beita á næmi gagnvart vegaáhættupáttum verðbólugustigs og vegaáhættupáttum verðbólugustigs fyrir alla gjaldmiðla skal vera 100%.

383. gr. l

#### Fylgni innan undirflokks fyrir vaxtaáhættu

1. Að því er varðar alla gjaldmiðlana sem um getur í 2. mgr. 383. gr. c, skulu fylgnistíkarnir sem stofnanir skulu beita til samlagningar á deltánæmi áhættulausra vaxta milli ólíkra undirflokka sem settir eru fram í töflu 1 í 383. gr. k vera eftirfarandi:

Tafla 1

| Undirflokkur | 1    | 2    | 3    | 4    | 5    |
|--------------|------|------|------|------|------|
| 1            | 100% | 91%  | 72%  | 55%  | 31%  |
| 2            |      | 100% | 87%  | 72%  | 45%  |
| 3            |      |      | 100% | 91%  | 68%  |
| 4            |      |      |      | 100% | 83%  |
| 5            |      |      |      |      | 100% |

2. Stofnanir skulu beita fylgnistíka upp á 40% á samlagningu á deltaáhættunæmi verðbólugustigs og deltánæmis áhættulausra vaxta sem tilgreint er í sama gjaldmiðli.
3. Stofnanir skulu beita fylgnistíka upp á 40% á samlagningu á vegaáhættunæmi verðbólugustigs og vegaáhættunæmis verðbólugustigs sem tilgreint er í sama gjaldmiðli.

383. gr. m

#### Fylgni þvert á undirflokka að því er varðar vaxtaáhættuþætti

Fylgnistíki þvert á undirflokka fyrir delta- og vegaáhættu vaxta skal stilltur á 0,5 fyrir öll gjaldmiðlapör.

383. gr. n

#### Áhættuvogir fyrir gjaldmiðlaáhættu

1. Áhættuvogir fyrir allt deltanæmi gagnvart áhættuþáttum gjaldmiðla milli reikningsskilagjaldmiðils stofnunar og annars gjaldmiðils skulu vera 11%.
2. Áhættuvogin fyrir gjaldmiðlaáhættuflokkana að því er varðar gjaldmiðlapör sem eru samsett úr evru og gjaldmiðli aðildarríkis sem tekur þátt í ERM II skal vera ein af eftirfarandi:
  - a) áhættuvogin sem um getur í 1. mgr. deilt með 3,
  - b) hámarkssveifla innan þeirra sveifluvika sem aðildarríkin og Seðlabanki Evrópu hafa komið sér formlega saman um, ef þessi sveiflur eru þrengri en sveiflumörkin sem skilgreind eru af Efnahags- og myntbandalaginu.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. skal áhættuvogin fyrir gjaldmiðlaáhættuþætti að því er varðar gjaldmiðla sem um getur í þeirri málsgrein sem taka þátt í Efnahags- og myntbandalaginu með þrengri formlega samþykkt sveiflurvik en stöðluðu vikin með meira eða minna en 15% vera jöfn hámarks prósentusveiflu innan þeirra vika sem þrengri eru.
4. Áhættuvogir fyrir allt veganæmi gagnvart áhættuþætti gjaldmiðla skulu vera 100%.

383. gr. o

#### Fylgni fyrir gjaldmiðlaáhættu

1. Einsleitir fylgnistiki sem er 60% skal gilda um samlagningu næmisþátta fyrir deltaáhættuþætti gjaldmiðla þvert á undirflokk.
2. Einsleitir fylgnistiki sem er 60% skal gilda um samlagningu næmisþátta fyrir vegaáhættuþætti gjaldmiðla þvert á undirflokk.

383. gr. p

#### Áhættuvogir fyrir vaxtaálagsáhættu mótaðila

1. Áhættuvogir fyrir deltanæmi gagnvart áhættuþáttum vaxtaálags mótaðila skulu vera þær sömu fyrir alla líftíma (0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár) innan hvers undirflokks í töflu 1 og skulu vera eins og hér segir:

Tafla 1

| Númer undirflokks | Lánshæfi              | Geiri                                                                                                                                        | Áhættuvog |
|-------------------|-----------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| 1                 | Allar                 | Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar aðildarríkja                                                                                                 | 0,5%      |
| 2                 | Lánshæfisþrep 1 til 3 | Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, þriðju ríkja, fjölþjóðlegir þróunarbankar og alþjóðastofnanir sem um getur í 2. mgr. 117. gr. og 118. gr.   | 0,5%      |
| 3                 |                       | Héraðsstjórn eða staðaryfirvöld og opinberir aðilar                                                                                          | 1,0%      |
| 4                 |                       | Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi og veitendur stuðningslána | 5,0%      |

| Númer undir-flokks | Lánshæfi                        | Geiri                                                                                                                                        | Áhættuvog |
|--------------------|---------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| 5                  |                                 | Hrávörur, orka, iðnaðarafurðir, landbúnaður, framleiðsla, námugróftur og grjótnám                                                            | 3,0%      |
| 6                  |                                 | Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta                                                                | 3,0%      |
| 7                  |                                 | Tækni og fjarskipti                                                                                                                          | 2,0%      |
| 8                  |                                 | Heilbrigðisþjónusta, veitur, sérfræðiþjónusta og tæknileg starfsemi                                                                          | 1,5%      |
| 9                  |                                 | Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum með staðfestu í aðildarríkjum                                                         | 1,0%      |
| 10                 | Lánshæfisþrep 1                 | Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum í þriðju löndum                                                                       | 1,5%      |
|                    | Lánshæfisþrep 2 til 3           |                                                                                                                                              | 2,5%      |
| 11                 | Lánshæfisþrep 1 til 3           | Aðrir gearar                                                                                                                                 | 5,0%      |
| 12                 |                                 | Viðurkenndar vísitölur                                                                                                                       | 1,5%      |
| 13                 | Lánshæfisþrep 4 til 6 og ómetin | Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, þriðju ríkja, fjölþjóðlegir þróunarbancar og alþjóðastofnanir sem um getur í 2. mgr. 117. gr. og 118. gr.   | 2,0%      |
| 14                 |                                 | Héraðsstjórn eða staðaryfirvöld og opinberir aðilar                                                                                          | 4,0%      |
| 15                 |                                 | Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi og veitendur stuðningslána | 12,0%     |
| 16                 |                                 | Hrávörur, orka, iðnaðarafurðir, landbúnaður, framleiðsla, námugróftur og grjótnám                                                            | 7,0%      |
| 17                 |                                 | Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta                                                                | 8,5%      |
| 18                 |                                 | Tækni og fjarskipti                                                                                                                          | 5,5%      |

| Númer undirflokks | Lánshæfi | Geiri                                                               | Áhættuvog |
|-------------------|----------|---------------------------------------------------------------------|-----------|
| 19                |          | Heilbrigðisþjónusta, veitur, sérfræðiþjónusta og tæknileg starfsemi | 5,0%      |
| 20                |          | Aðrir geirar                                                        | 12,0%     |
| 21                |          | Viðurkenndar vísitölur                                              | 5,0%      |

Ef ekkert ytra mat er til staðar fyrir tiltekinn mótaðila er stofnunum heimilt, að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda, að færa innra matið yfir á samsvarandi ytra mat og úthluta áhættuvog sem samsvarar annaðhvort lánshæfisþrepi 1 til 3 eða lánshæfisþrepi 4 til 6. Að öðrum kosti skal beita áhættuvogum fyrir ómetnar áhættuskuldbindingar.

2. Til að fella áhættuskuldbindingu undir atvinnugrein skulu stofnanir styðjast við flokkun sem er almennt notuð á markaðinum til að flokka útgefendur eftir atvinnugrein. Stofnanir skulu fella útgefendur undir eingöngu einn flokk í undirflokkinum eftir atvinnugreinum í töflu 1. Áhættuskuldbindingar frá útgefanda sem er stofnun sem ekki er hægt að setja undir atvinnugrein á þennan hátt skulu settar í annaðhvort undirflokk 11 eða undirflokk 20 í töflu 1, eftir því hvert lánshæfi útgefanda er.

3. Stofnanir skulu eingöngu úthluta áhættuskuldbindingum sem vísa í viðurkenndar vísitölur í undirflokka 12 og 21 í töflu 1, eins og um getur í 4. mgr. 383. gr. b.

4. Stofnanir skulu nota gegnsæisaðferð til að ákvarða næmi áhættuskuldbindingar sem vísar til óviðurkenndrar vísitölu.

383. gr. q

#### Fylgni innan undirflokks fyrir vaxtaálagsáhættu mótaðila

1. Milli næmisþáttanna  $WS_k$  og  $WS_l$ , sem leiða af áhættuskuldbindingum sem úthlutað er á atvinnugreinaundirflokka 1 til 11 og 13 til 20, eins og sett er fram í töflu 1 í 1. mgr. 383. gr. p, skal stilla fylgnistíkann  $\rho_{kl}$  sem hér segir:

$$\rho_{kl} = \rho_{kl}^{(tenor)} \cdot \rho_{kl}^{(name)} \cdot \rho_{kl}^{(quality)}$$

þar sem:

- $\rho_{kl}^{(tenor)}$  skal vera jafnt og 1 þegar tveir hornpunktar næmis k og l eru eins, annars skal það vera 90%,
- $\rho_{kl}^{(name)}$  skal vera jafnt og 1 þegar bæði nöfn næmis k og l eru eins, 90% ef nöfnin tvö eru mismunandi en lagalega tengd, annars skal það vera 50%,
- $\rho_{kl}^{(quality)}$  skal vera jafnt og 1 þegar nöfnin tvö bæði í undirflokkum 1 til 11 eða eru bæði í undirflokkum 13 til 20, annars skal það vera jafnt og 80%.

2. Milli næmisþáttanna  $WS_k$  og  $WS_l$  sem leiða af áhættuskuldbindingum sem úthlutað er á atvinnugreinaundirflokka 12 og 21, skal stilla fylgnistíkann  $\rho_{kl}$  sem hér segir:

$$\rho_{kl} = \rho_{kl}^{(tenor)} \cdot \rho_{kl}^{(name)} \cdot \rho_{kl}^{(quality)}$$

þar sem:

- $\rho_{kl}^{(tenor)}$  skal vera jafnt og 1 þegar tveir hornpunktar næmis k og l eru eins, annars skal það vera 90%,
- $\rho_{kl}^{(name)}$  skal vera jafnt og 1 þegar bæði nöfn næmis k og l eru eins og vísitölurnar tvær eru úr sömu röð, 90% ef vísitölurnar tvær eru eins en úr ólíkum röðum, annars skal það vera 80%,

$\rho_{kl}^{(quality)}$  skal vera jafnt og 1 þegar nöfnin tvö eru bæði í undirflokki 12 eða bæði í undirflokki 21, annars skal það vera 80%.

383. gr. r

#### Fylgni þvert á undirflokkum fyrir vaxtaálgagsáættu mótaðila

Fylgni þvert á undirflokkum fyrir deltaáættu vaxtaálgags mótaðila skal vera eftirfarandi:

Tafla 1

| Undirflokkur      | 1, 2, 3,<br>13 og 14 | 4 og 15 | 5 og 16 | 6 og 17 | 7 og 18 | 8 og 19 | 9 og 10 | 11 og 20 | 12 og 21 |
|-------------------|----------------------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|----------|----------|
| 1, 2, 3, 13 og 14 | 100%                 | 10%     | 20%     | 25%     | 20%     | 15%     | 10%     | 0%       | 45%      |
| 4 og 15           |                      | 100%    | 5%      | 15%     | 20%     | 5%      | 20%     | 0%       | 45%      |
| 5 og 16           |                      |         | 100%    | 20%     | 25%     | 5%      | 5%      | 0%       | 45%      |
| 6 og 17           |                      |         |         | 100%    | 25%     | 5%      | 15%     | 0%       | 45%      |
| 7 og 18           |                      |         |         |         | 100%    | 5%      | 20%     | 0%       | 45%      |
| 8 og 19           |                      |         |         |         |         | 100%    | 5%      | 0%       | 45%      |
| 9 og 10           |                      |         |         |         |         |         | 100%    | 0%       | 45%      |
| 11 og 20          |                      |         |         |         |         |         |         | 100%     | 0%       |
| 12 og 21          |                      |         |         |         |         |         |         |          | 100%     |

383. gr. s

#### Áhættuvogir fyrir tilvísunaráættu mótaðila

1. Áhættuvogir fyrir deltanáemi gagnvart áhættuþáttum vaxtaálgags tilvísunar skulu vera þær sömu fyrir alla líftíma (0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár) og allar áhættuskuldbindingar vaxtaálgags tilvísunar innan hvers undirflokks í töflu 1 og skulu vera eins og hér segir:

Tafla 1

| Númer undirflokks | Lánshæfi | Geiri                                        | Áhættuvog |
|-------------------|----------|----------------------------------------------|-----------|
| 1                 | Allar    | Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar aðildarríkja | 0,5%      |

| Númer undir-flokks | Lánshæfi                        | Geiri                                                                                                                                        | Áhættuvog |
|--------------------|---------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| 2                  | Lánshæfisþrep 1 til 3           | Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, þriðju ríkja, fjölþjóðlegir þróunarbankar og alþjóðastofnanir sem um getur í 2. mgr. 117. gr. og 118. gr.   | 0,5%      |
| 3                  |                                 | Héraðsstjórn eða staðaryfirvöld og opinberir aðilar                                                                                          | 1,0%      |
| 4                  |                                 | Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi og veitendur stuðningslána | 5,0%      |
| 5                  |                                 | Hrávörur, orka, iðnaðarafurðir, landbúnaður, framleiðsla, námugróftur og grjótnám                                                            | 3,0%      |
| 6                  |                                 | Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta                                                                | 3,0%      |
| 7                  |                                 | Tækni og fjarskipti                                                                                                                          | 2,0%      |
| 8                  |                                 | Heilbrigðisþjónusta, veitur, sérfræðiþjónusta og tæknileg starfsemi                                                                          | 1,5%      |
| 9                  |                                 | Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum með staðfestu í aðildarríkjum                                                         | 1,0%      |
| 10                 | Lánshæfisþrep 1                 | Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum í þriðju löndum                                                                       | 1,5%      |
|                    | Lánshæfisþrep 2 til 3           |                                                                                                                                              | 2,5%      |
| 11                 | Lánshæfisþrep 1 til 3           | Viðurkenndar vísitölur                                                                                                                       | 1,5%      |
| 12                 | Lánshæfisþrep 4 til 6 og ómetin | Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, þriðju ríkja, fjölþjóðlegir þróunarbankar og alþjóðastofnanir sem um getur í 2. mgr. 117. gr. og 118. gr.   | 2,0%      |
| 13                 |                                 | Héraðsstjórn eða staðaryfirvöld og opinberir aðilar                                                                                          | 4,0%      |
| 14                 |                                 | Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi og veitendur stuðningslána | 12,0%     |

| Númer undir-flokks | Lánshæfi     | Geiri                                                                             | Áhættuvog |
|--------------------|--------------|-----------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| 15                 |              | Hrávörur, orka, iðnaðarafurðir, landbúnaður, framleiðsla, námugröftur og grjótnám | 7,0%      |
| 16                 |              | Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta     | 8,5%      |
| 17                 |              | Tækni og fjarskipti                                                               | 5,5%      |
| 18                 |              | Heilbrigðisþjónusta, veitur, sérfræðiþjónusta og tæknileg starfsemi               | 5,0%      |
| 19                 |              | Viðurkenndar vísitölur                                                            | 5,0%      |
| 20                 | Aðrir geirar |                                                                                   | 12,0%     |

Ef ekkert ytra mat er til staðar fyrir tiltekinn mótaðila er stofnunum heimilt, að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda, að færa innra matið yfir á samsvarandi ytra mat og úthluta áhættuvog sem samsvarar annaðhvort lánshæfisþrepi 1 til 3 eða lánshæfisþrepi 4 til 6. Að öðrum kosti skal beita áhættuvogum fyrir ómetnar áhættuskuldbindingar.

2. Áhættuvogir fyrir sveiflur í vaxtaálagi tilvísunar skulu stilltar við 100%.
3. Til að fella áhættuskuldbindingu undir atvinnugrein skulu stofnanir styðjast við flokkun sem er almennt notuð á markaðinum til að flokka útgefendur eftir atvinnugrein. Stofnanir skulu fella útgefendur undir eingöngu einn flokk í undir-flokkunum eftir atvinnugreinum í töflu 1. Áhættuskuldbindingar frá útgefanda sem er stofnun sem ekki er hægt að setja undir atvinnugrein á þennan hátt skulu settar í undirflokk 20 í töflu 1.
4. Stofnanir skulu eingöngu úthluta áhættuskuldbindingum sem vísa í viðurkenndar vísitölur í undirflokk 11 og 19, eins og um getur í 4. mgr. 383. gr. b.
5. Stofnanir skulu nota gegnsæisaðferð til að ákvarða næmi áhættuskuldbindingar sem vísar til óviðurkenndrar vísitölu.

383. gr. t

#### Fylgni innan undirflokks fyrir vaxtaálagsáhættu tilvísunar

1. Milli næmisþáttanna  $WS_k$  og  $WS_l$ , sem leiða af áhættuskuldbindingum sem úthlutað er á atvinnugreinaundirflokka 1 til 10, 12 til 18 og 20 í töflu 1 í 1. mgr. 383. gr. s, skal stilla fylgnistíkan  $\rho_{kl}$  sem hér segir:

$$\rho_{kl} = \rho_{kl}^{(tenor)} \cdot \rho_{kl}^{(name)} \cdot \rho_{kl}^{(quality)}$$

þar sem:

- $\rho_{kl}^{(tenor)}$  skal vera jafnt og 1 þegar tveir hornpunktar næmis k og l eru eins, annars skal það vera 90%,
- $\rho_{kl}^{(name)}$  skal vera jafnt og 1 þegar bæði nöfn næmis k og l eru eins, 90% ef nöfnin tvö eru mismunandi en lagalega tengd, annars skal það vera 50%,
- $\rho_{kl}^{(quality)}$  skal vera jafnt og 1 þegar nöfnin tvö bæði í undirflokkum 1 til 10 eða eru bæði í undirflokkum 12 til 18 eða eru bæði í undirflokki 20, annars skal það vera jafnt og 80%.



2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal deila fylgni þvert á undirflokka sem reiknuð er í þeirri málsgrein með 2 vegna fylgni milli undirflokks úr hópi undirflokka 1 til 10 og undirflokks úr hópi undirflokka 12 til 18.

383. gr. v

#### Undirflokkar áhættuvoga fyrir hlutabréfaáhættu

1. Áhættuvogir fyrir deltanæmi gagnvart áhættuþáttum stundargengis hlutabréfa skulu vera þær sömu fyrir alla hlutabréfaáhættu innan hvers undirflokks í töflu 1 og skulu vera eins og hér segir:

Tafla 1

| Númer undirflokks | Markaðsverðmæti | Hagkerfi           | Geiri                                                                                                        | Áhættuvog fyrir stundargengi hlutabréfs |
|-------------------|-----------------|--------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------|
| 1                 | Stór            | Ný markaðshagkerfi | Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta, heilbrigðisþjónusta og veitur | 55%                                     |
| 2                 |                 |                    | Fjarskipti og iðnaðarafurðir                                                                                 | 60%                                     |
| 3                 |                 |                    | Hrávörur, orka, landbúnaður, framleiðsla, námugróftur og grjótnám                                            | 45%                                     |
| 4                 |                 |                    | Fjármálaafurðir, þ.m.t. ríkis tryggðar fjármálaafurðir, fasteignaviðskipti og tækni                          | 55%                                     |
| 5                 |                 | Þróað hagkerfi     | Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta, heilbrigðisþjónusta og veitur | 30%                                     |
| 6                 |                 |                    | Fjarskipti og iðnaðarafurðir                                                                                 | 35%                                     |
| 7                 |                 |                    | Hrávörur, orka, landbúnaður, framleiðsla, námugróftur og grjótnám                                            | 40%                                     |
| 8                 |                 |                    | Fjármálaafurðir, þ.m.t. ríkis tryggðar fjármálaafurðir, fasteignaviðskipti og tækni                          | 50%                                     |

| Númer undir-flokks | Markaðsverðmæti | Hagkerfi           | Geiri                                                           | Áhættuvog fyrir stundargengi hlutabréfs |
|--------------------|-----------------|--------------------|-----------------------------------------------------------------|-----------------------------------------|
| 9                  | Lítill          | Ný markaðshagkerfi | Allir geirar sem lýst er undir undir-flokksnúmerum 1, 2, 3 og 4 | 70%                                     |
| 10                 |                 | Þróað hagkerfi     | Allir geirar sem lýst er undir undir-flokksnúmerum 5, 6, 7 og 8 | 50%                                     |
| 11                 | Aðrir geirar    |                    |                                                                 | 70%                                     |
| 12                 | Stór            | Þróað hagkerfi     | Viðurkenndar vísitölur                                          | 15%                                     |
| 13                 | Annað           |                    | Viðurkenndar vísitölur                                          | 25%                                     |

2. Að því er varðar 1. mgr. í þessari grein skal tilgreina nánar hvað átt er við með miklum verðmætum í tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í 7. mgr. 325. gr. bd.

3. Að því er varðar 1. mgr. í þessari grein skal tilgreina nánar hvað átt er við með nýjum mörkuðum og þróðu hagkerfi í tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í 3. mgr. 325. gr. ap.

4. Þegar áhættuskuldbinding er felld undir atvinnugrein skulu stofnanir styðjast við flokkun sem er almennt notuð á markaðinum til að flokka útgefendur eftir atvinnugrein. Stofnanir skulu fella hvern útgefanda undir einni af atvinnugreina-undirflokkunum í töflu 1 í 1. mgr. og fella alla útgefendur úr sömu atvinnugrein undir sama flokk. Áhættuskuldbindingar vegna útgefanda sem er stofnun sem ekki er hægt að setja undir atvinnugrein á þann hátt skulu settar í undirflokk í töflu 11. Fjölpjódlegir hlutabréfaútgefendur eða útgefendur hlutabréfa í mörgum atvinnugreinum skulu felldir undir sérstakan undirflokk á grundvelli mikilvægasta svæðisins eða atvinnugreinarinnar þar sem hlutabréfaútgefandinn er með starfsemi.

5. Áhættuvogir fyrir vegaáhættu hlutabréfa skulu stilltar við 78% fyrir undirflokka 1 til 8 og undirflokk 12 og við 100% fyrir alla aðra undirflokka.

383. gr. w

#### Fylgni þvert á undirflokka að því er varðar hlutabréfaáhættu

Fylgnistiki þvert á undirflokka fyrir delta- og vegaáhættu hlutabréfa skal stilltur á:

- við 15% þegar tveir undirflokkar falla undir undirflokka 1 til 10 í töflu 1 í 1. mgr. 383. gr. v,
- við 75% þegar tveir undirflokkar eru undirflokkar 12 og 13 í töflu 1 í 1. mgr. 383. gr. v,
- við 45% þegar annar undirflokkurinn er undirflokkur 12 eða 13 í töflu 1 í 1. mgr. 383. gr. v og hinn undirflokkurinn fellur innan undirflokka 1 til 10 í töflu 1 í 1. mgr. 383. gr. v,
- við 0% þegar annar af undirflokkunum tveimur er undirflokkur 11 í töflu 1 í 1. mgr. 383. gr. v.

383. gr. x

#### Undirflokkar áhættuvoga fyrir hrávöruáhættu

1. Áhættuvogir fyrir deltanæmi gagnvart áhættuþáttum stundargengis hrávöru skulu vera þær sömu fyrir alla hrávöruáhættu innan hvers undirflokks í töflu 1 og skulu vera eins og hér segir:

Tafla 1

| Númer undirflokks | Heiti undirflokks                                        | Áhættuvog fyrir stundargengi hrávöru |
|-------------------|----------------------------------------------------------|--------------------------------------|
| 1                 | Orka — föst brennanleg efni                              | 30%                                  |
| 2                 | Orka — fljótandi brennanleg efni                         | 35%                                  |
| 3                 | Orka — rafmagn                                           | 60%                                  |
| 4                 | Orka — kolefnisviðskipti í losunarviðskiptakerfi ESB     | 40%                                  |
| 5                 | Orka — kolefnisviðskipti utan losunarviðskiptakerfis ESB | 60%                                  |
| 6                 | Farmur                                                   | 80%                                  |
| 7                 | Málmar — aðrir en góðmálmar                              | 40%                                  |
| 8                 | Brennanleg efni í gaskenndu formi                        | 45%                                  |
| 9                 | Góðmálmar, gull meðtalið                                 | 20%                                  |
| 10                | Korn og olíufræ                                          | 35%                                  |
| 11                | Búfænaður og mjólkurbú                                   | 25%                                  |
| 12                | Mjúkar hrávörur og aðrar landbúnaðarhrávörur             | 35%                                  |
| 13                | Aðrar hrávörur                                           | 50%                                  |

2. Áhættuvogir fyrir vegaáhættu hrávöru skulu stilltar við 100%.

383. gr. z

#### Fylgni þvert á undirflokka að því er varðar hrávöruáhættu

1. Fylgnistiki þvert á undirflokka fyrir deltaáhættu hrávöru skal stilltur á:

- við 20% þegar tveir undirflokkar falla undir undirflokka 1 til 12 í töflu 1 í 1. mgr. 383. gr. x,
- við 0% þegar annar af undirflokkunum tveimur er undirflokkur 13 í töflu 1 í 1. mgr. 383. gr. x.

2. Fylgnistiki þvert á undirflokka fyrir vegaáhættu hrávöru skal stilltur á:

- við 20% þegar tveir undirflokkar falla undir undirflokka 1 til 12 í töflu 1 í 1. mgr. 383. gr. x,
- við 0% þegar annar af undirflokkunum tveimur er undirflokkur 13 í töflu 1 í 1. mgr. 383. gr. x.“

202) Í stað 384., 385. og 386. gr. kemur eftirfarandi:

„384. gr.

#### Grunnaðferð

1. Stofnun skal reikna kröfur um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu í samræmi við 2. eða 3. mgr. þessarar greinar, eftir því sem við á, að því er varðar verðbréfasafn með einn eða fleiri mótaðila með því að nota eina af eftirfarandi formúlum, eins og við á:

- formúluna sem sett er fram í 2. mgr. þessarar greinar, ef stofnunin tekur með í útreikninginn eina eða fleiri hæfar áhættuvarnir sem eru viðurkenndar í samræmi við 386. gr.,
- formúluna sem sett er fram í 3. mgr. þessarar greinar, ef stofnunin tekur ekki með í útreikninginn neinar hæfar áhættuvarnir sem eru viðurkenndar í samræmi við 386. gr.

Aðferðirnar sem settar eru fram í a- og b-liðum fyrstu undirgreinar skulu ekki notaðar saman.

2. Stofnun sem uppfyllir skilyrðin sem um getur í a-lið 1. mgr. skal reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu eins og hér segir:

$$BACVA^{total} = \beta \cdot BACVA^{csr-unhedged} + DSCVA \cdot (1 - \beta) \cdot BACVA^{csr-hedged}$$

þar sem:

$$\begin{aligned} BACVA^{total} &= \text{krafa um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu samkvæmt grunnaðferð,} \\ BACVA^{csr-unhedged} &= \text{kröfur um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu samkvæmt grunnaðferð eins og hún er reiknuð í samræmi við 3. mgr. fyrir stofnun sem uppfyllir skilyrðið sem sett er fram í b-lið 1. mgr.,} \\ DSCVA &= 0,65, \\ \beta &= 0,25, \end{aligned}$$

$$BACVA^{csr-hedged} = \sqrt{\left( \rho \cdot \sum_c (SCVA_c - SNH_c) - IH \right)^2 + (1 - \rho^2) \cdot \sum_c (SCVA_c - SNH_c)^2 + \sum_c HMA_c}$$

þar sem:

$$\begin{aligned} SCVA_c &= \frac{1}{\alpha} \cdot RW_c \cdot \sum_{NS \in c} M_{NS}^c \cdot EAD_{NS}^c \cdot DF_{NS}^c \\ SNH_c &= \sum_{h \in c} r_{hc} \cdot RW_h^{SN} \cdot M_h^{SN} \cdot B_h^{SN} \cdot DF_h^{SN} \\ IH &= \sum_i RW_i^{ind} \cdot M_i^{ind} \cdot B_i^{ind} \cdot DF_i^{ind} \\ HMA_c &= \sum_h (1 - r_{hc}^2) \cdot (RW_h \cdot M_h^{SN} \cdot B_h^{SN} \cdot DF_h^{SN})^2 \end{aligned}$$

$$\alpha = 1,4,$$

$$\rho = 0,5,$$

c = visitalan sem táknar alla mótaðila sem stofnun reiknar kröfur um eiginfjárgrunn fyrir vegna CVA-áhættu með aðferðinni sem mælt er fyrir um í þessari grein,

- NS = vísitalan sem táknar öll jöfnunarsöfn hjá tilteknum mótaðila sem stofnun reiknar kröfur um eiginfjárgrunn fyrir vegna CVA-áhættu með aðferðinni sem mælt er fyrir um í þessari grein,
- h = vísitalan sem táknar alla gerninga gagnvart einum aðila sem viðurkenndir eru sem hæfar áhættuvarnir í samræmi við 386. gr. fyrir tiltekinn mótaðila sem stofnun reiknar kröfur um eiginfjárgrunn fyrir vegna CVA-áhættu með aðferðinni sem mælt er fyrir um í þessari grein,
- I = vísitalan sem táknar alla vísitölugerninga sem viðurkenndir eru sem hæfar áhættuvarnir í samræmi við 386. gr. fyrir alla mótaðila sem stofnun reiknar kröfur um eiginfjárgrunn fyrir vegna CVA-áhættu með aðferðinni sem mælt er fyrir um í þessari grein,
- $RW_c$  = áhættuvogin sem gildir fyrir mótaðila c; mótaðili c skal settur á eina af áhættuvogunum sem grundvallast á samsetningu atvinnugeira og lánshæfis og er ákvörðuð í samræmi við töflu 1.

Ef ekkert ytra mat er til staðar fyrir tiltekinn mótaðila er stofnunum heimilt, að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda, að færa innra matið yfir á samsvarandi ytra mat og úthluta áhættuvog sem samsvarar annaðhvort lánshæfisþrepi 1 til 3 eða lánshæfisþrepi 4 til 6, annars skal nota áhættuvogir fyrir ómetnar áhættuskuldbindingar.

$M_{NS}^c$  = virkur líftími fyrir jöfnunarsafn NS hjá mótaðila c,

$M_{NS}^c$  skal reiknað í samræmi við 162. gr., hins vegar skal  $M_{NS}^c$  í þeim útreikningi ekki takmarkað við að hámarki fimm ár heldur lengsta eftirstæða, sammingsbundna líftíma í skuldajöfnunarsafninu,

$EAD_{NS}^c$  = virði útlánaáhættu mótaðila fyrir jöfnunarsafnið NS hjá mótaðila c, þ.m.t. mat á áhrifum trygginga í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 3. til 6. þætti 6. kafla II. bálks eftir því sem við á um útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna útlánaáhættu mótaðila sem um getur í a- og g-lið 4. mgr. 92. gr.,

$DF_{NS}^c$  = afvöxtunarpáttur eftirlits fyrir jöfnunarsafnið NS með mótaðila c.

Fyrir stofnun sem notar aðferðirnar sem settar eru fram í 6. þætti 6. kafla II bálks skal stilla afvöxtunarpátt eftirlits við 1; í öllum öðrum tilfellum skal forvaxtarþáttur eftirlits reiknaður á eftirfarandi hátt:

$$\frac{1 - e^{-0,05 \cdot M_{NS}^c}}{0,05 \cdot M_{NS}^c}$$

$r_{hc}$  = fylgnistuðull eftirlits milli vaxtaálagsáhættu mótaðila c og vaxtaálagsáhættu gernings gagnvart einum aðila sem er viðurkenndur sem hæf áhættuvörn h fyrir mótaðila c, ákvarðað í samræmi við töflu 2,

$M_h^{SN}$  = eftirstöðvatími gernings gagnvart einum aðila sem viðurkenndur er sem hæf áhættuvörn,

$B_h^{SN}$  = grundvallarfjárhæð gernings gagnvart einum aðila sem viðurkenndur er sem hæf áhættuvörn,

$DF_h^{SN}$  = afvöxtunarpáttur eftirlits fyrir gerning gagnvart einum aðila sem viðurkenndur er sem hæf áhættuvörn, reiknaður sem hér segir:

$$\frac{1 - e^{-0,05 \cdot M_h^{SN}}}{0,05 \cdot M_h^{SN}}$$

$RW_h^{SN}$  = áhættuvog eftirlits fyrir gerning gagnvart einum aðila sem viðurkenndur er sem hæf áhættuvörn; áhættuvogirnar skulu byggjast á samsetningu atvinnugeira og lánshæfis tilvísunarvaxtaálags áhættuvarnargernings og ákvarðaðar í samræmi við töflu 1,

$M_i^{ind}$  = eftirstöðvatími einnar eða fleiri staðna í sama vísitölugerningi sem  $M_t^{ind}$  viðurkenndur sem hæf áhættuvörn; ef um er að ræða fleiri en eina stöðu í sama vísitölugerningi skal  $M_t^{ind}$  vera líftími veginn samkvæmt útreikningi á öllum stöðunum,

$B_i^{ind}$  = full grundvallarfjárhæð einnar eða fleiri staðna í sama vísitölugerningi sem viðurkenndur er sem hæf áhættuvörn,

$DF_i^{ind}$  = afvöxtunarpáttur eftirlits fyrir eina eða fleiri stöður í sama vísitölugerningi sem viðurkenndur er sem hæf áhættuvörn, reiknaður sem hér segir:

$$\frac{1 - e^{-0,05 \cdot M_i^{ind}}}{0,05 \cdot M_i^{ind}}$$

$RW_i^{ind}$  = áhættuvog eftirlits fyrir vísitölugerning sem viðurkenndur er sem hæf áhættuvörn;  $RW_i^{ind}$  skal grundvallast á samsetningu á atvinnugeira og láns hæfi allra vísitölupátta, reiknað sem hér segir:

- ef allir vísitölupáttirnir tilheyra sama atvinnugeira og hafa sama láns hæfi, eins og ákvarðað er í samræmi við töflu 1 skal  $RW_i^{ind}$  reiknað sem viðkomandi áhættuvog í töflu 1 fyrir þann atvinnugeira og láns hæfi margfaldað með 0,7,
- ef allir vísitölupáttir tilheyra ekki sama atvinnugeira eða eru ekki með sama láns hæfi skal  $RW_i^{ind}$  reiknað sem vegið meðaltal af áhættuvogum allra vísitölupátta, eins og ákvarðað er í samræmi við töflu 1, margfaldað með 0,7,

Tafla 1

| Geiri mótaðila                                                                                                                               | Láns hæfi              |                                  |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------|----------------------------------|
|                                                                                                                                              | Láns hæfi þrep 1 til 3 | Láns hæfisþrep 4 til 6 og ómetin |
| Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, fjölþjóðlegir þróunarbankar og alþjóðastofnanir sem um getur í 2. mgr. 117. gr. eða 118. gr.                | 0,5%                   | 2,0%                             |
| Héraðsstjórn eða staðaryfirvöld og opinberir aðilar                                                                                          | 1,0%                   | 4,0%                             |
| Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi og veitendur stuðningslána | 5,0%                   | 12,0%                            |
| Hrávörur, orka, iðnaðarafurðir, landbúnaður, framleiðsla, námugröftur og grjótnám                                                            | 3,0%                   | 7,0%                             |
| Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta                                                                | 3,0%                   | 8,5%                             |
| Tækni og fjarskipti                                                                                                                          | 2,0%                   | 5,5%                             |
| Heilbrigðisþjónusta, veitur, sérfræðiþjónusta og tæknileg starfsemi                                                                          | 1,5%                   | 5,0%                             |
| Aðrir gearar                                                                                                                                 | 5,0%                   | 12,0%                            |

Tafla 2

| Fylgni milli vaxtaálags mótaðila og áhættuvörn gagnvart einum aðila |                |
|---------------------------------------------------------------------|----------------|
| Áhættuvörn gagnvart einum aðila h fyrir mótaðila i                  | Virði $r_{he}$ |
| Mótaðilar sem um getur í i. lið a-liðar 3. mgr. 386. gr.            | 100%           |
| Mótaðilar sem um getur í ii. lið a-liðar 3. mgr. 386. gr.           | 80%            |
| Mótaðilar sem um getur í iii. lið a-liðar 3. mgr. 386. gr.          | 50%            |

3. Stofnun sem uppfyllir skilyrðin sem um getur í b-lið 1. mgr. skal reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu eins og hér segir:

$$BACVA^{csr-unhedged} = DS_{CVA} \cdot \sqrt{\left(\rho \cdot \sum_c SCVA_c\right)^2 + (1 - \rho^2) \cdot \sum_c SCVA_c^2}$$

þar sem öll skilyrðin eru þau sem sett eru fram í 2. mgr.

385. gr.

#### Einfölduð aðferð

1. Stofnun sem uppfyllir öll skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 273. gr. a eða lögbært yfirvald hefur heimilað í samræmi við 4. mgr. 273. gr. a að beita aðferðinni sem sett er fram í 282. gr., getur reiknað kröfur um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu sem áhættuvegnar fjárhæðir áhættuskuldbindinga fyrir mótaðilaáhættu fyrir stöður í fjárfestingarbók og veltubók, eftir því sem við á, sem um getur í a- og g-lið 4. mgr. 92. gr., deilt með 12,5.

2. Að því er varðar útreikninginn, sem um getur í 1. mgr., gilda eftirfarandi kröfur:

- aðeins viðskipti sem falla undir kröfur um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu sem mælt er fyrir um í 382. gr. falla undir þann útreikning,
- lánaafleiður sem eru viðurkenndar sem innri áhættuvarnir gagnvart áhættuskuldbindingum mótaðila eru ekki hafðar með í þeim útreikningi.

3. Stofnun sem uppfyllir ekki lengur eitt eða fleiri skilyrði sem sett eru fram í 2. eða 4. mgr. 273. gr. a, eftir því sem við á, skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 273. gr. b.

386. gr.

#### Hæfar áhættuvarnir

1. Stöður í áhættuvarnargerningum skulu viðurkenndar sem hæfar áhættuvarnir fyrir útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu í samræmi við 383. og 384. gr. ef stöðurnar uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

- þær eru notaðar til að draga úr CVA-áhættu og er stýrt á þann hátt,
- hægt er að stofna til þeirra með þriðju aðila eða með veltubók stofnunar sem innri áhættuvörn og verða þá að uppfylla 7. mgr. 106. gr.,
- aðeins er hægt að viðurkenna stöður í áhættuvarnargerningum eins og um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar sem hæfar áhættuvarnir til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu í samræmi við 383. og 384. gr., eftir því sem við á.

Að því er varðar útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu í þeim tilgangi 383. gr., skal viðurkenna stöður í áhættuvarnargerningum sem hæfar áhættuvarnir ef, auk þeirra skilyrða sem sett eru fram í a- til c-lið þessarar málsgreinar, slíkir áhættuvarnargerningar mynda staka stöðu í hæfri áhættuvörn og er ekki skipt niður í fleiri en eina stöðu í fleiri en einni hæfri áhættuvörn.

2. Við útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu í samræmi við 383. gr., skal eingöngu viðurkenna stöður í eftirfarandi áhættuvarnargerningum sem hæfar áhættuvarnir:

- a) gerningum sem áhættuverja gegn breytileika á vaxtaálagi mótaðila, að undanskildum gerningunum sem um getur í 5. mgr. 325. gr.,
- b) gerningum sem áhættuverja gegn breytileika á liðum áhættuskuldbindingar CVA-áhættu, að undanskildum gerningunum sem um getur í 5. mgr. 325. gr.,

3. Við útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu í samræmi við 384. gr., skal eingöngu viðurkenna stöður í eftirfarandi áhættuvarnargerningum sem hæfar áhættuvarnir:

- a) skuldatryggingu gagnvart einum aðila og skilyrta skuldatryggingu gagnvart einum aðila, sem vísa:
  - i. beint til mótaðila,
  - ii. til aðila sem er lagalega tengdur mótaðilanum, þar sem lagalega tengdur vísar til tilvika þar sem tilvísunarheiti og mótaðilinn eru annaðhvort móðurfélag og dótturfélag eða tvö dótturfélög sameiginlegs móðurfélags,
  - iii. til aðila sem tilheyrir sömu atvinnugrein og svæði og mótaðilinn,
- b) vísitöluskuldatryggingar.

4. Stöður í áhættuvarnargerningum sem gerðir eru við þriðju aðila og viðurkenndar sem hæfar áhættuvarnir í samræmi við 1., 2. og 3. mgr. og teknar með í útreikningi á kröfum um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu skulu ekki falla undir kröfur um eiginfjárgrunn að því er varðar markaðsáhættu sem sett er fram í IV. bálki.

5. Stöður í áhættuvarnargerningum sem eru ekki viðurkenndar sem hæfar áhættuvarnir í samræmi við þessa grein skulu falla undir þær kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu sem settar eru fram í IV. bálki.“

203) Ákvæðum 2. mgr. 394. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað inngangsorðanna í fyrstu undirgrein kemur eftirfarandi:

„Til viðbótar upplýsingunum sem um getur í þessari grein skulu stofnanir veita lögbærum yfirvöldum sínum eftirfarandi upplýsingar í tengslum við 10 stærstu áhættuskuldbindingar sínar á samstæðugrunni, sem og 10 stærstu áhættuskuldbindingar sínar á samstæðugrunni vegna skuggabankaaðila, að meðtöldum stórum áhættuskuldbindingum sem undanþegnar eru beitingu 1. mgr. 395. gr.:“

- b) Eftirfarandi undirgrein er bætt við:

„Til viðbótar upplýsingunum sem um getur í fyrstu undirgrein skulu stofnanir veita lögbærum yfirvöldum sínum um samanlagðar áhættuskuldbindingar vegna skuggabankaaðila.“

204) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 395. gr.:

„2a. Eigi síðar en 10. janúar 2027 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunina, gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, til að uppfæra viðmiðunarreglurnar sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

Við uppfærslu á viðmiðunarreglunum skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin m.a. taka tilhlýðilegt tillit til framlags skuggabankaaðila til sambands fjármagnsmarkaða, hugsanlegra neikvæðra áhrifa sem breytingar á viðmiðunarreglunum, þ.m.t. viðbótartakmarkanir, gætu haft á viðskiptalíkan og áhættulýsingu stofnana og á stöðugleika og skipulega starfsemi fjármálamarkaða.

Að auki, eigi síðar en 31. desember 2027, skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunina, skila skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um framlag skuggabankaaðila til sambands fjármagnsmarkaða og áhættuskuldbindingar stofnana gagnvart slíkum aðilum, þ.m.t. um hæfileg heildarmörk eða strangari einstök mörk á áhættuskuldbindingarnar, en taka um leið tilhlýðilegt tillit til regluramma og viðskiptalíkana slíkra aðila.

Eigi síðar en 31. desember 2028 skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, á grundvelli þeirrar skýrslu, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf um takmarkanir á áhættuskuldbindingar skuggabankaaðila fyrir Evrópuþingið og ráðið.“

205) Ákvæðum 400. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað i-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„i) áhættuskuldbindingar vegna ónotaðra lánsheimilda sem flokkaðar eru sem liður utan efnahagsreiknings í undirflokki 5 í I. viðauka eða samningsbundið fyrirkomulag sem uppfyllir skilyrði um að ekki sé farið með þær sem skuldbindingar, svo fremi að samningur hafi verið gerður við viðkomandi viðskiptavin eða hóp tengdra viðskiptavina, þar sem kveðið er á um að einungis megi draga á heimildina ef fullvíst er að ekki verði farið yfir mörkin skv. 1. mgr. 395. gr.“

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) sértryggð skuldabréf, eins og um getur í 129. gr.“.

ii. Í stað i-liðar kemur eftirfarandi:

„i) 50% af bankaábyrgðum utan efnahagsreiknings í undirflokki 4 og af þeim ónotuðu lánsheimildum í undirflokki 3 sem um getur í I. viðauka með upphaflegan lánstíma til eins árs eða skemur og, með fyrirvara um samþykki lögbærri yfirvalda, 80% af tryggingum öðrum en lánatryggingum sem hafa lagalegan eða stjórn-sýslulegan grundvöll og gagnkvæm ábyrgðarkerfi með stöðu lánastofnunar veita aðilum sínum.“

206) Ákvæðum 402. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Við útreikning á áhættuskuldbindingarvirði að því er varðar 395. gr. er stofnun heimilt, nema það sé bannað samkvæmt gildandi landslögum, að lækka virði áhættuskuldbindingar, eða hluta áhættuskuldbindingar, sem er tryggt með íbúðarhúsnæði, í samræmi við 1. mgr. 125. gr., með veði í virði fasteignar, en ekki um meira en 55% af virði fasteignar, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“

ii. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) lögbær yfirvöld hafi ekki ákveðið hærri áhættuvog en 20% fyrir áhættuskuldbindingar eða hluta áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með íbúðarhúsnæði í samræmi við 9. mgr. 124. gr.“.

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Við útreikning á áhættuskuldbindingarvirði að því er varðar 395. gr. er stofnun heimilt, nema það sé bannað samkvæmt gildandi landslögum, að lækka virði áhættuskuldbindingar, eða hluta áhættuskuldbindingar, sem er tryggt með viðskiptahúsnæði, í samræmi við 1. mgr. 126. gr., með veði í virði fasteignar, en ekki um meira en 55% af virði fasteignar, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“

- ii. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:
- „a) lögbær yfirvöld hafi ekki ákveðið hærri áhættuvog en 60% fyrir áhættuskuldbindingar eða hluta áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með viðskiptahúsnæði í samræmi við 9. mgr. 124. gr.,“.
- iii. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:
- „c) kröfurnar í c-lið 3. mgr. 124. gr., 208. gr. og 1. mgr. 229. gr. séu uppfylltar,“
- 207) Í stað b-liðar 4. mgr. 425. gr. kemur eftirfarandi:
- „b) mótaðilinn er móður- eða dótturstofnun stofnunarinnar eða önnur undirstofnun sömu móðurstofnunar eða tengdur stofnuninni með tengslum í skilningi 7. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB eða meðlimur í sama stofnana-verndarkerfi sem um getur í 7. mgr. 113. gr. þessarar reglugerðar eða svæðisstofnunin eða meðlimur í tengslaneti sem fellur undir undanþágu sem um getur í 10. gr. þessarar reglugerðar,“.
- 208) Í stað k-liðar 1. mgr. 428. gr. kemur eftirfarandi:
- „k) ónotaðar lánsheimildir sem teljast til liða í undirflokki 4, undirflokki 3 eða undirflokki 2 skv. I. viðauka.“
- 209) Ákvæðum 429. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað þriðju undirgreinar 5. mgr. kemur eftirfarandi:
- „Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar og aðra undirgrein þessarar málsgreinar er stofnunum eingöngu heimilt að líta á tengda stofnun sem viðskiptavin ef sú stofnun fellur ekki undir eftirlit á samstæðugrunni á því stigi sem krafan sem sett er fram í e-lið 4. mgr. 92. gr. gildir um.“
- b) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:
- „6. Að því er varðar e-lið 4. mgr. þessarar greinar og 429. gr. g merkja „reglubundin kaup eða sala“, kaup eða sala á fjáreign samkvæmt samningum með skilmálum sem kveða á um afhendingu fjáreignar innan tímabilsins sem venjulega gildir samkvæmt lögum eða venju á viðkomandi markaði.“
- 210) Ákvæðum 1. mgr. 429. gr. a er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi lið er bætt við:
- „ca) ef stofnunin er aðili að tengslanetinu sem um getur í 7. mgr. 113. gr.: áhættuskuldbindingar sem er úthlutað áhættuvog upp á 0% í samræmi við 114. gr. og eru tilkomnar vegna eigna sem samsvara innlánum í sama gjaldmiðli frá öðrum meðlimum tengslanetsins, sem stafa af lagalegum eða lögboðnum lágmarksinnlánum í samræmi við b-lið 3. mgr. 422. gr.; í slíkum tilvikum falla áhættuskuldbindingar annarra meðlima tengslanetsins sem eru lagaleg eða lögboðin lágmarksinnlán ekki undir c-lið þessarar málsgreinar.“
- b) Eftirfarandi lið er bætt við:
- „da) áhættuskuldbindingar stofnunar gagnvart hluthöfum sínum, að því tilskildu að slíkar áhættuskuldbindingar séu tryggðar um a.m.k. 125% með eignum sem um getur í d- og e-lið 1. mgr. 129. gr. og eignirnar eru gefnar upp í aðlagaðri vogunarhlutfallskröfu hluthafanna, ef stofnunin er ekki opinber þróunarlánastofnun en uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
- i) hluthafar hennar eru lánastofnanir og fara ekki með yfirráð yfir stofnuninni,
  - ii) hún er í samræmi við a-, b-, c- og e-lið 2. mgr. þessarar greinar,
  - iii) áhættuskuldbindingar hennar eru í sama aðildarríki,
  - iv) hún er háð einhvers konar viðvarandi eftirliti ríkisstjórnar aðildarríkis,
  - v) viðskiptalíkan hennar einskorðast við að fjárhæð sem samsvarar ágóðanum af útgáfu á sértrygðum skuldaþréfum rennur til hluthafanna í formi skuldageringa,“.

211) Ákvæðum 429. gr. c er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) reiðufénu sem mótaðilinn móttækur er ekki haldið aðskildu frá eignum stofnunarinnar, að því er varðar viðskipti sem ekki eru stöðustofnuð fyrir milligöngu fullgilda, miðlægs mótaðila,“.

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir ekki telja með móttækna tryggingu í útreikningnum á hreinum óháðum tryggingarfjárhæðum, eins og skilgreint er í 12. lið a 272. gr.“

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4a. Þrátt fyrir 3. og 4. mgr. er stofnun heimilt að viðurkenna móttækna tryggingu í samræmi við 3. þátt 6. kafla II. bálks í þriðja hluta, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt: a) tryggingin er móttekin frá viðskiptavini fyrir afleiðusamning sem stofnunin hefur stöðustofnað fyrir hönd viðkomandi viðskiptavinar, b) samningurinn sem um getur í a-lið er stöðustofnaður í gegnum fullgildan, miðlægan mótaðila, c) hafi tryggingin verið móttekin á formi upphafstryggingar er sú trygging aðskilin frá eignum stofnunarinnar.“

d) Í stað fyrstu undirgreinar 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar geta stofnanir notað aðferðina sem sett er fram í 4. eða 5. þætti 6. kafla II. bálks í þriðja hluta til að ákvarða áhættuskuldbindingarvirði fyrir eftirfarandi:

a) afleiðusamninga sem eru skráðir í II. viðauka og skuldaafleiður, ef þær nota aðferðina einnig til að ákvarða áhættuskuldbindingarvirði samninganna til að uppfylla kröfur um eiginfjárgrunn sem settar eru fram í a-, b- og c-lið 1. mgr. 92. gr.,

b) skuldaafleiður sem beittar eru meðferðinni sem sett er fram í 3. eða 5. mgr. 273. gr., að uppfylltum skilyrðum til að nota þá aðferð.“

212) Ákvæðum 429. gr. f er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnanir skulu reikna út áhættuskuldbindingarvirði liða utan efnahagsreiknings, í samræmi við 2. mgr. 111. gr. að undanskildum afleiðusamningum sem tilgreindir eru í II. viðauka, lánaafleiðum, fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og stöðum sem um getur í 429. gr. d.

Ef skuldbinding tengist framlengingu á öðrum lið utan efnahagsreiknings gildir 3. mgr. 111. gr.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir 495. gr. d skulu stofnanir beita breytistuðlinum 10% á liði utan efnahagsreiknings í formi skuldbindinga sem eru uppsegjanlegar án skilyrða.“

213) Í stað 1. mgr. 429. gr. g kemur eftirfarandi:

„1. Stofnanir skulu fara með reiðufé sem tengist reglubundnum kaupum og fjáreignum sem tengjast reglubundinni sölu sem halda áfram að vera á efnahagsreikningnum til uppgjörsdags eins og eignir í samræmi við a-lið 4. mgr. 429. gr.“

214) Ákvæðum 430. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liðum er bætt við í 1. mgr.:

„h) áhættuskuldbindingar þeirra gagnvart UFS-áhættu, þ.m.t.:

i. fyrirliggjandi og nýjar áhættuskuldbindingar gagnvart einingum í jarðefnaeldsneytisgeiranum,

- ii. áhættuskuldbindingar þeirra gagnvart raunlægri áhættu og umbreytingaráhættu,
  - i. áhættuskuldbindingar þeirra sýndareigna,“.
- b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:
- „2a. Við skýrslugjöf um kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir skýra sérstaklega frá útreikningunum sem settir eru fram í a-, b- og c-lið 2. mgr. 325. gr. c vegna eignasafns allra staðna í veltubók eða fjárfestingarbók sem útsettar eru fyrir gjaldmiðla- og hrávöruáhættu.
- 2b. Við skýrslugjöf um kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir gefa sérstaka skýrslu um útreikningana sem settir eru fram í i. og ii. lið a-liðar og i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 325. gr. ba og fyrir eignasöfn allra staðna í veltubók eða fjárfestingarbók sem útsettar eru fyrir gjaldmiðla- og hrávöruáhættu sem úthlutað er viðskiptaborðum sem þær hafa fengið leyfi lögbærra yfirvalda til að nota óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina fyrir í samræmi við 2. mgr. 325. gr. az.“
- c) Ákvæðum 7. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. Í stað fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum þar sem tilgreind eru samræmt skýrslusnið, skilatiðni, dagsetningar skýrslugjafar, sem og skilgreiningar og þróa upplýsingatæknilausnir, þ.m.t. skýrslusnið og leiðbeiningar vegna skýrslugjafarinnar sem um getur í 1. og 4. mgr.“
  - ii. Eftirfarandi liður bætist við fjórðu undirgrein:

„c) áhættuskuldbindingar gagnvart UFS-áhættu sem skulu lagðar fram eigi síðar en 10. júlí 2025.“
- 215) Ákvæðum 430. gr. a er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:
- „1. Stofnanir skulu á hverju ári gefa lögbærum yfirvöldum sínum skýrslu um eftirtalin samantekin gögn fyrir hvern landsbundinn fasteignamarkað þar sem þær eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta:
- a) tap vegna áhættuskuldbindinga þar sem stofnun hefur viðurkennt íbúðarhúsnæði sem veð, í hverju tilfelli allt að þeirri fjárhæð sem er lægri af fjárhæð veðsetts hluta og 55% af virði íbúðarhúsnæðisins, nema annað sé ákveðið skv. 9. mgr. 124. gr., eftir atvikum,
  - b) heildartap vegna áhættuskuldbindinga þar sem stofnun hefur viðurkennt íbúðarhúsnæði sem veð, allt að þeirri fjárhæð sem er lægri af fjárhæð veðsetts hluta og 100% af virði íbúðarhúsnæðisins,
  - c) áhættuskuldbindingarvirði af öllum útistandandi áhættuskuldbindingum þar sem stofnun hefur viðurkennt íbúðarhúsnæði sem veð, allt að þeirri fjárhæð sem er lægri af fjárhæð veðsetts hluta og 100% af virði íbúðarhúsnæðisins,
  - d) tap vegna áhættuskuldbindinga þar sem stofnun hefur viðurkennt viðskiptahúsnæði sem veð, í hverju tilfelli allt að þeirri fjárhæð sem er lægri af fjárhæð veðsetts hluta og 55% af virði viðskiptahúsnæðisins, nema annað sé ákveðið skv. 9. mgr. 124. gr., eftir atvikum,
  - e) heildartap vegna áhættuskuldbindinga þar sem stofnun hefur viðurkennt viðskiptahúsnæði sem veð, allt að þeirri fjárhæð sem er lægri af fjárhæð veðsetts hluta og 100% af virði viðskiptahúsnæðisins,
  - f) áhættuskuldbindingarvirði af öllum útistandandi áhættuskuldbindingum þar sem stofnun hefur viðurkennt viðskiptahúsnæði sem veð, allt að þeirri fjárhæð sem er lægri af fjárhæð veðsetts hluta og 100% af virði viðskiptahúsnæðisins.“
- b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:
- „3. Lögbær yfirvöld skulu árlega birta á samanteknum grunni þau gögn sem tilgreind eru í a- til f-lið 1. mgr., ásamt sögulegum gögnum, þar sem þau eru til staðar, fyrir hvern innlenda fasteignamarkað sem slíkum gögnum hefur verið safnað fyrir. Lögbært yfirvald skal, að beiðni annars lögbærs yfirvalds í aðildarríki eða Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, láta því eða henni í té ítarlegri upplýsingar um aðstæður á fasteignamarkaði fyrir íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði í því aðildarríki.“

216) Ákvæði 430. gr. b falla brott.

217) Í stað 433. gr. kemur eftirfarandi:

„433. gr.

#### **Tíðni og umfang upplýsingagjafar**

Stofnanir skulu birta þær upplýsingar sem krafist er í II. og III. bálki á þann hátt sem um getur í þessari grein, 433. gr. a, 433. gr. b, 433. gr. c og 434. gr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta árlega upplýsingar á vefsetri sínu sama dag og stofnanirnar birta reikningsskil sín eða eins fljótt og við verður komið þar á eftir.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta hálfárs- og ársfjórðungslega birtingu upplýsinga á vefsetri sínu sama dag og stofnanirnar birta reikningsskil sín fyrir samsvarandi tímabil, eftir atvikum, eða eins fljótt og við verður komið þar á eftir.

Tímabilið frá þeim degi þegar upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt þessum hluta eru birtar og þar til viðkomandi reikningsskil eru birt skal vera hæfilegt og alla jafna ekki vera lengra en fresturinn sem lögbær yfirvöld kveða á um skv. 106. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.“

218) Ákvæðum 1. mgr. 433. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað xiv. liðar kemur eftirfarandi:

„xiv. a-, b- og c-liður 2. mgr. 455. gr.,“.

ii. Eftirfarandi liðir bætast við:

„xv. 449. gr. a,

xvi. 449. gr. b,“.

b) Í stað i. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„i) d-, da- og h-liður 438. gr.,“.

219) Í stað 433. gr. b kemur eftirfarandi:

„433. gr. b

#### **Upplýsingagjöf lítilla og einfaldra stofnana**

1. Litlar og einfaldar stofnanir skulu birta upplýsingarnar sem um getur í eftirfarandi ákvæðum á ársgrundvelli:

a) a-, e- og f-lið 1. mgr. 435. gr.,

b) c-, d- og da-lið 438. gr.,

c) c- og d-lið 442. gr.,

d) lykilmælikvarðana sem um getur í 447. gr.,

e) 449. gr. a,

f) 449. gr. b,

g) a- til d-lið, h-, i- og j- lið 1. mgr. 450. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu litlar og einfaldar stofnanir sem ekki eru skráðar í kauphöll birta árlega upplýsingar um lykilmælikvarðana sem um getur 447. gr. og UFS-áhættu sem um getur í 449. gr. a.“

220) Ákvæðum 2. mgr. 433. gr. c er breytt sem hér segir:

a) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) c-, d- og da-liður 438. gr.“

b) Eftirfarandi lið er bætt við:

„da) c- og d-liður 442. gr.“

c) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„ea) upplýsingarnar sem um getur í 449. gr. a,

eb) upplýsingarnar sem um getur í 449. gr. b.“

221) Í stað 434. gr. kemur eftirfarandi:

„434. gr.

#### **Aðferð við upplýsingagjöf**

1. Aðrar stofnanir en litlar og einfaldar stofnanir skulu skila öllum nauðsynlegum upplýsingum skv. II. og III. bálki á rafrænu formi til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eigi síðar en daginn sem þær birta reikningsskil sín eða fjárhagslegar skýrslur fyrir samsvarandi tímabil, eftir atvikum, eða eins fljótt og hægt er eftir það. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta upplýsingarnar á vefsetri sínu, ásamt innsendingardegi.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal tryggja að upplýsingagjöf sem gerð er á vefsetri hennar innihaldi sömu upplýsingar og stofnanir hafa sent til Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar. Stofnanir skulu hafa rétt til að senda Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni upplýsingarnar aftur í samræmi við tæknistaðlana sem um getur í 434. gr. a. Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal gera dagsetninguna þegar endurframlagning fór fram aðgengilega á vefsetri sínu.

Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal undirbúa og uppfæra töl sem tilgreinir vörpun á sniðmátum og töflur til upplýsingagjafa í sniðmát og töflur til skýrslugjafa vegna eftirlits. Vörpunartólið skal vera aðgengilegt almenningi á vefsetri Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar.

Stofnanir geta haldið áfram að birta sérstakt skjal sem veitir notendum sem á þurfa að halda skjótan aðgang að varfærnisupplýsingum, eða sérstakur hluti sem felldur er inn í eða látinn fylgja með reikningsskilum stofnananna eða fjárhagslegum skýrslum sem innihalda tilskilda upplýsingagjöf og sem þessir notendur eiga auðvelt með að greina. Stofnunum er heimilt að setja tengil við vefsetur Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar inn á vefsetur sitt, þar sem varfærnisupplýsingar eru birtar á miðlægan hátt.

2. Aðrar stofnanir en litlar og einfaldar stofnanir skulu skila allri nauðsynlegri upplýsingagjöf, skv. 433. gr. a og 433. gr. c, á rafrænu formi til Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar eigi síðar en daginn sem þær birta reikningsskil sín eða fjárhagslegar skýrslur fyrir samsvarandi tímabil eða eins fljótt og hægt er eftir það. Ef fjárhagslegar skýrslur eru birtar áður en upplýsingar eru lagðar fram í samræmi við 430. gr. fyrir sama tímabil, er heimilt að skila upplýsingum sama dag og skýrslugjöf vegna eftirlits eða eins fljótt og auðið er. Ef birta þarf upplýsingar fyrir tímabil þar sem stofnun gerir ekki fjárhagsskýrslu skal stofnunin leggja fram upplýsingar um upplýsingagjöf til Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar eins fljótt og auðið er eftir lok þess tímabils.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar, er stofnunum heimilt að skila til Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar upplýsingunum sem krafist er skv. 450 gr. á aðskilinn hátt frá öðrum upplýsingum sem krafist er skv. II. og III. bálki eigi síðar en tveimur mánuðum eftir daginn sem stofnanir birta reikningsskil sín fyrir samsvarandi ár.

4. Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu upplýsingagjöf um litlar og einfaldar stofnanir á grundvelli þeirra upplýsinga sem stofnanirnar hafa tilkynnt til lögbærra yfirvalda í samræmi við 430. gr.

5. Eignarhald á gögnum og ábyrgð á nákvæmni þeirra skal haldast hjá þeim stofnunum sem taka þau saman. Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal veita einn aðgangsstað fyrir upplýsingagjöf stofnana og gera safn upplýsinganna sem krafist er að verði birtar í samræmi við þennan hluta. Þetta safn skal vera aðgengilegt eigi skemur en svarar þeim geymslutíma sem kveðið er á um í landslögum vegna upplýsinga í fjárhagslegum skýrslum stofnananna.

6. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal vakta fjölda heimsókna á eina aðgangsstað sinn fyrir upplýsingagjöf stofnana og hafa tengdar tölfraðilegar upplýsingar með í ársskýrslum sínum.“

222) Ákvæðum 434. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal þróa drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina samræmd snið fyrir birtingu og upplýsingar um endurframlagningarstefnu og skal þróa upplýsingatæknilausnir, þ.m.t. leiðbeiningar, fyrir upplýsingagjöf sem krafist er skv. II. og III. bálki.“

b) Í stað fjórðu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2025.“

223) Eftirfarandi grein bætist við:

„434. gr. c

**Skýrsla um hagkvæmni upplýsinganotkunar sem aðrar stofnanir en litlar og einfaldar stofnanir tilkynna til að birta aukið safn upplýsinga um vefsetur Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar**

Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal útbúa skýrslu um hagkvæmni þess að nota upplýsingar sem aðrar stofnanir en litlar og einfaldar stofnanir tilkynna til lögbærra yfirvalda í samræmi við 430. gr. til að birta upplýsingarnar á vefsíðu sinni og draga þannig úr upplýsingagjafarbyrði fyrir slíkar stofnanir.

Skýrslan skal taka mið af fyrri vinnu Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar varðandi samþætta gagnaöflun, skal grundvallast á greiningu á heildarkostnaði og ávinningi, þ.m.t. kostnaði sem lögbær yfirvöld, stofnanir og Evrópska bankaefirlitsstofnunin hafa stofnað til, og taka tillit til hugsanlegra tæknilegra, rekstrarlegra og lagalegra áskorana.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 10. júlí 2027, leggja fram skýrslu til Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2031.“

224) Ákvæðum 438. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) fjárhæð krafna um eiginfjárgrunn sem byggja á eftirlitsferli eins og um getur í a-lið 1. mgr. 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB til að takast á við aðra áhættu en hættuna á of mikilli vogun og samsetningu hennar;“

b) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) heildarfjárhæð áhættuskuldbindingar eins og hún er reiknuð í samræmi við 3. mgr. 92. gr., og samsvarandi kröfur vegna eiginfjárgrunns ákvarðaðar í samræmi við 2. mgr. 92. gr. sem á að sundurliða eftir mismunandi áhættuflokkum eða flokkum áhættuskuldbindinga, eftir því sem við á, sem kveðið er á um í þriðja hluta og, eftir atvikum, útskýringu á hvernig notkunin á neðri mörkum fyrir eigið fé og því að draga liði ekki frá eiginfjárgrunni hefur áhrif á útreikninginn á eiginfjárgrunni og fjárhæðum áhættuveginnar skuldbindingar;“

c) Eftirfarandi lið er bætt við:

„da) ef reikna þarf út heildaráhættugrunn án neðri marka, eins og hann er reiknaður í samræmi við 4. mgr. 92. gr., og staðlaðan heildaráhættugrunn eins og hann er reiknaður í samræmi við 5. mgr. 92. gr., sem á að sundurliða eftir mismunandi áhættuflokkum eða flokkum áhættuskuldbindinga, eftir því sem við á, sem kveðið er á um í þriðja hluta og, eftir atvikum, útskýringu á hvernig notkunin á neðri mörkum fyrir eigið fé og því að draga liði ekki frá eiginfjárgrunni hefur áhrif á útreikninginn á eiginfjárgrunni og fjárhæðum áhættuveginnar skuldbindingar;“

d) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) áhættuskuldbindingar innan og utan efnahagsreiknings, fjárhæðir áhættuveginnar skuldbindingar og tengt áætlað tap fyrir hvern flokk sértækra útlána sem um getur í töflu 1 í 5. mgr. 153. gr. og áhættuskuldbindingar innan og utan efnahagsreiknings og fjárhæðir áhættuveginnar skuldbindingar fyrir þá flokka áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa sem um getur í 3.–6. mgr. 133. gr. og 3. mgr. 495. gr. a.“

225) Í stað 445. gr. kemur eftirfarandi:

„445. gr.

#### **Upplýsingagjöf um áhættuskuldbindingu gagnvart markaðsáhættu samkvæmt staðalaðferð**

1. Stofnanir sem hafa ekki fengið heimild frá lögbærum yfirvöldum til að nota óhefðbundna eiginlikansaðferð eins og sett er fram í 325. gr. az, og sem nota einfaldaða staðalaðferð í samræmi við 325. gr. a eða óhefðbundna staðalaðferð í samræmi við 1. kafla a í IV. bálki þriðja hluta, skulu birta yfirlit yfir stöður sínar í veltubók.

2. Stofnanir sem reikna kröfur sínar um eiginfjárgrunn í samræmi við 1. kafla a í IV. bálki þriðja hluta, skulu birta heildarkröfur sínar um eiginfjárgrunn, kröfur um eiginfjárgrunn vegna aðferðar sem byggist á næmi, kostnað vanskilaá-hættu og kröfur um eiginfjárgrunn vegna eftirstæðra áhættuþátta. Upplýsingagjöf um kröfur um eiginfjárgrunn vegna ráð-stafana fyrir aðferð sem byggist á næmi og vanskilaáhættu skal skipt niður í eftirfarandi gerninga:

- a) aðra fjármálagerninga en verðbréfunargerninga í veltubók, sundurliðaða eftir áhættuflokkum, og sérstaka auðkenningu á kröfum um eiginfjárgrunn vegna vanskilaáhættu,
- b) verðbréfunargerninga sem eru ekki í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu, með aðskilinni auðkenningu á kröfum um eiginfjárgrunn vegna vaxtaálagsáhættu og kröfum um eiginfjárgrunn vegna vanskilaáhættu,
- c) verðbréfunargerninga sem eru í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu, með aðskilinni auðkenningu á kröfum um eigin-fjárgrunn vegna vaxtaálagsáhættu og kröfum um eiginfjárgrunn vegna vanskilaáhættu.“

226) Eftirfarandi grein bætist við:

„445. gr. a

#### **Birting upplýsinga um CVA-áhættu**

1. Stofnanir sem falla undir kröfur um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu skulu birta eftirfarandi upplýsingar:

- a) yfirlit yfir verklag við að auðkenna, mæla, áhættuverja og vakta CVA-áhættu,
- b) hvort stofnanir uppfylli öll skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 273. gr. a; ef skilyrðin eru uppfyllt, hvort stofnanir hafi valið að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu með einfaldaðri aðferð sem sett var fram í 385. gr.; ef stofnanir hafa valið að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu með einfaldaðri aðferð, kröfur um eigin-fjárgrunn vegna CVA-áhættu í samræmi við aðferðina,
- c) heildarfjöldi mótaðila sem staðalaðferð er notuð fyrir, með sundurliðun eftir tegundum mótaðila.

2. Stofnanir sem nota staðalaðferðina sem sett er fram í 383. gr. til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu skulu birta, auk upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eftirfarandi upplýsingar:

- a) uppbyggingu og skipulag innri áhættustýringar og stjórnarháttar CVA-áhættu,
- b) kröfur þeirra um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu samkvæmt staðalaðferð með sundurliðun eftir áhættuflokkum,
- c) yfirlit yfir hæfar áhættuvarnir sem notaðar eru í útreikningnum, með sundurliðun eftir tegund gerninganna sem settir eru fram í 2. mgr. 386. gr.

3. Stofnanir sem nota grunnaðferðina sem sett er fram í 384. gr. til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu skulu birta, auk upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eftirfarandi upplýsingar:

- a) heildarkröfur þeirra um eiginfjárgrunn vegna CVA-áhættu samkvæmt grunnaðferð, og þáttunum  $BACVA^{total}$  og  $BACVA^{csr-hedged}$ ,
- b) yfirlit yfir hæfar áhættuvarnir sem notaðar eru í útreikningnum, með sundurliðun eftir tegund gerninganna sem settir eru fram í 3. mgr. 386. gr.“

227) Í stað 446. gr. kemur eftirfarandi:

„446. gr.

#### **Birting upplýsinga um rekstraráhættu**

1. Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar:

- a) helstu eiginleika og þætti umgjörðar áhættustýringar sinnar fyrir rekstraráhættu,
- b) kröfur sínar um eiginfjárgrunn vegna rekstraráhættu sem eru jafnir efnisþáttum viðskiptavísa reiknað í samræmi við 313. gr.,
- c) viðskiptavísi, reiknaður í samræmi við 1. mgr. 314. gr., og fjárhæðir hvers efnisþáttar viðskiptavísis og undirþátta þeirra fyrir hvert þeirra þriggja ára sem skipta máli fyrir útreikning á viðskiptavísinum,
- d) fjárhæð lækkunar viðskiptavísis fyrir hverja undanþágu frá viðskiptavísi í samræmi við 2. mgr. 315. gr., sem og samsvarandi rökstuðning fyrir slíkum undanþágum.

2. Stofnanir sem reikna árlegt tap vegna rekstraráhættu í samræmi við 1. mgr. 316. gr. skulu birta eftirfarandi upplýsingar til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar:

- a) árlegt tap vegna rekstraráhættu fyrir hvert síðustu 10 fjárhagsára, reiknað í samræmi við 1. mgr. 316. gr.,
- b) fjöldi sérstakra rekstraráhættuatburða og fjárhæðir samsvarandi samanlagðs hreins taps vegna rekstraráhættu, sem voru undanþegnar útreikningi á árlegu tapi vegna rekstraráhættu í samræmi við 1. mgr. 320. gr., fyrir hvert síðustu 10 fjárhagsára og samsvarandi rökstuðning fyrir undanþágunum.“

228) Ákvæðum 447. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) samsetningu eiginfjárgrunns síns og áhættuþekjuhlutfall fjármagns eins og það er reiknað í samræmi við 2. mgr. 92. gr.,“.

b) Eftirfarandi lið er bætt við:

„aa) eftir atvikum, áhættuþekjuhlutfall fjármagns eins og það er reiknað í samræmi við 2. mgr. 92. gr., með því að nota heildaráhættugrunn án neðri marka í staðinn fyrir heildaráhættugrunn,“.

c) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) heildaráhættugrunnur eins og hann er reiknaður í samræmi við 3. mgr. 92. gr. og, eftir atvikum, heildaráhættugrunnur án neðri marka, eins og hann er reiknaður í samræmi við 4. mgr. 92. gr.,“.

d) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) samanlögð krafa um eiginfjárauka sem stofnanirnar þurfa að hafa yfir að ráða í samræmi við 4. kafla VII. bóls í tilskipun 2013/36/ESB,“.

229) Í stað 449. gr. a kemur eftirfarandi:

„449. gr. a

#### **Birting upplýsinga um umhverfis-, félags- og stjórnunaráhættu (UFS-áhætta)**

1. Stofnanir skulu birta upplýsingar um UFS-áhættu, þar sem greint er á milli umhverfislegrar, félagslegrar og stjórnunarlegrar áhættu og raunlegrar áhættu og umbreytingaráhættu vegna umhverfisáhættu.

2. Að því er 1. mgr. varðar skulu stofnanir birta upplýsingar um UFS-áhættu, þ.m.t.:

- a) heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga gagnvart aðilum í jarðefnaeldsneytisgeiranum,
- b) hvernig stofnanir fella tilgreinda UFS-áhættu inn í starfsstefnu sína og ferla, og stjórnunarhætti og áhættustýringu.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina samræmd snið fyrir upplýsingagjöf, eins og mælt er fyrir um í 434. gr. a, vegna UFS-áhættu og tryggja þar með að þau samræmist meðal-hófsreglunni og hafi hana í heiðri, en forðast um leið skörun við kröfur um upplýsingagjöf sem hefur þegar verið komið á fót í öðrum gildandi lögum Sambandsins. Þessi snið skulu ekki krefjast birtingar upplýsinga umfram þær upplýsingar sem ber að tilkynna lögbærum yfirvöldum í samræmi við h-lið 1. mgr. 430. gr., og skulu einkum taka tillit til stærðar og flækju-stigs stofnunar og hlutfallslegrar áhættuskuldbindingar litilla og einfaldrastofnana vegna UFS-áhættu, ef þær falla undir 433. gr. b.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

230) Eftirfarandi grein bætist við:

„449. gr. b

#### **Upplýsingagjöf um samanlagðar áhættuskuldbindingar til skuggabankaaðila**

Stofnunin skal birta upplýsingar varðandi samanlagðar áhættuskuldbindingar sínar gagnvart skuggabankaaðilum, eins og um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 394. gr.“

231) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 451. gr.:

„f) fjárhæð krafna um eiginfjárgrunn sem byggja á eftirlitsferli eins og um getur í a-lið 1. mgr. 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB til að takast á við hættuna á of mikilli vogun og samsetningu hennar.“

232) Eftirfarandi grein bætist við:

„451. gr. b

#### **Upplýsingagjöf um áhættuskuldbindingar sýndareigna og tengda starfsemi**

1. Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um sýndareignir og þjónustu á sviði sýndareigna, sem og hvers kyns aðra starfsemi sem tengist sýndareignum:

- a) beinar og óbeinar fjárhæðir áhættuskuldbindinga í tengslum við sýndareignir, þ.m.t. þættir vergra gnótt- og skortstaðna hreinna áhættuskuldbindinga,
- b) heildarfjárhæð áhættugrunns vegna rekstraráhættu,
- c) reikningsskilaflokkun fyrir áhættuskuldbindingar sýndareigna,
- d) lýsingu á atvinnustarfsemi sem tengist sýndareignum og áhrifum þeirra á áhættulýsingu stofnunar,
- e) sérstaka lýsingu á áhættustýringarstefnu sinni í tengslum við áhættuskuldbindingu sýndareigna og þjónustu á sviði sýndareigna.

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skulu stofnanir veita ítarlegri upplýsingar um mikilvæga atvinnustarfsemi, þ.m.t. útgáfu á mikilvægum eignatengdum tókum og mikilvægum rafeyristókum og um útvegum þjónustu á sviði sýndareigna skv. 60. og 61. reglugerðar (ESB) 2023/1114.

2. Stofnanir skulu ekki beita undanþágunni sem mælt er fyrir um í 432. gr. að því er varðar birtingarkröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar.“

233) Í stað 455. gr. kemur eftirfarandi:

„455. gr.

#### Notkun eigin líkana fyrir markaðsáættu

1. Stofnun sem notar eigin líkönin sem um getur í 325. gr. az við útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu skal birta:
  - a) markmið sín í tengslum við viðskiptastarfsemi og ferli til að auðkenna, mæla, vakta og stýra markaðsáættu,
  - b) stefnurnar sem um getur í 1. mgr. 104. gr. til að ákvarða hvaða stöðu á að hafa með í veltubók,
  - c) almenna lýsingu á uppbyggingu þeirra viðskiptaborða sem falla undir eigin líkön, þ.m.t. viðtæka lýsingu á viðskiptastefnu borðsins, gerninga sem leyfðir eru þar og helstu áhættutegundir í tengslum við borðið fyrir hvert viðskiptaborð,
  - d) yfirlit yfir stöður í veltubók sem eigin líkön ná ekki yfir, þ.m.t. almenna lýsingu á uppbyggingu viðskiptaborða og tegundum gerninga sem eru í borðunum eða í flokkum viðskiptaborða í samræmi við 104. mgr. b,
  - e) uppbyggingu og skipulag innri áhættustýringar og stjórnarháttar markaðsáættu,
  - f) gildissvið, helstu einkenni og helstu valkostir við líkanagerð fyrir mismunandi eigin líkön sem notuð eru til að reikna áhættugrunn fyrir helstu líkönin sem notuð eru á samstæðustigi, og lýsingu á því að hve miklu leyti þessi innri líkön tákna líkönin sem notuð eru á samstæðustigi, þ.m.t., eftir atvikum, viðtæka lýsingu á eftirfarandi:
    - i. líkanagerðaraðferðina sem notuð er til að reikna út áætlað greiðslufall sem um getur í a-lið 1. mgr. 325. gr. ba, þ.m.t. tíðni gagnauppfærslna,
    - ii. aðferðirnar sem notaðar eru til að reikna út áhættumat sem byggist á álagssviðsmynd sem um getur í b-lið 1. mgr. 325. gr. ba, aðrar en skilgreiningarnar sem kveðið er á um í 3. mgr. 325. gr. bk,
    - iii. líkanagerðaraðferðina sem notuð er til að reikna út kostnað vegna vanskilaáættu sem um getur í 2. mgr. 325. gr. ba, þ.m.t. tíðni gagnauppfærslna.
2. Stofnanir skulu birta samanteknar upplýsingar um eftirfarandi efnisþætti fyrir öll viðskiptaborð sem falla undir eigin líkön sem um getur í 325. gr. az, eftir atvikum:
  - a) nýjasta virðið, sem og það hæsta, lægsta og meðalgildið fyrir síðustu 60 viðskiptadaga af:
    - i. matinu vegna ótakmarkaðs áætlaðs greiðslufalls sem um getur í 1. mgr. 325. gr. bb,
    - ii. matinu fyrir ótakmarkað áætlað greiðslufall sem um getur í 1. mgr. 325. gr. bb fyrir sérhvern viðtækan flokk áhættuþátta eftirlitsaðila,
  - b) nýjasta virðið, sem og meðalgildið fyrir síðustu 60 viðskiptadaga af:
    - i. áhættumatinu vegna áætlaðs greiðslufalls sem um getur í 1. mgr. 325. gr. bb,
    - ii. áhættumatinu fyrir álagssviðsmynd sem um getur í b-lið 1. mgr. 325. gr. ba reglugerðar,
    - iii. kröfunni um eiginfjárgrunn að því er varðar vanskilaáættu sem um getur í 2. mgr. 325. gr. ba,
    - iv. summunni af kröfunum um eiginfjárgrunn sem um getur í 3. mgr. 325. gr. ba, þ.m.t. öllum efnisþáttum formúlunnar og gildandi margföldunarstuðli,
  - c) fjölda yfirskota vegna afturvirkra prófana yfir síðustu 250 viðskiptadaga við 99. öryggisbilið, eins og um getur í 6. mgr. 325. gr. bf.
3. Stofnanir skulu birta samanteknar upplýsingar fyrir öll viðskiptaborð um kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu sem væri reiknuð í samræmi við 1. kafla a IV. bólsks þriðja hluta, ef stofnanirnar hafa ekki fengið heimild til að nota eigin líkön á viðskiptaborðin.“

234) Í stað d-liðar 1. mgr. 456. gr. kemur eftirfarandi:

„d) fjárhæð sem tilgreind er í 123. gr. (b-lið 1. mgr.), 147. gr. (a-lið 5. mgr.), 153. gr. (4. mgr.) og 162. gr. (4. mgr.) til að taka megí tillit til áhrifa verðbólgu,“

235) Ákvæðum 458. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Ef aðildarríki viðurkenna þær ráðstafanir sem gerðar eru í samræmi við þessa grein skulu þau tilkynna evrópska kerfisáhætturáðinu um það. Evrópska kerfisáhætturáðið skal tafarlaust áframsenda slíkar tilkynningar til ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkisins sem hefur heimild til að beita ráðstöfununum.“

b) Í stað 9. mgr. kemur eftirfarandi:

„9. Áður en heimildin sem gefin er út í samræmi við 2. og 4. mgr. rennur út skal viðkomandi aðildarríki, í samráði við evrópska kerfisáhætturáðið, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og framkvæmdastjórnina, endurmeta ástandið og má samþykka, í samræmi við aðferðina sem um getur í 2. og 4. mgr., nýja ákvörðun um framlengingu gildistímabils landsráðstafananna í allt að tvö ár til viðbótar í hvert skipti.“

236) Í stað 461. gr. a kemur eftirfarandi:

„461. gr. a

#### **Kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu**

1. Framkvæmdastjórnin skal vakta mismuninn á milli framkvæmdar alþjóðlegra staðla á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu í Sambandinu og í þriðju löndum, þ.m.t. að því er varðar áhrif reglna með tilliti til krafna um eiginfjárgrunn og að því er varðar framkvæmdardagsetningu þeirra.

2. Komi fram verulegur munur á slíkri framkvæmd skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykka framseldar gerðir, í samræmi við 462. gr., til að breyta þessari reglugerð með því að:

a) beita, fram að framkvæmdardagsetningu lagagerðarinnar sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar eða í allt að þrjú ár ef slík lagagerð er ekki fyrir hendi, og ef nauðsyn krefur til að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum og jafna greindan mismun, markvissum ráðstöfunum til rekstraraðstoðar eða markvissum margföldurum sem eru jafnt og eða hærri en 0 og lægri en 1 í útreikningi á kröfum stofnunarinnar um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu, fyrir tiltekna áhættuflokka og tiltekna áhættuþætti, með einni af þeim aðferðum sem um getur í 1. mgr. 325. gr., og mælt er fyrir um í:

i. 325. gr. c til 325. gr. ay, sem tilgreinir aðra staðalaðferð,

ii. 325. gr. az til 325. gr. bp, sem tilgreinir aðra aðferð eigin líkana,

iii. 326. gr. til 361. gr., sem tilgreinir einfaldaða staðalaðferð,

b) fresta um allt að tvö ár þeirri dagsetningu sem stofnanir skulu beita kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu sem sett var fram í IV. bálki í þriðja hluta, eða einnar af aðferðunum til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu sem um getur 1. mgr. 325. gr.

Ef framkvæmdastjórnin samþykkir framseldu gerðina sem um getur í fyrstu undirgrein, skal hún, eftir því sem við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til Evrópuþingsins og ráðsins til að aðlagja framkvæmd innan Sambandsins á alþjóðlegum stöðlum um kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu til að viðhalda varanlega jöfnum samkeppnisskilyrðum við þriðju lönd, varðandi kröfur um eiginfjárgrunn og áhrif af kröfunum.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal eigi síðar en 10. júlí 2026 skila skýrslu til Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd alþjóðlegra staðla á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu í þriðju löndum.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði á heimsvísu.“

237) Í stað 465. gr. kemur eftirfarandi:

„465. gr.

**Umbreytingarfyrirkomulag vegna úttaksgólfs**

1. Þrátt fyrir fyrstu undirgrein 3. mgr. 92. gr., og með fyrirvara um undanþáguna sem sett er fram í annarri undirgrein 3. mgr. 92. gr., geta stofnanir beitt eftirfarandi stuðli x við útreikning á heildaráhættugrunni:

- a) 50% á tímabilinu frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2025,
- b) 55% á tímabilinu frá 1. janúar 2026 til 31. desember 2026,
- c) 60% á tímabilinu frá 1. janúar 2027 til 31. desember 2027,
- d) 65% á tímabilinu frá 1. janúar 2028 til 31. desember 2028,
- e) 70% á tímabilinu frá 1. janúar 2029 til 31. desember 2029.

2. Þrátt fyrir fyrstu undirgrein 3. mgr. 92. gr., og með fyrirvara um undanþáguna sem sett er fram í annarri undirgrein 3. mgr. 92. gr., geta stofnanir, fram til 31. desember 2029, beitt eftirfarandi formúlu við útreikning á heildaráhættugrunni:

$$TREA = \min\{\max\{U-TREA; x \cdot S-TREA\}; 125\% \cdot U-TREA\}$$

Að því er útreikninginn varðar skulu stofnanir taka tillit til gildandi stuðuls x sem um getur í 1. mgr.

3. Þrátt fyrir ii. lið a-liðar 5. mgr. 92. gr. og með fyrirvara um undanþáguna sem sett er fram í annarri undirgrein 3. mgr. 92. gr., geta stofnanir, fram til 31. desember 2032, úthlutað áhættuvog 65% á áhættuskuldbindingar til fyrirtækja sem ekkert lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki liggur fyrir og að því tilskildu að mat stofnananna á líkum á vanefndum hjá loforðsgjöfunum, reiknað í samræmi við 3. kafla II. bóls þriðja hluta, sé ekki herra en 0,5%.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu, í samvinnu við Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina, vakta notkun á umbreytingarmeðferðinni sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein og leggja sérstaklega mat á:

- a) aðgengi fyrirtækja að lánshæfismati frá tilnefndum utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum og að hvaða marki það hefur áhrif á lánveitingu stofnana til fyrirtækja,
- b) þróun lánshæfismatsfyrirtækja, aðgangshindranir að markaði fyrir ný lánshæfismatsfyrirtæki, hlutfall fyrirtækja sem kjósa að fá einkunn frá einu eða fleiri þessara fyrirtækja og aðgangshamlanir að lánshæfismati sem utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki gerir fyrir fyrirtæki,
- c) hugsanlegar ráðstafanir til að bregðast við hömlum, að teknu tilliti til mismunar á milli atvinnuvega og landfræðilegra svæða og þróunar lausna á vegum einkaaðila eða opinberra aðila eins og mats á lánshæfi, einkunna frá einkaaðilum sem stofnanir mæla fyrir um, sem og einkunna seðlabanka,
- d) hversu viðeigandi áhættuvegnar fjárhæðir áhættuskuldbindinga eru fyrir áhættuskuldbindingar ómetinna fyrirtækja og áhrif þeirra á fjármálastöðugleika,
- e) aðferðir þriðju landa varðandi beitingu á úttaksgólfi á áhættuskuldbindingar fyrirtækja og langtímasjónarmiða um jöfn samkeppnisskilyrði sem gætu komið fram í kjölfarið,
- f) samræmi við tengda alþjóðlega samþykktu staðla sem Baselnefndin um bankaeftirlit hefur þróað.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu, í samvinnu við Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina, leggja fram skýrslu með niðurstöðum sínum til framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 10. júlí 2029.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar og að teknu tilhlýðilegu tilliti til tengdra alþjóðlega samþykktu staðla sem Baselnefndin um bankaeftirlit hefur þróað skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2031.

4. Þrátt fyrir iv. lið a-liðar 5. mgr. 92. gr., og með fyrirvara um undanþáguna sem sett er fram í annarri undirgrein 3. mgr. 92. gr., skulu stofnanir, fram til 31. desember 2029, skipta alpha út fyrir 1 í útreikningi á áhættuskuldbindingarvirði

fyrir samningana sem taldir eru upp í II. viðauka í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 3. þætti 6. kafla II. bóls í þriðja hluta ef sömu áhættuskuldbindingarvirðin eru reiknuð í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 6. þætti 6. kafla II. bóls í þriðja hluta með tilliti til heildarfjárhæð áhættugrunns sem ekki hefur neðri mörk.

5. Þrátt fyrir ii. lið a-liðar 5. mgr. 92. gr. og með fyrirvara um undanþáguna sem sett er fram í annarri undirgrein 3. mgr. 92. gr. og að því tilskildu að öll skilyrði sem sett eru fram í 8. mgr. þessarar greinar eru uppfyllt, geta aðildarríki heimilað stofnunum að úthluta:

- a) fram til 31. desember 2032, áhættuvog upp á 10% á þann hluta áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði upp á allt að 55% af virði fasteigna, ákvarðað í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 125. gr., og
- b) fram til 31. desember 2029, áhættuvog upp á 45% á alla eftirstandandi hluta af áhættuskuldbindingunum sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði um allt að 80% af virði fasteigna, ákvarðað í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 125. gr., að því tilskildu að aðlögun á kröfum vegna eiginfjárgrunns fyrir útlánaáhættu sem um getur í 501. gr. sé ekki beitt.

6. Að því er a-lið 5. mgr. varðar, ef stofnun á réttlægri veð og til staðar eru rétthærri veð sem eru ekki í eigu stofnunarinnar skal lækka fjárhæð 55% af virði fasteigna um fjárhæð rétthærri veða sem eru ekki í eigu stofnunarinnar til að ákvarða þann hluta af áhættuskuldbindingu stofnunar sem er hæfur fyrir 10% áhættuvog.

Flokkist veð sem eru ekki í eigu stofnunar jafnrétthá veði sem er í eigu stofnunarinnar, skal, til að ákvarða þann hluta af áhættuskuldbindingu stofnunar sem er hæfur fyrir 10% áhættuvog, fjárhæð 55% af virði fasteignarinnar, að frádreginni fjárhæð allra rétthærri veða sem eru ekki í eigu stofnunarinnar, lækkuð með margfeldi:

- a) 55% af virði fasteignarinnar, að frádreginni fjárhæð rétthærri veðréttinda, ef einhver eru, bæði í eigu stofnunarinnar og í eigu annarra stofnana, og
- b) fjárhæðar veðréttinda sem eru ekki í eigu stofnunarinnar en eru jafnrétthá veðréttindum sem eru í eigu stofnunarinnar, deilt með summu allra jafnrétthárra veðréttinda.

7. Að því er b-lið 5. mgr. varðar, ef stofnun á réttlægri veð og til staðar eru rétthærri veð sem eru ekki í eigu stofnunarinnar, skal lækka fjárhæð 80% af virði fasteigna um fjárhæð rétthærri veða sem eru ekki í eigu stofnunarinnar til að ákvarða þann hluta af áhættuskuldbindingu stofnunar sem er hæfur fyrir 45% áhættuvog.

Flokkist veð sem eru ekki í eigu stofnunar jafnrétthá veði sem er í eigu stofnunarinnar, skal, til að ákvarða þann hluta af áhættuskuldbindingu stofnunar sem er hæfur fyrir 45% áhættuvog, fjárhæð 80% af virði fasteignarinnar, að frádreginni fjárhæð allra rétthærri veða sem eru ekki í eigu stofnunarinnar, lækkuð með margfeldi:

- a) 80% af virði fasteignarinnar, að frádreginni fjárhæð rétthærri veða, ef einhver eru, bæði í eigu stofnunarinnar og í eigu annarra stofnana, og
- b) fjárhæðar veðréttinda sem eru ekki í eigu stofnunarinnar en eru jafnrétthá veðréttindum sem eru í eigu stofnunarinnar, deilt með summu allra jafnrétthárra veðréttinda.

8. Að því er 5. málsgrein þessarar greinar varðar skulu öll eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- a) áhættuskuldbindingarnar geta fallið undir þá meðferð sem sett er fram í 1. mgr. 125. gr.,
- b) hæfar áhættuskuldbindingar eru áhættuvegnar í samræmi við þriðja hluta, II. bóls, 3. kafla,
- c) íbúðarhúsnæðið sem tryggir hæfar áhættuskuldbindingar er staðsett í aðildarríki sem hefur beitt undanþágunni,
- d) undanfarin átta ár fer tap stofnunar á tilteknu ári, sem stofnunin hefur tilkynnt skv. a- og c-lið 1. mgr. 430. gr. a eða skv. a- og c-lið 1. mgr. 101. gr., í útgáfu liðanna sem tóku gildi 27. júní 2021, um þann hluta áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði um allt að þeirri fjárhæð sem er lægri af fjárhæð veðsetts hluta og 55% af virði fasteigna, nema annað sé ákveðið skv. 9. mgr. 124. gr., að meðaltali ekki yfir 0,25% af summunni af áhættuskuldbindingarvirði allra útistandandi áhættuskuldbindinga sem eru tryggðar með veði í íbúðarhúsnæði,

- e) að því er hæfar áhættuskuldbindingar varðar hefur stofnun eftirfarandi framfylgjanleg réttindi ef loforðsgjafi lendir í vanefndum eða vanskilum:
  - i. rétt yfir íbúðarhúsnæðinu sem tryggir áhættuskuldbindingu eða rétt til að taka veðlán í íbúðarhúsnæðinu í samræmi við g-lið 5. mgr. 108. gr.,
  - ii. rétt yfir öðrum eignum og tekjum loforðsgjafa, ýmist samningsbundið eða samkvæmt gildandi landslögum,
- f) lögbært yfirvald hefur staðfest að skilyrðin sem sett voru fram í a- til e-lið séu uppfyllt.

9. Ef undanþágunni sem um getur í 5. mgr. hefur verið beitt og að því tilskildu að öll skilyrði sem sett voru fram í 8. mgr. séu uppfyllt, er stofnunum heimilt að úthluta eftirfarandi áhættuvogum á alla eftirstandandi hluta áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði, sem um getur í b-lið 5. mgr., fram til 31. desember 2032:

- a) 52,5% á tímabilinu frá 1. janúar 2030 til 31. desember 2030,
- b) 60% á tímabilinu frá 1. janúar 2031 til 31. desember 2031,
- c) 67,5% á tímabilinu frá 1. janúar 2032 til 31. desember 2032.

10. Ef aðildarríkin nýta sér undanþáguna sem um getur í 5. mgr. skulu þau tilkynna það Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og færa rök fyrir ákvörðun sinni. Lögbær yfirlýðing skulu tilkynna upplýsingar um allar staðfestingar sem um getur í f-lið 8. mgr. til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.

11. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal vakta notkun á umbreytingarmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 5. mgr. og leggja fram skýrslu um niðurstöður sínar um hversu viðeigandi tengdar áhættuvogir eru til framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 31. desember 2028.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar og að teknu tilhlýðilegu tilliti til tengdra alþjóðlega samþykktra staðla sem Baselnefndin um bankaeftirlit hefur þróað skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2031.

12. Hvers kyns framlenging á umbreytingarfyrirkomulaginu, sem um getur í 3., 5. og 9. gr. þessarar greinar og í 1. mgr. 495. gr. b, 1. mgr. 495. gr. c og 1. mgr. 495. gr. d, skal takmarkast við fjögur ár og vera rökstutt með sambærilegu mati og um getur í þessum greinum.

13. Þrátt fyrir iii. lið a-liðar eða ii. lið b-liðar 5. mgr. 92. gr. og með fyrirvara um undanþáguna sem sett er fram í annarri undirgrein 3. mgr. 92. gr., að því er varðar áhættuskuldbindingar sem eru áhættuvegnaðar með innramatsaðferð fyrir verðbréfun eða eiginmatsaðferð í samræmi við 4. mgr. 92. gr., ef hluti staðlaðrar heildarfjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar fyrir útlánaáhættu, þynningaráhættu, greiðslufallsáhættu mótaðila eða vegna markaðsáhættu sem stafar af veltubókarviðskiptum er reiknaður með staðalaðferð fyrir verðbréfun í samræmi við 261. eða 262. gr., skulu stofnanir, fram til 31. desember 2032, beita eftirfarandi þætti p:

- a)  $p = 0,25$  fyrir stöðu í verðbréfun sem 262. gr. gildir um,
- b)  $p = 0,5$  fyrir stöðu í verðbréfun sem 261. gr. gildir um.“

238) Ákvæðum 468. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Tímabundin meðferð óinnleysts hagnaðar og taps metið á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu“.

- b) Í stað 1. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 35. gr. mega stofnanir, fram til 31. desember 2025 („tímabil tímabundinnar meðferðar“) fjarlægja úr útreikningum á liðum í almennu eigin fé þáttar 1 fjárhæðina A sem er ákvörðuð í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$A = a \cdot f$$

þar sem:

- a = fjárhæð óinnleysts hagnaðar og taps sem safnast hefur upp frá 31. desember 2019 sem flokkuð eru sem „breytingar á gangvirði fjármálagerna sem metnir eru á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu“ í efnahagsreikningi, sem samsvarar áhættuskuldbindingum gagnvart ríkjum, héraðsstjórnunum eða staðaryfirvöldum sem um getur í 2. mgr. 115. gr. þessarar reglugerðar og opinberum aðilum sem um getur í 4. mgr. 116. gr. þessarar reglugerðar, að frátöldum þeim fjáreignum sem eru virðisrýrðar, eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 („viðaukinn sem varðar IFRS 9“) og
- f = stuðullinn fyrir hvert skýrslugjafarár á tímabili tímabundinnar meðferðar í samræmi við 2. mgr.

2. Stofnanir skulu beita þættinum f með gildi jafnt og 1 fram til 31. desember 2025 til að reikna út fjárhæð A sem um getur í 1. mgr.“

239) Ákvæðum 3. mgr. 493. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) sértryggð skuldabréf, eins og um getur í 129. gr.,“.

b) Í stað i-liðar kemur eftirfarandi:

„i) 50% af bankaábyrgðum utan efnahagsreiknings í undirflokki 4 og af þeim ónotuðu lánsheimildum í undirflokki 3 sem um getur í I. viðauka með upphaflegan lánstíma til eins árs eða skemur og, með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda, 80% af tryggingum öðrum en lánatryggingum sem hafa lagalegan eða stjórnsýslulegan grundvöll og gagnkvæm ábyrgðarkerfi með stöðu lánastofnunar veita aðilum sínum,“.

240) Eftirfarandi grein bætist við:

„494. gr. d

#### **Endurhvarf til einfaldari aðferða**

Þrátt fyrir 149. gr. getur stofnun, frá 9. júlí 2024 fram til 10. júlí 2027, horfið aftur til einfaldari aðferða fyrir einn eða fleiri af áhættuskuldbindingaflokkunum sem um getur í 2. mgr. 147. gr., ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) stofnunin var þegar til staðar þann 8. júlí 2024 og hafði heimild lögbærs yfirvalds til að meðhöndla áhættuskuldbindingarflokkana samkvæmt innramatsaðferð,
- b) stofnunin hefur aðeins beðið einu sinni um endurhvarf til einfaldari aðferðar á þessu þriggja ára tímabili,
- c) beiðni um að taka upp einfaldari aðferð er ekki gerð í þágu eftirlitshögnunar,
- d) stofnunin hefur formlega tilkynnt lögbæru yfirvaldi að hún óski eftir að hverfa aftur til einfaldari aðferðar fyrir áhættuskuldbindingarflokkana a.m.k. sex mánuðum áður en hún hverfur aftur til þeirrar aðferðar,
- e) lögbært yfirvald hefur ekki mótmælt beiðni stofnunarinnar um slíkt endurhvarf innan þriggja mánaða frá móttöku tilkynningarinnar sem um getur í d-lið.“

241) Í stað 495. gr. kemur eftirfarandi:

„495. gr.

#### **Meðferð á fjárhæðum áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa samkvæmt innramatsaðferðinni**

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 107. gr. skulu stofnanir sem hafa fengið leyfi til að beita innramatsaðferð til að reikna út áhættuvegna fjárhæð áhættuskuldbindinga að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, fram til 31. desember 2029 og með fyrirvara um 3. mgr. 495. gr. a, reikna út áhættuvegna fjárhæð áhættuskuldbindinga fyrir hverja áhættuskuldbindingu vegna hlutabréfa sem þær hafa fengið leyfi til að beita innramatsaðferð á, sem það herra af eftirfarandi:

- a) áhættuveginni fjárhæð áhættuskuldbindinga sem reiknuð er út í samræmi við 1. og 2. mgr. 495. gr. a,
- b) áhættuveginni fjárhæð áhættuskuldbindingar sem reiknuð er samkvæmt þessari reglugerð í útgáfunni sem var í gildi þann 8. júlí 2024.

2. Í stað þess að beita meðferðinni sem mælt er fyrir um í 1. gr., geta stofnanir sem hafa fengið leyfi til að beita innramatsaðferð til að reikna út áhættuvegna fjárhæð áhættuskuldbindingar að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa beitt meðferðinni sem sett er fram í 133. gr. á allar áhættuskuldbindingar sínar hvenær sem er fram til 31. desember 2029.

Ef stofnanir beita fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skulu 1. og 2. mgr. 495. gr. a ekki gilda.

Að því er þessa málsgrein varðar skulu skilyrðin fyrir því að hverfa aftur til einfaldari aðferða sem sett eru fram í 149. gr. ekki gilda.

3. Stofnanir sem beita meðferðinni sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar skulu reikna út fjárhæð vænts taps í samræmi við 7., 8. eða 9. mgr. 158. gr., eftir því sem við á, í þeirri útgáfu málsgreinnanna sem var í gildi þann 8. júlí 2024 og beita d-lið 1. mgr. 36. gr. og d-lið 62. gr. eftir því sem við á í þeirri útgáfu liðanna sem var í gildi þann 8. júlí 2024 ef áhættuvegin fjárhæð áhættuskuldbindingar sem reiknuð er skv. b-lið 1. mgr. þessarar greinar er hærri en áhættuvegin fjárhæð áhættuskuldbindingar sem reiknuð er skv. a-lið 1. mgr. þessarar greinar.

4. Ef stofnanir fara fram á leyfi til að beita innramatsaðferð til að reikna út áhættuvegna fjárhæð áhættuskuldbindingar að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, skulu lögbær yfirvöld ekki veita slíkt leyfi eftir 31. desember 2024.“

242) Eftirfarandi greinar bætast við:

„495. gr. a

#### **Umbreytingarfyrirkomulag að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa**

1. Þrátt fyrir meðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 133. gr. skal áhættuskuldbindingum vegna hlutabréfa vera úthlutað hæstu áhættuvoginni sem er gildandi þann 8. júlí 2024, takmarkað við 250%, og eftirfarandi áhættuvogum:

- a) 100% á tímabilinu frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2025,
- b) 130% á tímabilinu frá 1. janúar 2026 til 31. desember 2026,
- c) 160% á tímabilinu frá 1. janúar 2027 til 31. desember 2027,
- d) 190% á tímabilinu frá 1. janúar 2028 til 31. desember 2028,
- e) 220% á tímabilinu frá 1. janúar 2029 til 31. desember 2029.

2. Þrátt fyrir meðferðina sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 133. gr. skal áhættuskuldbindingum vegna hlutabréfa vera úthlutað hæstu áhættuvoginni sem er gildandi þann 8. júlí 2024 og eftirfarandi áhættuvogum:

- a) 100% á tímabilinu frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2025,
- b) 160% á tímabilinu frá 1. janúar 2026 til 31. desember 2026,
- c) 220% á tímabilinu frá 1. janúar 2027 til 31. desember 2027,
- d) 280% á tímabilinu frá 1. janúar 2028 til 31. desember 2028,
- e) 340% á tímabilinu frá 1. janúar 2029 til 31. desember 2029.

3. Þrátt fyrir 133. gr. er stofnunum heimilt að halda áfram að úthluta sömu áhættuvog og var gildandi þann 8. júlí 2024 á áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, að meðtöldum þeim hluta áhættuskuldbindinganna sem er ekki dreginn frá eigin-fjárgrunni í samræmi við 471. gr. í þeirri útgáfu greinarinnar sem var gildandi þann 27. október 2021, gagnvart einingum þar sem þær hafa verið hluthafar þann 27. október 2021 í sex samfelld ár, þegar þær, eða ásamt þeim netum sem stofnanir tilheyra, hafa veruleg áhrif eða yfirráð í skilningi tilskipunar 2013/34/ESB, eða reikningsskilastaðlanna sem stofnun fellur undir skv. reglugerð (EB) nr. 1606/2002, eða vegna svipaðra tengsla milli einstaklinga eða lögaðila eða stofnanans og fyrirtækis, eða ef stofnun hefur getu til að skipa a.m.k. einn fulltrúa í stjórn einingarinnar.

495. gr. b

#### **Umbreytingarfyrirkomulag fyrir sértækar lánaáhættuskuldbindingar**

1. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 161. gr. skulu ílagsgólf taps að gefnum vanefndum sem gilda um sértækar lánaáhættuskuldbindingar sem fá meðferð samkvæmt innramatsaðferðinni ef eigið mat á tapi að gefnum vanefndum er notað, vera gildandi ílagsgólf taps að gefnum vanefndum sem kveðið er á um í 4. mgr. 161. gr., margfaldað með eftirfarandi þáttum:

- a) 50% á tímabilinu frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2027,
- b) 80% á tímabilinu frá 1. janúar 2028 til 31. desember 2028,
- c) 100% á tímabilinu frá 1. janúar 2029 til 31. desember 2029.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal útbúa skýrslu um viðeigandi kvörðun á áhættubreytum, að meðtalinni frádragsbreytunni, sem á við um sértækar lánaáhættuskuldbindingar samkvæmt innramatsaðferðinni, og einkum um eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og ílagsgólf taps að gefnum vanefndum fyrir hvern sérstakan flokk sértækra lánaáhættuskuldbindinga eins og um getur í 8. mgr. 147. gr. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal einkum hafa með í skýrslu sinni gögn um meðalfjölda vanskila og innleysts taps sem verður í Sambandinu fyrir mismunandi úrtak stofnana með ólík viðskipta- og áhættusnið. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal ráðleggja sérstakar kvarðanir á áhættubreytum, þ.m.t. frádragsbreytuna, sem endurspeglar sértækt og mismunandi áhættusnið fyrir hvern sérstakan flokk sértækra lánaáhættuskuldbindinga.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 10. júlí 2026, leggja skýrsluna fram hjá Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar og að teknu tilhlýðilegu tilliti til tengdra alþjóðlega samþykktra staðla sem Baselnefndin um bankaeftirlit hefur þróað skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2027.

3. Þrátt fyrir a-lið 3. mgr. 122. gr. a er heimilt að úthluta áhættuvog upp á 80% á sértækar lánaáhættuskuldbindingar, eins og um getur í þeim lið, sem ekki er tiltækt beint láns hæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi láns hæfismatsfyrirtæki fyrir, fram til 31. desember 2032, ef leiðréttingunni á kröfum um eiginfjárgrunn vegna útlánaáættu sem um getur í 501. gr. a er ekki beitt og áhættuskuldbindingin telst vera hágæða þegar allar eftirfarandi forsendur eru teknar með í reikninginn:

- a) loforðsgjafinn getur uppfyllt fjárskuldbindingar sínar jafnvel í verulega alvarlegum aðstæðum, þar sem öll eftirfarandi atriði eru til staðar:
  - i. nægileg áhættuskuldbinding af virði áhættuskuldbindingar,
  - ii. varfærið endurgreiðslusnið áhættuskuldbindingar,
  - iii. samsvarandi eftirstandandi endingartími eignanna eftir fulla greiðslu áhættuskuldbindingar eða að öðrum kosti aðgangur að veitanda útlánavarnar með mikið lánstraust,
  - iv. lítil endurfjármögnunaráhætta áhættuskuldbindingar fyrir loforðsgjafann eða sú áhætta er nægilega milduð með samsvarandi hrakvirði eigna eða aðgangi að veitanda útlánavarnar með mikið lánstraust,
  - v. loforðsgjafinn er með samningsbundnar takmarkanir á starfsemi sinni og fjármögnunarskipulagi,
  - vi. loforðsgjafinn notar afleiður eingöngu í áhættuvarnarskyni,
  - vii. umtalsverðri rekstraráhættu er stjórnað á tilhlýðilegan hátt,
- b) samningsbundið fyrirkomulag um eignimar veitir lánveitendum meiri vernd, þ.m.t. eftirfarandi atriði:
  - i. lánveitendur hafa lagalega framfylgjanlegan fyrsta rétt á fjármögnuðum eignum og, eftir atvikum, og tekjum sem þær gefa af sér,
  - ii. það eru samningsbundnar takmarkanir á getu loforðsgjafa til að gera breytingar á eign, sem myndu hafa neikvæð áhrif á verðmæti hennar,

- iii. ef eignin er í byggingu hafa lánveitendur lagalega framfylgjanlegan fyrsta rétt á eignunum og undirliggjandi verk-samningum,
- c) eignirnar sem verið er að fjármagna uppfylla alla eftirfarandi staðla til virka á traustan og skilvirkan máta:
  - i. tækni og hönnun eignar hafa verið prófuð,
  - ii. öll nauðsynleg leyfi og starfsleyfi til reksturs eignanna hafa verið fengin,
  - iii. ef eignirnar eru í byggingu hefur loforðsgjafinn fullnægjandi verndarráðstafanir fyrir samþykktar forskriftir, fjárhagsáætlun og lokadag eignar, að meðtöldum nægum tryggingum fyrir því að reyndur byggingaraðili ljúki við verkefnið eða komi að verkefninu og viðeigandi samningsákvæði sem tryggja skaðabætur með vöxtum.
- 4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal útbúa skýrslu sem greinir eftirfarandi:
  - a) framvindu þróunar og skilyrða á mörkuðum fyrir fjármögnun til kaupa á áþreifanlegum hlutum í Sambandinu,
  - b) raunverulega áhættu við áhættuskuldbindingar fjármögnunar til kaupa á áþreifanlegum hlutum yfir heilt hagsveiflu-tímabil,
  - c) áhrif á kröfur um eiginfjárgrunn af meðferðinni sem sett er fram í a-lið 3. mgr. 122. gr. a vegna áhættuskuldbindinga fyrir fjármögnun kaupa á áþreifanlegum hlutum, án tillits til 1. mgr. 465. gr.,
  - d) tilhlýðileika og skilgreiningu á undirflokknum „háagæða fjármögnun til kaupa á áþreifanlegum hlutum“ og til að úthluta annarri varfærnismeðferð á undirflokkinn.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 31. desember 2030, leggja skýrsluna fram hjá Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar og að teknu tilhlýðilegu tilliti til tengdra alþjóðlega samþykktar staðla sem Baselnefndin um bankaeftirlit hefur þróað skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2031.

495. gr. c

#### **Umbreytingarfyrirkomulag fyrir útleigu áhættuskuldbindinga sem aðferð til mildunar útlánaáhættu**

1. Þrátt fyrir 230. gr. skal viðeigandi gildi H<sub>c</sub> sem samsvarar „öðrum áþreifanlegum tryggingum“ að því er varðar áhættuskuldbindingar sem um getur í 7. mgr. 199. gr., þar sem útleigð eign samsvarar þeirri gerð fjármagnaðrar útlánavarnar sem er „aðrar áþreifanlegar tryggingar“, vera gildi H<sub>c</sub> fyrir „aðrar áþreifanlegar tryggingar“ sem kveðið er á um í töflu 1 í 2. mgr. 230. gr., margfaldað með eftirfarandi þáttum:

- a) 50% á tímabilinu frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2027,
- b) 80% á tímabilinu frá 1. janúar 2028 til 31. desember 2028,
- c) 100% á tímabilinu frá 1. janúar 2029 til 31. desember 2029.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal útbúa skýrslu um viðeigandi kvarðanir á áhættubreytum sem tengjast áhættuskuldbindingum útleigu samkvæmt innramatsaðferð og áhættuvogum samkvæmt staðalaðferð, einkum um tap að gefnum vanefndum og H<sub>c</sub> sem kveðið er á um í 230. gr. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal einkum hafa með í skýrslu sinni gögn um meðalfjölda vanskila og innleysts taps sem verður í Sambandinu fyrir áhættuskuldbindingar sem tengjast mismunandi gerðum útleigðra eigna og mismunandi gerðum stofnana sem stunda leigustarfsemi.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 10. júlí 2027, leggja skýrsluna fram hjá Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar og að teknu tilhlýðilegu tilliti til alþjóðlega samþykktar staðla sem Baselnefndin um bankaeftirlit hefur þróað skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2028.

*495. gr. d***Umbreytingarfyrirkomulag vegna skuldbindinga sem eru uppsegjanlegar án skilyrða**

1. Þrátt fyrir 2. mgr. 111. gr. skulu stofnanir reikna út áhættuskuldbindingarvirði liðar utan efnahagsreiknings á formi skuldbindinga sem eru uppsegjanlegar án skilyrða með því að margfalda hlutfallið sem kveðið var á um í þeirri grein með eftirfarandi þáttum:

- a) 0% á tímabilinu frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2029,
- b) 25% á tímabilinu frá 1. janúar 2030 til 31. desember 2030,
- c) 50% á tímabilinu frá 1. janúar 2031 til 31. desember 2031,
- d) 75% á tímabilinu frá 1. janúar 2032 til 31. desember 2032.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal útbúa skýrslu sem leggur mat á það hvort framlengja ætti undanþáguna sem um getur a-lið 1. mgr. fram yfir 31. desember 2032 og tilgreina, ef nauðsyn krefur, skilyrðin fyrir því að viðhalda undanþágunni.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 31. desember 2028, leggja skýrsluna fram hjá Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar og að teknu tilhlýðilegu tilliti til tengdra alþjóðlega samþykktra staðla sem Baselinefundin um bankaeftirlit hefur þróað og áhrif af þessum stöðlum á fjármálastöðugleika skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2031.

*495. gr. e***Umbreytingarfyrirkomulag fyrir láns hæfismat utanaðkomandi láns hæfismatsfyrirtækja á stofnunum**

Þrátt fyrir g-lið 138. gr. er lögbærum yfirvöldum heimilt að leyfa stofnunum að halda áfram að nota láns hæfismat utanaðkomandi láns hæfismatsfyrirtækis í tengslum við stofnun sem felur í sér forsendur um óbeinan ríkisstuðning fram til 31. desember 2029.

*495. gr. f***Umbreytingarfyrirkomulag fyrir kröfur um endurmat fasteigna**

Þrátt fyrir a- til d-lið 1. mgr. 229. gr., vegna áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði sem veittar voru fyrir 1. janúar 2025, geta stofnanir haldið áfram að leggja mat á íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði á eða undir markaðsvirði, eða í þeim aðildarríkjum sem hafa kveðið á um ströng skilyrði um mat á virði veðlana í ákvæðum laga eða reglugerða, mat á veðlánsvirði eignarinnar, þar til endurskoða þarf virði fasteignarinnar í samræmi við 3. mgr. 208. gr., eða 31. desember 2027, eftir því hvort ber fyrir að.

*495. gr. g***Umbreytingarfyrirkomulag fyrir tiltekin opinber ábyrgðarkerfi**

Þrátt fyrir 1. mgr. 183. gr. og 1. mgr. 213. gr. skal ábyrgð sem hægt er að fella niður ef um svik loforðsgjafa er að ræða eða það umfang útlánavarnar sem hægt er að skerða í slíku tilviki teljast uppfylla kröfurnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 183. gr. og í c-lið 1. mgr. 213. gr., ef ábyrgðin var veitt af aðila sem um getur í a-lið 2. mgr. 214. gr., eigi síðar en 31. desember 2024.

*495. gr. h***Umbreytingarfyrirkomulag fyrir notkun á annarri aðferð eigin líkana vegna markaðsáhættu**

Þrátt fyrir d-lið 2. mgr. 325. gr. az geta stofnanir notað, fram til 1. janúar 2026, aðra aðferð eigin líkana til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu vegna viðskiptaborða sem uppfylla ekki þær kröfur um eiginfjárgrunn sem mælt er fyrir um í 325. gr. bg.“

243) Ákvæðum 500. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi kemur í stað b-liðar fyrstu undirgreinar:

„b) dagsetningarnar fyrir vanefndar áhættuskuldbindingar eru eftir 23. nóvember 2016 en ekki síðar en 31. desember 2024,“.

ii. Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Aðlögunin sem um getur í fyrstu undirgrein má aðeins hafa verið framkvæmd til 31. desember 2024 og áhrif hennar mega vara eins lengi og samsvarandi áhættuskuldbindingar eru felldar inn í eigið mat stofnunarinnar á tapi að gefnum vanefndum.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2026 og á tveggja ára fresti eftir það, meta hvort umfang áhættuskuldbindinga í vanskilum á efnahagsreikningum stofnana hafi aukist verulega, hvort hún væntir verulegrar hnignunar í eignagæðum stofnana og hvort þróunarstig á eftirmörkuðum fyrir áhættuskuldbindingar í vanskilum sé ekki nægjanlegt til að tryggja skilvirka ráðstöfun stofnana á áhættuskuldbindingum í vanskilum, einnig að teknu tilliti til þróun á sviði reglusetningar um verðbréfun.“

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða hversu viðeigandi undanþága er, sem sett er fram í 1. mgr. og, eftir því sem við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið til að framlengja, endurinnleiða eða breyta, eftir því sem þarf, breytinguna sem kveðið er á um í þessari grein.“

244) Ákvæðum 500. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 2. mgr. 114. gr., þar til 31. desember 2026, að því er varðar áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum og seðlabönkum aðildarríkja, þegar þær áhættuskuldbindingar eru gefnar upp og fjármagnaðar í innlendum gjaldmiðli annars aðildarríkis, gildir eftirfarandi: til 31. desember 2024, skal beita 0% af áhættuvoginni sem þessum áhættuskuldbindingum er úthlutað í samræmi við 2. mgr. 114. gr. b, á virði áhættuskuldbindinganna, á árinu 2025 skal beita 20% af áhættuvoginni sem þessum áhættuskuldbindingum er úthlutað í samræmi við 2. mgr. 114. gr., á virði áhættuskuldbindinganna. á árinu 2026 skal beita 50% af áhættuvoginni sem þessum áhættuskuldbindingum er úthlutað í samræmi við 2. mgr. 114. gr., á virði áhættuskuldbindinganna.“

b) Í stað a-, b- og c-liðar í 2. lið. kemur eftirfarandi:

„a) 100% af eiginfjárbætti 1 stofnunarinnar fram til 31. desember 2025,

b) 75% af eiginfjárbætti 1 stofnunarinnar milli 1. janúar og 31. desember 2026,

c) 50% af eiginfjárbætti 1 stofnunarinnar milli 1. janúar og 31. desember 2027.“

245) Í stað 500. gr. c kemur eftirfarandi:

„500. gr. c

#### **Yfirsíkot undanskilin útreikningum á samleggjanda í afturvirkri prófun í ljósi COVID-19-heimsfaraldursins**

Lögbær yfírvöld geta, þrátt fyrir 325. gr. bf, við sérstakar aðstæður og í stökum tilvikum leyft stofnunum að undanskilja yfirsíkot sem koma fram í afturvirkri prófun stofnana á hugsanlegum eða raunverulegum breytingum úr útreikningum á samleggjandanum sem settir eru fram í 325. gr. bf að því tilskildu að þessi yfirsíkot séu ekki tilkomin vegna annmarka í eigin líkani og að því tilskildu að þau hafi átt sér stað milli 1. janúar 2020 og 31. desember 2021.“

246) Í stað a- og b-liðar 2. mgr. 501. gr. kemur eftirfarandi:

- „a) skal áhættuskuldbinding vegna lítils eða meðalstórs fyrirtækis annaðhvort talin með í smásölu- eða fyrirtækjaflokkum eða tryggð með veði í áhættuskuldbindingaflokkum fasteigna, að undanskildum áhættuskuldbindingum framlags vegna taps,
- b) lítið og meðalstórt fyrirtæki skal hafa merkinguna sem mælt er fyrir um í 9. lið 5. gr.,“

247) Ákvæðum 1. mgr. 501. gr. a er breytt sem hér segir:

- a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:
  - „a) áhættuskuldbindingunni er úthlutað á áhættuskuldbindingaflokkinn sem um getur í g-lið 112. gr. eða á einhvern áhættuskuldbindingaflokkanna sem um getur í i., ii. eða iii. lið c-liðar 2. mgr. 147. gr., að undanskildum áhættuskuldbindingum í vanskilum,“.
- b) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:
  - „f) áhættan af endurfjármögnun loforðsgjafa er lítil eða milduð á tilhlýðilegan hátt að teknu tilliti til hvers konar niðurgreiðslna eða fjármögnunar sem veitt er af hálfu einnar eða fleiri þeirra eininga sem taldar eru upp í i. og ii. lið b-liðar 2. mgr.,“
- c) í stað o-liðar kemur eftirfarandi:
  - „o) að því er varðar áhættuskuldbindingar sem urðu til eftir 1. janúar 2025 hefur loforðsgjafi metið sem svo að eignimar sem verið er að fjármagna hafi jákvæð áhrif á eitt eða fleiri umhverfismarkmiðanna sem sett eru fram í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 og valdi ekki umtalsverðum skaða á öðrum markmiðum sem sett eru fram í þeirri grein, eða að eignimar sem verið er að fjármagna valdi ekki umtalsverðum skaða á neinum þeirra umhverfismarkmiða sem sett eru fram í þeirri grein.“

248) Í stað 501. gr. c kemur eftirfarandi:

„501. gr. c

#### **Varfærnismeðferð áhættuskuldbindinga gagnvart umhverfismarkmiðum eða félagslegum þáttum**

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, að höfðu samráði við Evrópska kerfisáætturáðið, meta á grundvelli fyrirliggjandi gagna hvort aðlaga þurfi sértæk varfærnismeðferð áhættuskuldbindinga sem tengjast eignum eða skuldum, sem verða fyrir áhrifum af umhverfis- eða félagslegum þáttum. Einkum skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin meta:

- a) tiltækileika og aðgengi að áreiðanlegum og samræmdum UFS-gögnum fyrir sérhvern áhættuskuldbindingarflokk í samræmi við II. bálk í þriðja hluta,
- b) að höfðu samráði við Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina, hagkvæmni þess að innleiða staðlaðar aðferðir til að auðkenna áhættuskuldbindingar og gera þær hæfar, fyrir hvern áhættuskuldbindingarflokk sem ákvarðaður er í samræmi við II. bálk í þriðja hluta, samkvæmt algengum meginreglum um flokkun á UFS-áhættu, með upplýsingunum um vísa umbreytingaráhættu og raunlægrar áhættu sem gerð er aðgengileg með skýrslugjafarrömmum fyrir upplýsingagjöf um sjálfbærni sem samþykktir hafa verið í Sambandinu og ef það er tiltækt á alþjóðavettvangi, leiðbeiningar og niðurstöður úr álagspröfunum eftirlitsyrivalda eða sviðsmyndagreiningu á loftlagstengdri fjárhagslegri áhættu sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða lögbær yfirvöld framkvæma og ef þau endurspeglar UFS-áhættu nægilega, viðeigandi UFS-stig lánshæfiseinkunnar frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki,
- c) raunverulega áhættu við áhættuskuldbindingar sem tengist eignum og starfsemi sem falla undir umhverfislega eða félagslega þætti samanborið við áhættu annarra áhættuskuldbindinga og hugsanlegum og ítarlegri endurskoðunum til viðbótar á rammanum sem ætti að íhuga, að teknu tilliti til þeirrar þróunar sem Baselnefndin um bankaefitrlit hefur samþykkt á alþjóðavettvangi,
- d) möguleg áhrif til skamms, meðallangs og lengri tíma af leiðréttri sértækri varfærnismeðferð áhættuskuldbindinga sem tengjast eignum og starfsemi sem verða fyrir áhrifum af umhverfis- eða félagslegum þáttum á fjármálastöðugleika og lánveitingar banka í Sambandinu,
- e) þær markvissu endurbætur sem gætu komið til greina innan núverandi varfærniramma .

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fram röð skýrslna hjá Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni um niðurstöður sínar fyrir eftirfarandi dagsetningar:

- a) 9. júlí 2024 að því er varðar matið sem krafist er skv. e-lið 1. gr.,
- b) 31. desember 2024 að því er varðar matið sem krafist er skv. a- og b-lið 1. gr.,
- c) 31. desember 2025 að því er varðar matið sem krafist er skv. c- og d-lið 1. gr.

Á grundvelli þessara skýrslna frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2026.“

249) Eftirfarandi grein bætist við:

„501. gr. d

#### **Umbreytingarákvæði um varfærnismeðferð á sýndareignum**

1. Í síðasta lagi þann 30. júní 2025 skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til Evrópuþingsins og ráðsins um að innleiða sértæka varfærnismeðferð fyrir áhættuskuldbindingar sýndareigna, að teknu tilliti alþjóðlegra staðla og reglugerðar (ESB) 2023/1114. Þessi tillaga að nýrri löggjöf skal innihalda eftirfarandi:

- a) viðmiðanir fyrir úthlutun sýndareigna í mismunandi flokka sýndareigna eftir áhættueinkennum þeirra og uppfyllingu tiltekinna skilyrða,
  - b) sérstakar kröfur um eiginfjárgrunn fyrir alla áhættu sem fylgir mismunandi sýndareignum,
  - c) samanlögð mörk fyrir áhættuskuldbindingar gagnvart tilteknum gerðum sýndareigna,
  - d) sérstakar vogunarhlutfallskröfur fyrir áhættuskuldbindingar sýndareigna,
  - e) sérstakar eftirlitsheimildir varðandi úthlutun áhættuskuldbindinga sýndareigna, vöktun og útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn,
  - f) sérstakar kröfur um lausafjárstöðu fyrir áhættuskuldbindingar sýndareigna,
  - g) kröfur um birtingu og skýrslugjöf,
2. Fram að framkvæmdardagsetningu lagagerðarinnar sem um getur í 1. mgr. skulu stofnanir reikna eigin kröfur um eiginfjárgrunn fyrir áhættuskuldbindingar sýndareigna á eftirfarandi hátt:
- a) áhættuskuldbindingar sýndareigna gagnvart hefðbundnum eignum á tókuðu formi skulu meðhöndlaðar sem áhættuskuldbindingar gagnvart þeim hefðbundnu eignum sem þær standa fyrir,
  - b) áhættuskuldbindingum gagnvart eignatengdum tókum þar sem útgefendur uppfylla reglugerð (ESB) 2023/1114 og sem vísa til einnar eða fleiri hefðbundinna eigna skal úthlutað 250% áhættuvog,
  - c) öðrum áhættuskuldbindingum sýndareigna en þeim sem um getur í a- og b-lið skal úthlutað 1.250% áhættuvog.

Þrátt fyrir a-lið fyrstu undirgreinar skal úthluta áhættuskuldbindingum sýndareigna gagnvart hefðbundnum eignum á tókuðu formi, þar sem virði þeirra er háð öðrum sýndareignum, á c-lið.

3. Verðmæti heildaráhættuskuldbindinga stofnunar gagnvart öðrum sýndareignum en þeim sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. skal ekki fara yfir 1% af eiginfjárbætti 1 fyrir stofnunina.
4. Stofnun sem fer yfir mörkin sem sett voru fram í 3. mgr. skal tafarlaust tilkynna lögbæru yfirvaldi um brotið og sýna lögbæru yfirvaldi sínu fram á skjótar úrbætur með fullnægjandi hætti.
5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina tæknilegu atriðin sem nauðsynlegt er að séu til staðar til að stofnanir geti reiknað eigin kröfur um eiginfjárgrunn í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í b- og c-lið 2. mgr., þ.m.t. hvernig reikna eigi virði áhættuskuldbindinganna og hvernig leggja á saman skort- og gnóttáhættuskuldbindingar að því er 2. og 3. mgr. varðar.

Við gerð þessara draga að tæknilegum eftirlitsstöðlum skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til tengdra alþjóðlegra viðurkenndra staðla sem Baselnefndin um bankaeftirlit hefur þróað, sem og gildandi leyfa í Sambandinu skv. reglugerð (ESB) 2023/1114.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. júlí 2025.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

6. Við útreikning á kröfum sínum um eiginfjárgrunn fyrir áhættuskuldbindingar sýndareigna skulu stofnanir ekki beita frádrættinum sem um getur b-lið 1. mgr. 36. gr.“

250) Í stað 505. og 506. gr. kemur eftirfarandi:

„505. gr.

#### **Endurskoðun á fjármögnun í landbúnaði**

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 31. desember 2030, útbúa skýrslu um áhrif af kröfum þessarar reglugerðar um fjármögnun í landbúnaði, þ.m.t. um:

- a) tilhlýðileika sérstakrar áhættuvogar fyrir kröfur um eiginfjárgrunn vegna útlánaáhættu sem reiknuð er í samræmi við II. bálk í þriðja hluta, að því er varðar áhættuskuldbindingar gagnvart landbúnaðarfyrirtæki,
- b) eftir atvikum, varfærnislega rökstuddar viðmiðanir fyrir beitingu slíkrar sérstakrar áhættuvogar, þ.m.t. búskaparhættir, sem og skráningu áhættuskuldbindinga í áhættuflokkunum fyrirtæki, smásölu eða tryggðar með fasteignaveði eða fastafjármunum,
- c) samræmingu við áætlunina „frá bóndanum á borðið“ sem sett er fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 20. maí 2020, sem ber yfirskriftina „Áætlun frá bóndanum á borðið fyrir sanngjarnt, heilbrigt og umhverfisvænt matvæla-kerfi“ og viðkomandi umhverfisáhrif í skilningi reglugerðar (ESB) 2020/852, einkum með þeim vísam sem safnað er í búreikningakerfi Sambandsins, sem sýnir framlagsstig með tilliti til:
  - i. nettólosunar gróðurhúsalofttegunda á hektara,
  - ii. notkunar varnarefna og áburðar á hektara,
  - iii. steinefnanýtnihlutfalls jarðvegjar, þ.m.t. kolefni, ammoníak, fosfat og köfnunarefni á hektara,
  - iv. nýtni í vatnsnotkun,
  - v. staðfestingar á jákvæðum áhrifum á vísana sem um getur í i. til iv. lið þessa liðar með kennimerki Evrópu-sambandsins fyrir lífræna framleiðslu sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 (\*).

2. Með tilliti til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin leggja skýrsluna fram til Evrópuþingsins og ráðsins. Eftir því sem við á skal skýrslunni fylgja tillaga að nýrri löggjöf um breytingu á þessari reglugerð til þess að draga úr neikvæðum áhrifum hennar á fjármögnun í landbúnaði.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal einnig útbúa áfangaskýrslu um áhrif af kröfum þessarar reglugerðar um fjármögnun í landbúnaði eigi síðar en 31. desember 2027.

506. gr.

#### **Útlánaáhætta — greiðsluvátrygging**

Eigi síðar en 30. júní 2024 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, í nánu samstarfi við Evrópsku vátrygginga- og lífeyris-sjóðaeftirlitsstofnunina, gefa skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um gjaldgengi og notkun á greiðsluvátryggingarsamningum sem aðferð til mildunar útlánaáhættu, þ.m.t. um:

- a) hversu viðeigandi tengdar áhættubreyturnar eru, sem um getur í 3. og 4. kafla II. bálks í þriðja hluta,
- b) greiningu á raunverulegri og fram kominni áhættu á áhættuskuldbindingar vegna útlánaáhættu þar sem greiðsluvátrygging var viðurkennd sem aðferð við mildun útlánaáhættu,
- c) samkvæmni milli eiginfjárfækna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð hvað varðar niðurstöður greiningarinnar skv. a- og b-lið.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið til að breyta meðferðinni sem gildir um greiðsluvátryggingu sem um getur í II. bálki í þriðja hluta, eigi síðar en 31. desember 2024.

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 (Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1).“

251) Eftirfarandi greinar bætast við:

„506. gr. c

#### **Útlánaáætta — víxlverkun milli lækunar á almennu eigin fé þáttar 1 og greiðslufallsáættubreytna**

Eigi síðar en 31. desember 2026 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um samræmið milli núverandi mælingar á greiðslufallsáættu og stakra greiðslufallsáættubreytna og um meðferð breytinga að því er varðar útreikning á halla samkvæmt innramatsaðferð eða afgang samkvæmt innramatsaðferð eins og um getur í 159. gr., og um samræmi við ákvörðun á áættuskuldbindingarvirði í samræmi við 166. gr. og mat á tap að gefnum vanefndum.

Í skýrslunni skal taka mið af mesta mögulega efnahagslega tapi sem verður vegna vanskila, ásamt fenginni tryggingavernd með hliðsjón af lækun almenns eigin fjár þáttar 1, að teknu tilliti til bókhaldslegrar lækunar á almennu eigin fé þáttar 1, þ.m.t. af væntu útlánatapi eða gangvirðisbreytingum, og hvers kyns afsláttar af mótteknum áættuskuldbindingum og áhrifum þeirra á lögbundinn frádrátt.

506. gr. d

#### **Varfærnis meðferð á verðbréfun**

1. Eigi síðar en 31. desember 2026 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, í nánú samstarfi við Evrópsku verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunina, gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um varfærnis meðferð á verðbréfunarviðskiptum, þar sem gerður eru munur á milli ólíkra tegunda verðbréfana, þ.m.t. tilbúinna verðbréfana, milli upphafsaðila og fjárfesta og milli STS-staðna og viðskipta sem eru ekki STS-stöður.

2. Einkum skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin vakta notkun umbreytingarfyrirkomulagsins sem um getur í 13. mgr. 465. gr. og meta að hvaða marki beiting úttaksgólfs á verðbréfaðar áættuskuldbindingar myndi hafa áhrif á þá lækun fjármagns sem stofnanir sem eru upphafsaðilar ná í viðskiptum þar sem veruleg yfirfærsla áættu hefur verið viðurkennd, myndi draga óhóflega úr áættunæmi og hafa áhrif á efnahagslegan framkvæmanleika nýrra verðbréfunarviðskipta. Í slíkum tilvikum um lækun áættunæmis getur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skoðað að leggja til að óhlutleysisþættir verðir endurvarðaðir niður á við fyrir viðskipti þar sem veruleg yfirfærsla áættu hefur verið viðurkennd. Evrópska banka- eftirlitsstofnunin skal einnig meta hversu víðeigandi óhlutleysisþættir eru samkvæmt bæði staðalaðferð fyrir verðbréfun og innramatsaðferð fyrir verðbréfun, með tilliti til fyrri afkomu útlána í verðbréfunarviðskiptum í Sambandinu og minni líkana- og umboðsáættu í verðbréfunarrammanum.

3. Á grundvelli endurskoðunarinnar sem um getur í 1. gr. og að teknu tilhlýðilegu tilliti til alþjóðlega samþykktra staðla sem Baselinefinndin um bankaeftirlit hefur þróað skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2027.

506. gr. e

#### **Viðurkenning á ófjármagnaðri útlánavörn með efri eða neðri mörkum**

1. Eigi síðar en 10. júlí 2026 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um eftir- farandi:

- a) skilyrðin sem ábyrgðir með efri eða neðri mörk sem sett eru á eignasafnsstigi áættuskuldbindinga („eignasafnsá- byrgðir“) þurfa að uppfylla til að teljast verðbréfun,
- b) þá stjórnsýslulegu meðferð sem gildir um eignasafnsábyrgðir skv. 4. kafla II. bóls í þriðja hluta, ef þær teljast ekki til verðbréfunar,
- c) beitingu krafanna sem settar eru fram í 5. kafla II. bóls í þriðja hluta af þessari reglugerð og í 2. kafla reglugerðar (ESB) 2017/2402 að því er varðar eignasafnsábyrgðir þegar slíkar ábyrgðir geta talist verðbréfun,
- d) beitingu 234. gr. á stakar ábyrgðir sem leiðir til myndunar áættulags.

2. Í skýrslunni sem um getur í 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin einkum leggja mat á eftirfarandi:
- a) í tengslum við a-lið 1. mgr., skilyrðin fyrir því að eignasafnsábyrgðir leiði til yfirfærslu áhættu sem skipt er í áhættulög,
  - b) í tengslum við b-lið 1. mgr.:
    - i. viðkomandi hæfisviðmiðanir eignasafnsábyrgða skv. 4. kafla II. bóls í þriðja kafla,
    - ii. beitingu krafna sem settar eru fram í 4. kafla II. bóls í þriðja hluta,
  - c) í tengslum við d-lið 1. mgr. beitingu krafna sem settar eru fram í 2. kafla reglugerðar (ESB) 2017/2402 og í 5. kafla II. bóls í þriðja hluta þessarar reglugerðar.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2027.

506. gr. f

#### Varfærismeðferð á fjármögnunarviðskiptum með verðbréf

Eigi síðar en 10. júlí 2026 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggja fram skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um áhrifin af nýjum ramma fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf með tilliti til krafna um eiginfjárgrunn sem rekja má til samsvarandi fjármögnunarviðskipta með verðbréf, sem eru í eðli sínu afar skammvinn starfsemi, með sérstakri áherslu á hugsanleg áhrif á ríkisskuldamarkaði með hliðsjón af afkastagetu og kostnaði viðskiptavaktar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal meta hvort endurkvörðun á tengdum áhættuvogum í staðalaðferð sé viðeigandi, í ljósti tilheyrandi áhættu með tilliti til stutts líftíma, sérstaklega fyrir eftirstöðvatíma sem er styttri en eitt ár.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2027.“

252) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 514. gr.:

„2. Á grundvelli skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. og að teknu tilhlýðilegu tilliti til framkvæmdar í þriðju lögum á alþjóðlega samþykktum stöðlum sem Baselnefndin um bankaeftirlit hefur þróað, skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið um að breyta aðferðunum sem settar eru fram í 3., 4. og 5. lið 6. kafla II. bóls í þriðja hluta.“

253) Eftirfarandi grein bætist við:

„518. gr. c

#### Endurskoðun á ramma um varfæriskröfur

Eigi síðar en 31. desember 2028 skal framkvæmdastjórnin leggja mat á heildarstöðu bankakerfis á innri markaðnum, í nánú samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Seðlabanka Evrópu og gefa skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um tilhlýðileika eftirlits- og regluramma Sambandsins fyrir bankajónustu.

Í skýrslunni skal gera úttekt á þeim umbótum á bankageiranum sem hafa átt sér stað eftir fjármálakreppuna miklu og meta hvort þær tryggi viðunandi verndun innstæðueigenda og tryggingu fjármálastöðugleika í aðildarríkjunum, banka-sambandinu og á vettvangi Sambandsins.

Skýrslan skal einnig taka mið af öllum víddum bankasambandsins, sem og framkvæmd á úttaksgólfum sem hluta af kröfum um eigið fé og lausafjárstöðu almennt. Að því leyti skal framkvæmdastjórnin taka tilhlýðilegt tillit til samsvarandi yfirlýsinga og niðurstaðna bæði Evrópuþingsins og leiðtoga ráðsins um bankasambandið.“

254) Eftirfarandi greinar bætast við:

„519. gr. d

#### **Rammi lágmarksfrádragsgólfs fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf**

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í nánú samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, eigi síðar en 10. janúar 2027, skila skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um viðeigandi sé að framkvæma í lögum Sambandsins ramma lágmarks frádragsgólfs fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf til að takast á við hugsanlega uppbyggingu á skuldsetningu utan bankageirans.
2. Skýrslan sem um getur í 1. mgr. skal fjalla um allt eftirfarandi:
  - a) skuldsetningarumfang utan bankakerfisins í Sambandinu og að hve miklu marki rammi lágmarks frádragsgólfs getur dregið úr þeirri skuldsetningu ef hún verður of mikil,
  - b) mikilvægi fjármögnunarviðskipta með verðbréf í eigu stofnana í Sambandinu sem falla undir ramma um lágmarks frádragsgólf, þ.m.t. sundurliðun þeirra fjármögnunarviðskipta með verðbréf sem eru ekki í samræmi við lágmarks frádragsgólf,
  - c) áætluð áhrif af ramma um lágmarks frádragsgólf fyrir stofnanir í Sambandinu samkvæmt tveimur framkvæmdaraðferðunum sem ráðgjafarnefnd um fjármálastöðugleika mælti með, þ.e.a.s. markaðsreglugerð eða strangari kröfur um eiginfjárgrunn samkvæmt þessari reglugerð, samkvæmt sviðsmynd þar sem stofnanir í Sambandinu aðlaga ekki frádrög að fjármögnunarviðskiptum sínum með verðbréf til að hlíta lágmarks frádragsgólfum og áætluð áhrif af ramma frádragsgólfs samkvæmt annarri sviðsmynd þar sem stofnanir í Sambandinu aðlaga frádrögin til að hlíta lágmarks frádragsgólfum,
  - d) helstu þættina á bak við þessi áætluðu áhrif, sem og hugsanlegar ófyrirséðar afleiðingar af innleiðingu ramma lágmarks frádragsgólfs um starfsemi markaða með fjármögnunarviðskipti með verðbréf í Sambandinu,
  - e) þá framkvæmdaraðferð sem myndi skila mestum árangri við að ná reglusetningarmarkmiðum um ramma lágmarks frádragsgólfs í ljósi þeirra sjónarmiða sem um getur í a- til d-lið og að teknu tilliti til jafna samkeppniskeyrða í öllum fjármálageiranum í Sambandinu.
3. Á grundvelli skýrslunnar sem um getur í 1. mgr. og að teknu tilhlýðilegu tilliti til tilmæla ráðgjafarnefndar um fjármálastöðugleika um að framkvæma ramma í lögum um lágmarks frádragsgólf fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf, sem og tengdum alþjóðlega samþykktum stöðlum sem Baselnefndin um bankaeftirlit samdi, skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 10. janúar 2028.

519. gr. e

#### **Rekstraráhætta**

Eigi síðar en 10. janúar 2028 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um eftirfarandi:

- a) notkun váttrygginga í tengslum við útreikning á kröfu um eiginfjárgrunn vegna rekstraráhættu,
- b) hvort viðurkenning á endurheimt váttrygginga geti leitt til eftirlitshögnunar með því að draga úr árlegu tapi vegna rekstraráhættu án samsvarandi minnkunar á raunverulegri áhættu vegna rekstrartaps,
- c) hvort viðurkenning á endurheimt váttrygginga hafi ólík áhrif á viðeigandi umfangi endurtekens taps og hugsanlegs taps í hala dreifingarinnar,
- d) aðgengi og gæði gagna sem stofnanir nota við útreikning á kröfum sínum um eiginfjárgrunn vegna rekstraráhættu.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 10. janúar 2029.

519. gr. f

#### Meðalhöf

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal útbúa skýrslu sem leggur mat á almennan varfærniramma fyrir litlar og einfaldar stofnanir, einkum með:

- a) mati á þeim kröfum sem tengjast einnig bankasamstæðum og sértækum viðskiptalíkönunum,
- b) að teknu tilliti til mikilvægis lítilla og einfaldra stofnana á stofnanastigi og eftir landsvæðum til að viðhalda fjármála-stöðugleika og lánveitingum innan sveitarfélaga.

Þegar hugað er að möguleikum á breytingum á varfærniramma skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin byggja á þeirri heildarreglu að allar einfaldaðar kröfur verði að vera varfærnari.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja skýrsluna fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2027.“

255) Í stað I. viðauka komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

#### Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2025.

Hins vegar skulu eftirfarandi liðir 1. gr. þessarar reglugerðar gilda frá 9. júlí 2024: iv. liður a-liðar 1. liðar; b-liður 1. liðar; 2., 3. og 4. liður; f-liður 6. liðar; c-liður 8. liðar; 11. liður varðandi 4. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; d-liður 30. liðar; 34. liður varðandi 9. mgr. 104. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; a-liður 35. liðar; 37. liður varðandi 4. mgr. 104. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; 42. liður varðandi 8. mgr. 111. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; 52. liður varðandi 4. mgr. 122. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; 53. lið varðandi þriðju málsgrein 1. mgr. 123. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; 55. liður varðandi 11., 12. og 14. mgr. 124. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; 56. liður varðandi 3. mgr. 126. gr. a reglugerð (ESB) nr. 575/2013; 57. og 65. liður; c-liður 70. liðar varðandi 5. mgr. 143. gr. reglugerð (ESB) nr. 575/2013; b-liður 71. liðar; i-liður 72. liðar; d-liður 75. liðar; e-liður 78. liðar; 81. liður; b-liður 98. liðar; d-liður 102. liðar; c-liður 104. liðar; c-liður 105. liðar; e-liður 106. liðar; c-liður 135. liðar; ii. liður b-liðar 152. liðar; 155. liður varðandi 314. gr. (9. og 10. mgr.), 315. gr. (3. mgr.), 316. gr. (3. mgr.), 317. gr. (9. og 10. mgr.), 320. gr. (3. mgr.), 321. gr. (2. mgr.) og 323. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; b-liður 156. liðar; c-liður 159. liðar varðandi 8. mgr. 325. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; c-liður 160. liðar varðandi 7. lið 325. gr. j reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; b-liður 164. liður; e-liður 178. liðar; 180. liður; d-liður 182. liðar; c-liður 183. liðar; iii. liður b-liðar 184. liðar; c-liður 198. liðar; 201. liður varðandi 4. og 5. mgr. 383. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; 204. liður; i. liður b-liðar 205. liðar; a- og c-liðir 214. liðar; 222. og 223. liður; 229. liður varðandi 3. mgr. 449. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; 232., 235., 236. og 238. liður; a-liður 239. liðar; 242. liður varðandi 2. og 4. mgr. 495. gr. b og 2. mgr. 495. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; 243., 244., 248. og 249. liður; 250. liður varðandi 506. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; 251. liður varðandi 506. gr. e og 506. gr. f reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; 252., 253. og 254. liður.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. maí 2024.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

R. Metsola

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

H. LAHBIB

forseti.

## VIÐAUKI

## „I. VIÐAUKI

## Flokkun liða utan efnahagsreiknings

| Undirflokkur | Liðir                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
|--------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 1            | <p>a) Lánaafleiður og almennar ábyrgðir fyrir skuldsetningu, þ.m.t. loforð um loforð um lánveitingar sem þjóna sem fjárhagslegar tryggingar fyrir lánnum og verðbréfum og samþykktir víxlar, þ.m.t. framsöl sem hafa eðli samþykktis víxils, svo og hvers kyns önnur bein staðgöngulán,</p> <p>b) Samningar um eignasölu og endurhverf verðbréfa kaup og eignasala með endurkröfurétt þar sem útlánaáættan helst innan stofnunarinnar,</p> <p>c) Verðbréf sem stofnunin lánar eða verðbréf sem stofnunin hefur að veði, þ.m.t. tilvik þar sem þau verða til vegna endurhverfra verðbréfa kaup,</p> <p>d) Framvirkir eignakaupssamningar, framvirk innlán og hlutabréf og verðbréf sem greidd eru að hluta, sem standa fyrir skuldbindingar með tiltekinni lánanýtingu,</p> <p>e) Liðir utan efnahagsreiknings sem mynda staðgöngulán ef þeir eru ekki taldir beint í öðrum flokki,</p> <p>f) Aðrir liðir utan efnahagsreiknings sem bera svipaða áhættu og tilkynnt er til Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar.</p> |
| 2            | <p>a) Sölutrygging vegna verðbréfaútgáfu og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa óháð líftíma undirliggjandi áhættuskuldbindingar,</p> <p>b) Fullnustuábyrgðir, tilboðstryggingar, kaupheimildir og bakábyrgðir í tengslum við tiltekin viðskipti og svipaðar viðskiptatengdum skilyrtum liðum, að undanskildri viðskiptafjármögnun tengdra afurða utan efnahagsreiknings sem um getur í undirflokki 4,</p> <p>c) Aðrir liðir utan efnahagsreiknings sem bera svipaða áhættu og tilkynnt er til Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| 3            | <p>a) Ónotuð fjárhæð skuldbindinga, óháð líftíma undirliggjandi áhættuskuldbindingar, nema þær falli undir annan flokk,</p> <p>b) Aðrir liðir utan efnahagsreiknings sem bera svipaða áhættu og tilkynnt er til Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
| 4            | <p>a) Viðskiptafjármögnun tengdra afurða utan efnahagsreiknings:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>i. ábyrgðir, þ.m.t. tilboðs- og fullnustuábyrgðir, tolla- og skattaábyrgðir, og ábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána,</li> <li>ii. óafturkræf bakábyrgð sem ekki verður jafnað til beinna lána,</li> <li>iii. auðseljanlegar skammtímabakábyrgðir í viðskiptum sem stafa af vöruflutningum, einkum bankaábyrgðir sem eru veðtryggðar með undirliggjandi sendingu, ef um er að ræða útgáfu-stofnun eða stofnun sem staðfestir hana,</li> </ul> <p>b) Aðrir liðir utan efnahagsreiknings sem bera svipaða áhættu og tilkynnt er til Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |

| Undirflokkur | Liðir                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
|--------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 5            | <p>a) Ónotuð fjárhæð fyrir skilyrðislausar afturkallanlegar skuldbindingar,</p> <p>b) Ónotuð fjárhæð smásölulánsheimilda þar sem skilmálar heimila stofnun að fella þær úr gildi, að því marki sem slíkt er heimilað samkvæmt löggjöf um neytendavernd og tengdum réttargerðum,</p> <p>c) Ónotaðar lánsheimildir vegna tilboðs- og fullnustuábyrgða, sem hægt er að segja upp skilyrðislaust án undangengins fyrirvara hvenær sem er, eða gera í reynd ráð fyrir sjálfkrafa uppsögn vegna minnkandi lánstrausts lántaka,</p> <p>d) Aðrir liðir utan efnahagsreiknings sem bera svipaða áhættu og tilkynnt er til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.“</p> |

**Fylgiskjal 3.****FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2795**

frá 24. júlí 2024

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar framkvæmdardagsetningu krafna um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 461. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 <sup>(2)</sup>, og fól m.a. í sér að taka upp í þá reglugerð sem kröfu um skýrslugjöf í tengslum við gagngera endurskoðun á veltubók (*e. Fundamental Review of the Trading Book (FRTB)*) sem eru heildarkröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu sem Baselnefndin um bankaefirlit þróaði. Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 var aftur breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1623 <sup>(3)</sup>, m.a. til að umbreyta stöðlunum um gagngera endurskoðun á veltubók yfir í bindandi kröfur fyrir útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu.
- 2) Þar sem alþjóðleg viðskiptastarfsemi er í eðli sínu mikil samkeppnisstarfsemi voru staðlarnir um gagngera endurskoðun á veltubók samþykktir á þeirri forsendu að innleiðing þeirra í öllum lögsagnarumdæmum, bæði hvað varðar efnislegt innihald og tímasetningar, myndi tryggja jafna samkeppnisstöðu á alþjóðavísu fyrir viðskiptastarfsemi stofnana. Vöktun á innleiðingu staðlanna um gagngera endurskoðun á veltubók í lögsögu annarra aðildarríkja Baselnefndarinnar um bankaefirlit, og einkum í þeim lögsögum sem hýsa marga alþjóðlega virka banka, hefur sýnt að vegna seinkana á innleiðingu staðlanna um gagngera endurskoðun á veltubók í þeim lögsögum er veruleg hætt á að jöfn samkeppnisskilyrði á alþjóðavísu raskist. Því er nauðsynlegt að fresta beitingu staðlanna um gagngera endurskoðun á veltubók fyrir útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu í Sambandinu um 1 ár.
- 3) Lögbær yfirvöld þurfa upplýsingar til að vakta áhrif hinnar gagngeru endurskoðunar á veltubók, greina möguleg vandamál og stuðla að upplýsingaskiptum um framkvæmdina milli þeirra og stofnana. Stofnunum ætti því að vera skylt að halda áfram að tilkynna upplýsingarnar í tengslum við útreikning þeirra á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu samkvæmt þeim aðferðum sem giltu áður en gagnger endurskoðun á veltubók kom til sögunnar þangað til hin gagngera endurskoðun á veltubók til útreiknings á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu kemur til framkvæmda í Sambandinu. Á sama tíma ættu stofnanir einnig að halda áfram að tilkynna lögbærum yfirvöldum sínum um kröfur sínar vegna eiginfjárgrunns í samræmi við 430. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 miðað við útgáfuna sem er í gildi 8. júlí 2024.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/575/oj>.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfall, hlutfall stöðugrar fjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáættu mótaðila, markaðsáættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2019/876/oj>).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1623 frá 31. maí 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar kröfur fyrir greiðslufallsáættu, leiðréttingaráættu vegna útlánavirðis, rekstraráættu, markaðsáættu og gólf á afurðir (Stjtið. ESB L, 2024/1623, 19.6.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1623/oj>).

- 4) Með reglugerð (ESB) 2024/1623 eru innleiddar í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 sértækar kröfur um upplýsingagjöf vegna markaðsáættu sem sniðnar eru að þeim kröfum sem mælt er fyrir um í hinni gagngeru endurskoðun á veltubók til útreiknings á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu. Deginum þegar ákvæði reglugerðar (ESB) 2024/1623 er varða útreikning krafna um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu koma til framkvæmda skal hins vegar frestað um 1 ár. Í þágu samræmis ætti einnig að fresta hinum tengdu sértæku kröfum um upplýsingagjöf um 1 ár. Í ljósi þess hve upplýsingagjöf um kröfur um eiginfjárgrunn er mikilvæg til að viðhalda sterkum aga á markaði og til að þátttakendur á fjármálamarkaði geti tekið upplýstar fjárfestingarákvarðanir ættu stofnanir í staðinn að þurfa, á þessu frestunartímabili, að halda áfram að tilkynna um upplýsingar í tengslum við markaðsáættu sína og tengdar kröfur um eiginfjárgrunn á grundvelli aðferðanna sem giltu áður en gagnger endurskoðun á veltubók kom til sögunnar.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 575/2013 til samræmis við það.
- 6) Reglugerð (ESB) 2024/1623 kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2025. Því er nauðsynlegt að samræma gildistökudag og framkvæmdardag þessarar reglugerðar við þann dag til að forðast misvísandi kröfur til stofnana.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Breyting á reglugerð (ESB) nr. 575/2013**

Eftirfarandi 520. gr. a er felld inn í reglugerð (ESB) nr. 575/2013:

„520. gr. a

#### **Kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáættu**

Til 1. janúar 2026 skulu stofnanir áfram beita þriðja hluta, IV. bálki og kröfunum um markaðsáættu í 430. gr., 430. gr. b, 445. gr. og 455. gr. þessarar reglugerðar í þeirri útgáfu sem er í gildi 8. júlí 2024.“

*2. gr.*

#### **Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

C-deild – Útgáfudagur: 25. mars 2025

Leiðrétt skjal: 27. maí 2025